



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

25. janúar 2006 — 24. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Krosstré kvikmynduð

Kvikmyndafélagið Pegasus hefur keypt kvikmyndaréttinn á bókinni Krosstré eftir Jón Hall Stefánsson, sem kom út fyrir jól, og hyggst koma henni á hvíta tjaldíð.



FÓLK 38

Ritvélur seljast enn

Nokkrar ritvélur seljast í skrifstofuvöruslunum á ári og örfáar í Góða hirðinum.



TILVERAN 14

Er sannlíkið sagna best?

Upp er runnin öld spunameistaranna, ritar Ólafur Hannibalsson, þeir beita öllum brögðum til að fá fjölmiðla til að gefa stefnu og aðgerðum valdhafanna forgang, en þagga niður í gagnrýnisróddunum.



Í DAG 18


Eiður einn sá besti

Besti knattspyrnumaður heims, Brasilíumaðurinn Ronaldinho, telur Eið Smára Guðjohnsen vera í hópi þriggja bestu framherja heims. Eiður er einn sex leikmanna Chelsea í úrvalsliði Ronaldinhos.



ÍPRÓTTIR 36

VEÐRIÐ Í DAG



BJART NORÐAUSTAN TIL Í dag verður strekkingur vestan til, annars hægar. Bjartviðri á Norðausturlandi, annars skýjað og lítils háttar rigning eða súld sunnan og vestan til. Hiti 2-8 stig, svalast austan til. **VEÐUR 4**

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Milljarði varið í kaup á húsum í miðbænum

Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa staðið fyrir stórfelldum uppkaupum á húseignum í miðborginni á síðustu misserum. Á rúmlega tveggja ára tímabili hafa þau keypt upp eignir fyrir ríflega einn milljarð króna.

SKIPULAG Reykjavíkurborg hefur keypt húseignir og lóðir í miðborginni fyrir rúman einn milljarð króna á undanförunum tveimur árum. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir að tilgangurinn með kaupunum sé að stuðla að og hvetja til uppbyggingar á svæðinu. „Við höfum verið að kaupa hús bæði til niðurrifs og til að rýma til fyrir skipulagi. Reykjavíkurborg hefur afl til að gera þetta sem einkaaðilar hafa kannski ekki vegna þess að við höfum það sem kalla má þolinmóða peninga, sem einkaframtakið hefur ekki alltaf,“ segir hún.

Meðal eigna sem keyptar hafa

verið á þessum tíma eru húsin við Skúlagötu 26-30 en fyrir þau voru greiddar rúmlega 550 milljónir króna. Húsin verða auglýst til niðurrifs á næstunni, en þarna er til dæmis pitsustaðurinn Dominos til húsa og kekkverksmiðjan Frón. Í stað þessara húsa eiga að rísa þrjú þrettán hæða háhýsi með sex hæða tengibyggingum en ofar í reitnum, nær Hverfisgötu og við hana, á að reisa stúdentaíbúðir.

Yfirleitt eru eignirnar sem borgin kaupir seldar aftur sem fyrst, en í mörgum tilvikum þarf borgin hins vegar að bíða og sæta færnis að kaupa fleiri eignir á svæðinu til þess að geta hrint

átætlunum sínum um uppbyggingu í framkvæmd. Þannig er þessu til dæmis varið á reitnum sem afmarkast af Hverfisgötu, Klapparstíg, Laugavegi og Smiðjustíg, en á þessu svæði hefur borgin keypt upp húseignir fyrir rúmar 380 milljónir króna á síðustu misserum. „Uppbyggingin þarna er flókið verkefni vegna þess að einkaaðili á hluta af eignunum og það hefur tekið okkur langan tíma að ná tangarhaldi á eignum á þessu svæði,“ segir borgarstjóri og bætir því við að þetta sé ekki auðleysanlegt verkefni og ekki hægt að ráðast í það á stuttum tíma.

--ssal/sjá bls 16



GJÖRÓNÝTUR Benzinum hans Sigfúsar Steingrímssonar verður vart ekið aftur eftir ófárir gær dagsins. Gengur það kraftaverki næst að Sigfús hafi aðeins hlotið minniháttar meiðsl eftir að tólf tónna stálklumpurinn skall á bíl hans í Ártúnsbrekkunni í gærmorgun. **FRÉTTABLAÐIÐ/GVA**

Lögregla segir ófullnægjandi frágang hafa valdið óhappi í Ártúnsbrekku: Heppinn að sleppa lifandi

UMFERÐARSLYS Sigfús Steingrímsson slapp naumlega undan tólf tónna stálballest sem valt af flutningabíl og á bíl hans í Ártúnsbrekkunni í gærmorgun. Sigfús horfði á stálklumpinn velta í veg fyrir Mercedes Benz bifreið sína.

„Það var lítið annað að gera en að nauðhemla og vona það besta,“ segir Sigfús en bíll hans skorðaðist á milli vegriðs og stálklumpsins. Hann hrósar happi yfir að hafa verið í bílbelti. „Annars væri ég örugglega ekki hér,“ segir hann.

Sigfús var einn í bílnum og sakaði hann furðu lítið. Hann fann fyrir eymslum í hálsi, varð stífur í skrokknum og fékk blóðnasir þegar loftþúði bílsins blés út við höggið.

Umferð stöðvaðist nær alveg



SIGFÚS HRESS Á BÍLASÖLUNNI Ekki var annað að gera en að skella sér á bílasöluhlutum í gær til að finna nýjan bíl. **FRÉTTABLAÐIÐ/GVA**

í eina og hálf klukkustund á meðan ballestin og bifreiðin voru fjarlægð.

Flutningabílstjórinn varð að nauðhemla með farminn eftir að fólksbíll skaut fram fyrir hann

og yfir á akreinina sem Sigfús ók á. Stálklumpurinn fór af stað, þótt hann væri bundinn niður.

Ólafur Knúttsson, varðstjóri í umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík, segir frágang á palli flutningabílsins hafa verið ófullnægjandi. Ballestin hafi verið lögð á blautan pallinn og strengt yfir með nælonböndum. Búa þurfi svo um hnúta að farmur fari ekki af stað þó bílstjóri þurfi að nauðhemla.

„Við höfum varað við þessu. Ekki er langt síðan bílstjóri var kærður fyrir lélegan frágang á farmi,“ segir Ólafur. Sá hafði verið að flytja ballest bundna niður með einni keðju. Ólafur segir enn óljóst hvort kært verði einnig í þessu tilviki.

Veldu það besta



KOSNINGASKJÁLFTI Þessir piltar tóku þátt í baráttufundi gegn burði skotvopna sem haldinn var í tilefni af kosningunum í Gazaborg í gær.

Palestínumenn kjósa í dag: Hamas sækir að Fatah

PALESTÍNA, AP Þúsundir þungvopnaðra lögreglumanna stóðu í gær vörð um kjörkassana sem Palestínumenn ganga að í dag til að kjósa nýtt þing, en þetta eru fyrstu slíku kosningarar sem fram fara í áratug. Skoðanakannanir bentu til að mjög mjótt yrði á mununum milli fylkinga þeirra sem vilja halda friðarsamningum við Ísraela áfram af fullri alvöru og hinna sem vilja fylgja herskárri stefnu gagnvart Ísraelsríki.

Fatah-hreyfingin, sem haldið hefur um stjórnartaumana í heimastrjórn Palestínumanna frá því hún var sett á fót, vonast til að halda yfirhöndinni en búist er við að hin róttæka Hamas-hreyfing verði henni skeinhætt í þessum kosningum. ■

Íslensku tónlistarverðlaunin: Afhent í kvöld

MENNING Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Þetta er í tólftha sinn sem verðlaunin verða veitt en það var fyrst gert árið 1993.

Fjöldi listamanna kemur fram en sýnt verður beint frá athöfninni í Ríkissjónvarpinu. Útsending hefst klukkan 20.

Hægt er að finna allar upplýsingar um tilnefningar í sérblaði um Íslensku tónlistarverðlaunin sem fylgir Fréttablaðinu í dag. ■



HJÁLMAR Þeir eru tilnefndir til tvenna verðlauna í ár.



SPURNING DAGSINS

Kolbeinn, eru 2+1= 0?

„Já, eins og staðan er núna.“

Árangurslaust fjárnám var gert í starfsmanna-leigunni Tveir + einn í Hafnarfirði og menn sem eiga inni laun hafa ekki fengið þau greidd. Kolbeinn Gunnarsson er formaður verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Tekinn með skjávarpa og áfengi: Þjófur stöðvaður með ránsfenginn

LÖGREGLUMÁL Maður var tekinn með skjávarpa og nokkurt magn áfengis í fyrrinótt en lögreglumönnum fannst undarlegt að sjá manninn burðast með skjávarpa og áfengi á götum úti.

Í ljós kom að maðurinn hafði tekið skjávarpann ófrjálstri hendi og var maðurinn færður í fanga-geymslu lögreglu, þar sem hann gisti um nóttina. Málið er enn til rannsóknar hjá lögreglu en telst þó að mestu upplýst. - mh

LÖGREGLUFRETTIR

Útafakstur Bill lenti út af við Litlu kaffistofuna á Suðurlandsvegi um eittleytið í fyrrinótt en engin slýs urðu á fólki. Billinn skemmdist lítillaga en reyndist öökufær eftir óhappið.

Gassprenging Karlmaður meiddist lítillaga og hár hans sviðnaði þegar gassprenging varð í heimahúsi á Selfossi í fyrirkvöld. Eldhúsinnréttingin skemmdist þó nokkuð. Talið er að slanga í gaseldavél hafi lekið og þannig myndast þétting innréttingunni sem síðan olli sprengingu.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugs-málsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmænt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á muna aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

Evrópsk rannsókn á meintum leynifangelsum og fangaflugi CIA:

Vísbendingar um pyntingar

STRASSBORG, AP Svissneski þingmaðurinn Dick Marty, sagði í gær að rannsóknarnefndin hefði undir höndum vísbendingar um að Bandaríkjamenn hefðu komið sér upp kerfi til að „úthýsa“ pyntingum og að mjög líklegt væri að evrópskum ríkisstjórnnum hafi verið fullkunnugt um það. Marty stýrir rannsókn á vegum Evrópuráðsins á því hvað hæft er í orðrómi um leynifangelsi og fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar CIA í Evrópu.

Í áfangaskýrslu um rannsóknina sem Marty skilaði Evrópuráðinu í gær segir að engar áþreifanlegar sannanir hefðu fundist fram



DICK MARTY Svissneski þingmaðurinn sem stýrir rannsókninni kynnr áfangaskýrslu á Strassborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

til þessa um tilvist leynifangelsa í Póllandi eða Rúmeníu eins og talsmenn samtakanna Mannréttindavaktarinnar (Human Rights Watch) í New York leiddu líkum að.

Í skýrslunni er kvartað undan skorti á samstarfsvilja evrópskra ríkisstjórna við að upplýsa málið.

Engar afgerandi nýjar upplýsingar koma fram í skýrslunni; í henni er að mestu endurtekið það sem Marty hefur áður sagt, að stefna Bandaríkjustjórnar í „stríðinu gegn hryðjuverkum“ brjóti í bága við alþjóðalög um mannréttindi.

- aa

Meiddist illa á skíðum:

Fékk ekki skaðabætur

DÓMSMÁL Ísafjarðarbær, Súðavíkurreppur og Vátryggingafélag Íslands voru í gær sýknuð af skaðabótakröfu vegna slyss sem varð á skíðasvæði á vegum bæjarins. Maður á þritugsaldri, sem í slysinu lenti, fór fram á það að fá rúmar ellefu milljónir króna í skaðabætur.

Dómari benti á það í úrskurði sínum að hver sá sem færi á skíðum utan merkts skíðasvæðis, eins og maðurinn gerði þegar hann lenti í slysinu, þyrfti að bera ábyrgð á því sjálfur. Manninum voru því ekki dæmar skaðabætur vegna slyssins.

- mh

Læknar vígbúast gegn fuglaflensu

Heilsugæslulæknar vilja skipta höfuðborgarsvæðinu í heilsugæslusvæði og kalla til heilbrigðisstarfsmenn, björgunar- og hjálparveitir til að hjúkra almenningi inni á heimilum ef fuglaflensan verður að heimsfaraldri.

FUGLAFLENSA Nokkrir læknar hafa verið fengnir til að kanna hvort heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu geti komið sér upp skipulagi sem hægt væri að nota verði fuglaflensan að heimsfaraldri eða ef annað á móta ástand skapast. Þetta segir Gunnar Ingi Gunnarsson, læknir á heilsugæslustöðinni í Árbæ, sem kveður forstjóra Heilsugæslunnar hafa beðið um þessa athugun.

„Þess vegna höfum við verið að athuga hvort ekki væri rétt að koma á skipulagi sem skiptir höfuðborgarsvæðinu með sömu mörkum og þjónustusvæðum heilsugæslustöðvanna er skipt,“ segir Gunnar.

„Það fyrirkomulag yrði notað sem grunnskipulag í viðbragðskerfi sem hægt væri að nýta. Skipulagið gengur út á það að kalla til þá sem eru starfandi í heilbrigðisþjónustunni, þá sem eru í námi í heilbrigðisfræðum, hjálparveitir skáta og annarra, sem annast hjálpar- og björgunarstörf. Jafnframt að nýta vaktakerfi heimilis-



FUGLAFLENSA Talsmenn heilsugæslunnar hér á landi hafa vaxandi áhyggjur af því að fuglaflensan verði að heimsfaraldri, að því er komið hefur fram í fréttum að undanförmu. Þessi mynd er frá Kína.



GUNNAR INGI GUNNARSSON Telur að heilsugæslustöðvannar þurfi að hafa forgöngu um skipulag til að mæta fuglaflensu.

lækna á svæðinu og reyna að koma þannig upp í skilvirkri samvinnu því kerfi sem hægt væri að nota til þess að þjóna veiku fólki í heima-húsum með skipulegum hætti, þar sem heilsugæslustöðvannar væru lykilatriði í skipulagi og stjórnun.“

Gunnar bendir á að það sé „á könnu heilsugæslunnar“ að vera í forgrunninum, næst fólkinu úti í þjóðfélaginu. Það sé hennar að sjá til þess að heimilin fái lækniþjónustu.

„Það er sú þjónusta sem mun brenna mest á fólki, hvort sem það er almenningur eða heilbrigðisstarfsmenn,“ segir Gunnar Ingi.

„Þá skiptir ekki máli um hvers konar vó er að ræða. Þess vegna þyrfti að koma upp skipulagi sem væri hægt að nýta ef almannavá kemur upp, sama af hvaða tagi hún væri. Mitt viðhorf er einfaldlega þetta. Það er ekkert varið í neitt það kerfi sem hinn almenni

borgari þekkir ekki og kann ekki. Það er einskis virði að sitja í leðurstólum og skipulegga varnar- og viðbragðskerfi, sem ekki er kynnt almenningi. Það er almenningur sem þarf að samþykkja kerfið, viðurkenna það og vera tilbúinn til að nota það.“

jss@frettabladid.is

Fólk hamstri ekki flensulyf

Sóttvarnalæknir mælir ekki með því að fólk verði sér út um birgðir af flensulyfjunum Tamiflu og Relenza, sem meðal annars eru ætluð til nota verði fuglaflensa að faraldri.

Hann bendir á að lyfjameðferð skuli ávallt vera undir eftirliti læknis. Ef margir kaupir lyfið til eigin nota geti farið svo að ekki verði til veurlýf fyrir áhættuhópa til meðferðar við hefðbundinni flensu.



KROPIÐ VIÐ KISTU Þúsundur Kosovo-Albana vottuðu Ibrahim Rugova hinstu virðingu í Pristina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosovo-Albanar í sorg:

Þúsundur að kistu Rugova

KOSOVO, AP Þúsundur Kosovo-Albana lögðu í gær leið sína að þinghúsinu í Pristina þar sem lík Ibrahims Rugova stóð uppi, til að votta honum hinstu virðingu. Rugova var virtasti stjórn-málaleiðtogi Kosovo-Albana og fór fyrir baráttu þeirra fyrir sjálfstæði. Hann dó um helgina, 61 árs að aldri, eftir 16 ára farsælan feril sem pólitískur talsmaður kosovo-albanska þjóðarbrotsins og friðarsinni. Banamein hans var lungnakrabbamein.

Gríðarlöng biðröð syrgjenda myndaðist í frosti og snjófjúki. Útför Rugova fer fram á morgun, fimmtudag. - aa

ÍRAK

Sprengt í Bagdad Maður sprengdi sig í loft upp í sjálfsmorðsprengingu í bil við lögreglustöð í Bagdad á mánudag og tugi vopnaðra manna í lögreglu-búningum drápu sex íráka í áras á hús í borginni fyrir birtingu á mánudagsmorgun. Þrír bandarískir hermenn féllu í vegkantssprengingum.

VINNUMARKAÐUR

Fjöldmenning í rafíðnaði Rafíðnaðarsambandið er með 101 erlendan félagsmann innan sinna raða. Flestir, eða níttján, eru frá Slóvakíu og næstflestir, eða átján, frá Króatíu. Útlendingar innan vébanda Rafíðnaðarsambandsins eru af 24 þjóðernum.

Forstjóri Samherja stendur fast við að raforkuverð til laxeldis hafi hækkað:

Við stöndum við tölurnar

LAXELDI Þorsteinn Már Baldvínsson, forstjóri Samherja, segist standa við fullyrðingar framkvæmdastjóra laxeldisfyrirtækisins Sæsilsfurs um að raforkuverð hafi hækkað mikið og undanförmu.



ÞORSTEINN MÁR BALD-VINSSON FORSTJÓRI SAMHERJA

„Við höfum kosið að ala laxaseiðin upp í 500 gramma stærð en það stýttir eldi þeirra í sjó um heilt ár,“ segir Þorsteinn Már og bætir við að Norðmenn setji seiðin í sjó þegar þau eru um 70 grömm að þyngd.



LAXELDI Í MJÓAFIRÐI Samherji á um helmingshlut í Sæsilsfri í Mjóafirði. Forstjóri Samherja tekur undir fullyrðingar framkvæmdastjóra Sæsilsfurs um að raforkuverð hafi hækkað.

„Seiðaelðið gerir okkur háðari raforkunni en ella væri. Við höfum talið okkur geta keppt við Norðmenn en þegar um 90 prósent af kostnaði eru í firnasterkri krónu og við fáum aðeins um 60 krónur fyrir hvern dollara þá er reikningsdæmið einfalt.“

Þorsteinn segir að fyrir kíló af

laxaflökum á Bandaríkjamarkaði fái um 9 dollarar. Að frádrögnum flutningskostnaði standi eftir um 7 dollarar eða nærri 430 krónur. Fingust 100 krónum meira fyrir dollarann gengi betur að ráða við kostnaðinn sem Þorsteinn Már segir að sé allt að 90 prósentum í íslenskum krónum. - jh

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fyrirlestur í Langholtsútbúi, Holtagörðum, Reykjavík

á morgun kl. 20

- Efnahagsmál í upphafi árs

- Hvar liggja fjárfestingatækifærin?

Skráning fer fram á www.landsbanki.is og í þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á www.landsbanki.is. Í boði er kaffi og veitingar. Fundargestir verða leystir út með litilli gjöf.



410 4000 | www.landsbanki.is

„Ég vildi óska að ég
hefði **vaknað**
þegar þetta
pakk valsaði
um húsið mitt.“

Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn. Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma **580 7000**. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlinunni 112.



HEIMAVÖRN

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.01.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	61,17	61,47
	Sterlingspund	109,12	109,66
	Evra	75,06	75,48
	Dönsk króna	10,058	10,116
	Norsk króna	9,303	9,357
	Sænsk króna	8,086	8,134
	Japanskt jen	0,5333	0,5365

SDR 89,23 89,77

Gengisvísitala krónunnar
104,6974


HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Akraneshöfn er á hröðu undanhaldi sem ein mesta fiskihöfn landsins:

Kæruleysi veldur samdrætti

SJÁVARÚTVEGUR „Ég hef séð þær miklu breytingar sem orðið hafa á athafnalífinu við Akraneshöfn. Hún er ekki nema skugginn af sjálfri sér miðað við það sem var fyrir tveimur árum,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins. Hann hefur fengið umbeðin svör frá samgönguráðherra um landanir fiskiskipa og tekjur hafnarinnar af aflagjaldi síðustu sex árin.

Tölurnar leiða í ljós að mjög hefur dregið úr löndunum síðustu misserin og tekjur Akraneshafnar af aflagjaldinu hafa dregist saman um þriðjung á þremur árum.



„Skýringin er vitanlega sú að Akurnesingar glutruðu niður kvótanum sem gerði bæinn að einni stærstu fiskihöfn landsins. Það gerðist með sölu á fiskvinnslu-fyrirtækinu HB hf.“

Magnús Þór varaði við sölu á sínum tíma og segir að tölurnar frá ráðherranum sýni að með því að missa kvótann úr bænum var voðinn vís.

„Stjórnarþingmenn og ekki síst bæjarstjórn hefur staðið sig illa í þessu máli. Hún hefði getað beitt sér í málinu. Það er sorglegt að sjá þetta fara svona fyrir vítavert kæruleysi og aumingjaskap,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson. -jh

Hæstaréttardómaraþing vestra:

Alito nálgast útnefningu

BANDARÍKIN, AP Dómsmálanefnd Bandaríkjaþings samþykkti í gær að mæla með því að þingið staðfesti útnefningu Samuels Alito í embætti hæstaréttardómara. Allir repúblikanarnir tíu í nefndinni greiddu atkvæði með Alito en allir demókratarnir átta á móti.

Fastlega er reiknað með að hliðstætt munstur verði á atkvæðagreiðslunni í öldungadeildinni. Hún fer fram fyrir lok næstu viku. Repúblikanar eru þar í meirihluta, með 55 af sætunum eitt hundrað. Staðfesting dómsmálanefndarinnar á útnefningu Alitos er álitin pólitískur sigur fyrir George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem tilnefndi hann. ■



HÓTEL SAGA Búnaðarþing Bændasamtakanna mun koma saman á mánudag til þess að ræða kauptilboð í hóteleignir félagsins.

Hóteleignir Bændasamtakanna:

Tilboð gert í Hótel Sögu

FASTEIGNASALA Kauptilboð hefur borist í Radisson SAS Hótel Sögu og Park Inn Ísland en eignirnar eru í eigu Bændasamtaka Íslands.

Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, vildi ekki tjá sig um það frá hverjum tilboðið kom eða hversu hátt það væri, en sagði Búnaðarþing þegar hafa verið kallað saman til þess ræða tilboðið.

„Þingið mun koma saman á mánudag til þess að meta tilboðið og ræða það hvort vilji sé fyrir því að selja þessar eignir. Núna finnst okkur rétt að láta á það reyna gagnvart þinginu hvort þetta er hentugur tími til þess að selja eignirnar.“ -mh

LÖGREGLUFRÉTT

Árekstur í hálfu Nokkuð harður árekstur varð á Akureyri um miðjan dag í gær. Mikil hálka hefur verið á Akureyri síðustu daga og hefur lögreglan oft þurft að hafa afskipti af ökuöðnum sem lent hafa í vandræðum á bílum sínum. Enginn slasaðist í árekstrinum en bílarnir skemmdust mikið.

KENYÁ

Húshrun í Nairóbí Fimm hæða bygging í Nairóbí, höfuðborg Kenýa, hrundi á mánudag með þeim afleiðingum að minnst 14 manns létu lífið og yfir 70 slósuðust. Um 280 byggingaverkamenn voru í byggingunni þegar slýsið varð. Er talið líklegt að byggingareglugerðum hafi ekki verið fylgt sem skyldi við byggingu hússins.



PANNIG VERÐUR UMHORFS Í STRAUMSVÍK EFTIR STÆKKUN UM 1.200 ný störf verða til við stækkun álvers Alcan í Straumsvík. Af þeim verða um 350 bein störf hjá Alcan. Verði af framkvæmdum munu þær hefjast þegar byggingu álversins í Reyðarfirði er lokið. Með framkvæmdunum mun áfram ríkja góðæri í landinu að mati Tryggva Þórs Herbertssonar hagfræðings.

Framlenging á góðærinu

Framkvæmdir við stækkun álversins í Straumsvík leiða til áframhaldandi hagvaxtar á Íslandi og framlengja góðærið. Íslenska hagkerfið stækkar en útflutningsgreinarnar eiga í erfiðleikum næstu árin.

EFNAHAGSMÁL Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, telur að framkvæmdir við stækkun álversins í Straumsvík leiði til áframhaldandi hagvaxtar sem drifinn sé áfram af fjárfestingum. Hann telur að stækkunin framlengi það góð-

æristímabil sem Íslendingar séu að upplifa þessi misserin.

Tryggvi Þór bendir á að framkvæmdirnar í Straumsvík taki við af álversframkvæmdunum fyrir austan. Þegar verksmiðjan fyrir austan hefji starfsemi þá hefjist hagvöxtur sem megi rekja til auk-

ins útflutnings og aukinnar framleiðslu í hagkerfinu. „Það er ljóst að það þarf að huga að hagstjórninni eins og endranær til að sigla vel í gegnum þetta,“ segir hann og telur að framleiðslan aukist mikið í landinu þegar verksmiðjurnar verða allar komnar í gang.

Svo virðist sem hagvöxturinn sé langvarandi. „Þegar fjárfestingunum verður lokið mun krónan veikjast ef hagvöxtur minnkar mikið og útflutningsgreinarnar styrkjast. Það er ljóst að það verður erfitt hjá fyrirtækjum í útflutningi næstu árin en þegar krónan styrkist aftur þá njóta þau þess margfalt því þau hafa gengið í gegnum gríðarlega hagræðingu,“ segir Tryggvi Þór.

Vinnuafli hefur vantað en Tryggvi Þór segir það jákvæða stækkun á hagkerfinu að fá inn fólk. Hann sér fyrir sér að Íslendingar fari hugsanlega frekar í betur launuðu störf in í álverinu og útlendingar sinni þeim lægra launuðu eins og hefur verið í fiskvinnslunni.

Ákvörðun um stækkun álversins verður tekin síðar á þessu ári en verði af framkvæmdunum hefjast þær í ársbyrjun 2008. Mun þá álverið stækka um 280 þúsund tonn og verður 460 þúsund tonna álver. Framleiðslugetan verður um 2.800 tonn.

Áætlað er að stækkunin skapi um 1.200 ný og varanleg störf, þar af um 350 störf hjá Alcan. Hjá Alcan eru nú þegar 500 starfsmenn. ghs@frettabladid.is

Norðurland ekki á dagskrá

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segist hafa staðið í þeirri



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

trú að það væri vilji hjá Landsvirkjun til að vinna að uppbyggingu stóriðju á Norðurlandi. Spurður hvort Norðlendingar líti þannig á að stjórnvöld hafi dregið taum suðvesturhornans í uppbyggingu stóriðju segir Kristján staðreyndirnar blasa við. „Ef horft er á þróun síðustu áratuga þá hefur öll uppbygging stóriðju verið á suðvesturhorninu og síðan fyrir austan en Norðurland hefur ekkert verið inni í þeirri mynd“.

Þetta er sýndarmennska

Ágreiningur var innan stjórnar Landsvirkjunar þegar ákvörðun var



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

tekin um að hefja viðræður við Alcan um stækkun álversins í Straumsvík. „Mér finnst þetta rangt. Ef það á að byggja þrjár til fjórar vatnsaflsvirkjanir þá þýðir það verulega skuldsetningu og jafnvel að fyrirtækið þurfi að banka upp á hjá eigendum sínum og biðja um fjárfraðing. Stækkun á einum stað útilokar framkvæmdir á öðrum. Þetta er sýndarmennska. Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar er að kaffæra allt í lönunum og veitum.“

Líst vel á stækkun álversins

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, segir



ARNAR SIGURMUNDSSON

að stækkunarfyrirkæmdir við álver Alcan í Straumsvík muni breikka grundvöll atvinnulífsins á Íslandi og skjóta fleiri stöðum undir útflutningsgreinarnar. „Mér list vel á þetta þó að ég geri mér grein fyrir að það eru ákveðin takmörk í uppbyggingu stóriðju með þessum hætti. Þetta verður góð búbot fyrir íslenskt atvinnulíf. Ég er fyrst og fremst ánægður með að menn séu að lenda þessu máli.“

Framboðs-frestur

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjar- atkvæðagreiðslu um kjör formanns, stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna reikninga Verzlunarmannafélags Reykjavíkur fyrir árið 2006. **Framboðslistum** skal skila á skrifstofu félagsins, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 1. hæð, eigi síðar en kl. 12:00 miðvikudaginn 8. febrúar. **Kjörstjórnin**

Starf okkar
effir
þitt starf


VR

VEÐURSPÁ

um hádegi »

HORFIR VEL FYRIR AUSTAN Hann er enn að hlýna og í dag verður milt víðast hvar á landinu. Þó er spurning um ystu annes á Norðausturlandi. Þar verður bjart en vindur mjög hægur. Áfram verður strekkingur í borginni og vestan til á landinu. Helgin gerir ráð fyrir fremur hægum vindi með súld eða rigningu sunnan og vestan til.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Suð-austan strekkingur. Dálítil rigning eða súld af og til. Hiti 4-8 stig.



* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Besta ávöxtunin árið 2005

Fyrirtækjabréf voru með bestu ávöxtun innlendra skuldabréfasjóða árið 2005*. Þau fjárfesta einkum í verðtryggðum skuldabréfum traustra fyrirtækja og fela í sér frekar litla áhættu.

Hafðu samband í 410 4000 eða komdu við í næsta útibúi Landsbankans og gerðu meira úr þínum peningum.

*samkvæmt www.sjodir.is

9,3%

rafráavöxtun árið 2005

Fyrirtækjabréf Landsbankans

Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingaheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Fyrirtækjabréf fjárfesta að stærstum hluta í verðtryggðum bréfum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. mun á

verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu fyrir sjóðinn á afgreiðslustöðum Landsbankans og á heimasíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Athygli er vakin á því að verðbréfavíðskipti geta verið áhættusöm og að ávöxtun í fortíð gefur engar vísbendingar um ávöxtun í framtíð.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



KJÖRKASSINN

Ertu sátt(ur) við fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík?

JÁ	54%
NEI	46%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eru prófkjör flokksstarfi til góðs?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Tíu ófaglærðir starfsmenn á leikskólanum Dal í Kópavogi hafa sagt upp:

Tíu þúsund aukalega of lítið

KJARAMÁL Átta ófaglærðir starfsmenn leikskólans Dals í Kópavogi sögðu upp störfum í fyrradag. Starfsfólkinu líkaði ekki hugmynd bæjarstjórnans, sem hann reifaði í grein í Morgunblaðinu, um 120 til 180 þúsund króna launahækkun á ári, rúmlega tíu þúsund á mánuði. Starfsfólki setti þann fyrirvara við uppsagnirnar að verði bætt um betur sé það tilbúið að draga uppsagnirnar til baka. Tíu hafa þá sagt upp störfum á leikskólanum Dal, fimmtán eða helmingurinn á leikskólanum Núpi og sjö á Rjúpnahæð, samtals 32 ófaglærðir og lærðir leikskólakennarar. Árni Þór Hilmarsson, fram-



Á LEIKSKÓLANUM NÚPI Alls hafa 32 starfsmenn þriggja leikskóla Kópavogs sagt upp störfum, fimmtán á Núpi.

kvæmdastjóri fræðsluviðs Kópavogs, segist ekki kannast við að starfsmenn hafi fengið tilboð

um launahækkunar frá bænum. Bærinn sé í samfloti með launafélaganna og því sé ekki hægt að bjóða starfsmönnum launahækkunir án þess að öll sveitarfélögin sem í samstarfinu séu geri það sama.

Sóley Gyða Jörundsdóttir, leikskólustjóri Dals, segir starfsfólkið hætta störfum í byrjun apríl og maí. Foreldrar séu uggandi um hag barnanna. „Ég trúi ekki öðru en bæjaryfirvöld geri eitthvað vilji þau ekki að leikskólarnir standi tómir,“ segir Sóley. Álagið hafi verið gifurlegt. „Verði ekki verulegar kjarabætur fer þetta fólk.“

Framkvæmdir í miðbænum:

Austurbæjarbíó fær í fyrri horf

MENNING Ráðast á í breytingar á Austurbæ við Snorrabraut fyrir 100 til 200 milljónir króna. Húsið er í eigu Nýsis. Stefnir er að því að færa það í upprunalegt horf og nýta til margskonar menningar- og listastarfssemi.

Dagur B. Eggertsson, formaður, skipulagsráðs Reykjavíkur, segir ánægjulegt að Austurbæ verði rifinn upp en ekki niður. „Við sjáum fyrir allt að þúsund nýjar íbúðir í næsta nágranni við Austurbæ þannig að þarna mun verða blómlegt mannlíf í framtíðinni.“

Átök á Póllandsþingi:

Hóta að boða kosningar á ný

PÓLLAND, AP Umræður voru hafnar um fjárlagafrumvarp minnihlutastjórnar íhaldsmanna í pólska þinginu í gær, en útkoman úr þeim kann að skera úr um hvort strax verði efnt til nýrra kosninga.

Jaroslav Kaczynski, formaður íhaldsflokksins Laga og réttlætis sem situr við stjórnvölinn, hefur notað hótun um að leysa upp þingið og boða á ný til kosninga í því skyni að aga smáflokka til fylgispæktar við minnihlutastjórnina.

KAZIMIERZ MARCINKIEWICZ

Þar sem svo stutt er síðan Pólverjar gengu að kjörborðinu bæði í þing- og forsetakosningum má búast við því að enn fleiri verði afhuga stjórnáttum. Lítil kjörsókn er landlæg í Póllandi. ■

KANADA

Kúariða staðfest Landsdýralæknir í Kanada staðfesti á mánudag að kúariða hefði greint í kú af býli í Alberta-fylki. Kýrin hafi verið um sex vetra gömul. Bandaríkjamenn settu innflutningsbann á nautakjöt frá Kanada er kúariða greindist þar síðast, fyrir þremur árum, en afléttu því í sumar sem leið.

BRETLAND

Hert reykingabann Samtök kráaeigenda og baráttusamtök gegn reykingum í Bretlandi hafa snúið bókum saman um að berjast fyrir því að ekki verði veitt undanþága fyrir einkaklúbba frá lögum sem brátt taka gildi um reykingabann á vinnu- og veitingastöðum í Englandi og Wales.

LÖGREGLUFRÉTT

Eldur við lðnskólann Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út í fyrrinótt til þess að slökkva lítillsháttar eld sem logaði í rusli á bak við lðnskólann í Hafnarfirði. Grunur leikur á að um íkveikju hafi verið að ræða. Slökkvistarf gekk fljótt og vel fyrir sig.

Skiptar skoðanir um hátækni sjúkrahús

Tæplega helmingur borgarbúa er því fylgjandi að hátækni sjúkrahús rísi á Landspítalalóðinni og rúmlega helmingur er því mótfallinn, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Konur eru heldur jákvæðari en karlar.


SKOÐANAKÖNNUN Skiptar skoðanir eru meðal íbúa Reykjavíkur um hvort þeir vilji að hátækni sjúkrahús rísi á lóð Landspítalans við Hringbraut. Framkvæmdanefnd var skipuð um byggingu hátækni sjúkrahúss í kjölfar þess að ríkisstjórnin ákvað að veita átján milljörðum af söluandvirði Símans til byggingar sjúkrahúss af þessu tagi.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins vilja 49,3 prósent borgarbúa sjá slíkt sjúkrahús á Landspítalalóðinni, en 50,7 prósent eru mótfallnir hugmyndinni.

Konur eru aðeins jákvæðari gagnvart hátækni sjúkrahúsi á þessum stað en karlar og sögðust 51,4 prósent kvenna vera hugmyndinni fylgjandi en 48,6 prósent kvenna voru henni mótfallnar. 47,2 prósent karla voru hins vegar fylgjandi hátækni sjúkrahúsi á Landspítalalóðinni, en 52,8 prósent karla voru því mótfallnir.

Skipta má þeim sem voru hugmyndinni mótfallnir í tvo hópa. Annars vegar sögðu þeir sem tóku þátt í könnuninni að þeir væru mótfallnir hugmyndinni þar sem

Á HÁTÆKNISJÚKRAHÚS AÐ RÍSA Á LANDSPÍTALALÓÐINI?



HUGMYND AÐ NÝJU HÁTÆKNISJÚKRAHÚSI VIÐ HRINGBRAUTINA Konur í Reykjavík eru heldur jákvæðari en karlmenn gagnvart hugmyndinni um að reisa hátækni sjúkrahús við Landspítalann.

þeim fannst frekar ætti að nýta það fjármagn sem annars færi í hátækni sjúkrahús til að bæta gæði þeirra sjúkrahúsa sem fyrir eru á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar voru borgarbúar mótfallnir hugmyndinni vegna skipulagsmála og töldu sjúkrahúsið eiga að rísa á öðrum stað.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, segir ekki óeðlilegt að það sé skiptar skoðanir á svo stóru máli. „Ég tel það brýnt fyrir hagsmuni sjúklinga að því linni að þeir séu sendir á milli sjúkrahúsa. Og ef tölur um hagræðingu eru rétt-

ar ætti þetta verkefni að losa um fjármagn sem hægt væri að nota til annarra verkefna, frekar en að binda það frekar við sjúkrahúsin,“ segir Dagur. „Ég tel þessar niðurstöður til marks um að yfirvöld þurfi að skýra forsendur þessa staðarvals, sem var valið eftir áralangt starf, til þess að myndast sátt um verkefni eins og þetta.“

Hringt var í 600 Reykvíkinga, sem skiptust jafnt eftir kyni, 21. janúar. Spurt var: „Á hátækni sjúkrahús að rísa á Landspítalalóðinni?“ 84,5 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra kynnti tillögur um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja:

Boðar skattalegar umbætur

UPPLÝSINGATÆKNI Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði í ræðu sinni á ráðstefnu um upplýsingatækni á Nordica í gær að tillögur starfshóps sem hún skipaði síðasta vor væru nú til athugunar hjá ráðuneytinu. Tillögurnar miða að því að bæta starfsumhverfi hátækni-fyrirtækja til muna hér á landi.

Tillögurnar beinast aðallega að umbótum á skattaumhverfi sem nýsköpunarfyrirtæki starfa í hér á landi, en fulltrúar fjármálamarkaðarins í starfshópnum telja nauðsynlegt að aðgangur nýsköpunarfyrirtækja að áhættufjármagni verði opnaður.

Valgerður vonast til þess að tillögurnar sem hún kynnti á ráðstefnunni verði til þess að bæta það umhverfi sem fyrirtæki í hátækni-íðnaði hafa starfað í hér á landi að undanförunu, en hátt gengi íslensku krónunnar og óhagstætt skattaumhverfi hafa gert þessum fyrirtækjum erfið fyrir.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Í RÆÐUSTÓL Tillögum Valgerðar um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja var vel tekið í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hilmar Pétursson, framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins CCP, vonast til að rekstrarumhverfi hugbúnaðarfyrirtækja batni í framtíðinni og segist finna fyrir því að stjórnvöld séu að taka ábendingar frá stjórnendum fyrirtækja í þessum iðnaði alvarlega. „Það er ánægjulegt að vita til þess að stjórnvöld hlusta á það sem við höfum verið að segja. Ég fagna því þessum tillögum sem settar hafa verið fram.“

TILLÖGUR STARFSHÓPS UM FJÁRMÖGNUN NÝSKÖPUNAR

- Virka samlagshlutafélagaformið sem vettvangur þar sem fjárfestar geta komið saman til þess að fjárfesta í nýsköpun.
- Auðveldi þátttöku lífeyrissjóða í samlagshlutafélagum.
- Skerpa á lögum um virðisaukaskatt til þess að veita fyrirtækjum nægan aðlögunartíma til uppbyggingar.
- Skattavilnir til tækniyrirtækja sem stunda rannsókn- og þróunarstarfsemi.

Microsoft Windows Server 2003

Við opnum leið að starfsframa í upplýsingatækni

Öflugt nám með nýjum áherslum

MCAD MCSA
CCNA
MCSE MCDST

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions



www.isoft.is isoft@isoft.is sími 511 3080

risaSMÁR



ISLENSKA AUGLUSINGASTOFNANNA ÍSLAUS 103 3107 012866

Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR er nýtt orð í orðabókinni. Það lýsir því sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu.

Handbolti er ekki stór. Hann er frekar lítill. Samt er heil þjóð límd við sjónvarpsskjáinn þegar handknattleikslandsliðið keppir fyrir hönd þjóðarinnar á stórmótum. Oft hefur náðst mikill árangur fyrir litla þjóð og vonandi gengur strákunum okkar vel á Evrópumeistaramótinu í Sviss. Handbolti er risaSMÁR.

Nýr Yaris er risaSMÁR. Yaris hefur eiginleika stórs bíls í litlum bíl, tilfinninguna fyrir stórum bíl í litlum bíl, rými stórs bíls í litlum bíl.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.



Verð frá 1.359.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

www.icelandair.is

Evrópa





Verð frá

20.900 kr.*

* Netsmellur til Glasgow.
Innifalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

Þetta flug gefur 3.000 Vildarpunkta

ICELANDAIR
www.icelandair.is

MCSA

MICROSOFT CERTIFIED SYSTEM ADMINISTRATOR

HELGARNÁM



„Það að vera með viðurkennda þekkingu á því sem ég starfa við skiptir mig og mitt fyrirtæki öllu máli. Þar sem ég bý á Stykkishólmi þá hentaði þessi kennslutími mér einnig frábærlega.“

Sumarliði Ásgeirsson
(Fyrrv. matreiðslumaður)
MCP - MCSA & Kerfisráðingur NTV

Frábært nám með vinnu!

MCSA námið er spennandi kostur fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa.

Markmiðið með náminu er að nemendur geti að námi loknu tekið þau fjögur alþjóðlegu próf sem þarf til að öðlast MCSA gráðuna og eru þau öll innifalin í námskeiðsgjaldi.

Inntökuskilyrði

Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa góða þekkingu og skilning á Windows umhverfinu, þekkingu vel innviði PC tölvunnar. Allt kennsluefni er á ensku.

Námið byrjar laugardaginn 4. febrúar og lýkur því 4. júní 2006. Kennir er á laugardögum kl. 13:00 til 17:00 og á sunnudögum kl. 8:30 til 16:00 fyrstu og síðustu helgina. Annars er kennt á laugardögum kl. 13:00 til 17:00 og á sunnudögum kl. 8:30 til 12:30. Frí þriðju hverja helgi.

ntv.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

Ríkissaksóknari ákærir tvítuga konu fyrir hættulega líkamsárás:

Ákærð fyrir að aka á unnustann

DÓMSMÁL Tvítug kona sem ók ölvuð á unnusta sinn með þeim afleiðingum að hann slasaðist hefur verið ákærð fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og umferðarlagabrot. Málið var þingfest í Héraðsdómi Suðurlands í gær.

Ríkissaksóknari ákærir konuna fyrir að hafa ekið á manninn af ásetningi en hún neitaði því þegar hún mætti fyrir réttinn í gær. Hún játaði hins vegar að hafa ekið ölvuð.

Vitni urðu að því þegar unnusti konunnar reyndi að stöðva för hennar þegar hún ók á mikilli ferð frá bílastæði við Tjaldmiðstöðina



Á FLÚÐUM Tvítug kona er ákærð fyrir keyra á unnusta sinn við Tjaldmiðstöðina á Flúðum síðastliðið sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

á Flúðum fyrstu helgina í júlí síðastliðið sumar. Lenti hægra horn bifreiðarinnar á unnustanum sem kastaðist upp á vélarhlífina og síðan á framrúðuna og aftur fyrir bilinn og í götuna.

Maðurinn rotaðist um stund og hlaut mar og yfirborðsáverka á höfði, auk þess sem framrúða bifreiðarinnar brotnaði. Hann var fluttur á sjúkrahús en hlaut engin varanleg meisl. Hann kærði ekki unnustu sína.

Áfengismagn í blóði konunnar mældist 1,53 prómill, þrefalt yfir leyfilegum mörkum.

Búast má við að dómur falli í málinu innan þriggja vikna. - **gag**

Hægrisinnuð stjórn tekur við í Kanada

Íhaldsflokkur Kanada fór með sigur af hólmi í þingkosningum þar í landi á mánudag og lauk þar með þrettán ára stjórnartíð Frjálslynda flokksins.


KANADA, AP Stephen Harper, leiðtogi Íhaldsflokksins, verður næsti forsætisráðherra Kanada, en flokkur hans sigraði í þingkosningunum á mánudag. Fráfarandi forsætisráðherra, Paul Martin, sagði af sér sem leiðtogi Frjálslynda flokksins í kjölfar kosningaúrslitanna, þótt hann ætli sér að sitja áfram á þingi í stjórnarandstöðu.

Stjórnmalaskýrendur segja Kanadamenn búast við harðri hægri stefnu af ríkisstjórn undir stjórn Harpers, en hingað til hefur frjálslynd vinstri stefna verið ríkjandi stjórnarstefna. Sérstaklega má búast við hægri sveiflu í félagsmálum svo sem heilsugæslu, skattastefnu, fóstureyðingum og giftingum samkynhneigðra.

Harper hefur heitið að bæta samskiptin við Bandaríkin, lækka skatta og taka harðar á glæpum, og ætlar sér að hefjast strax handa, en þar sem flokkurinn situr í minnihlutastjórn gæti það reynt erfiðara en ella. Ráðherrar flokksins þurfa fylgismenn úr öðrum flokkum til að ná fram þeim breytingum sem þeir æskja, en viðbúið er að stjórnarandstaðan verði sterk á komandi þingi.

Íhaldsflokkurinn vinnur í Kanada

Íhaldsflokkur Kanada, undir stjórn Stephens Harpers, sigraði í þingkosningum á mánudag, og batt þar með enda á þrettán ára stjórnartíð Frjálslynda flokksins. Búist er við að úrslitin færi stjórnarstefnu Kanada í félags- og efnahagsmálum til hægri og styrki tengsl landsins við Bandaríkin.



Heimild: AP



SIGURLEDI Leiðtogi Íhaldsflokksins, Stephen Harper, fagnar sigri á kosninganótt ásamt konu sinni Laureen Teskey og börnum þeirra tveimur, Ben og Rachel, í Calgary.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kanadískir fréttaskýrendur segja að hinn vinstriinnnaði Nýi lýðræðisflokkur hafi ekki síður verið sigurvegari í kosningunum, en hann fjölgaði sætum sínum úr átján í 29. Líklegt þykir að þingmenn hans muni spyrna gegn mörgum málum íhaldsflokksins, og ólíklegt þykir að frjálslyndir muni styðja þingmenn Íhaldsflokksins í öllum málum.

Því spá fréttaskýrendur að stjórn Harpers verði skammlíf og endist í mesta lagi í hálf tannað ár.

Frjálslyndi flokkurinn hefur stýrt Kanada samfleytt í 13 ár, en hrikt hefur í stoðum hans eftir að uppvíst varð um hneykslismál innan flokksins. Flokksmenn hafa verið sakaðir um víðtæka fjármálaspillingu, um að hygla fylgismönnum sínum og að standa ekki við gefin loforð, og var minnihlutastjórn frjálslyndra, undir forystu Martins, felld í vantraustsatkvæðagreiðslu á þingi í nóvember síðastliðnum.

smk@frettabladid.is

Reykvíkingar styðjum Gest Kr. í 2. sætið

Prófkjörið er opið öllum íbúum Reykjavíkur án skráningar í Framsóknarflokkinn. Það munar um hvert atkvæði! Þinn stuðningur skiptir máli!

Hringdu í Gest, 8458742 eða 5878742 hann vill heyra í þér!

www.gesturINN.is gesturINN@visir.is



Kraftmikinn mann í borgarstjórn



skyr.is-drykkurinn er próteinríkur og fitulaus



PANDA AÐ LEIK Risapanda leikur sér hér í rólu í ræktunarstöð pandabjarna í Chengdu í Kína. Fjórutú og átta panda-birnir gista nú ræktunarstöðina, en pöndur eru í útrýmingarhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðarsorg í Svartfjallalandi eftir alvarlegt lestarslys:

Á fimmta tug manna fórst

SVARTFJALLALAND Lest fullsetin farþegum fór út af sporinu í brattri skógarhlíð utan við Podgorica, höfuðstað Svartfjallalands á mánudag, með þeim afleiðingum að hún steypist ofan í gljúfur. Að minnsta kosti 43 létu lífið í slysinu og 198 slösuðust, að sögn yfirvalda. Þetta er eitt mannskæðasta lestarslys í Evrópu í aldarfjórðung.

Lestin var nýkomin út úr göngum þegar slysið varð, en svo virðist sem hemlar lestarinnar hafi gefið sig. Lestarstjórinn var handtekinn grunaður um vítavert gáleysi.

Að minnsta kosti 250 manns voru um borð í lestinni, þar af



mörg skólabörn á leið heim úr skíðaferðalagi. Leit stóð enn yfir í gær að farþegum í illa förnum lestarvögnunum sem lágu dreifðir um urðina í gljúfrinu.

Miroslav Ivanisevic, aðstoðarforsetisráðherra Svartfjallalands, sagði þetta vera versta lestarslys í sögu landsins. Þrjú daga þjóðarsorg var lýst yfir til að heiðra minningu þeirra sem fórust.

- aa

STEYPTIST Í GRÝTT GLJÚFUR Þjórgunarsveitarmenn leita að fólki í vögnum lestarinnar sem lágu dreifðir um urðina í gljúfrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppgjörð við Pinochet:

Eiginkonan og börnin ákærð

CHILE, AP Handtökuskipun var á mánudag gefin út á hendur eiginkonu og fjórum uppkomnum börnum Augustos Pinochet hershöfðingja eftir að þau voru ákærð fyrir skattsvik í tengslum við rannsókn á digrum innistæðum einræðisherrans fyrrverandi í erlendum bönkum.

Dómari í Santiago féllst á að hin ákærðu fengju að ganga laus gegn tryggingu. Málinu mun verða áfrýjað.

Áætlað hefur verið að innistæður Pinochets erlendis hafi alls numið um 28 milljónum bandaríkjadala eða um 1800 milljónum króna. ■

Kjarnorkuáætlun Írana:

Bandaríkin þrýsta á Kína

KÍNA, AP Háttsettir erindrekar ríkisstjórna Kína og Bandaríkjanna ræddu í gær hvernig ráðlegast væri að taka á deilunni um kjarnorkuáætlun Írana. Kínverskir ráðamenn hafa gefið í skyn að þeir vilji enn láta reyna á samningauleitun.

Fulltrúar ríkisstjórna Bandaríkjanna, Frakklands, Bretlands og Þýskalands hafa samið drög að ályktun um að vísa málinu til öryggisráðsins, en hana vilja þeir fá samþykka á stjórnarfundum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í næstu viku. ■

LÖGREGLUFRETTIR

Gámur logaði Kveikt var í blaðagámi í Kjarrvogi í fyrrinótt og var slökkvilið kallað á vettvang. Mikill eldsmat var í gámnum en slökkvilið slökkti hann fjótt, svo lítil hættu skapaðist.

Finnst fráleitt að heimila samkynheigðum að ættleiða

Forstöðumaður Fíladelfíu segir að í ljósi kristinna gilda sé fráleitt að heimila ættleiðingar samkynheigðra. Fríkirkjupresturinn í Hafnarfirði segir samkynheigða velkomna til sín vilji þeir láta blessa samvist sína.

SAMFÉLAGSMÁL „Ég hef enga forðoma gagnvart samkynheigðum, það eru nokkrir með þessar kenndir sem eru í söfnuðinum okkar og við tökum þeim opnum örmum, hins vegar verðum við að lúta guðs orði,“ segir Vörður Leví Traustason, prestur í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu.

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía er á meðal þeirra tuttugu trúfélaga og trúarhópa sem sendu frá sér yfirlýsingu þar sem lýst er andstöðu við frumvarp til laga um réttarstöðu samkynheigðra

og breytingatillögu Guðrúnar Ögmundsdóttur um að trúfélög fái heimild til hjúskaparvígslu tveggja einstaklinga af sama kyni.

Hins vegar er lýst yfir stuðningi við þann málflutning biskups að hjónaband sé sáttmáli á milli karls og konu.

Í yfirlýsinguinni segir að trúfélögin og trúarhóparnir harmi það fráhrarf frá kristnum gildum sem felist í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Enn fremur segir að sú grein frumvarpsins sem heimili ættleiðingar samkynheigðra para og frjósemisaðgerðir samkynheigðra kvenna sé fráleit í ljósi kristinnar grundvallarastöðu þeirra sem að yfirlýsinguinni standa.

„Við lýsum yfir stuðningi við biskup, hann er búinn að skipa nefnd sem er að fara yfir málið og við viljum að nefndin fái tíma til að gera það vel. En það er hávær hópur samkynheigðra sem



STENDUR MEÐ BISKUPNUM Vörður Leví Traustason, prestur í Hvítasunnukirkju Fíladelfíu, vill að nefnd biskups fái tíma til að fara yfir málið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

stoppar ekki og hamrar á þessu. Þetta er ekki svo stór hópur, þær fullyrðingar um að hann sé 10 prósent þjóðarinnar eru alls ekki réttar,“ segir Vörður Leví.

ÞAU TRÚFÉLÖG OG TRÚARHÓPAR SEM STANDA MEÐ BISKUPI

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía, Reykjavík
Hvítasunnukirkjan í Keflavík
Hvítasunnukirkjan á Akureyri
Hvítasunnukirkjan Betel, Vestmannaeyjum
Hvítasunnukirkjan Salem, Ísafirði
Hvítasunnukirkjan Selfossi
Hvítasunnukirkjan Kirkjulækjarkoti
Íslenska Kristskirkjan, Grafarvogi
Fríkirkjan Kefas
Krossinn í Kópavogi
Fríkirkjan Vegurinn

Betania, kristið samfélag
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Sjónarháðarsöfnuður, Akureyri
Akurinn, kristið samfélag, Kópavogi
Samfélag trúaðra, Reykjavík
Samfélagið Hörgshlíð 12
Vinyard, kristið samfélag, Reykjavík
Aðventkirkjan á Íslandi
Rússneska rétttrúnaðarkirkjan: Söfnuður Moskva-Patriarkatsins í Reykjavík

Hörkuduglegur bakari óskast til starfa hjá Jóa Fel

Okkur vantar áhugasaman og hörkuduglegan bakara til starfa sem allra fyrst.

Áhugasamir hafið samband við Jóa Fel í síma: 897-9493

Jói Fel



Kleppsvogi 152
sími 588 8998
Smáralind
sími 554 4544
www.joifel.is

FORESTER

JEPPLINGUR SEM VIT ER Í

Subaru Forester sameinar veggþétt jepplings (20,5 cm), afl sportbils (158 hestöfl) og frábæra akstursegginleika Subaru. Lárétt Boxer-vél og Subaru fjórhjóladrif bregðast við ástandi vegar og vegleysu af óviðjafnanlegri getu.

Tegund	Verð
FORESTER beinskiptur	2.390.000,-
FORESTER sjálfskiptur	2.550.000,-

- Ný 2,0 lítra vél - 158 hð.
- Sítegt aldrið (AWD)
- Veggþétt: 20,5 cm
- 16" álfelgur
- Mikið rými



www.subaru.is

SUBARU
MED HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason

Sævarhólta 2 Sími 525 8000 www.jh.is

Opil: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Hrísmýri 2a
600 Selfossi
482-3100

Sæmundargötu 3
530 Sauðárkrúki
483-5141

Holtgötu 52
250 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akureyri
431-1376

Víkurbraut 4
780 Hólm - Hornfirði
478-1990

Leiruvogi 6
730 Reykjavíkur
474-1453

Oseyri 5
605 Akureyri
461-2960

Mynd er af Subaru Forester turbo.

STÓRGÓÐUR



Lipur
Traustur
Öruggur
Rúmgóður
Hagkvæmur
Skemmtilegur
Endursöluvænn

= STÓRGÓÐUR

Polo Trendline 1.395.000 kr.

Þú getur eignast hann með aðeins 139.500 kr. útborgun, miðað við bílasamning SP



Aus Liebe zum Automobil

Aukabúnaður á mynd, eftir og vaxillur

NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
2.790.000,-*



SKIPT_um stíl



***RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR**

- 17" álfelgur
- loftkæling
- litað gler
- sjálfskipting
- 6 diska CD spilari
- útvarpsfjarstýring í stýri
- 3 drifstillingar
- sólluga
- rafstýrð leðursæti

Tilboðsverð

X-Trail Elegance sjálfskiptur 2.790.000,-

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:

- „Bestur“ – Fifth Gear
- „Best recreational 4x4“ – Auto Express
- „Best compact 4x4“ – What Car?
- „Best in class“ – Channel 4
- „Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Aukahlutapakki að verðmæti 120.000,-

Öllum Nissan X-TRAIL sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk og dráttarbeisli.



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Leiðtogafundur Afríkurríkjanna:

Vilja ekki forseta Súðans

SÚÐAN. AP Á leiðtogafundi Afríkusambandsins í Súðan voru mannréttindamál í Afríkurríkjunum á dagskrá.

Valið á Súðan sem gestgjafa fundarins olli miklum ágreiningi innan Afríkusambandsins, en yfirvöld í Súðan hafa verið sökuð um þjóðarmorð. Samkvæmt hefð verður þjóðhöfðingi gestgjafalandsins næsti forseti sambandsins, en forseti Súðans, Omar el-Bashir, stýrir herflokki sem sagður er hafa ýtt undir átökin í Vestur-Darfur þar sem 180.000 manns hafa fallið síðustu þrjú árin.

Á fundinum ræddu leiðtogarnir 53 um fólksflutninga til Evrópu, síðspillingu og hungur.

- smk



LEIÐTOGAFUNDUR Súðanskur hermaður stendur vörð í Khartoum þar sem leiðtogafundur Afríkusambandsins fór fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



BEKURNAR AFHENTAR Elín M. Hallgrímsdóttir, símenntunarstjóri HA, Þorsteinn Gunnarsson rektor, Mikael M. Karlsson, deildarforseti félagsvísinda- og lagaeildar, Ruan Yongmei og Arngrímur Jóhannsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Kennsla í kínversku hafin við Háskólann á Akureyri:

Fór til Kína að sækja námsgögnin

MENNTUN Fimmtíu nemendur hófu í gær nám í kínversku við Háskólann á Akureyri. Á meðal þeirra er Arngrímur Jóhannsson flugmaður en í desember síðastliðnum gaf hann skólanum 360 kennslubækur sem notaðar verða við kínverskukennsluna.

Arngrímur keypti bækurnar í Peking og flaug sjálfur með þær til Xiamen í Suður-Kína, Kuala Lumpur, Dubai, Amsterdam, Keflavík og loks Akureyri. Til að tryggja að námsgögnin kæmst örugglega á leiðarenda ók hann

bókunum sjálfur, á eigin pallbíl, frá Akureyrarflugvelli að húsnaði Háskólans á Akureyri.

Síðar í þessari viku hefst í Háskólanum á Akureyri kennsla í tveimur námskeiðum til viðbótar sem tengjast Kína: Í kínverskri nútímameningu og í viðskiptum við Kína.

Aðsóknin að námi í asískum fræðum við Háskólann á Akureyri var meiri en skipuleggjendur væntu og vegna fjöldatakmarkana þurfti að vísa nemendum frá.

- kk



* Skyntsemin hefur aldrei verið skemmtilegri.

Fyrir enn lengra komna

2.790.000,-*

9-3 línan frá SAAB hefur slegið í gegn á Íslandi. Við kynnum nú kröftugri meðlim fjölskyldunnar: SAAB 9-3 Turbo. Kraftmeiri, sjálfskiptur og á ótrúlega skynsamlegu verði. Prófaðu SAAB 9-3 Turbo í dag.

Beinskiptur SAAB 9-3 á 2.290.000 kr. er uppseldur eins og er. Erum að bæta á biðlistann.

Öruggasti bíllinn í sínum flokki ár eftir ár og sérstaklega hannaður fyrir skandinavískar aðstæður.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Glænýr Saab **93**



Ítalíuforseti hafnar lögum:
Berlusconi-lög aftur til þings

ÍTALÍA, AP, REUTERS Carlo Azeglio Ciampi, forseti Ítalíu, hafnaði því á mánudag að staðfesta lög sem gert hefðu saksóknurum ókleift að áfrýja málum sem sýknudómur hefur fallið í.

Gagnrýnendur Silvios Berlusconi forsætisráðherra segja löginn sniðin til að bjarga honum út úr ógöngum í réttarkerfinu. Forsetinn sagði löginn brjóta í bága við stjórnarskrá og vísaði þeim aftur til þingsins.

Upphafsmaður að lögnum þar var Gaetano Pecorella, sem er lögmaður forsætisráðherrans og formaður dómsmálanefndar þingsins. ■

Mun fleiri karlar en konur verða fyrir líkamlegu ofbeldi eða alvarlegri hótun:

Þriðji hver með áverka

OFBELDI Af þeim rúmlega helmingi landsmanna, sem orðið hefur fyrir því að brotið hafi verið á þeim á síðustu fimm árum, hafa sextán prósent orðið fyrir ofbeldi eða alvarlegri hótun á þessum fimm árum og sjö prósent á árinu 2004 samkvæmt nýju Alþjóðlegu fórnarlambarannsókninni.

Mun fleiri karlar en konur sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi eða alvarlegri hótun. Af þeim sem urðu fyrir ofbeldi hlaut rúmlega þriðjungur áverka og þurfti tæplega helmingur þeirra að leita sér læknishjálp.

Af þessum 16 prósentum hefur tæpur helmingur verið beittur



NOTAÐ SEM VOPN? Fórnarlömb segja að áráðarmenn beri vopn, gjarnan venjulegan hlut, sem notaður er í þessum tilgangi.

ofbeldi en rúmum helmingi hefur verið hótad. Í flestum tilfellum átti ofbeldið eða hótunin sér stað annars staðar í borginni en á eigin heimili eða vinnustað.

Um 16 prósent sögðu að áráðarmennirnir hefðu borið vopn, í mörgum tilfellum venjulegan hlut sem notaður var sem vopn.

Í þriðjungu tilvika voru áráðarmennirnir tveir eða fleiri. Tæplega helmingur fórnarlamba þekkir að minnsta kosti einn gerendanna með nafni og aðeins færri þekktu engan áráðarmannanna. Rúmlega tíunda hvert fórnarlamb þekkti einn gerendanna í sjón.



HEIMILISLEYSI Útigöngumaðurinn Bernhard Kopp þvær fæturlauna í athvarfi í kirkju í Berlín. Heimilislausir flykkjast nú í neyðarskyli um allt Þýskaland vegna mikilla vetrarfrosta sem herja á Evrópu þessa dagana. Í fyrrinótt fór frostið í Berlín niður fyrir mínus fimmtán gráður.



PAMUK LAUS MÁLA Orhan Pamuk, í miðju (2.f.v.) yfirgefur dómhús í Ístanbul. Hann sætti ákæru fyrir „móðgun við tyrkneskt þjóðerni“.

Umdeilt réttarhald í Tyrklandi:

Máli gegn rit-höfundum hætt

TYRKLAND, AP Tyrkneskur dómstóll lét á mánudag málarekstur á hendur Orhan Pamuk, einum þekktasta rithöfundum Tyrkja, niður falla. Hann var ákærður fyrir að brjóta lög sem bönnuðu „móðgun við tyrkneskt þjóðerni“ fyrir að segja í viðtali við svissneskt blað að Tyrkir ættu að viðurkenna fjöldamorðin á Armenum í fyrri heimsstyrjöld.

Dómstóllinn tók þessa ákvörðun aðeins fáeinum dögum áður en til stóð að Evrópusambandið hæfi skoðun á umdeildu réttarkerfi Tyrklands. Þykir ákvörðunin vísending um að Tyrkjum sé alvara með því að vinna að því að taka upp evrópsk viðmið hvað varðar borgaraleg réttindi og lýðræði. - aa

Menntamálaráðherra:

Skipar nefnd um starfsnám

SKÓLAMÁL Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að kanna leiðir til eflingar starfsnámi, hvernig stuðla megi að aukinni aðsókn, einfalda skipulag þess og tryggja fjölbreytt námsframboð. Þá á nefndin að skoða möguleika á auknum sveigjanleika og samfelli í starfsnámi og tengsl starfsnáms á framhaldsskólastigi við grunn- og háskólastig.

Nefndin á einnig að meta hvort þörf sé á endurskoðun á hlutverki, skipulagi og starfsemi ráða og nefnda um starfsnám á framhaldsskólastigi. - sh

Maður ók undir áhrifum efna:

Lítillræði fíkniefna fannst í bíl

LÖGREGLUMÁL Ökumaður sem grundaður er um að hafa keyrt undir áhrifum fíkniefna var stöðvaður af lögreglunni í Garðabæ í fyrradag.

Ökulag mannsins þótti grunsamlegt og stöðvaði lögreglan bíl hans við hefðbundið eftirlit. Í bílnum fannst lítillræði af amfetamíni en auk mannsins voru í bílnum tveir farþegar.

Lögreglan er nú með efnin til rannsókna. Ökumaðurinn sem var stöðvaður hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnabrot. - mh

Margverðlaunað
fyrir hollustu og bragðgæði

Léttreykta kjúklingaáleggið frá Holtakjúklingi er margverðlaunað fyrir hollustu og bragðgæði.

Þú finnur vart fituminna álegg.



HVITA HÚSID / SIA - 9218

„ORÐRÉTT“

Tvö á karl eða svo

„Í ár er enginn skortur á eistum en heldur enginn afgangur og því má segja að eistnastaða landsmanna sé ljómandi góð.“

INGVAR GÍSLASON HJÁ NORDLENSKA UM PORRAMAT Í FRÉTTABLAÐINU.

Þú segir fréttir

„Það er alls ekki viðunandi að veikt fólk sé vistað á gangi að staðaldri.“

ÁSGEIR JÓNSSON LÆKNIR UM AÐBÚNAÐ SJÚKLINGA Á HIARTAEILD LANDSPÍTALA. MORGUNBLAÐIÐ.

nær og fjær
tilveran

HVAD ER AÐ FRÉTTA? KRISTINN T. HARALDSSON ATHAFNAMADUR

Vill aukavinnu með hinum störfunum

„Það er sko heilmikið að fréttu,“ segir Kristinn T. Haraldsson, Hveragerðisbúi sem var á leið yfir Hellið í vinnuna á Landspítalanum þegar Fréttablaðið náði sambandi við hann. Það er ekki eina vinnan hans Kristins því hann gefur út Dagablaðið í Hveragerði, rekur þar veitingastað og er formaður umhverfisnefndar bæjarins og Samfylkingarinnar. Hann segist einnig leita að aukavinnu svona með.



„Ef við byrjum að ræða um Hveragerði, þá er heilmikið í gangi vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda í bænum. Minnihlutinn í bæjarstjórn er á móti því að byggðar verði íbúðir fyrir 2.100 manns, en við í meirihluta-

samstarfi Samfylkingarinnar og Framsóknar erum með því. Áróður minnihlutans er mikill og hann leggur ekki öll spilin á borðið. Hann hefur kynnt áætlunina þannig að 800 milljónir yrðu gefnar verktaknum. Það er tómur misskilningur, því þetta snýst nú um þessa pólitíska stóru spurningu hvort Hveragerði eigi að vera lítil bær eða stór,“ segir Kristinn, betur þekktur sem Kiddi rót, og skýrir það þannig að bærinn eigi ekki peninga til að komast yfir ána að nýja byggingarlandinu. Kristinn hefur setið alla bæjarstjórnarfundir í vetur sem áhorfandi og er vel inni í málunum. Hann sér fyrir sér að íbúum Hveragerðis fjölgi um tólf þúsund á næstu fimmtán árum. Það ætti að koma sér vel því hann rekur veitingastað í bænum sem er rómaður fyrir rómántíska hamborgara og grillsteikur á lágu verði.

Hann segir tíðina hafa verið rólega nú í desember og janúar, eins og veitingamenn þekki. Gestunum fari þó fjölgandi og greinilegt að fólk sækir nú meira í bústaði sína á Suðurlandinu. „Þeir sem koma einu sinni hingað koma alltaf aftur,“ segir Kristinn sem nánast var búinn að selja staðinn fyrir nokkru síðan: „Hingað kom norskur milli og keypti sér steik. Hann var svo hrifinn að hann var við það að kaupa staðinn.“

SJÓNARHÓLL

HLUTAFÉLAGAVÆÐING RÚV



SIGRÚN ÁRMANNSS REYNISDÓTTIR FORMADUR SAMTAKA GEGN FÁTÆKT

Væri bara best að selja

„Ég vil að Ríkisútvarpið verði bara selt,“ segir Sigrún Ármanns Reynisdóttir, formaður Samtaka gegn fátækt, um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins sem nú er til meðferðar á alþingi.

„Dagskráin er nú bara þannig að það er í út í hött að ríkið reki þetta,“ segir hún.

Fyrirhugað er að leggja niður innheimtu afnotagjalda en taka þess í stað upp svonefndan nefskatt en hann mun nema um 13.500 krónum á hvern landsmann, sextán ára og eldri.

„Það er bara vitleysa að gera þetta svona því það eru margir yfir sextán ára á mörgum heimilum og fyrir þau yrði þetta þungur baggi. Ég veit að fjölmargir tekjulágir eiga erfitt með að borga þessi afnotagjöld og best væri bara að selja og hætta þessu alveg,“ segir Sigrún.

Enn seljast nokkrar ritvélar á ári

Þótt tölvurnar hafi margsannað kosti sína eru þeir enn til sem kjósa að nota gömlu ritvélnar við ritstörf. Nokkrar ritvélar seljast í skrifstofuvörverslunum á ári og örfáar í Góða hirðinum.

„Það er af og til sem við seljum ritvélar en við kaupum ekki mikið inn af þeim,“ segir Bjarnheiður Hauksdóttir, starfsmaður Nýherja. Í verslun fyrirtækisins við Borgartún eru til tvö stykki af Brother AX 410 ritvélum sem kosta 16.900 krónur. „Það fer ein og ein og þetta nær ekki að vera ein á mánuði. Ætli það fari ekki örfá stykki á ári,“ segir Bjarnheiður sem segir ár og daga síðan hún véritaði sjálf á ritvél.

Sömu sögu er að segja af öðrum skrifstofuvörverslunum, sumar – en alls ekki allar – hafa ritvélar enn til sölu þótt lítil hreyfing sé á þessum fyrrum þarfasta þjóni skrifstofumannsins.

Víða í geymslum eru til ritvélar sem lítið eða ekkert hafa verið notaðar undanfarnin ár. Með sumar þeirra er farið á endurvinnslustöðvar Sorpu þaðan sem þær eru sendar í Góða hirðinn. „Hingað koma annað slagð ritvélar,“ segir Anna Gísladóttir í Góða hirðinum. Hún veit af einni sem barst á dögnum og var sú



VÉLITAD MEÐ GAMLA LAGINU Bjarnheiður Hauksdóttir í Nýherja settist við ritvélna fyrir ljósmyndara. Ár og dagar voru líðnir síðan hún véritaði á ritvél síðast.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

send í skoðun og til lagfæringa í Fjölskiðjuna en þar á bæ eru öll raftæki sem koma til sölu í Góða hirðinum til yfirferðar.

„Það er svolítið spurt um rit-

vélar hjá okkur og ætli það seljist ekki nokkur stykki á ári. Ég veit svo sem ekki hvað fólk gerir við þær en ætli einhverjir hafi þetta ekki bara sem punt á heimilum

sínum. Það eru svo margir sem hafa gaman af gamla tímanum og vilja hafa eitthvað uppi við sem minnir á hann,“ segir Anna.

Metþátttaka var á Íslandsmóti barna í skák sem haldið var um helgina:

Dagur Andri og Hrund eru Íslandsmeistarar í skák barna

Dagur Andri Friðgeirsson er Íslandsmeistari barna tíu ára og yngri í skák og Hrund Hauksdóttir er Íslandsmeistari telpna tíu ára og yngri.

Íslandsmót barna í skák fór fram um síðustu helgi og reyndu 112 krakkar með sér. Var það metþátttaka og til marks um hve skákþróttinni hefur vaxið ásmegin á síðustu árum.

Dagur Andri lagði alla andstæðinga sína á mótinu og verður fulltrúi Íslands á Norðurlandamótinu í skólaskák sem haldið er í febrúar. Brynjar Ísak Arnarson var annar og Hjörtur Snær Jónsson þriðji.

Hrund Hauksdóttir sigraði í telpnaflokki. Önnur varð Sædís B. Jónsdóttir og jafnar í þriðja til fimmta sæti urðu Gunnhildur Kristjánsdóttir, Andrea Sif Sigurðardóttir og Margrét Finnboga-dóttir. Gunnhildur hlaut flest stig þeirra þriggja og fékk því bronsverðlaunin.

Sérstök verðlaun voru veitt fyrir bestan árangur í hverjum árgangi fyrir sig. Hjörtur Snær Jónsson sigraði í flokki þeirra sem fæddir eru 1996, Ársæll Guðjónsson í árgangi 1997, Skúli Guðmundsson í árgangi 1998 og Eidur Gauti Snæbjörnsson í árgangi 1999.



TEKIÐ VIÐ VERÐLAUNUNUM Dagur Andri Friðgeirsson hampar bikarnum. Við hlið hans stendur Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti Skáksambands Íslands.



RYNT Í STÖÐUNA Hrund Hauksdóttir veltir fyrir sér næsta leik.

DV

PÁLL MAGNÚSSON ÚTVARPSSTJÓRI


LES FRÉTTIR OG FÆR EKKI KRÖNU FYRIR

Kjaranefnd úrskurðar aukalaunin af honum

þeirir þegar aðrir þegja!

Svona erum við

> Lengd þjóðvega á Íslandi í kílómetrum



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: VIRTIR LÆKNAR UPPVÍSIR AÐ RANNSÓKNASVINDLI

Tímarit birta falsaðar niðurstöður

Seinustu vikurnar hefur hrikt í stoðum vísindaheimsins þegar uppvist varð að tveir virtir vísindamenn hefðu, án samráðs hvor við annan, falsað niðurstöður fimm rannsókna sinna sem birtust í fjórum mikilsmetnum læknatímaritum. Norski læknirinn og tannlæknirinn Jon Sudbø falsaði niðurstöður þriggja rannsókna á munnkrabbameini og suðurkóreski dýralæknirinn Hwang Woo-suk reyndist hvorki hafa klónað mannsfóstur né þróað stofnfrumulínur manna. Verið er að rannsaka verk beggja lækna og mannorð beggja hefur beðið mikinn hnekk.

Hvers vegna falsa læknarnir niðurstöður sínar?

Á meðan Sudbø hefur í gegnum lögmann sinn tekið á sig alla ábyrgðina og tilkynnt opinberlega að aðstoðarmönnum hans hafi verið ókunnugt um falsanirnar, hefur Hwang firt sig ábyrgð á athæfinu og kennt illgírni undirmanna sinna um. Hann segist ekki hafa tekið eftir fölsuðu niðurstöðunum fyrr en eftir að greinarnar voru birtar.



Lögmaður Sudbø's sagði ástæður læknisins ekki hafa verið fégræðgi, heldur þrá eftir fræð og frama. Líklegt er að ástæður Hwangs og aðstoðarmanna hans hafi verið svipaðar. „Ég var blindaður. Ég einblindi bara á það að gera Suður-Kóreu að miðdepli heimsins með þessari rannsókn,“ sagði Hwang fyrir stuttu.

Hví uppgötva ritstjórnir læknatímaritanna ekki svindlið?

Það er víst að ritstjórnir þessara tímarita - New England Journal of Medicine, Journal of Clinical Oncology og Lancet sem birtu greinar Sudbø's, og

Science, sem birtu tvær greinar eftir Hwang - spyrja sig nú þess hins sama. Flest sérfræðitímarit fá þrjá til sjö óháða sérfræðinga til að lesa greinar yfir og sannreyna þær, og það gerðu öll þessi tímarit þótt varnarmúrarnir hafi brostið í þessi fimm skipti. Ritstjórn Science segist nú vera að endurskipuleggja ritrýniferlið sem greinar ganga í gegnum áður en þær eru birtar, og víst er að ritstjórnir annarra vísindatímarita standa sama stappi þessa dagana.

SPURT & SVARAD

VERÐSTRÍÐ Á MATVÖRU

Verðið er töluvert lægra

Allt að 54 prósentu verðmunur var á verði vörurkrfu verðlagseftirlits ASÍ á höfuðborgarsvæðinu nú í vikunni. Oft var lítill verðmunur á milli verslana. Eysteinn Helgason er framkvæmdastjóri innkaupa hjá Kaupási.



EYSTEINN HELGASON Framkvæmdastjóri hjá Kaupási.

Hafa verðlækanir á matvörumarkaði gengið til baka? Þær hafa ekki gengið að fullu til baka miðað við það verð sem var áður en við hófum verðstríð í febrúar síðastliðnum.

Verður Bónus alltaf með lægsta verði? Nei, það verður ekki. Við verðum með samkeppnishæft verð.

Er verðstríðinu lokið? Aldeilis ekki. Menn fylgjast með verði margsinis á dag og gerðar eru nokkur hundruð verðbreytingar daglega. Við fylgjumst með til að geta tryggt hagstætt verð hverju sinni.

Rúmur milljarður í húsaakaup

Reykjavíkurborg hefur á undanförunum tveimur árum keypt húseignir og lóðir í miðborginni fyrir rúman einn milljarð króna. Borgarstjóri segir að tilgangurinn sé að stuðla að og hvetja til uppbyggingar á svæðinu. Hluti þeirra eigna sem búið er að kaupa hefur þegar verið seldar aftur til niðurrifs eða endurbyggingar, aðrar bíða sölu.

Mikil umræða hefur farið fram undanförunum ár um nauðsyn þess að hefja gamla miðbæinn aftur til vegs og virðingar. Stefnumörkun borgaryfirvalda í þessum efnunum má rekja allt aftur til ársins 1997 og til dæmis hefur Kvosin þegar fengið mikla andlitslyftingu. Upp á síðkastið hafa menn hins vegar einkum beint sjónum að Laugavegi frá Snorrabraut niður að Bankastræti og nærliggjandi götum, og síðan að gamla Skuggahverfinu svokallaða neðan Hverfisgötu og miðast þessi úttekt Fréttablaðsins við kaup borgarinnar á eignum á því svæði.

Polinmóðir peningar

„Það var auðvitað búið að kalla eftir því lengi að borgin beitti sér fyrir uppbyggingu á þessu svæði,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri.



STEINUNN VALDÍS Borgarstjóri segir uppkaup á húseignum líð í uppbyggingu miðborgarinnar.

búin að kaupa mikið af eignum á svokölluðum Barónsreit en höfum ekki enn fengið þá peninga til baka.“

Framkvæmdir á Barónsreit

Uppbygging í Skuggahverfinu er hafin fyrir allnokkrum árum og einkennist hún aðallega af háhýsum sem eiga að mynda samfellda röð frá Klapparstíg austur að Barónsstíg í fyllingu tímans. Miklar framkvæmdir eru framundan á þessu svæði á næstu árum og verður meginþungi þeirra á austurhluta þess þar sem borgin hefur verið að kaupa upp húseignir sem ýmist hafa þegar verið seldar aftur til niðurrifs eða verða settar í sölu á næstunni. Má þar nefna húseignirnar við Skúlagötu 26 - 30 sem keyptar hafa verið fyrir rúman hálfan milljarð en verða auglýstar til sölu á næstunni til niðurrifs.

Um uppbygginguna í Skuggahverfinu hefur verið allgóð sátt þótt einhverjir telji háhýsin niður við Skúlagötuna skerða útsýn til Esjunnar og út á sundin blá.



SKÚLAGATA 26-30 Þessi hús voru keypt fyrir rúmar 550 milljónir og verða auglýst til niðurrifs á næstunni. Þarna starfar meðal annars Kexverksmiðjan Frón og hefur gert um áratuga skeið.

Umdeild uppbygging

Meiri styrk hefur hins vegar staðið um áform um uppbyggingu við Laugaveg, en til að hún verði að veruleika þurfa allmörg hús að vika, og það er viðkvæmt mál í augum margra. Engu að síður er ljóst að núverandi borgaryfirvöld ætla að ganga til verks og segja uppkaup þeirra á húseignum við Laugaveg sína sögu um það.

Þau hafa líka smám saman verið að endurgera Laugavegin; breikka gangstéttar og gera umhverfi götunnar meira aðlaðandi, en það líður að því að hafist verði handa um niðurrif húsa og byggingu nýrra. Þegar er reyndar búið að rífa gamla Stjórnubíó og byggja bílastæðahús á lóðinni og nærliggjandi bílastæði en lóðin var keypt af Jóni Ólafssyni athafnamanni árið 2002 fyrir rúmar 160 milljónir.

Uppbyggingin langtíma verkefni

Þá hefur borgin fest kaup á húsinu við Laugaveg 67 en framkvæmdir

á því svæði eru ekki alveg á döfnni því að sögn borgarstjóra er lögð áhersla á að ljúka uppbyggingu á reitnum sem afmarkast af Hverfisgötu, Laugavegi, Klapparstíg og Smiðjustíg þar sem borgin hefur þegar keypt bakhús við Laugaveg 17, Laugaveg 19 og 19B auk fasteignanna Hverfisgötu 32, 32A, 32B og 34.

„Þetta er mjög flókið verkefni því einkaaðili á hluta af eignum á svæðinu og það hefur tekið okkur langan tíma að ná tangarhaldi á eignum þarna, þannig að þetta er langtíma verkefni sem ekki verður leyst á stuttum tíma“, segir Steinunn Valdís.



FRÉTTASKÝRING

SIGURDUR ÞÓR SALVARSSON ssal@frettabladid.is

Kópavogsbúar



Bestu þakkir fyrir góðan stuðning í prófkjöri okkar sjálfstæðismanna 21. janúar síðastliðinn. Einnig vil ég þakka meðframbjóðendum mínum drengilega og góða baráttu. Niðurstaðan verður okkur hvatning til áframhaldandi góðra verka í þágu Kópavogsbúa allra.

Gunnar Ingi Birgisson



LAUGAVEGUR 67 Húsið var keypt á tæpar 30 milljónir en gert er ráð fyrir verulegri uppbyggingu á þessu svæði í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HVERFISGATA 32, 32A, 32B OG 34 Þessi hús voru keypt fyrir samtals um 190 milljónir króna og munu vika fyrir öðrum veglegri í fyllingu tímans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LAUGAVEGUR 19 OG 19B OG 17 BAKHÚS Þessi hús voru keypt fyrir samtals 194 milljónir en uppbygging á svæðinu bíður þess að eigendur húseigna komi sér saman um hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LINDARGATA Nokkrar húseignir hafa verið keyptar við Lindargötu undanförunum misseri fyrir alls um 107 milljónir. Fyrirhugað er að reisa stúdentagarða á svæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Aðeins hágæða flotefni frá Múrbúðinni

ABS flotefnin frá Maxit eru lang mest seldu flotefnin á Íslandi síðastliðin 12 ár



ABS 147
Alhliða flot sem hentar í þunnflot og allt að 30mm.



ABS 317
Trefjastyrkt flotefni sem má fara í 50 mm þykkt. Frábært í viðgerðir yfir gömul gólf, trégólf, gólfhitalagnir og margt fleira.



ABS 320
Undirflot ætlað í mjög miklar þykkir, allt að 100 mm.



ABS 154
Punnflot sem má fara í 30 mm þykkt og niður í nánast ekki neitt, en þornar á met tíma. Leyfir parketlagn eftir um 24 klst. (fer þó eftir þykkt).



ABS 430
Frábært frostþolið útiflot með mikla yfirborðshörku, á svalirnar, bílageymsluna, bílastæðin o.s.fr.



Niboplan 300
Nýjasta viðbótin í flotseríu Múrbúðarinnar. Punnflot fyrir dúk og parket sem þornar á 12-24 klst.

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Ný lög um Ríkisútvarpið í burðarliðnum:

RÚV áfram í ríkiseign

Loks hyllir undir að samþykkt verði ný lög um Ríkisútvarpið, og er löngu tími til kominn að svo verði. Hver menntamálaráðherrann af öðrum úr ýmsum flokkum hefur haft þetta mál á stefnuskrá sinni. Skipaðar hafa verið ótal nefndir og starfshópar til að gera tillögur um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins, en fram til þessa hefur aldrei náðst pólitísk sátt um málið, og á meðan hefur Ríkisútvarpinu blætt út. Þetta hefur haft vond áhrif á starfsemina og ekki síður starfsmenn sem ávallt hafa þó lifað í voninni um að birti til og framundan væri betri tíð með blóm í haga. Það er því mikilvægt að hugað sé vel að rétti starfsmanna RÚV í hlutafélagsforminu, og réttur þeirra sé í engu fyrir borð borinn.

Að þessu sinni hefur niðurstaðan orðið sú að gera Ríkisútvarpið að sjálfstæðu hlutafélagi í eigu ríkisins. Sá varnagli er sleginn í fyrstu grein frumvarpsins að sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil. Með orðalaginu á greininni er verið að stinga upp í þá í stjórnarflokkunum sem voru eða eru andvígir því að stofnunin sé gerð að hlutafélagi.

Ríkisútvarpið þarf fyrst og fremst að standa vörð um menninguna og menningararfinn, veita góða fréttabjónustu og sinna ýmsum öðrum verkefnum sem til falla á hverjum tíma. Aðrir ljósvakamiðlar eru fullfærir um að sinna mörgum þeim verkefnum sem Ríkisútvarpið hefur sinnt.

Á allra síðustu árum hefur fjölmiðlaumhverfið á Íslandi gjörbreyst, og ef vel hefði verið að verki staðið hefði átt að vera búið að endurskoða eða setja ný lög um Ríkisútvarpið fyrir löngu, rétt eins og víða í nágrannalöndunum. Jafnhliða breytingum á fjölmiðlaumhverfinu hefur hlutverk stofnunarinnar í þjóðlífinu breyst. Hér verður væntanlega áfram starfrækt öflugt ríkisútvarp líkt og í flestum öðrum löndum, en það þarf að marka því ákveðinn bás og taka mið af þjóðfélagsbreytingum. Þrátt fyrir tilkomu öflugra einkastöðva í löndum Vestur-Evrópu hafa ríkisútvarp þar haldið velli. Víðast hvar eru innheimt afnotagjöld líkt og hér, en í Skandinavíu hafa ekki verið auglýsingar í hefðbundnum ríkisfjölmiðlum og það sama á við um Bretland svo dæmi séu nefnd. Kostun viðgengst hins vegar víðast hvar í Vestur-Evrópu og virðist fara vaxandi frekar en hitt. Norrænir gestir sem lagt hafa leið sína hingað til lands hafa oft rekið upp stór augu þegar þeir hafa uppgötvað að hér eru auglýsingar í ríkisfjölmiðlum. Útvarpsauglýsingar hér eiga að baki 75 ára sögu, og eru orðnar hluti af menningu þjóðarinnar. Öðru máli gegnir um auglýsingar í Sjónvarpinu, sem hafa reyndar verið þar fastur liður allt frá stofnun þess árið 1966. Núverandi útvarpsstjóri hefur lýst þeirri skoðun sinni opinberlega yfir að Ríkisútvarpið ætti að fara af auglýsingamarkaði. Það er hægt að taka undir þetta sjónarmið hans hvað varðar auglýsingar í Sjónvarpinu, ekki í Útvarpinu. Það er svo stór spurning hvernig á að bregðast við tekjutapinu, og vonandi verður það ekki með því að auka kostun í Sjónvarpinu, því þar með er dagskrárvaldið komið til fjársterkra fyrirtækja eins og dæmin sanna. Ríkisútvarpið þarf fyrst og fremst að standa vörð um menninguna og menningararfinn, veita góða fréttabjónustu og sinna ýmsum öðrum verkefnum sem til falla á hverjum tíma. Aðrir ljósvakamiðlar eru fullfærir um að sinna mörgum þeim verkefnum sem Ríkisútvarpið hefur sinnt á undanförunum árum og með sterkum ljósvakamiðlum í eigu ríkisins og á einkamarkaði skapast samkeppni sem nauðsynleg er í fjölmiðlarekstri.

Marsibil í 2. sætið
Fyrir
mannlegri
borg

28.01.2006

Reykjavík er ekki fjölmenn borg á heimsmaðlikvarða. Það er vel raunhæft að tryggja öllum íbúum hennar mannsæmandi lífsskilyrði. Það á að vera forgangs- og metnaðarmál í mannlegri borg þar sem hver einstaklingur skiptir máli.

marsibil.is / málefni / greinar / dagbók / myndir



FRÁ DEGI TIL DAGS

Í vanda

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa ekki gert sér mikinn mat úr staðhæfingum Stefáns Ólafssonar prófessors um hækkaða skattbyrði á undanförunum árum. Sumir segja að ástæðan sé sú að þetta rími ekki við vinsæla kenningu þeirra um að hér séu „amerískir skattar“ sem ekki nægi til að halda uppi öflugu velferðarkerfi. Skrif Stefáns hafa hins vegar sett fókussinn á nauðsyn þess að lækka skatta enn frekar en ekki að hækka þá. Það er stjórnarandstöðinni ekki að skapi.



Miðaldra karlar
Nú á dögum má varla blása á nokkurn þjóð-

félagshóp án þess að rekið sé upp ramakvein um „einelti“, „fordóma“ eða „mismunun“, svo helstu tiskuhugtökín séu nefnd. Athyglisvert er að frá þessu er ein undantekning: miðaldra karlar. Þá virðist mega atyrða sem hóp hvenær sem hentar. Og fremst í flokki fara yfirleitt þeir sem viðkvæmastir eru fyrir hönd annarra hópa í þjóðfélaginu. Björgvin Guðmundsson, ritstjóri DV, gerir þetta að umtalsefni í blaðinu í gær í tilefni af Fréttablaðsgrein Guðmundar Andra Thorssonar þar sem fundið var að því að listi sjálfstæðismanna í Garðabæ væri bara skipaður miðaldra körlum í jakka-fötum með bindi; þar væri „engin kona, engin ung manneskja, engin gömul manneskja, engin fötluð manneskja“.



Gamaldags hugsun

„Þar höfum við það,“ skrifar Björgvin. „Miðaldra karlmenn hljóta bara að tala um aðra miðaldra karlmenn. Og vinna að hagsmunum þeirra. Framboðslisti telst ekki lengur frambærilegur ef þar er ekki að finna eldri borgara, íþróttamann, fyrirverandi fíkil, fatlaðan einstakling, öryrkja, nema og svo mætti áfram telja. Það skiptir varla lengur máli fyrir hvað þetta fólk stendur. Hvað það trúir á. Fyrir hverju það vill berjast. Þetta er gamaldags hugsun þeirra sem vilja að stjórnmal snúist eingöngu um sérhagsmuni.“ Björgvin er annarrar skoðunar. Hann vill að stjórnmal snúist um almenna hagsmuni landsmanna. „Minna um sérhagsmuni. Meira um innihald. Minna um útlit.“

gm@frettabladid.is

Er sannlíkið sagna best?

„Fjölmiðlar draga ekki upp rétta mynd“, sagði Halldór Ásgrímsson í viðtali við Blaðið fyrir skömmu. Það má til sanns vegar færa. Fjölmiðlum er um margt áfátt, þeir nálgast fréttir frá mismunandi sjónarhólum, leggja áherslu á eitt og sleppa öðru. Seint mun finnast sá fjölmiðill sem endurspeglar ástand heimsins eins og það er eða kann að vera á hverjum tíma. En það sem máli skiptir er að menn geti treyst áreiðanleika þeirra, að þeir reyni eftir fremsta megni að halla ekki réttu máli um staðreyndir, sveigja til sannleikann af hollustu við einhvern málstað eða persónu, fegra eitt og svarta annað, ýkja eða draga úr eftir því sem hentar valdhöfum eða einhverjum öðrum hagsmunahópum.

Það var hins vegar ljóst af samhenginu, að Halldór Ásgrímsson átti ekki við þetta, heldur hið gagnstæða: Fjölmiðlarnir draga ekki upp þá „réttu mynd“ af veruleikanum eins og hann blasir við af þróppum stjórnarráðsins. Stjórnmalaforingjar vilja gjarnan hafa einhuga söfnuð að baki sér. Þeir leitast því jafnan við að gera flokka sína að pólitískum sértrúarflokkum. Þeir sjá eftir þeim góðu gömlu dögum, þegar flokksmálöggnin birtu fylgismönnunum „línuna“ dag hvern og heimssýn manna fór eftir flokksaðild og dagblaðsáskrift. Eftirsjáin er ekta en sá heimur er horfinn sem betur fer.

Þá er leitað annarra leiða. Undanfarinn áratug höfum við séð íslenska valdhafa í stöðugri baráttu um yfirráð yfir fjölmiðlum. Þeir hafa reynt að treysta tök sín á ríkisfjölmiðlum og varla líður sá dagur að þeir kvarti ekki hástöfum yfir efnistökm fjölmiðla og einstakra fjölmiðlamanna vegna frétta af stefnumálum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Öll gagnrýni er vægast sagt tekin illa upp

Í DAG UPPSPUNI OG VERULEIKI

ÓLAFUR HANNI- BALLSSON

Upp er runnin öld spunameistaranna, sem öllum brögðum beita til að fá fjölmiðla til að gefa stefnu og aðgerðum valdhafanna forgang, en þagga niður í gagnrýnisróddunum.

og þeir sem þá iðju stunda stimplaðir illviljaðir, óvinveittir og hlutdrægir. Í því ljósi verðum við að skoða þá baráttu sem stjórnvöld hafa átt í um yfirráð yfir Stöð tvö allt frá því hún komst á laggirnar og síðar yfir þeim miðlum sem ráðherrar og stjórnmalaforingjar kalla „baugsmiðla“. Hannes Hólmsteinn hefur ákallað Jón Ásgeir um samstöðu allra kapitalista, sem eðli málsins samkvæmt eigi að berjast í einu liði og Kári Stefánsson harmað opinberlega að nefndur Jón Ásgeir hafi ekki lagst á eina sveif með Davíð Oddssyni; eða hversu miklu þeir hefðu ekki fengið áorkað ef þeir berðust saman í liði? Í orði kveðnu er baráttan háð gegn „samþjöppun í eignarhaldi“ fjölmiðla en í raun stendur hún gegn fjölbreytni í skoðunum – fyrir samþjöppun einsleitra hugmynda.

Upp er runnin öld spunameistaranna, sem öllum brögðum beita til að fá fjölmiðla til að gefa stefnu og aðgerðum valdhafanna forgang, en þagga niður í gagnrýnisróddunum. Aðdragandi Íraksstríðsins er glöggur vitnisburður um vel

heppnaða fjölmiðlaherferð bandarískra valdhafa. Með klókindalegum tilvísunum til leynilegrar „vitneskju“ helstu njósnastofnana var harðstjórinn Saddam Húsein tengdur al-Kaída, sem aftur tengdist hryðjuverkaárásunum á Tvíburaturnana, látið að því liggja að Írak byggir yfir ógnarvopnum og aðeins tímarspasmál hvenær gorkúluský atómsprengjunnar teygðu sig til himins yfir stórborgum hins vestræna heims. Jafnvel fjölmiðlar með sjálfstæðan metnað féllu fyrir þessu og áttu þannig þátt í því að snúa almenningsálitinu í Bandaríkjunum með innrás í Írak, þótt þeir hafi margir hverjir nú beðið lesendur sína afsökunar á trúgirn sinni.

Við lifum á öld þar sem mörk veruleika og skáldskapar dofna og verða æ ljósari í gerviheimi tölvunnar og veruleikaþáttum sjónvarpsins. Spunameistarar valdhafanna ganga á þetta lag og sjá okkur fyrir frásögnum, sem eru einfaldari, trúverðugri og virðast rökréttari en ískaldur veruleikinn, sem oft birtist okkur sem samhengislaus atburðarás, sem erfitt er að átta sig á. Margblekkir amerískir blaðamenn hafa skilið þetta og einn þeirra bjó til á síðasta ári nýyrðið „truthiness“ yfir það fyrirbæri þegar eftirlíking spunameistaranna á sannleikanum verður jafnvel trúverðugri en raunsoðn frásögn. Á íslensku mætti kalla þetta „sannlíka“, orð sem líkist „sannleika“ svo mjög að auðvelt væri að rugla hugtökunum saman, svo sem einmitt er ætlan spunameistaranna. Kannski væri þó réttara að nota hvorugkynsorðið „sannlíki“ yfir fyrirbærið: Líkingin við smjörlíki er svo auðsæ að við áttum okkur strax á því að sitt er hvað sannlíki og sannleiki. Það er líka eins gott, ef okkur hugnast ekki að það sé öld sannlíkisins, sem nýgengin er í garð.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ABSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Fimm stjörnu öryggi á tveggja stjörnu verði



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.

JÓNSSON & LE'WACKS • JI.15



Mánaðargreiðsla 18.583,-*

1.550.000 kr.

Þetta er Astra eins og þú hefur aldrei séð hana áður. Hönnuðir Opel hafa endurhugsað hana frá grunni og útkoman er gjörbreyttur bíll að innan sem utan. Traust, kraftmikil vél og öryggi sem þú getur stólað á. Við bjóðum þér að kynna Opel Astra – upp á nýtt.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

* Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði – Aukabúnaður á mynd: þokuljós og álfelgur.

Barnafjölskyldur og launajafnrétti

UMRÆÐAN
BARNAFJÖL-
SKYLDUR



GESTUR GUÐJÓNSSON

Langur vinnudagur fækkar samverustundum fjölskyldna og leggur uppeldi barna í ríkari mæli á herðar stofnana, sem aldrei geta komið í stað heilbrigðrar fjölskyldu, hversu góðar sem stofnanirnar eru.

Börn eru hverju samfélagi nauðsyn. Því getur raunveruleg ógn

stafað af barnafæð og einnig af því að börn fái ekki notið þess uppeldis sem nauðsynlegt er til að þau verði nýttir þjóðfélagsþegnar í sífellt flóknara samfélagi sem krefst meira af einstaklingnum.

Það er því nauðsynlegt að samfélagið verndi og bæti rammann um barneignir og uppeldi og tel ég að styrking fjölskyldunnar sé besta leiðin til þess. Með setningu laga um fæðingarorlof var stigið stórt framfaraskref í styrkingu rammans um uppeldi barna. Báðir foreldrar geta nú notið samvista við barnið á fyrstu mánuðum ævi þess án þess að leggja fjárhag heimilisins í rúst. Er ljóst að þátttaka karla í uppeldi barna mun aukast til muna vegna þessa. Nauðsynlegt er að haldið verði áfram að tryggja framtíð kerfisins, enda er hér um að ræða fjölskyldu-

vænstu aðgerð sem ríkisstjórnin hefur framkvæmt.

Af sömu ástæðu er það skylda samfélagsins að taka fjárhagslegan þátt í uppeldi barna og fyrsta skrefið í því hlýtur að vera að innheimta í það minnsta ekki skatt af þeim fjármunum sem renna til uppeldis. Er því eðlilegt að barnabætur verði ótekjutengdar og taki mið af raunverulegum kostnaði við barnaupplendi.

Almenn sátt virðist vera um að brúa eigi bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Flestir leggja til styrkingu dagmæðrakerfisins eða styrki til þeirra sem vilja vera heima hjá börnum sínum eða barnabörnum. Ég tel að skoða eigi lengingu fæðingarorlofsins til að létta á þessari þörf.

Íslendingar vinna lengstan vinnudag Norður-Evrópuþjóða. Langur vinnudagur fækkar sam-

verustundum fjölskyldna og leggur uppeldi barna í ríkari mæli á herðar stofnana, sem aldrei geta komið í stað heilbrigðrar fjölskyldu, hversu góðar sem stofnanirnar eru. Er ljóst að aðilar vinnuarkaðarins eiga stóran hlut að máli með þeirri samsetningu launa sem hefur tíðkast hérlandis, þar sem greitt er 60-70% yfirvinnuálag. Fólk er sem sagt verðlaunað til að vera fjarri fjölskyldum sínum og vinna langan vinnudag, en hagtölur sýna að atvinnurekendur eru ekki að fá tilsvarendi framleiðni aukningu, enda er starfsorka manna takmörkuð.

Fleiri atriði tengjast yfirvinnuálaginu og ber launajafnrétti þar hæst. Einstæðir foreldrar og annar makinn hafa ekki möguleika á að vinna yfirvinnu meðan börn eru á leikskólaaldri

og í yngri bekkjum skóla, enda vistunartíminn sem betur fer takmarkaður. Hinn aðilinn, ef honum er til að dreifa og fólk barnlaust, hefur möguleika á að vinna yfirvinnu, gerir það í ríkum mæli og nýttur ríkulega fyrir. Ef marka má fréttaflofling af kjaraviðræðum virðist lítið til lit vera tekið til þessa og yfirleitt rætt um heildarlaun. Hafa aðilar vinnuarkaðarins, þar með talin Reykjavíkurborg, brugðist hvað þetta áhræfir og skilið barnafólk og þá oftast konur og einstæða foreldra eftir með mun minni heildartekjur þrátt fyrir mikið vinnuframlag. Þessu þarf að breyta og er næsta stóra skrefið í jafnréttisbaráttunni.

Höfundur er umhverfisverkefndingur og frambjóðandi í prófkjöri framsóknarmanna í Reykjavík. www.gestur.is

Þín borg – hafðu áhrif!

UMRÆÐAN
PRÓFKJÖR
FRAMSÓKNAR-
FLOKKSINS



MARSIBIL J. SÆMUNSDÓTTIR

Ég vil áfram vinna að því að gera Reykjavík að mannlegri borg þar sem hver einstaklingur skiptir máli. Til þess að ég hafi möguleika til þess þarf ég þinn stuðning á laugardaginn.

Það skiptir okkur borgarbúa máli hverjir eru fulltrúar þeirra lista sem bjóða fram til borgarstjórnar. Framsóknarflokkurinn í Reykjavík heldur opið prófkjör laugardaginn 28. janúar n.k. í Laugardalshöll frá kl. 10 til 18. Allir borgarbúar sem hafa náð 18 ára aldri þann 27. maí n.k. eru því með boðskort um að kjósa fulltrúa á framboðslista flokksins.

Framsóknarflokkurinn í Reykjavík vill fá borgarbúa að borðinu til að hafa áhrif á hvaða fólk kemur til með að eiga sæti í borgarstjórn Reykjavíkur eftir næstu borgarstjórnarkosningar fái flokkurinn umboð til þess frá borgarbúum. Ég býð mig fram í 2. sætið á framboðslistanum og

óska eftir þínum stuðningi.

Fyrir 8 árum stofnaði ég, ásamt eiginmanni mínum, Götusmiðjuna sem er sérhæft meðferðarheimili fyrir ungt fólk í vímuefnavanda. Ég hef starfað sem framkvæmdastjóri Götusmiðjunnar frá þeim tíma. Frá upphafi hafa yfir 500 ungmenni komið til dvalar og meðferðar hjá Götusmiðjunni. Ég var 10. fulltrúi á framboðslista Reykjavíkurlistans fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar og varð þar með fyrsti varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins í Reykjavíkurlistasamstarfinu.

Síðastliðin 4 ár hef ég því haft tækifæri til að kynna borgarmálunum vel, m.a. sem


formaður jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar, formaður forvarnarnefndar Reykjavíkurborgar, varaformaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar og formaður hverfisráðs Kjalarness. Af þeim verkefnum sem ég hef unnið að á kjörtímabilinu er ég hreyknust af nýsamþykktu forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, en ég fékk, sem formaður forvarnarnefndar, að leiða þá vinnu. Stefnan felur í sér útvíkkun og nær hún því til barna og ungmenna frá fæðingu til tvítugs og er mjög yfirgripsmikil.

Ég vil að Reykjavíkurborg geri allt sem í hennar valdi stendur til að stuðla að því öll börn og ungmenni alist upp við uppeldis-

aðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur (Forvarnastefna Reykjavíkurborgar 2005).

Stór hluti af mínum helstu baráttumálum, sem varða nær-samfélag barna, ungmenna og fjölskyldna, eru á ábyrgð borgarinnar. Ég vil áfram vinna að því að gera Reykjavík að mannlegri borg þar sem hver einstaklingur skiptir máli. Til þess að ég hafi möguleika til þess þarf ég þinn stuðning á laugardaginn.

Höfundur er varaborgarfulltrúi og framkvæmdastjóri Götusmiðjunnar. www.marsibil.is



Heimaöryggi

Áskrift að öryggi

Hafðu samband við Öryggismiðstöðina og fáðu fría öryggisúttekt fyrir þitt heimili. Veittu sjálfum þér hugarró með Heimaöryggi Öryggismiðstöðvarinnar.

Heimaöryggið innifelur eftirfarandi:



- Innbrotaviðvörðun.
- Næturgeislu.
- Brunaviðvörðun.
- Þráðlaus skynjara.
- Útkallsþjónusta öryggisvarða.
- Uppsetningu.
- Fjarstýringu.

Hringdu núna!
Við erum á vakt allan sólahringinn
530 2400



ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400 • WWW.ORYGGI.IS

UMFERÐARLJÓS

Nýtt og þjálla umferðarljósakerfi verður sett upp í höfuðborginni

BÍLAR 3



HUGI

Hugi Kolbeinsson kann allar reglurnar á leikskólanum

BÖRN 6



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚDKAUP TILBOÐ O.FL

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[BÍLAR FERÐIR BÖRN]

Búlgaría er vinsælasti áfangastaður Apolloferða næsta sumar. Boðið verður upp á beint leiguflug til Sunny Beach á Svartahafsströnd Búlgaríu. Apollo býður upp á fimm þúsund króna kynningarflátt af fyrstu 300 sætumum.

Myndlistarnámskeið fyrir börn og unglinga er í boði hjá Mími símenntun og hefjast námskeiðin í lok mánaðar. Blandað er saman ýmsum myndlistarformum allt frá teikningum með blýanti til leirmótunar. Námskeiðið er fyrir börn á aldrinum sex til tólf ár.

Nagladekkjir eru ekki uppáhald allra. Vinnuhópur um notkun nagladekkja í Reykjavík hefur skilað skýrslu til umhverfisráðs. Vinnuhópurinn vill takmarka notkun negldra vetrardekkja í borginni, meðal annars með því að leggja gjald á notkun þeirra. Hópurinn mælir með því að samráð verði haft við hagsmunaaðila um að draga úr notkun nagladekkja.



Árný Elínborg Ásgeirsdóttir segir að spænska og bókmenntafræði fari mjög vel saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 25. janúar, 25. dagur ársins 2006



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 10.29 13.40 16.52
Akureyri 10.29 13.25 16.21

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Dyr að öðrum heimi

Árný Elínborg Ásgeirsdóttir er nemandi í bókmenntafræði og spænsku við Háskóla Íslands. Hún er nýkomin heim frá Argentínu þar sem hún var skiptinemi í eitt ár.

Ástæðan fyrir því að Árný fór í bókmenntafræði var sú að hana langar til þess að verða blaðamaður. „Ég vissi að til þess að verða blaðamaður væri praktískt að læra sagnfræði, bókmenntafræði, mannfræði eða heimspeki svo ég kastaði bara peningum þegar ég var að velja á milli,“ segir Árný.

Árnýju finnst bókmenntafræðin mjög skemmtileg og segir að hún eigi vel við hana. „Ég tek svo spænsku sem aukagrein en bókmenntafræðin og spænskan fara mjög vel saman því spænskan gengur líka svolítið út á að lesa bókmenntir.“

Árný kunnir svolítið í spænsku áður en hún fór í háskólann því hún hafði lært spænsku í þrjú ár í framhaldsskóla. „Þegar ég var í

framhaldsskóla fór ég svo til Spánar og ég fékk miklu betri einkunnir í spænsku eftir að ég kom heim. Það var mjög gott að fara til Spánar því þegar maður lærir tungumál er gott að þekkja menninguna í landinu. Hverju tungumáli fylgir heill heimur.“

Árný er núna nýkomin heim frá Argentínu þar sem hún hefur verið skiptinemi síðasta árið. „Ég tók eiginlega alla spænskuna þar og svo var ég líka að taka bókmenntafræðikúrsum sem ég get ráðið hvort ég læt meta sem spænsku eða bókmenntafræði,“ segir hún.

Árný er mjög ánægð með þessar tvær greinar sem hún valdi sér. „Spænskan opnar dyr að öðrum heimi því maður er ekki bara að læra tungumálið heldur líka um menninguna og er að kynnst einhverju nýju sem opnar augu manns. Bókmenntafræðin gerir það eiginlega líka því þegar maður les bækur fer maður náttúrulega inn í annan heim.“

emilia@frettabladid.is

“Þetta bar margfalt betri árangur en ég bjóst við og þetta hefur verið frábært námskeið.”

Ómar Kári E., 14 ára nemi.

“Ég hef margfaldað lestrarhraða minn.”

Monika Freysteinsdóttir, 22 ára Háskólanemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviþyrngi, nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

...næsta námskeið 15. febrúar

Námsflokkar Hafnafjarðar – hraðlestarnámskeið – 16. febrúar

Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400



Við hjálpum þér af stað...

byrjaðu að spara reglulega og SPK leggur þér lið við fyrstu innborgun

- Auka innborgun frá SPK við upphaf sparnaðar
- Fjölbreyttar sparnaðarleiðir
- Góð ávöxtun
- Sveigjanleiki, hægt að draga úr eða auka við sparnaðinn eftir hentugleika
- Góð yfirsýn í Heimabanka

eitt símtal... og þú byrjar að spara

515 1950



Sparisjóður Kópavogs – Hlíðasmára 19 – Digranesveggi 10 – Select við Smáralind – Sími: 515 1950 – Fax: 515 1909 – www.spk.is – spk@spk.is

allt bílar o.fl.

Bílar verða oft mjög skitugir þegar mikið slabb er á götunum. Þá er ágætt að gefa sér tíma til þess að skola aðeins af þeim áður en það verður alltof kalt aftur.



Bassabox

10", 12", 15", einföld

Kr. 4.995,-

10", 12", 15", tvöföld

Kr. 7.995,-



AG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547

Verslun á netinu : www.agmotorsport.is



Hágæða Polyurethane húðun í öllum litum

Rhino Linings Mjög sterk, endingagóð og 100% vatnsheld
Sprautað á flötinn í öllum mögulegum litum



Mjög hagstæð og góð lausn sem hentar vel fyrir pallbíla, báta,
iðnaðargólf, hestakerrur, hesthús og margt fleira

Plastver - Drangahrauni 6a - s: 565 0506 - www.plastver.com

NÝR TOYOTA LAND CRUISER GX 90 (120) DÍSEL



Verð aðeins kr 4,660,000.-

Með öllum staðalbúnaði.

Annar meðfylgjandi aukabúnaður.

Stöðuleikastýring VSC
og spólvörn A-TRC.
Sjálfvirk tvöföld loftræsting.

BÍLASALA
REYKJAVÍKUR

Bíldshöfða 10. Sími 587 – 8888

Allt að 90% fjármögnun
til 84 mánaða.
Þriggja ára ábyrgð.



Jepplingar eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli og virðast, að minnsta kosti að einhverju leyti, vera að taka við af skutbílunum.

Mikil fjölgun jepplinga

Sala á jepplingum hefur aukist ár frá ári. Nú er svo komið að þeir eru hátt í fimmtungur af öllum nýjum seldum bílum.

Ekki eru svo ýkja mörg ár síðan fyrsti jepplingurinn kom á markað en á síðustu misserum og árum hafa þeir notið verulega vaxandi vinsælda. En hver er eiginlega munurinn á jepplingum og jeppum almennt? Þeirri spurningu er ekki auðsvarað. Í íslenskri orðabók segir að jepplingur sé bíll með byggingareiginleika jeppa en án millikassa. Sumir vilja bæta við að jepplingar þurfi að vera án driflæsingar. Almennt gildir það líka að jepplingar eru yfirleitt bæði minni og lægri en jeppar. Sumir vilja einnig kalla jepplinga borgarjeppa eða jafnvel sport-

jeppa.

Sé farið eftir almennri skilgreiningu á jepplingum þá má finna út samkvæmt sölutölum yfir nýja bíla á síðasta ári að jepplingar eru næstum því fimmtungur af seldum, nýjum fólkubílum.

Margir vilja og meina að jepplingar séu þar með að taka við af skutbílunum sem voru svo vinsælir fyrir nokkrum árum síðan. Jón Trausti Ólafsson, markaðs- og stjóri Heklu, bætir því einnig við að jepplingar hafi auknið markaðshlutdeild á kostnað stærri jeppa. Helga Guðrún Jónasdóttir, kynningarfulltrúi hjá B&L, tekur undir þessi sjónarmið að einhverju leyti. „Þetta fer reyndar allt eftir skilgreiningu, flóran er orðin svo samsett og flókin að það er spurning hvernig þetta er allt flokkað. Sé hins vegar miðað við víða skil-

greiningu þá finnst mér þessar tölur ekki fjarri lagi. Jepplingar hafa verið að taka við af skutbílunum í mörgum tilvikum og einnig í öllum aldurshópum.“

Helga Guðrún segir jafnframt að sala á fjórhóladrifnum bílum hafi almennt aukist. „Fjögurra dyra bíllinn er í meiri útrýmingarhættu en aðrir. Það er orðið frekar algengt að fólk eigi einn fjórhóladrifinn bíl, þá jeppa, sportjeppa eða hvað sem það er kallað og síðan annan minni bíl, í stað tveggja fjögurra dyra bíla. Án þess þó að ég hafi þetta niðurneglt þá er þetta mín tilfinning.“

Að lokum má bæta því við að enn fleiri tegundir af jepplingum eru væntanlegar á markaðinn og því ætti bæði flóran og salan að aukast enn frekar á komandi árum.

Nýr sportbíl frá Mazda

Brimborg hefur nýlega fengið til sölu nýjustu kynslóð Mözdu MX-5 sportbilsins.

MX-5 sportbíllarnir frá Mazda hafa verið afar vinsælir og telja sumir að þeir hafi breytt miklu um ásýnd sportbíla. Nú er hins vegar komin nýjasta kynslóð MX-5 bílanna, sú þriðja í röðinni. Bíllinn hefur nú þegar fengið ágætis gagnrýni víða um heim og var hann meðal annars valinn bíll ársins í Japan rétt fyrir áramót.

Bíllinn hefur verið mjög eftirsóttur og því telja Brimborgarmenn sig heppna að hafa fengið nokkur eintök af fyrstu framleiðslu bílsins. Um er að ræða sportútgáfu bílsins með tveggja lítra vél sem hefur 160 hestöfl, 6 gíra girkassa, 17 tommu álfelgur, leðurinnréttingu og fleira.

Sala á bílnum er þegar hafin hjá Brimborg.



Mazda MX-5 var valinn bíll ársins í Japan fyrir stuttu.

allt matur

Alla föstudaga

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrman-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Flestir vilja vegabætur

Flestir Íslendingar, eða 61 prósent, telja að mestur ávinningur í þá átt að fækka dauðaslysum í umferðinni náist með því að laga vegi og gera þá öruggari.

Þetta var niðurstaða könnunar á vegum útvarpsþáttarins Reykjavík síðdegis á Bylgjunni en könnunin fór fram dagana 20.-22. janúar.

Spurt var um hvað af eftirtöldu menn vildu setja á oddinn til að fækka alvarlegum umferðarslysum á Íslandi. Niðurstöðurnar voru eftirfarandi:

Öruggari vegi	(61%)
Betri bíla	(0%)
Meiri áróður	(6%)
Betri ökukenntu	(13%)
Aukna löggæslu	(20%)

Nútímavæðing umferðaljósa

Nýtt og þjálla umferðaljósakerfi verður sett upp í höfuðborginni næsta haust.

Nýju vöktunar- og stýrikerfi umferðaljósa í Reykjavík verður komið upp í september á þessu ári. Reykjavíkurborg og Vegagerðin undirrituðu samning við Siemens upp á 65 milljónir króna og verður kostnaðinum skipt jafnt milli aðilanna.

Búnaðurinn sem um ræðir er miðlæg stýritölva ásamt meðfylgjandi hugbúnaði. Einnig verða stjórnkassar settir upp á helstu umferðargötum vestan Elliðaána, meðal annars Hringbraut, Suðurlandsbraut, Miklubraut og Kringlumýrarbraut.

Kerfið sem er í notkun í dag er óþjálpt og allar breytingar erfiðar. Með nýja kerfinu verða breytingar á stillingum umferðaljósa gerðar miðlægt og mun kerfið vakta og tilkynna um bilanir. Einnig verður auðveldara að breyta stillingu ljósa eftir því hversu umferð er mikil og hvaða tími dags er. Samningurinn er í átt að nútímavæðingu umferðaljósa í Reykjavík og með tímanum mun kerfið þróast enn frekar.

(Upplýsingar fengnar af vef Reykjavíkurborgar)

Auðveldara verður að laga umferðarljósín að umferð og tíma dags með nýja kerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN



JCB 3CX
árg. 2000 - Vst. 7.320



JCB 3CX
árg.1999 - Vst.5.100



JCB 456
árg.1998 - Vst.8.900



JCB 4CX Super
árg.2003 - Vst.3.500



Hitachi 150W
árg. 2005 - Vst.1.500



VÉLAVERÐ

Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is

Stilling
- til öryggis

Ernum fluttir
frá Bíldshöfða 16 yfir
á Bíldshöfða 12
á móti Bílanaust

Ný og glæsileg verslun

Stilling
Bílavarahlutir

ADALNÚMÉR - SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. - SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK - SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. - SÍMI 520 8003
SMÍÐJUVEGI 68 KÓP. - SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 12 RVÍK. - SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. - SÍMI 520 8006
www.stilling.is



Meðferð GPS-tækja

Námskeið um helstu atriði GPS-tækja verður haldið í febrúar og mun Haraldur Örn Ólafsson hafa umsjón með því.

Ferðafélag Íslands heldur námskeið í meðferð GPS-tækja fimmtudaginn 16. febrúar milli klukkan 19 og 22. Námskeiðið fer fram í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 8 en umsjónarmaður verður Haraldur Örn Ólafsson. Helstu atriði í meðferð GPS-tækja og staðsetningarkerfisins verða yfirfarin ásamt notkun áttavita og korta. Nýjustu tæki verða kynnt og spáð í framtíð

þeirra. Hægt er að skrá sig hjá skrifstofu Ferðafélags Íslands í síma 568 2533, félagsmenn greiða 2.000 krónur en aðrir 3.000 krónur.

(Fengið af vef FÍ)



Á námskeiðinu verður meðal annars farið yfir grundvallatriði staðsetningarkerfis GPS-tækja.

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimaging á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Tallinn og Pétursborg

Beint flug vorið 2006 frá Keflavík og Akureyri

Miðaldaborgin Tallinn í Eistlandi eða hin stórkostlega Pétursborg í Rússlandi
Flugið beint til Tallinn og keyrt þaðan til Pétursborgar



Tallinn í Eistlandi

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa stórkostlegar og vel varðveittar byggingar frá 11. - 15. öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn er á heimsminjalista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódyrt að versla og borða á veitingahúsum. Þá er næturlífið fjörugt; barir, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni.

Pétursborg í Rússlandi

Pétursborg er borg glæsi- og mikilfengleika, borg með glæsta fortíð, einskona minnismerki um liðna tíð. Borgin hefur verið kölluð Feneyjar norðursins vegna margra síkja sem í henni eru. Rúmlega þrjár aldir eru liðnar síðan Pétur mikli byrjaði að reisa þessa stórkostlega borg sem hefur einhverjar fegurstu byggingar Evrópu. Fyrir áhugafólk um sögu og menningu er Pétursborg gullnáma.

Frá Keflavík: 8. - 15. apríl
15. - 20. apríl

Pétursborg uppselt 59.050 kr.

Tallinn uppselt 57.500 kr.

Aðeins örfá sæti eftir frá Akureyri 12. - 16. apríl.

Frá Akureyri: 12. - 16. apríl
13. - 17. apríl

Pétursborg uppselt 57.700 kr.

Tallinn uppselt 55.500 kr.

Innifalið: Flug, skattar, hótél, rútuferðir og íslenskur fararstjóri.



Trans - Atlantic

Trans - Atlantic ehf • Sími 588 8900 • Símbref 588 8950 • www.transatlantic.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Í byrjun mars fara Express ferðir í leikhúsferð til London þar sem farið verður á leikrit og söngleik. Ferðalangar geta einnig nýtt tækifærið til að skoða aðrar hlíðar Lundúnaborgar, byggingarlist og sögustaði.

Sérferðir Express ferða

Lilja Hilmarsdóttir er einn reyndasti fararstjóri Íslendinga. Nýlega hóf hún störf hjá Express ferðum þar sem hún mun nýta reynslu sína við að setja saman ferðir ásamt því að veita leiðsögn víða um heim.

Express ferðir urðu til þegar Iceland Express keypti ferðaskrifstofuna Markmenn sem er mörgum kunn fyrir fótbóltaferðir og tónleikaviðburði. Nú hefur Lilja Hilmarsdóttir, fararstjóri, gengið til liðs við Express ferðir þar sem hún mun gegna lykilhlutverki við uppbyggingu fyrirtækisins og skipulagningu á nýjum og spennandi ferðum.

„Við ætlum að gera sérferðir að vaxandi þætti í starfsemi okkar og ætlum að bjóða upp á ferðir sem byggja á menningu, sögu og listum,“ segir Lilja. Fyrsta verk hennar var að setja saman leikhúsferð til London sem farin verður í byrjun mars. „Þórhildur Þorleifsdóttir verður fararstjóri. Farið verður á leikritið Embers, skrifað af ungerskum höfundum og þar er Jeremy Irons í aðalhlutverki. Einnig verður farið á söngleikinn The Producers,“ segir Lilja og bætir við að sérferðunum verði fyrst og fremst ætlað að vera fróðleiksferðir. Í febrúar verður svo farið í kvennaferð til Kaupmannahafnar í tengslum



Lilja Hilmarsdóttir hefur mikla reynslu af fararstjórn og er án efa á mörgum ljósmyndum úr sumarrfríunum Íslendinga. Nýlega gekk Lilja til liðs við Express ferðir þar sem hún mun vera í leiðandi í að setja saman spennandi sérferðir.

við kvennakvöld Létt sem haldið verður í Smáralindinni 8. febrúar. Diddú mun sjá um fararstjórn og munu ferðalangar fá góða blöndu af menningu, skemmtun og góðu dekki.

Um miðjan maí á þessu ári stækkar leiðakerfi Iceland Express þegar sex nýir áfangastaðir bætast við. „Ætlunin er að hafa sérferðir í tengslum við nýja og gamla áfangastaði. Til dæmis hefst nú flug til heimsborgarinnar Berlínar og nú þegar er búið að setja saman tvær sérferðir þangað, hina fyrri 25. til 30. maí þar sem ég mun sjá um fararstjórn. Seinni ferðin verður farin 27. júlí til 1. ágúst þar sem fararstjórnin verður í höndum hins

kunna útvarpsmanns Hjálmar Sveinssonar.“ Og Lilja segir möguleikana vera mikla. „Fljótlega hefst flug til Friedrichshafen og þangað er hægt að fljúga með golfáhugamenn, ásamt því að skipuleggja menningarferðir til nærliggjandi borga eins og München eða gönguferð í svissnesku Alpna.“

Aðrir áfangastaðir sem bætast við leiðakerfi Iceland Express eru Frankfurt Hahn, Gautaborg og Stokkhólmur auk þess sem boðið verður upp á vikulegar ferðir milli Akureyrar og Kaupmannahafnar.

Nánari upplýsingar má finna á www.expressferdir.is.

johannas@frettabladid.is

5 veitingastaðir í Köben

Þótt við Íslendingar séum duglegir að ferðast til Kaupmannahafnar rennum við oft blint í sjóinn þegar kemur að því að velja veitingastaði. Hér eru fimm góðir, allir í miðbæ Kaupmannahafnar.

Zirup, Læderstræde 32

Besti „brunchinn“ í bænum að mati aok.dk. Vel staðsett kaffihús með fjölbreyttan matseðil. Hentug staður til að safna kröftum á fyrir þá sem eru í verslunarham á Strikinu. Mikið úrval af gírnilegum samlokum. Réttirnir á 800 til 1500 krónur. Nánari upplýsingar á www.zirup.dk

Restaurant Zeleste, Store Strandstræde 6

Klassísk matargerð á þessum huggulega stað í hliðargötu út frá Nýhöfn. Hér er boðið upp á argent-

ínska nautasteik, kornhænu og sólflúru í aðalrétt sem kostar innan við 2000 krónur. Þriggja rétta matseðill kostar 3300 krónur. Nánari upplýsingar á www.zeleste.dk

Kong Hans Kælder, Vingårdsstræde 6

Einn af tíu stöðum borgarinnar sem hefur fengið Michelin stjörnu. Hér er frönsk matarmenning hafin upp í hæstu hæðir. Besti staður bæjarins að margra mati. Aðalréttirnir á 3000 til 3700 krónur. Nánari upplýsingar á www.konghans.dk

Restaurant Extra, Østergade 13 (Strikið)

Nýr staður sem hefur fengið lof matgæðinga. Spænsk matargerð og því gott úrval af tapas en einnig af saltfisks- og kjötréttum. Aðalréttirnir um 1400 krónur. Hér er vinsælt að bóka „sviðið“ en það rúmar 8 manns og kostar 150.000 krónur, allt innifalið. Nánari upplýsingar á www.restaurant-extra.dk



Margir þekkja Kaupmannahöfn vel en vita samt ekki hvert á að fara til að fá góðan mat.

La Vecchia Signora, Grønnegade 14
Alvöru ítalskur matur enda er allt hráefnið flutt inn þaðan. Hefðbundinn matseðill með pastaréttum og pitsum sem kosta 1.000 til 1.200 krónur. Kjöt- og fiskréttir á rúmar 2.000 krónur. Eigendur staðarins eru addáendur Juventus og á staðnum eru myndir af öllum leikmönnum liðsins frá sjötta áratugnum. Nánari upplýsingar á www.aok.dk/infosites/5890/1.html



Um 56.000 erlendir ferðamenn komu til landsins með skemmtiferðaskipi.

Breskir ferðamenn fjölmennastir

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mikið síðustu ár og voru um 370.000 á síðasta ári. Flestir þeirra voru frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Erlendir ferðamenn á Íslandi hafa aldrei verið fleiri. Þeir voru tæplega 370.000 talsins árið 2005 og fjölgaði þar með um 9.000 frá árinu á undan. Ferðamönnum hefur fjölgað um 30 prósent á síðustu þremur árum og þegar tekið er meðaltal síðustu tíu ára hefur þeim fjölgað um 11 prósent á ári. Ef ferðamenn, sem fóru í gegnum Leifstöð árið 2005, eru flokkaðir eftir þjóðerni kemur í ljós að Bretar voru fjölmennastir eða um 58.000. Næst á eftir þeim koma Bandaríkjamenn og síðan Þjóðverjar. Hlutfallslega jókst fjöldi Spánverja mest milli ára 2004 og 2005, eða um 13,6 prósent.

Ef ekki er tekið tillit til hlutfalls fjölgaði hins vegar Bandaríkjamönnum mest á árinu en þeir voru 5.904 fleiri en árinu áður.

Flestir ferðamenn komu til Íslands í gegnum Keflavíkurflugvöll en um 8.000 manns komu með Norrænu. Ennfremur sigldu um 56.000 ferðamenn til landsins með skemmtiferðaskipi en þeir eru ekki teknir með í ofangreindar tölur.

(Upplýsingar fengnar af vefsíðu Ferðamálastofu)

Fjöldi ferðamanna sem fóru í gegnum Leifstöð árin 2004 og 2005:

	2004	2005	Hlutfallsli. munur (%)
Bretar	59.856	57.792	-3,4
Bandaríkjam.	48.366	54.270	12,2
Þýskaland	38.539	36.959	-4,1
Danmörk	32.845	34.624	5,4
Svíþjóð	27.045	25.812	-4,6
Noregur	26.746	23.963	-10,4

ferðalög }



Út í heim frá Akureyri

ICELAND EXPRESS HEFUR ÁÆTLUNARFLUG FRÁ AKUREYRI.

IcelandExpress mun bjóða upp á áætlunarflog milli Akureyrar og Kaupmannahafnar frá 29. maí næstkomandi. Hingað til hefur slíkt ekki verið kostur og er því um stórtíðindi að ræða. Flogið verður vikulega á þriðjudögum en ef undirtektir verða góðar mun flugferðum jafnvel fjölga yfir sumartímann.

Handbók Ferðamálastofu

HANDBÓK FERÐAMÁLASTOFU FYRIR ÁRIÐ 2006 ER KOMIN ÚT

Handbókin geymir upplýsingar um vel á annað þúsund ferðapjónustuaðila um allt land. Einnig er að finna í bókinni ýmsar gagnýtar upplýsingar fyrir ferðafólk. Handbókin er gefin út á íslensku og ensku og er mikilvægt uppflettið fyrir alla þá sem starfa að skipulagningu og upplýsingagjöf í ferðapjónustu. Meðal þess sem finna má í bókinni eru upplýsingar um áætlanafærðir, upplýsingar um gistaðaði, afþreyingu og menningu og margt fleira.

Porrablót á Snæfellsnesi

ÚTIVIST BLÓTAR PORRANNA Á SNÆFELLSNESI.

Porrablótíð verður haldið um næstu helgi. Lagt verður af stað frá BSÍ klukkan 19.00 á föstudegi og gist tvær nætur í Langholti að Görðum. Þátttakendurnir slá saman í þorra-hlaðborð en einnig verður gengið undir beru lofti og kvöldvaka haldin. Fararstjórar verða Friða Hjálmarsdóttir og Jakob Þórhallsson. Ferðin kostar 12.900 krónur ef gist er í svefnpoka-plássni en 14.900 krónur í uppabúningum rúmunum.

(Fengið af vef Útivistar)

Króatía

Beint flug til Split sumarið 2006 frá Keflavík, Akureyri og Egilsstöðum

Dæmi um verð:
10 nætur, 2 fullorðnir, kr. 75.007 á mann
10 nætur, 2 fullorðnir og 2 börn (2-12 ára), 60.907 á mann
10 nætur, 2 fullorðnir og 3 börn (2-12 ára), 55.584 á mann
Innifalið: Flug, skattar, hótél með morgunmat, rútuferðir og íslensk fararstjórn.



Áfangastaðir Trans Atlantic í Króatíu eru Sibenik og Vodice sem eru með vinsælustu ferðamannabæjum við Adriaahafið.

Hótelin sem gist er á eru staðsett rétt við ströndina í afar fallegu umhverfi og bjóða upp á gistingu í íbúðum eða herbergjum. Fjölbreytt afþreying og skemmtun fyrir börn og fullorðna er fyrir hendi á hótélunum. Einnig er boðið er upp á margskonar meðferðir fyrir sál og líkama (spa-hótel).

- Mikil náttúruferðir - stórkostlegar strendur, eyjar og þjóðgarðar.
- Fjölbreytt afþreying - siglingar, köfun, hestaferðir, skipulagðar skoðunarferðir, strandblak, tennis, líkamsrækt, dagskrá fyrir börnin og margt fleira.
- Skemmtanir, verslanir, veitinga- og kaffihús, fjörugt næturlíf.
- Menningaminjar - gamlir bæir og borgir með sínar stórkostlegu byggingar sem margar hverjar eru á minjaskrá Unesco.

Króatía sem skartar fegurstu ströndum Evrópu er einn vinsælasti ferðamannastaður álfunnar



Trans - Atlantic

Trans - Atlantic ehf • Sími 588 8900 • Símbréf 588 8950 • www.transatlantic.is

allt tíska

Alla fimmtudaga

Fyrst í fjallið



Þú ert í forgangi hjá Avis

Bókaðu bílinn hjema heima og fáðu um leið **Forgangskort** hjá Avis. Þá færðu forgang þegar þú sækir bílinn á flugvöllum og þú nýtur um leið bestu kjara.

Með **Forgangskorti** Avis þarftu ekki að bíða eftir bílinum - bílinn bíður eftir þér.

Þýskaland - verð frá kr. 19.600 á viku m.v. B flokk - Opel Astra eða sambærilegan. Innifalið: ótakmarkaður akstur, kaskó og þjóftrygging, flugvallargjald og skattar.



Við leggjum okkur fram



AVIS

Knarraugví 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

ÚTSAIJA

20-70% AFSLÁTTUR

Fyrstur kemur fyrstur fær!

Opið:
Mánud.-föstud. 10-18
Laugardaga 10-16
Sunnudaga 11-16

Tökum til í fluguhnýtingarefninu og seljum með miklum afslætti. Takmarkað magn af önglum 60% afsl.

ÚTIVIST og VEIÐI

www.utivistogveidi.is

Síðumúla 11 • 108 Reykjavík • S: 588-6500



Íslenskukennsla á internetinu

Á netinu er starfræktur íslenskuskóli fyrir íslensk börn sem búsett eru erlendis.

„Skólinn hefur starfað í fimm ár og þetta fór upphaflega af stað sem þróunarverkefni hjá Menntamálaráðuneytinu en í fyrra tókum við sem rekum þetta núna við þessu,“ segir Árni Björgvinsson, einn af aðstandendum Íslenskuskólans. Árni býr í Danmörku en auk hans eru aðstandendur skólans Gígja Svavarsdóttir, sem býr á Ítalíu, og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir sem er búsett hér á Íslandi. „Við erum með námskeið og klúbba á netinu og við erum einmitt að fara af stað með ný námskeið núna fljótlega,“ segir Árni. Hann segir að frá upphafi hafi um þúsund börn komið inn í skólann og þau hafi verið búsett í fjörutíu þjóðlöndum. „Það eru Íslendingar á allveg ótrúlegustu stöðum sem hafa skráð sig í skólann,“ segir Árni. Á heimasíðu



Fjöldi íslenskra barna úti um allan heim lærir íslensku á internetinu.

Íslenskuskólans, www.netskoli.is, er hægt að fá allar nánari upplýsingar um skólann.



Huga finnst mjög gaman á leikskólanum Klömbrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

allt heimili

Alla fimmtudaga

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

- stærsti fjölmiðillinn

Kann allar reglurnar á leikskólanum

Hugi Kolbeinsson er fimm ára nemandi á leikskólanum Klömbrum. Honum finnst gaman að horfa á Narníu og fara með mömmu sinni í vinnuna.

Hugi er niðursokkinn í að kubba með vinum sínum á Klömbrum en samþykkir samt að gefa sér smá tíma til þess að segja frá sjálfum sér. „Ég er í svona hermannaþessu sem er fyrir átta ára,“ byrjar hann á því að segja og togar í peysuna sína svo hún sjáist almennilega.

Þó að Hugi sé bara fimm ára segist hann vera svolítið stór og hann byrjar líka bráðum í skóla. „Ég byrja í júlí. Nei, í mars, þrítugasta mars,“ segir Hugi og hann veit vel í hvaða skóla hann fer. „Ég fer í grunnskóla,“ segir hann.

Huga finnst mjög gaman á leikskólanum Klömbrum. „Mér finnst skemmtilegast að leika við vini mína. Þeir heita Viktor og svo er það líka Steinn Jónsson og Alex. Við erum oft bara að leika okkur í svona leikjum sem okkur

finnst bara skemmtilegir. Við megum ráða hvaða leik við viljum fara í og við viljum bara fara í leiki sem okkur finnst sjálfum skemmtilegir.“

Hugi gerir líka ýmislegt skemmtilegt þegar hann er ekki á leikskólanum. „Mér finnst gaman að fara í göngutúr og svoleiðis. Stundum fer ég með mömmunni minni í vinnuna. Þá má ég sitja og fá að lita. Mér finnst líka gaman að horfa á Narníu og leika mér með sverðin mín. Nema ég á bara tvö, eitt er eldsverð og eitt er svona venjulegt gullsverð.“

Hugi á eina litla systur. „Ég á litla systur sem heitir Kolfinna. Hún er líka á þessum leikskóla. Hún er á Hlíð en ég er á Teig. Hún er að læra reglurnar. Ég kann allar reglurnar en ég kom ekki á hennar deild. Ég var fyrst á öðrum leikskóla í Ameríku og svo fór ég nefnilega á Teig.“

Þó að Kolfinna sé enn að læra reglurnar kann Hugi þær allar. „Allir eiga að vera vinir og einn

talari í einu og kennararnir ráða og það á að ganga frá. Þetta eru reglurnar. Kolfinna er búin að læra að alltaf að vera vinir. Hún er meira að segja vinur stóra bróður síns, sem er ég. Það er líka hægt að vera svoleiðis. En stundum leyfir hún mér ekki að knúsa sig. Hún nennir því ekki.“

Hugi segist vera duglegur að hjálpa mömmu sinni og þabba þegar hann er heima. „Ég geri svona ýmislegt. Ég hef búið til pítsu. Mamma kenndi mér það. Ég hef svona alls konar sem mér finnst gott nema ekki með papríku því að þá verður hún svo ógeðsleg. Mér finnst papríkur góðar en ekki á pítsu. Mömmu og þabba fannst þetta góð pítsu og líka Kolfinnu. Svo hjálpa þau mér stundum með því að leika við mig og svoleiðis og róa Kolfinnu svo ég geti verið hjá mömmu.“

En nú er Hugi eitthvað farinn að ókyrrast. „Æi, ég nenni ekki að gera meira,“ segir hann svo og fer aftur að leika við vini sína.

emilia@frettabladid.is

Barnastígvél

Grófur og góður sóli - Góð í rigningu sem snjó



Stærðir 19-35

2.400 kr. ófóðruð

2.900 kr. fóðruð



www.66north.is

66°
NORDUR

hreyfing }

Börn hafa gaman af gönguferðum

GÖNGUFERÐIR ERU GÓÐ HREYFING FYRIR ALLA Í FJÖLSKYLDUNNI, SAMA Á HVADA ALDRI ÞEIR ERU.

Nú þegar dagurinn er farinn að lengjast aftur getur verið gaman að fara út að ganga með börnunum seinnipartinn þegar allir eru komnir heim úr vinnu, skóla og leikskóla. Það er oft margt að sjá í nánasta umhverfi heimilisins og það getur líka verið gott að spjalla bara saman um lífið og tilveruna á meðan gengið er. Ferska loftið er hressandi og það skaðar engan þó að það sé kannski örlítill kuldi úti ef allir eru vel klæddir. Matarlystin verður betri og svefninn værari eftir góðan göngutúr. Flestir foreldrar ættu að geta fengið jafn mikið ef ekki meira út úr góðri gönguferð með börnunum sínum úti undir beru lofti heldur en klukkutíma hoppi með ókunnugum í svítamattduðum sal einhvers staðar úti í bæ.

Bjarkarás 1-29

nýtt í sölu



Vorum að fá í einkasölu nýjar glæsilegar séríbúðir samtals 30 eignir í sjö 2ja hæða húsum á þessum einstaklega góða stað í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði afhentar fullbúnar án gólfefna með vonduðum innréttingum og flísal. glæsil baðherb. Mjög skemmtilega teiknuð hús. Íbúðirnar eru frá 96,7 fm uppí 186,6 fm og fylgir staði í bílskýli 22 af 30 íbúðum.

Sérverönd fullfrágengin fylgir íbúðum neðri hæðar og svalir frá 7,5 -57 fm fylgja íbúðum efri hæðar. Glæsilegt útsýni er úr mörgum íbúðanna. Lóð afhendist fullfrágengin með öllum gróðri en án leiktækja.



Byggingaraðili er Tré-mót ehf.

Lítið á www.nybyggingar.is
 og sjáið glæsilegan vef um eignina
 með öllum upplýsingum.



Sandavað - til afhendingar við kaupsamning.



staðsetn. Sérverönd fylgir íb. Valhallar 4467

Glæsileg ný 3ja herb. íbúð á jarðhæð í nýju lyftuhúsi ásamt staði í bílskýli. Íbúðin afhendist fullfrág. með vönd. innréttingum og parketi og flísalögðu baðherb. Mjög góð upplýsingar hjá Söluönnunum

Víkurás - laus strax.



Falleg 60 fm íbúð á 3. hæð með glæsilegu útsýni. Parket. V. 13,6 m. Lyklar á skrifstofu. 4447

Gvendargeisli - Grafarholt. Góð nýl. íb. m. bílskýli.



Í einkasölu 105 fm íb. á jarðh. í litlu 3ja h. fjölb., ásamt staði í bílskýli. Sérinnng. Sérþvottah., Vandaðar innr. og gólfefni. Suðurverönd og sérgarður. V. 24,9 m. 4470

Bergþórugata - laus strax.



Vorum að fá mjög góða 3ja herb. mikið endurn. íb. á 2. h. í góðu velstaðs. fjórb. Sérbílast. í íbúð. Parket og flísar á gólfum. V. 16,9 m. 4465

Háaleitisbraut - m. bílskúr - glæsilegt útsýni.



sýni er á Esjuna og víðar. V. 21,9 m. 4280

Í einkasölu falleg íb. á 4. h. (efstu) í viðg. fjölb. á fráþ. útsýnisst. samt. 130,4 fm m.nýl. bílsk. sem er 23,5 fm Glæsil. útsýni. Endurn.eldhús, parket, góðar svalir. Húsið er nýl. viðgert og verður málað í vor. Mjög góð staðs. í botnl. og glæsil. út-

Grýtubakki - laus - fráþ. verð.



Í einkasölu góð 102 fm 4ra herb. íbúð á 3.hæð (efstu) í góðu nýlega viðgerðu fjölbýli á mjög góðum stað. Góðar sólarvalir. Parket, Nýl. eldhús, endurn. baðherb. Laus v.kaupsamning. V. 16,9 m. 4379

Nýjar glæsil. íbúðir í Sóleyjarima - fyrir 50 ára og eldri - m. bílskýli.



Glæsilegt eldhús og bað. Góð staðsetn. stutt hjá t.d. Spönginni. Laus strax. Verð aðeins 23,5 m. 4136

Eigum tvær nýjar glæsilegar 105 fm íbúðir á 3. hæð í eftirsóttu velstaðsettu lyftuhúsi sem er fyrir 50 ára og eldri. Önnur íbúðin er er fullbúin með eikarinnréttingum og vönduðu parketi en hin er með maghonyinnréttt og fullb. án gólfefna en mögul. að seljandi leggi gólfefni ef kaupandi vill, stórar suðursvalir.

Stærri eignir



Lindasmári - endaraðhús Velstaðsett 206 fm endaraðh. á 2. h. m. innb. bílskúr. Húsið er vel skipul. Stórar suðursv. sem gefa mögul. á að byggja yfir. Rúmg. stofur. Frábær staðsetn. Stutt í skóla og alla þjónustu. V. 38,6 m. 4357



Austurgerði - Kópavogi Glæsil. einbýli á fallegum útsýnisstað í vesturbæ Kópavogs. Húsið er samt. 194,1 fm, þar af 168,3 fm íbúð og 25,8 fm innb. bílskúr. Húsið er í mjög góðu ástandi og garðurinn sérl. fallegur með góðri timburverönd og skjólveggjum. Búíð að endurnýja húsið nær algjörll. að utan sem innan á síðustu árum.V.45,9 m. 4248



Gnípuheiði - glæsilegt einbýli. Í einkasölu glæsil. 250 fm einbýlish. á einst. útsýnisstað. Húsið er á 2. hæðum með mögul. á 2ja herb. séríbúð á jarðhæð. Glæsilegar stofur massívt parket. Stórar suðursvalir. Eign á einstökum stað. Verð 69,0 millj. 4045



Urðarhæð glæsilegt einbýli - laust fljótlega. Glæsil. um 250 fm hús á einni h. m. innb. bílskúr. Húsið er fullb. að utan sem innan með vönd. innréttt. og gólfefnum. Fallegur frág. garður með góðum bílastæðum og stórrí timburverönd. Glæsil. eign á góðum stað. V. 59 millj. 4132

Fagribær - Árbæ - miklir möguleikar. Vorum að fá í einkasölu einbýlishús á einni hæð sem er á ca 800 fm lóð með mikla möguleika á að byggja nýtt hús á lóðinni. Frábær staðsetning í grónu hverfi. Óskað er eftir tilboðum í eignina. 4037

Reynihvammur - Kópav. Einbýli m. aukaíb. á fráþ. stað útvíð óbyggt svæði. Gott einbýli með tvöf. bílsk og aukaíb. á neðri hæð alls 220 fm á fráþ. stað í suðurhlíð.Kópav. Fallegt útsýni, upprunal. innréttt. og gólfefni að stórum hluta. Falleg ræktuð lóð og einstök staðsetn. Miklir mögul. Ásett verð 44 m., eða tilboð. Skipti mögul. á 3ja herb. m. bílsk. í Kópav. 4066

Fjarðarás. Í einkasölu gott ca 330 fm einb. á 2. h., innb. bílsk. Stórar stofur, fimm svefnherb. Garðskáli með heitum potti. Mögul. að útbúa sér íb. á jarðh. Góð staðs. stutt hjá t.d. skóla, sundlaug, Fylki og Elliðárdal. V. 54,0 3635

Tröllateigur Mos - 2 íbúðir eftir. Nýjar glæsil. sérh. á mjög góðum stað í Mosf. bæ. Um er að ræða 4ra herb. séríb. sem afh. fullfrág.án gólfefna. Hús, lóð og bílast. afh. fullfrág. Verð 24,8 m. 3894

Sérhæðir og 5-6 herb.



Laugarásvegur - glæsil. útsýni. Falleg 120 fm hæð ásamt risi á fráþ. stað með einst. útsýni yfir Laugardalinn. 26 fm góður bílskúr. Nýtt glæsil.eldhús, parket og fl. Hornbaðkar. Eign sem vert er að skoða. V. 34,5 m. 4451



Baugakór - til afh. í Febrúar. Vorum að fá nánast fullbúna 154 fm efri hæð + bílskúr. Vandaðar innréttingar, fjögur svefnherbergi. Innb. bílskúr. Mög góð staðsetning stutt hjá t.d. skóla. V. 37,9 m. 4445



Hlíðarhjalli - glæsil. efri sérhæð á útsýnisstað. Í einkasölu glæsil. alls 157,5 fm efri sérh. á fráþ. útsýnisstað í suðurhl. Kópav., ásamt staði í upph. bílahúsi. Góðar innréttt. Parket, suðvestursvalir stórar, gott þvottaherb. 3 svefnherb. og fl. V. 34,6 m. Selj. leitar að 4ra herb. í austurbæ Kóp, eða bein sala. 4395



Nökkvavogur - laus fljótlega. Falleg talsv. endurn. miðh. í fallegu húsi á fráþ. stað í lok. botnl. Tvö svefnherb. á hæðinni og aukaherb. í kj. Endurn. baðherb., parket. Velskipul. íb. V. 22,5 m./tilboð 4354



Holtagerði - mikið endurnýjuð. Góð mikið endurn. ca 130 fm efri hæð + 22,8 fm bílsk.. Góðar yfirb. suðursvalir. Parket og flísar. Mikið endurnýjuð eign bæði úti og inni. Mjög góð staðsetn., stutt hjá t.d. skóla, og sundlaug. V. 31,5 m./tilboð 4145



Flyðrugrandi - 126 fm + bílskúr. Skemmtil. 5 herb, endaíb, á 4. h. (gengið inná aðra hæð) á eftirs. stað í vesturb. 25 fm svalir í suðaustur. Björt og skemmtil. eign. Þvottah. á hæðinni. Sauna í sameign. Góður bílsk. m. hita og rafmagn. Hús og þak nýl. stands. V. 29,8 m. 4183

4ra-6 herb. íb.



Hjallabraut - 165 fm Glæsil. 6 herb. íb. á 3 h.(efstu) 165 fm að stærð. 4 svefnherb. Glæsil.stofur. Glæsil. nýtt eldhús. Parket. 2 svalir. Stigagangur nýstands. V. 29,5 m. 4444



Engihjalli. Efsta hæð. Í einkasölu góð vel skipul. ca 100 fm íb. á 8 hæð sem er efsta h. í góðri vel staðs. lyftublokk, glæsilegt útsýni,suður svalir. Parket á flestum gólfum. V. 18,3 m. 4453



Gott til síðasta dropa

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 25. janúar 2005 – 3. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

ISEC-markaðurinn
Sniðinn að þeim smærri



10

Nýsköpun
Hugað að þriðju stoðinni



12-13

Manchester United
Afkoman fer versnandi



14

FL Group selur ferðaskrifstofu

Exit eignarhaldsfélag, sem er eigandi ferðaskrifstofunnar Sumarferða, hefur keypt Ferðaskrifstofu Íslands af FL Group. Söluhagnaður er áætlaður um einn milljarður króna, en endanlegt kaupverð mun ráðast af endurskoðuðu uppgjöri ársins 2005.

Ferðaskrifstofa Íslands rekur Úrval-útsýn og Plúsferðir. Sumarferðir eru í eigu Helga Jóhannssonar, Gunnars og Margrétar Helgabarna auk Þorsteins Guðjónssonar.

Velta Ferðaskrifstofu Íslands var um 2,4 milljarðar króna árið 2005.

-jsk

HELGI JÓHANSSON í Sumarferðum Exit eignarhaldsfélag, sem er í eigu Helga og fleiri, hefur keypt Ferðaskrifstofu Íslands af FL Group.



Tugmilljarða-hagnaði spáð

Bæði KB banki og Straumur fjárfestingabanki birta uppgjör sín fyrir árið 2005 á morgun, en báðum er spáð tugmilljörðum króna í hagnað.

Tæpum fjórum milljörðum króna munar á afkomuspám greiningardeilda Íslands- og Landsbanka á gengi KB banka, þar sem Landsbankinn gerir ráð fyrir heldur betri afkomu.

Meðaltal afkomuspánna gerir ráð fyrir hagnaði KB banka upp á 46.672 milljónir króna.

Þá hljóðar meðaltal afkomuspáa greiningardeilda bankanna fyrir Straum fjárfestingabanka upp á 27.059 milljón króna hagnað.

Í hönd fer nú hrina uppgjöra frá fyrirtækjum á markaði, en Nýherji reið á vaðið síðasta föstudag.

-óka

FRÉTTIR VIKUNNAR

Fako fullkeypt | Actavis hefur keypt 11 prósent hlut og á þar með að fullu tyrkneska lyfjafyrirtækið Fako en í því var keyptur meirihluti árið 2003.

Baugur hagnast | Baugur Group hagnaðist um 28 milljarða króna á síðasta ári. Velta fyrirtækja í eigu Baugs nam 950 milljörðum á árinu.

Fimmtungshækkun | Hlutabréf í Avion Group hækkðu um rúman fimmtung frá útboðsgengi þegar félagið var skráð í Kauphöll Íslands á föstudag.



UVS keypt | Íslensk erfðagreining keypti Urði Verðandi Skuld af Iceland Genomics Corporation Inc. á sem nemur 350 milljónum íslenskra króna.

Eignast Jarðboranir | Atorka Group hefur eignast tæp 97 prósent í Jarðborunum. Óskað verður eftir afskráningu Jarðborana innan skamms.

Össur kaupir | Össur hefur fest kaup á bandaríska stuðningsfyrirtækinu Innovation Sports Inc. fyrir tæpa 2,4 milljarða króna.

Sértækar aðgerðir | Ríkisstjórnin ræðir um þessar mundir sértækar aðgerðir sem bæta eiga starfsskilyrði hátæknifyrirtækja.

Fékk mat | Straumur Burðarás hefur fengið mat hjá alþjóðlega matsfyrirtækinu Fitch Ratings. Þetta er í fyrsta skipti sem bankinn fær slíkt mat.

Auka hlut sinn | Atorka Group er nú komið með yfir tíu prósent eignarhlut í Romag Holdings en félagið hefur verið að auka hlut sinn jafnt og þétt í janúar.

Iceland Express býst við fjórfalt meiri hagnaði í ár

Hagnaður um 144 milljónir króna á síðasta ári og stóraukinn rekstrarhagnaður. Velta fer yfir fjóra milljarða á þessu ári.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Verulegur viðsnúningur varð í rekstri Iceland Express á síðasta ári samkvæmt upplýsingum Markaðarins og skilaði félagið hagnaði í fyrsta sinn. Reikna stjórnendur félagsins með að afkoman verði fjórfalt betri á þessu ári.

Þannig varð rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) 292 milljónir króna árið 2005 sem er 471 milljóna króna bati frá fyrra ári. Hagnaður eftir skatta nam um 144 milljónum króna samkvæmt uppfærðri áætlun, þar af hefur verið staðfest að hagnaður fyrirtækisins fyrstu tíu mánuði ársins var um 107 milljónir króna.

Veltuaukning og aðhaldsaðgerðir skýra þann mikla bata sem varð á rekstrarhagnaði fyrir afskriftir. Velta Iceland Express nam 2,8 milljörðum króna á síðasta ári. Tekjur aðrar en af farmiðasölu jukust um 43 prósent en tekjur af sölu farmiða um fimm prósent. Kostnaður tengdur flugvélum lækkaði um tvö prósent en allur annar rekstrar-kostnaður um 30 prósent.

Félagið flutti rúmlega 240 þúsund farþega á síðasta ári og var meðalsætanyting yfir 74 prósent.

Í rekstraráætlun fyrir árið í ár er áætlað að farþegum fjölgi um eitt hundrað þúsund sem tengist fjölgun áfangastaða um fimm. Hefur farmiðasala gengið vel á þessu ári en fimmtán prósent af öllum áætluðum seldum höfðu verið seld um miðjan janúar í gegnum heimasíðu félagsins.

Rekstraráætlun árið 2006 gerir ráð fyrir að tekjur Iceland Express fari yfir 4,1 milljarð króna

REKSTRARREIKNINGUR ICELAND EXPRESS 2005 OG ÁÆTLUN 2006*

	Jan.-okt. 2005**	Uppfærð áætlun 2005	Áætlun 2006
Rekstrartekjur	2.432	2.838	4.163
Rekstrargjöld	-2.193	-2.546	-3.426
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	239	292	737
Hagnaður	107	144	595

* Allar tölur í milljónum króna ** Kannað af endurskoðanda

sem er tæplega helmingssaukning á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir er ráðgerður 737 milljónir króna og hagnaður um 595 milljónir króna sem er fjórföldun á milli ára eins og áður segir.

Efnahagsreikningur Iceland Express sýnir að eigið fé var neikvætt um 88 milljónir króna í árslok eftir taprekstur fyrstu rekstraráranna. Þegar núverandi eigendur tóku við fyrirtækinu í árslok 2004 var eigið fé þess aukid umtalsvert og voru þeir fjármunir nýttir til greiðslu gjaldfallinna skulda. Í árslok 2006 er gert ráð fyrir að eiginfjárstaðan verði jákvæð um 510 milljónir króna. Eignir félagsins voru 445 milljónir í árslok en verða 1.255 milljónir í lok þessa árs. Engar langtímaskuldir hvíla á félaginu. Ef áætlanir ganga eftir verður handbært fé Iceland Express rúmur einn milljarður króna á þessu ári.

KB banki hefur Iceland Express í sölumæðferð og mun á næstunni hefja kynningu á því fyrir fjárfesta.

Dagsbrún kaupir Securitas

Sagt liður í að efla þjónustu við bæði heimili og fyrirtæki

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Dagsbrún hefur skrifað undir samning um kaup á öryggisfyrirtækinu Securitas af Sjóvá-Almennum tryggingum. Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki samkeppnisyrivalda og niðurstöður áreiðanleikakönnunar.

Greitt verður fyrir Securitas með hlutabréfum í Dagsbrún að

nafnverði 421,7 milljónir króna. Verði gengi Dagsbrúnar hærra en 7,5 í lok árs verður ekki um frekari greiðslur að ræða, en verði það lægra kemur til viðbótargreiðsla, þó aldrei hærra en rúmar 632,3 milljónir króna. Samhlíða sölu á hlutabréfunum í Securitas gerðu Sjóvá samning við Milestone ehf., félag í eigu Karls Wernerssonar, Steingríms Wernerssonar og Ingunnar Wernersdóttur, um sölu á bréfunum í Dagsbrún. Þá keypti

Milestone í gær 5 prósent hlut til viðbótar í Dagsbrún og er þar með orðinn næststærsti hluthafinn í fyrirtækinu.

„Dagsbrún selur nú þegar þjónustu í áskrift, í formi fjölmíðla, háhraðatenginga og farsímabjónustu. Öryggisþjónusta er í grunninn áskriftarsala og við teljum hana eðlileg viðbót í vöruframboð fyrirtækja Dagsbrúnar,“ segir Gunnar Smári Egilsson, forstjóri félagsins.

10,5%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

Peningabréf eru fjárfestingarbréfi í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóð og fjárfestingarsjóði. Aðhyllt fjárfesta er valin á því að fjárfestingarsjóður hafi yfirmi fjárfestingarheimildir síu sögnum heildar en verðbréfasjóði. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísað til útboðsýsingar og útdráttar úr útboðsýningu sem málgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. des. 2005 - 3. jan. 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	-4%	8%
Atorca Group	-7%	-2%
Bakkavör Group	-3%	6%
Dagsbrún	0%	-3%
Flaga Group	-5%	-12%
FL Group	-6%	12%
Íslandsbanki	6%	12%
KB banki	0%	11%
Kögun	-1%	6%
Landsbankinn	-3%	8%
Marel	-2%	8%
Mosaic Fashions	-5%	-5%
SÍF	-4%	0%
Straumur	-2%	12%
Össur	-2%	-2%

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Enn eykst áhugi á Esso

Enn er að bætast í hóp þeirra sem áhuga hafa á því að festa kaup á Olíufélaginu, að sögn Arnar Gunnarssonar, forstöðumanns fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka, sem umsjón hefur með sölunni.

„Áhuginn virðist vera að aukast frekar en hitt, en þetta ferli gengur bara vel og litlar fréttir af því að sinni,“ segir hann.

Stefnt er að því að sala Olíufélagsins gangi nokkuð hratt fyrir sig og verði lokið nú á fyrsta ársfjórðungi. Fyrst fá áhugasamir kaupendur afhentar upplýsingar um fyrirtækið gegn



OLÍUFÉLAGIÐ ER TIL SÖLU Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka, sem annast sölu á Olíufélaginu, segir áhuga töluverðan, bæði innlendan og erlendan. Markaðurinn/Heiða

undirritun trúnaðaryfirlýsingar. Því ferli lýkur svo með því að viðkomandi gera óskuldbindandi tilboð í félagið. Þá verða valin úr örfá fyrirtæki til frekari viðræðna. „Og það fer svona að stytast í það,“ segir Örn. - óká

Útboð efla upplýsingatækni

Fríðrik Sigurðsson forstjóri TM Software velti upp þeirri spurningu á UT-deginum hver staða heilbrigðistækniönaðar hér væri hefðu stjórnvöld boðið út verkefni í meira mæli. „Okkar 10 ára saga hófst með einu litlu útboði. Hvað ef útboðin hefðu verið tvö, eða þrjú, eða fimm? Hversu mörg fyrirtæki væru þá hér starfandi á þessu sviði?“ spurði hann.

Fríðrik lagði áherslu á að TM Software væri tæknifélag sem aðstandendur þess hefðu byggt



FRÍÐRIK SIGURÐSSON
Forstjóri TM Software

með eigin hugviti og höndum, en innlendur stuðningur við félagið hafi samanstaðið af þremur hundruð þúsundköllum sem úthlutað var til þess úr Rannís árið 1991. „Og þannig á það að vera,“ segir hann og kveður fyrirtækið ekki leita til stjórnvalda með betlistafinn á lofti, heldur biðji ekki um annað en að þau skapi hugbúnaðarfyrirtækjum gott umhverfi. „Íslenskur upplýsingatækniönaður getur verið jafnstór, eða jafnlítill og við viljum hafa hann,“ áréttaði hann.

- óká

Spáð tvöföldun hagnaðar

Auglýsingastofan Loewy hefur gengið í gegnum mikla endurskipulagningu og hefur þrefaldað starfsmannafjölda. Hvíta húsið er meðal eigenda.

Breska auglýsingastofan Loewy, sem er að tíu prósent hlut í eigu Hvíta hússins, áætlað að skila rúmlega 108 milljóna króna hagnaði árið 2006. Er það rúmlega helmingi meiri hagnaður en fyrir árið 2005.

Loewy hefur undanfarið misseri gengið í gegnum mikla endurskipulagningu og meðal annars tekið yfir tvö fyrirtæki; almannatengslafyrirtækið BMA Communications og McQuillan Young sem sérhæfir sig í innri markaðssetningu.

Meðal viðskiptavina BMA er smásölurísinn Tesco en MaQuillan Young hefur meðal annars starfað fyrir breska olíufyrirtækið British Petroleum. Höfuðstöðvar Loewy eru í Lundúnum og þar starfa hundruð og fimmtíu manns. Starfsmenn voru fjörutíu og fimm þegar Hvíta húsið kom að rekstrinum.

Magnús Loftsson, framkvæmdastjóri Hvíta hússins og stjórnarmaður í Loewy, segist



MAGNÚS LOFTSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HVÍTA HÚSSINS OG STJÓRNARMANNAUR Í LOEWY Hvíta húsið keypti tíu prósent hlut í bresku auglýsingastofunni Loewy á síðasta ári. Áætlað er að hagnaður Loewy verði rúmar 108 milljónir króna á þessu ári.

hæstánægður með árangur Loewy og samstarf fyrirtækjanna tveggja. „Það hefur reyndar komið á daginn að þau eru ekki síður farin að leita til okkar en við til þeirra, sem segir okkur að faglega erum við að standa okkur mjög vel.“ -jsk

Aukin velta í hagkerfinu

Velta í hagkerfinu jókst um 13,2 prósent á fyrstu tíu mánuðum síðasta árs, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Veltuaukningin var mest í september og október, 15,4 prósent.

Í Morgunkornum Íslandsbanka kemur fram að neyslu- og fjárfestingartengdar atvinnugreinar drífi áfram hagkerfið; velta í fjármálaþjónustu hafi aukist um 37 prósent í september og október, velta í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð um 33 prósent. Þá jókst velta í bílasölu um rúm þrjátíu prósent



NÝBYGGINGAR Velta í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð jókst um 33 prósent á fyrstu tíu mánuðum síðasta árs. Heildarvelta jókst um 13,5 prósent.

og í smásölu um tíu prósent.

Velta í fiskveiðum dróst saman um tíu prósent á sama tíma og í framleiðslu málma um rúm tuttugu prósent. -jsk

Gullgrafaraæði gríp-ur um sig í FlyMe

Aurabréf hækkuðu um 100 prósent á einum degi. Útboð veldur heilabrotum. Íslendingar elta íslenska fjárfesta.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

„Það rignir inn tilboðum frá einstaklingum,“ segir verðbréfamiðlari um sænska laggjaldaflugfélagið FlyMe en íslenskir fjárfestar, smáir sem stórir, hafa streymt inn í félagið að undanfögnu samkvæmt upplýsingum Markaðarins.

Hlutabréf í FlyMe, sem er að fimmtungshluta í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar í Fons, hafa hækkað hratt frá áramótum en þau eru skráð á Nya Marknaden í Stokkhólmi. Þannig hækkaði gengið um 100 prósent á mánudaginn og yfir helming í síðustu viku, meðal annars vegna væntinga um mikinn vöxt félagsins á þessu ári og viðsnúnings í rekstri. Ummæli norsks stjórnarmanns í FlyMe höfðu einnig mikil áhrif en hann sagði að bréfin gætu hækkað um 500 prósent á árinu.

Gengishækkunin hefur leað að fjárfesta sem ætla að verða ríkir á skömmum tíma og virðist vera mikill áhugi meðal fjárfesta að elta Pálma eftir Sterling-ævintýrið og fjárfestingar í Bretlandi. Pálmi og Jóhannes í Fons eru ekki einir um það að vekja hrifningu íslenskra fjárfesta. Íslendingar hafa gjarnan elt íslensk fyrirtæki í útrásinni, til dæmis Carnegie, easyJet, Finnair, Geest og Singer&Friedlander og auðvitað deCode.

En miklar sveiflur á gengi FlyMe valda mörgum heilabrotum, ekki síst þar sem tveggja milljarða hlutafjárútbóð fer brátt í hönd og virðist engin skilja upp né niður í því. Á mánudaginn lækkaði gengi FlyMe úr 37 sænskum aukum í tólf þegar lokað var fyrir kauprétt í útbóðinu. Með réttu hefði gengið átt að lækka niður í sex auka og þess vegna tvöfaldaðist verðmæti félagsins á einum degi. Markaðsvirði FlyMe er um átta milljarðar króna.

Hlutafjárútbóðið verður með því fyrirkomulagi að hlutaféð verður aukið margfalt og gefst hluthöfum kostur á að kaupa tíu hluti fyrir hvern einn, eldri hlut, á genginu þrjú auka. Kaupréttur miðast við hlutafjáreign í dag en þeir sem hafa keypt



ÍSLENDINGAR HÓPAST INN Í FLYME Mikill áhugi er meðal íslenskra fjárfesta á FlyMe sem hefur hækkað gríðarlega frá áramótum.

undanfarna tvo daga fá ekki kauprétt þar sem að tvo virka viðskiptadaga tekur að uppfæra hluthafaskrána. Margir hafa því keypt köttinn í sekknum og sjá fram á að hlutur þeirra verði þynntur um 91 prósent að loknu útbóði en þeir sem seldu undanfarna tvo daga virðast halda í kaupréttinn.

Þar sem hlutabréf í FlyMe eru aurabréf (pennystock) geta orðið miklar sveiflur á genginu. Þegar bréf hækka úr 10 aukum í 15 auka hækka þau um helming. Eigendur FlyMe ætla að breyta verði bréfanna þegar útbóðinu lýkur en þá verður farið í öfuga jöfnun þannig að 100 hlutir breytast í einn. Þar með fer markaðsgengi upp fyrir eina króna sænska og ætti að fara í tólf sænskar krónur ef gengi mánudagsins helst óbreytt.

...snertu viðkomandi...

Flestir þekkja einhvern sem glatað hefur stafrænum ljósmyndum þegar harður diskur hrynur eða tölvu stolið.

Ekki láta það henda þig!

Það hefur aldrei verið auðveldara að koma stafrænum myndum á varanlegt form.

Þú kemur með myndirnar, á CD disk, minniskorti, minnislykli o.fl., skoðar þær og velur með því einu að snerta viðkomandi mynd. Myndirnar eru svo framkallaðar á **Fujifilm Crystal Archive**, endingarbesta ljósmyndapappír í heimi!



Minningar dofna... Myndirnar ekki.

Nú einnig hjá:

Úlfarsfelli – Hagamel

Filmverk – Selfossi, Myndsniðjunn – Egilsstöðum

LJÓSMYNDAVÖRUR

Skípholti 31, sími 568-0450

www.ljosmyndavorur.is



Eini bankinn með VSK-skil á Netinu!

Þú getur skilað virðisaukaskattskýrslunni og greitt um leið

Nú geta fyrirtæki og sveitarfélög skilað VSK-skýrslum og greitt í Fyrirtækjabankanum og einstaklingar geta skilað og greitt í Netbankanum.

- **Aukin þægindi**
Þú getur greitt virðisaukaskattinn um leið og þú skilar skýrslunni eða skilgreint skuldfærsludag.
- **Betri yfirsýn**
Þú getur nálgast eldri virðisaukaskattskýrslur í Fyrirtækjabankanum eða Netbankanum og fengið betra yfirlit yfir þín VSK-mál.
- **Meira öryggi**
Skýrslurnar eru villuprófaðar sem lágmarkar hættuna á mistökum. Þú getur stýrt því hvaða notendur geta skilað virðisaukaskattskýrslum og hverjir geta skoðað þær.

Kynntu þér málið á isb.is eða fáðu nánari upplýsingar hjá fyrirtækjafulltrúa eða þjónustufulltrúa í síma 440 4000.



ÍSLANDBANKI | 100%

Áhafnir til Færeyja

Eimskip hyggst færa áhafna- rekstur félagsins til Færeyja og áætlað að hefja rekstur í gegnum færeyska félagið Fossar, sem er að fullu í eigu Eimskipa, á næstu vikum.

Í fréttatilkynningu frá Eimskip kemur fram að ástæða breytinganna sé fyrst og fremst þau góðu skilyrði til skipaskráningar sem bjóðast í Færeyjum auk hagstæðs skattaumhverfis. Þá segir að forsvarsmenn Eimskipa hafi átt fund með fulltrúum samgönguráðuneytisins og verkalýðsfélaga þar sem ákvörðunin var tilkynnt.



DETTIFOSS KEMUR FULLHLAÐINN TIL HAFNAR Allur áhafnarekstur Eimskipa verður fluttur til Færeyja á allra næstu vikum. Fréttablaðið/GVA

Fossar er eitt stærsta fyrirtæki í Færeyjum með þrjú milljarða íslenskra króna í veltu, tæplega tvö hundruð starfsmenn og tuttugu og fimm bíla í innanlandsakstri. -jsk

Vélstjórafélagið selur stofnfé í SPV

Kaupandi er kominn að 108 stofnfjárbréfum í eigu Vélstjórafélagsins, sem verða seld á genginu 46 hver hlutur, en ekki hefur verið gengið formlega frá viðskiptunum. „Það lá fyrir heimild aðalfundar til að selja bréf í SPV fyrir gott verð,“ segir Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélagsins.

Á dögnum greindi MP Fjárfestingarbanki frá því að hann hefði eignast tæp tíu

prósent stofnfjár í SPV sem mestmegnis var keypt á genginu 24. Gengi stofnfjárhluta í SPV hefur þannig hækkað mest um 91 prósent en hlutir hafa gengið kaupum og sölum á genginu 40-41 að undanförunu.

Fjöldi stofnfjárhluta í SPV er um 3.200 þannig að Vélstjórafélagið hefur átt um 3,3 prósent stofnfjár. Ætla má að markaðsverð bréffanna sé um 190 milljónir króna. -hh/epa



HELGI LAXDAL, FORMAÐUR VÉLSTJÓRAFÉLAGSINS Kaupandi kominn að bréfum félagsins sem verða seld á genginu 46.



STYÐUR VIÐ SITT FÓLK Metafcoma varð á rekstri SPKef á síðasta ári. Hagnaður sparisjóðsins nam 1.150 milljónum.

Metafcoma Sparisjóðsins í Keflavík

Sparisjóðurinn í Keflavík skiladi 1.150 milljóna króna hagnaði á síðasta ári, sem er metafcoma. Þetta er yfir 180 prósent hagnaðaraukning á milli ára en árið 2004 var hagnaður sjóðsins 409 milljónir króna.

Hreinar vaxtatekjur jukust um átján prósent á milli ára en aðrar rekstrartekjur um 94 prósent. Inni í þeim lið eru tekjur af hlutabréfum og gengishagnaður, sem jókst um 735 milljónir króna á milli ára.

Kostnaður, fyrir utan vaxtagjöld, jókst um ellefu prósent.

Heildareignir sparisjóðsins voru um 31,8 milljarðar í árslok. Eigið fé var 3.764 milljónir króna, þar af er stofnfé yfir einn milljarður. Arðsemi eigin fjár var mjög góð hjá sparisjóðnum eða um 43 prósent.

-epa

Þrýstingur á verðhækk- anir er undirliggjandi

Greiningardeildir bankanna spá 25 til 50 punkta hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands á fimmtudag. Talið er að Seðlabankinn horfi bæði til styrkrar stöðu krónunnar og undirliggjandi þrýstings á verðhækkunar.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Greiningardeildir bankanna gera ráð fyrir hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands á fimmtudag. Líklegust er talin hækkun upp á 0,25 prósentustig, þótt hún gæti einnig numið 0,5 prósentustigum.

Ingólfur H. Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, telur líklegri hækkun um 25 punkta en 50. „Verðbólga er mikil áfram og ekki horfur á að hún hjaðni niður í verðbólgu markmiðið,“ segir hann og telur klárlega undirliggjandi þrýsting á verðhækkunar. „Fyrst og fremst er það á grundvelli þenslu í þjóðarbúskapnum, bæði launaskriði og spennu á vinnumarkaði.“ Þá segir hann einnig koma til gengislækkun krónunnar sem búist sé við á seinni hluta ársins. „Það er erfitt að tímasetja þetta, en við gerum ráð fyrir lækkun fyrir lok stóriðjuframkvæmda á næsta ári. Í ljósi þess að gjaldeyrismarkaður er nokkuð framsýnn má reikna með að þetta gerist nokkuð fyrir.“ Ingólfur bendir á að næsta haust sé einnig á gjalddaga mikill hluti erlendra skuldabréfa sem gefin hafi verið út í íslenskum krónum. „Og það grefur eflaust eitthvað undan styrk krónunnar.“

„Við höfum verið að spá 25 til 50 punktum,“ segir Ásgeir Jónsson hjá greiningardeild KB banka. „Það virðist vera meiri verðbólga í kerfinu en við bjuggumst við.“ Hann segir verð fasteigna hafa hækkað meira en búist var við og svo sýni síðasta mæling á vísitölu neysliverðs aukinn kostnaðarþrýsting. Hann segir forsvarsmenn verslana einnig hafa haft orð á hækkunum og bendir á að Finnur



DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI Undir vikulokinn kynnr Seðlabanki Íslands ákvörðun sína um stýrivexti, en greiningardeildir bankanna búast við hóflegri hækkun. Myndin var tekin á fundi Viðskiptaráðs um hagstjórn í lok desember. Fréttablaðið/GVA

Árnason, forstjóri Haga, hafi talað um þörf á 2 til 3 prósent hækkun. „Í öðru lagi virðist Seðlabankanum ekki hafa heppnast að hækka langtímakröfuna frekar þegar hann hækkaði um 25 punkta í desember. Þetta bendir allt á 50 punkta.“ Á móti segir Ásgeir koma hátt gengi krónunnar. „Útflutningsgreinarnar eiga tiltölulega erfiða daga núna og það gæti orðið til þess að Seðlabankinn vilji fara hægar í sakirnar.“ Hann bendir á að greiningardeild KB banka hafi spáð því að verðbólga myndi fara niður fyrir vikmörk, 4 prósent, nú eftir áramót, en það hafi ekki gengið eftir. „Ef Seðlabankinn tekur 50 punkta núna er það að einhverju leyti viðurkenning á að hækkunin hafi verið of lítil síðast. Rökin með 25 punktum eru svo aftur annars vegar áhyggjur af

genginu og svo að vaxtaákvörðunardögum hefur verið fjölgað og bankinn kann að telja sig geta tekið smærri skref í einu.“

Greiningardeild Landsbankans spáir hins vegar 25 punkta hækkun, en ekki 50 punkta. „Krónan er sterkari en hún var og Seðlabankinn í þeirri stöðu að þurfa að horfa til þessarar útgáfu á skuldabréfum í íslenskum krónum, sem við höfum kallað jökla-bréf. Það er því mjög mikilvægt að spenna kerfið ekki of mikið upp,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans. „Miklar hækkunar stýrivaxta kunna að valda of mikilli styrkingu krónunnar. Við spáum því að til viðbótar við hækkunina á fimmtudag komi tvær í viðbót, 25 punktar hvor.“

Það er gott að spara!

Spurðu Rabba bara

Rafn Árnason sparar fasta upphæð mánaðarlega og skuldfærir hana af E-kortinu sínu. Hann fjár- festir í Alþjóðlega hlutabréfasjóðnum sem gaf 20,15% ávöxtun á síðasta ári*. Þannig hefur Rafn á einfaldan hátt nýtt sér sterka stöðu íslensku krónunnar og eignast alþjóðlegt safn hlutabréfa.

Viðskiptavinir SPRON Verðbréfa sem spara með E-kortinu fá 100% afslátt af söluþóknun allt árið 2006. Kynntu þér úrval sparnaðarleidda hjá SPRON Verðbréfum í síma 550 1310 eða á www.spronverdbref.is.

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

spron
VERÐBRÉF



SKRÁDU ÞITT FYRIRTÆKI Í VÖXT

Meira fyrir fyrirtækið

Fyrirtæki í Vexti fá afslátt af bankþjónustu, tryggingum, lánum til kaupa á atvinnutækjum og fyrirtækjagæslu. Þar með geta þau sparað umtalsverðar fjárhæðir á ári hverju. Vöxtur færir fyrirtæki þínu aukin þægindi og betri yfirsýn yfir fjármálin og tryggingarnar. Kynntu þér Vöxt fyrir þitt fyrirtæki hjá KB banka og VÍS.

FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR



KB BANKI

www.voxtur.is

VÖ XT UR

FYRIRTÆKI

eBay vex og dafnar

Hagnaður bandaríska uppboðsvefsins eBay nam rúmum sautján milljörðum króna á síðasta ársfjórðungi ársins 2005 og jókst um fjörutíu og fimm prósent milli fjórðunga. Velta fyrirtækisins var á sama tímabili 85 milljarðar króna.

Forsvarsmenn eBay þakka góðan árangur fyrst og fremst örum vexti á lykilmörkuðum í Bandaríkjunum og Þýskalandi



eBAY Hagnaður eBay á síðasta ársfjórðungi var meiri en spár gerðu ráð fyrir. Afkomuspá ársins 2006 var þó hvergi haggð.

„Við erum mjög ánægð með fjórða ársfjórðungi hjá okkur. Það er hvergi veikan blett að finna.“

Afkomuspá fyrirtækisins fyrir árið 2006 stendur þó óbreytt, en þar er gert ráð fyrir að árstekjur fyrirtækisins nemi 365 milljörðum króna. Bréf í fyrirtækinu féllu er ljóst varð að afkomuspánni yrði ekki haggð.

- jsk

Bjartsýnni en samt svartýnir

Japanir virðast líta bjartari augum til framtíðar en áður. Fleiri eru þó svartýnir.

Japanir hafa ekki verið bjartsýnni á horfur í efnahagsmálum í fimmtán ár samkvæmt nýrri könnun innanríkisráðuneytis landsins. Bjartsýni í desember mældist 48,2 stig og hafði hækkað um rúma þrjú punkta frá því í september. Fleiri eru þó svartýnir á framtíðarhorfur og einkunn undir fimmtú stigum þýðir að fleiri telja ástæðu til svartýni.

Verðhjöðnun hefur ríkt í Japan undanfarin ár og hafa stýrivextir Seðlabankans lengi staðið í núlli. Undafarið hefur þó horft til betri vegar, laun hafa hækkað og neytendur arkað í búðirnar á ný. Sérfræðingar spá því að Seðlabankinn kunni jafnvel að endurskoða vaxtastefnu sína.

„Bjartsýni neytenda hefur verið að aukast jafnt og þétt í um hálf t. Það er enda ýmislegt sem



FRÁ TÓKÝÓ Hjól efnahagslífsins í Japan virðast vera við það að snúast á ný. Japanskir neytendur eru bjartsýnni en áður og framtíðarhorfur betri.

bendir til þess að hagkerfið sé að taka við sér,“ sagði Taro Saito, hagfræðingur hjá NLI ráðgjafarfyrirtækinu.

- jsk

Harley Davidson í tísku

Hagnaður bandaríska bifhjólaframleiðandans Harley Davidson nam tæpum 59 milljörðum íslenskra króna árið 2005. Er það átta prósent aukning frá fyrra ári.

Sala utan Bandaríkjanna jókst um þrettán prósent á árinu á meðan sala í Bandaríkjunum jókst um rúm þrjú. Forsvarsmenn fyrirtækisins þakka góðan árangur

fyrst og fremst markaðsstarfi erlendis og mikilli eftirspurn.

„Við erum ánægð með árangurinn en alltaf má gera betur,“ sagði Jim Ziemer forstjóri og bætti við: „Við stefnum að því að selja milli 348 og 352 þúsund Harley Davidson mótorhjól árið 2006.“

- jsk



HARLEY DAVIDSON Þrettán prósentu söluaukning varð á Harley Davidson mótorhjólum utan Bandaríkjanna á síðasta ári.



Hástökkvarinn

Úrvalssjóður VSP náði 72% ávöxtun síðustu 12 mánuði*

Sláðu í hópinn og tryggðu þér úrvals ávöxtun á sparifé og frábæra ráðgjöf hjá VSP. Nánari upplýsingar á afgreiðslustöðum Sparisjóðsins um allt land, á www.vsp.is eða í síma 575-4400.

*Miðað við 10. janúar 2006. Ath. ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Úrvalssjóðurinn er verðbréfasjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Úrvalssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðsins. Útboðslynging sjóðsins og útdrátt úr henni má nálgast á www.vsp.is

VSP
VERÐBRÉFAHJÓNUSTA SPARISJÓÐANNA



FRÁ KAUPHÖLLINI Í TÓKÝÓ Bréf í Kauphöllinni hríféllu er fréttir bærast af ásökunum á hendur hátæknifyrirtækinu Livedoor. Markaðurinn hefur að mestu náð sér eftir áfallið en bréf í Livedoor virðast ekki eiga sér viðreisnar von.

Tæknimógúll handtekinn

Hlutabréfamarkaðurinn í Tókýó er að mestu kominn í fyrra horf. Sérfræðingar segja hátæknifyrirtæki tefla á tæpaasta vað.

Jón Skaftason
skrifar

Takafumi Horie, forstjóri japanska hátæknifyrirtækisins Livedoor, hefur verið handtekinn ásamt þremur stjórnarmönnum fyrirtækisins. Horie er sakaður um margvísleg brot á kauphallarlögum en segist sjálfur saklaus af öllum ásökunum.

Horie er þekktur í Japan og bauð sig meðal annars fram til neðri deildar japanska þingsins í september á síðasta ári. Hann er ekki flokksbundinn en naut stuðnings Junichiros Koizumi forsætisráðherra.

Livedoor er meðal annars sagt hafa brugðist upplýsingaskyldu til Kauphallarinnar í Tókýó og hafa vísvitandi gefið upp rangar afkomutölur. Komi í ljós að eitthvað sé hæft í þessum ásökunum verður fyrirtækið afskráð á lista Kauphallarinnar og jafnvel tekið til gjaldþrotaskipta. Horie og félagar eiga yfir höfði sér fangelsisdóm.

Einn viðskiptafélaga Horie, Hideaki Noguchi,

fannst látinn á eyjunni Okinawa í síðustu viku og fylgdu í kjölfarið fréttir af rannsókn lögreglu á Livedoor. Mikið ódagot greip um sig í Kauphöllinni í Tókýó, fjárfestar kepptust við að selja bréf sín, markaðurinn hríðlækkaði og svo fór að loka varð höllinni tuttugu mínútum fyrr en vanalega þar sem tölvukerfið þoldi ekki álagið. Bréf í Livedoor höfðu lækkað um rúm sextíu og fimm prósent í vikulok en önnur bréf höfðu að mestu rétt úr kútnum.

Mikið fjör hefur verið á verðbréfamarkaði í Tókýó undanfarin misseri. Nikkei-vísitalan hækkaði um rúm fjörutíu prósent á síðasta ári og var það mesta hækkun í tæp tuttugu ár.

Hækkanirnar hafa að stórum hluta verið til komnar vegna tiltrúar fjárfesta á smærri hátæknifyrirtæki á borð við Livedoor og óttast sérfræðingar að markaðurinn þoli ekki fleiri hneykslismál. „Trúverðugleiki hátæknigeirans er í hættu. Mig grunar að mörg þessara fyrirtækja hafi ekki farið alveg eftir bókinni,“ sagði Noriko Hama, prófessor í hagfræði við Doshisa háskóla.



Sjónræktjafræðingur með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

Endurnýjar þú gleraugun þín nógu oft eða langar þig bara í ný?

Vaxtalaus kjör í allt að 24 mánuði engin útborgun

Suðurlandsbraut 50,
í bláu húsunum við Faxafen
Sími: 568 1800

GLERAUGNAVERSUN
Gleraugað



ORKULINDIN ÍSLAND

Ráðstefna um gildi ál- og orkuframleiðslu á Íslandi
föstudaginn 27. janúar á Hótel Nordica

Samtök iðnaðarins, Samorka og
Samtök atvinnulífsins efna til ráðstefnu
um gildi ál- og orkuframleiðslu
á Íslandi, föstudaginn 27. janúar
á Hótel Nordica.

Ráðstefnan er öllum opin og
aðgangur ókeypis. Tilkynna þarf
þátttöku í gegnum vef SA, www.sa.is,
eða í síma 591 0000 eigi síðar en
kl. 10:00 föstudaginn 27. janúar.



Ráðstefnustjóri:
Ari Edwald, framkvæmdastjóri
Samtaka atvinnulífsins

Dagskrá

atvinna og auður

12:30 Móttaka ráðstefnugesta

13:00 **Stungió í samband**

Orka, ál og hagvöxtur

- Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands



Könnun á afstöðu til virkjana, áliðnaðar og umhverfismála

- Þóra Ásgeirsdóttir, forstöðumaður viðhorfsrannsókna hjá IMG Gallup



Í sátt við umhverfið

- Bryndís Skúladóttir, efnaverkfræðingur, Samtök iðnaðarins



Með fyrirtækjum skal land byggja

- Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar

- Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri Akranesskaupstaðar



Sviptivindar fyrr og nú

- Hallur Hallsson, sagnaritari



14:45 Kaffihlé

velferð og þekking

15:15 **Hátæknistörf og þekkingariðnaður**

- Ágúst Valfells, lektor við Háskólann í Reykjavík



Þekking - góð útflutningsvara

- Gunnar Tryggvason, fjármálastjóri Enex



Orkuríkir vinnustaðir - umhverfi starfsfólks

- Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ



pallborðsumræður

Staða og horfur - hvert stefnir?

- Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar

- Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar

- Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

- Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja

- Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Norðuráli

- Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi

- Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls



Björgólfur Friðrik Guðmundur Júlíus



Ragnar Rannveig Tómas

16:30 Ráðstefnulok

SI

Samtök iðnaðarins



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis - Skráning fer fram á www.sa.is

Erfitt að breyta vananum

0,02 prósent tónlistarskráa á netinu eru löglegar. Tuttugu þúsund dómsmál hafa verið höfðuð í heiminum.

Ólöglegt niðurhal tónlistar af internetinu hefur staðið í stað í heiminum undanfarin tvö ár. Kemur þetta fram í skýrslu Alþjóðasamtaka útgefenda (IFPI).

Um tuttugu þúsund dómsmál hafa verið höfðuð í sautján löndum undanfarin misseri vegna ólöglegs niðrhals tónlistar af netinu, en virðast ekki hafa tilætluð fælingaráhrif. Sala tónlistar gegnum netið hefur hins vegar aukist talsvert og selst nú fyrir rúmlega sextíu milljarða króna árlega.



ÓLÖGLEGT NIÐURHAL Gríðarlegur fjöldi ólöglegra tónlistarskráa er í umferð. Sala á tónlist gegnum löglegar efnisveitur hefur þó aukist.

John Kennedy, formaður IFPI, sagði erfitt að fá þá sem vanist hefðu ókeypis niðurhali til að nota löglegar tónlistarveitur á borð við iTunes-forritið. „Það er erfitt að fá fólk til að bregða út af vananum. Ég hvet hins vegar yfirvöld í hverju landi til að grípa í taumana, það er eina leiðin til að fá fólk til að hætta.“

Talið er að á internetinu séu um 870 milljónir ólöglegra tónlistarskráa en aðeins um tvær milljónir löglegar. -jsk

Ericsson semur við EMI um tónlist

Óli Kristján Ámannson
skrifar

Sænski farsímarisinn Ericsson hefur samið við tónlistarfyrirtækið EMI um margmiðlunarefni í farsíma, bæði lög og hringitóna. Tilkynnt var um samstarfið um helgina.

Samningurinn gerir evrópskum símafyrirtækjum kleift að dreifa lögum og hringitönnum af útgáfulista EMI í Evrópu. EMI er með á sínum snærum listamenn á borð við Coldplay, Faith Evans, Gorillaz, Noruh Jones, KT Tunstall, Robbie

Williams og fjölda annarra.

Með samningnum standa um 12.000 hringitónar og 200.000 lög sem hlaða má niður notendum til boða í gegn um tónlistarniðurvísingarmót Ericssons sem kallast Ericsson's Personalized Music Portal.

Doug Lucas, forstöðumaður stafrænnar þróunar og tónlistardreifingar EMI í Evrópu, segir reynsluna þá að tónlistarunnendur í Evrópu vilji nota farsíma sína til að hlusta á tónlist. „Samningurinn við Ericsson eykur enn möguleika okkar á að koma gæðatónlist frá EMI til fólks, hvar og hvenær sem það langar að hlusta.“



CARL-HENRIC SVANBERG Sænski farsímarisinn Ericsson hefur verið í miklum vexti undanfarin misseri. Hér að ofan má sjá forstjóra fyrirtækisins svara spurningum á blaðamannafundi í Stokkhólmi á síðasta ári. MYND/AFR

Tesco færir út kvíarnar

Símaþjónusta Tesco gerir notendum kleift að hringja hvert á land sem er fyrir þrjár íslenskar krónur.

Breski smásölurisinn Tesco hefur hafið rekstur á internet-símaþjónustu. Um er að ræða sérstakan hugbúnað sem hlaðið er niður í heimilistölvu og gerir notendum kleift að hringja hvert á land sem er. Það kostar tæpar tvö þúsund og fjögur hundruð íslenskar krónur að koma búnaðinum fyrir.

Ókeypis verður að hringja milli tölva en fastlínusímtöl, hvort sem er innanlands eða milli landa, munu kosta tæpar þrjár íslenskar krónur.

„Neytendur hafa ekki ennþá

gert ser grein fyrir hversu gríðarleg búbot það er að geta hringt gegnum internetið. Þetta mun bylta símaþjónustu eins og við þekkjum hana,“ sagði Andy Dewhurst, forstjóri fjarskipta-deildar Tesco.

Tesco var upphaflega matvörukeðja en hefur undanfarin ár snúið sér í auknum mæli að smásölu og er nú langstærsti aðili á þeim markaði í Bretlandi. Fyrirtækið hóf á síðasta ári rekstur farsímaþjónustu, Tesco Mobile, og hefur nú um eina milljón áskrifenda. -jsk



VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDID

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er sparneytinn og slær keppinautum sínum við fyrir glæsileika, akstursegirleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbilla setur Volvo V50 á stall hjá fjölskyldufólki sem leitar að réttu samræmi rýrnis og hleðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki akstursegirleika skutbilsins. Veldu sérhannaðan herragardsbil frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bak-hnykkvörn, SIPS hliðarrekstrarvarnarkerfi, stöðugleikastyrkingu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastyrkingu, hágæða hjómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysi-öflugu 170 og 220 hestafia vélar mörkuðu tímamót í bilgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu

Volvo V50 með óvenjuspækri 125 hestafia 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíll ársins 2005“ og bætist tilnefningin við flöru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu figurðina sem býr í gæðum einfaldeikans. Skoðuðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.



WORLD
CAR OF
THE YEAR
AWARDS

Volvo V50 bensín.
Verð frá 2.545.000 kr.*
Volvo V50 dísil.
Verð frá 2.915.000 kr.*

iPod gallabuxur frá Levi's

Hægt verður að skipta um lag og velja hljóðstyrk úr buxnavasanum.

Gallabuxnaframleiðandinn Levi's hefur hafið framleiðslu á sérstökum iPod-gallabuxum.



Í GALLABUXUM OG MEÐ IPOD Rappstjarnan Kanye West mun líklega nýta sér nýjustu afurð Levi's, gallabuxur sérstaklega hannaðar fyrir iPod-notendur.

Levi's er ekki fyrsti fataframleiðandinn sem seilst í sneið af kökunni. Snjóbrettafyrirtækið Burton hefur undanfarn tvö ár framleitt úlpur sem eru sérstök að þörfum iPod notandans, með stýritækjum á erminni og innbyggðum heyrnartólum. Þá hafa mörg tískumerki, til að mynda Louis Vouton, framleitt töskur og aðra aukahluti fyrir spilarann.

Hungrar í hefnd

Karlmenn hafa ánægju af því að sjá misgjörðamenn sína kveljast. Viðhorf kvenna gagnvart hefnd og refsingum eru betur ígrunduð.

Karlmenn hafa meiri ánægju af því að hefna sín en konur samkvæmt rannsókn teymis vísindamanna við University College í Lundúnum. Rannsóknin var birt í bandaríska vísindatímaritinu Nature.

Í úrtaki rannsóknarinnar voru þrjátíu og tveir einstaklingar, sextán af

hvoru kyni. Þátttakendurnir voru látnir spila fjárhættuspil við fjóra óþekkta leikara. Tveir leikaranna komu heiðarlega fram og reyndu að vera sem vingjarnlegastir. Hinir tveir svindluðu hins vegar á augljósan máta, voru leiðinlegir og dónalegir.

Að spilinu loknu var leikurunum fjórum gefið vægt rafstúð meðan fólkið fylgdist með. Vísindamennirnir fylgdust með heilastarfsemi áhorfenda og komust að því að karlmennirnir fengu vissa ánægju af því að horfa á svindlarana kveljast. Konurnar fundu hins vegar til meðaumkunar gagnvart öllum fjórum leikurunum.

“Það var greinilegt að karlmennirnir í hópnum töldu svindlarana eiga allt hið versta skilið. Karlmenn eru almennt fylgjandi harðari refsingum og hefnd en kvenfólk. Skoðanir kvenna eru hins vegar oft á tíðum ígrundaðari,” sagði Doktor Tania Singer sem leiddi rannsóknina.

-jsk



JOHN RAMBO Rambo fór til Afganistan og leitaði hefnda fyrir fallinn félag. Kona í sömu stöðu hefði líklega farið gegnum réttarkerfið.

SÖGUHORNID

Arthur Guinness Son & Co.

Artur Guinness, stofnandi hinna írsku Guinness bjórverksmiðja, fæddist árið 1725 í bænum Celbridge í Kildare-sýslu á Írlandi. Faðir hans bruggaði bjór fyrir erkibiskup nokkurn að nafni Arthur Price og þótti allra besti bruggarinn í sýslunni. Erkbiskupnum þótti sopinn svo góður að þegar hann féll frá arfleiddi hann Guinness eldri og hvern sona hans að hundrað enskum pundum.

Arthur Guinness notaði sinn nýfengna auð til kaupa á bruggverksmiðju í Leixlip og stofnaði fyrirtækið Arthur Guinness Son & Co um reksturinn.

Verksmiðjan gekk vonum framár og ekki leið á löngu þar til Guinness opnaði verksmiðju í höfuðborginni Dublin. Árið 1767, átta árum eftir að fyrsta bruggverksmiðjan hóf starfsemi, var Arthur Guinness orðinn umsvifamesti bruggarinn í Dublin og gegndi embætti forseta Sambands bruggara í borginni.

Klassískur Guinness, Guinness Stout, var fyrst bruggaður árið 1759 og náði fljótlega miklum vinsældum á Írlandi. Árið 1769

var Guinness Stout fluttur í fyrsta sinn yfir Írlandshafið til Englands.

Guinness Stout er bruggaður úr fjórum náttúrulegum efnum; vatni, byggi, höfrum og geri. Byggið er brennt áður en því er bætt í bjórinn og fær hann þannig sinn sérstaka dökka lit. Guinness Stout, sem framleiddur er í nokkrum afbrigðum, inniheldur 198 kaloríur á hverja breska pintu og er það talsvert minna magn en í jafn stóru glasi af léttmjólk eða appelsínusafa.

Sérstakar reglur gilda um það hvernig Guinness Stout skuli framreiddur. Bjórinn skal bera fram kaldann, ávallt skal hella í glasið frá 45 gráðu horni og þegar glasið hefur verið fyllt að þremur fjórðum skal gera stutt hlé og halda síðan áfram. Sagt er að það taki 119,6 sekúndur að hella í hina fullkomnu pintu af Guinness.

Arthur Guinness lést þann 23. janúar 1803. Höfuðstöðvar Guinness brugghúsanna eru enn í Dublin. Fyrirtækið er nú í eigu evrópska áfengisrisans Diageo og framleiðir um hundrað milljónir lítra af áfengum vökva á ári.

-jsk



FULLKOMIN PINTA AF GUINNESS Ein pintu af Guinness Stout inniheldur 198 kaloríur sem er minna en í sama magni af léttmjólk eða appelsínusafa. Það tekur 119,6 sekúndur að hella í hina fullkomnu pintu af Guinness.



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar barn eit: að uppfylla óskir þinar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Klæðskerasniðinn að smærri fyrirtækjum

Stefnt er að því að opna fyrir viðskipti á hinum nýja iSEC markaði Kauphallarinnar í febrúar. iSEC verður til hliðar við aðallista Kauphallarinnar og er einkum ætlaður smærri fyrirtækjum í vexti. Sérfræðingar eru sammála um að framtíkið sé gott en hafa þó áhyggjur af því að velta verði lítil og verðmyndun þar af leiðandi ekki nægilega virk. *Jón Skaftason* kynnti sér málið.

Fyrirmynd iSEC er sótt til Kauphallarinnar í Lundúnum en þar hefur svokallaður AIM-markaður (Alternative Investment Market) verið starfræktur frá árinu 1995.

Alls hafa um nítján hundruð félög verið skráð á AIM frá upphafi og hafa viðskipti á markaðnum alls numið um 1870 milljörðum króna. Mörg félögana hafa vaxið hratt og um síðir verið skráð á aðalmarkað Kauphallarinnar í Lundúnum. Nýverið var opnaður svipaður markaður í Kauphöllinni í Danmörku, og eins eru markaðir í bígerð í Noregi og Þýskalandi.

Áður hafa verið gerðar tilraunir til að skapa smærri fyrirtækjum viðskiptavettvang hér á landi; Opni tilboðsmarkaðurinn starfaði frá 1994 og fram undir árið 2000 auk þess sem Kauphöllin starfrækti svokallaðan Vaxtalista um tíma.

Flestir eru þó sammála um að skilyrði fyrir slíka markaði séu betri nú en áður. Mörg fyrirtæki, bæði ný og rótgróin, uppfylli ekki skilyrði til skráningar á aðallistann eða hafi einfaldlega ekki burði til þess. Með iSEC verði til vettvangur fyrir viðskipti með bréf í slíkum fyrirtækjum.

SKILYRÐI EKKI JAFN STRÖNG

Markmið iSEC-markaðarins verður að leiða saman fyrirtæki í vexti og fjárfesta. Fyrirtæki á markaðnum verða ekki háð jafn ströngum skilyrðum og á aðalmarkaði Kauphallarinnar. Sú krafa er þó gerð að þau veiti með skipulögðum hætti upplýsingar um reksturinn; afkomutölur skal gefa út á hálfársfresti, auk annarra upplýsinga sem geta haft áhrif á verðmyndun.

Ekki eru sett takmörk á stærð fyrirtækja sem skrá sig á iSEC-markaðinn, lengd rekstrarsögu eða dreifingu eignarhalds. Þá gilda ekki reglur um yfirtökuskyldu.

Félög sem hyggja á skráningu verða að birta svokallað skráningarskjal sem leggur grunn að upplýsingaskyldu. Í skjalinu þurfa stjórnendur viðkomandi félags að lýsa því yfir að þeir telji fyrirtækið hafa aðgang að nægu rekstrarfé til tólf mánaða hið minnsta. Auk þess eru hömlur á sölu hlutabréfa helstu stjórnenda í eitt ár frá skráningardegi.

Tilkynnt hefur verið um að tvö félög hafi sótt um skráningu á iSEC markaðinn: Hampiðjan, sem skráð verður af aðallista Kauphallarinnar í júní næstkomandi, og 3-Plús sem framleiðir DVD-Kids leiktækið. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa forsvarsmenn 3-Plús þó ekki enn tekið endanlega ákvörðun um hvort fyrirtækið verði skráð á iSEC-markaðinn.

KLÆÐSKERSNIÐINN SMÆRRI FYRIRTÆKJUM

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir breytingar á lögum um kauphallir hafa opnað dyrnar fyrir svonefnd markaðstorg fjármálagerninga; markað fyrir smærri fyrirtæki þar sem skilyrði til skráningar eru ekki jafn ströng og upplýsingaskylda ekki jafn rík og á aðallistanum. „Fyrirmyndin er sótt á AIM-markaðinn í Lundúnum. Svona markaðir hafa verið stofnaðir víða undanfarin misseri, á Írlandi, í Noregi, Danmörku og í Þýskalandi. iSEC verður klæðskerasniðinn að smærri fyrirtækjum.“

Upphaflega stóð til að iSEC yrði opnaður í desember á síðasta ári en seinkun hefur orðið á. Þórður segir að stefnt sé að því að opna fyrir viðskipti þann 1. febrúar næstkomandi „Við höfum átt í viðræðum við 3-Plús um að þeir verði fyrsta fyrirtækið á markaðnum. Það gengur ekki að opna fyrr en varan er komin í hilluna.“

Þórður segir mörg fyrirtæki hafa sýnt iSEC áhuga „Stefnan er sú að ná fimm nýskráningum á ári, að það verði að minnsta kosti tíu fyrirtæki á markaðnum eftir tvö ár. En annars tekur alltaf tíma að byggja svona upp, það verður að leyfa þessu að þróast.“

Markaðurinn verður sérstaklega hugsaður fyrir félög í örur vexti



KAUPHÖLL ÍSLANDS Fyrirtæki á iSEC-markaðnum verða ekki háð jafn ströngum skilyrðum og á aðalmarkaði Kauphallarinnar. Sú krafa er þó gerð að þau veiti með skipulögðum hætti upplýsingar um reksturinn, afkomutölur skal gefa út á hálfársfresti, auk annarra upplýsinga sem geta haft áhrif á verðmyndun.

og telur Þórður að fyrirtæki geti með skráningu á iSEC stigið fyrsta skrefið inn á aðallista Kauphallarinnar „Með skráningu á iSEC fá fyrirtæki mikilvægar upplýsingar um verðmyndun, eignatilfærslur verða auðveldari og hægara að fá áhættufé í reksturinn.“

LÍTIL VELTA

Sérfræðingar á markaði eru sammála um að framtíkið sé gott en hafa vissar áhyggjur af því að velta á markaðnum verði lítil og verðmyndun þar af leiðandi ekki nægilega virk.

Þórður Friðjónsson hefur þó ekki miklar áhyggjur, óhjákvæmlegt sé að ekki verði mikil velta á markaði sem þessum. „Ég tel hins vegar að lítil velta komi ekki niður á verðmyndun. Þar koma fleiri þættir inn í eins og tiltrú fjárfesta, gengi fyrirtækisins og frammistaða stjórnenda.“

Í afkomuspá KB banka frá 17. janúar síðastliðnum kemur fram sú skoðun að fyrirtæki sem sé að stíga sín fyrstu

skref eigi betur heima í höndum svokallaðra framtaksfjárfesta (venture capitalists) en á markaði. Mikilvægt sé að slík fyrirtæki njóti stuðnings eigenda meðan þau séu í mótun. Þórður tekur undir þetta og segir að ákveðin festa þurfi að vera komin í reksturinn áður en að félag taki stökkið inn á iSEC. iSEC sé millistig í ákveðnu þróunarferli „Félag verður að geta sagt trúverðuga sögu um árangur og framtíðarhorfur. Með iSEC skapast vettvangur til að fara með ódýrum hætti inn á markað. Það er minni fyrirhöfn en að skrá sig á aðallistann en stærstur hluti ávinningsins er þó fyrir hendi.“

Jón Guðmann Pétursson, framkvæmdastjóri Hampiðjunnar, gerir ráð fyrir að félagið verði skráð á iSEC í júní. Hann segir ávinnninginn falinn í því að fyrirtækið verði áfram verðmetið á markaði og að hluthafar geti selt og keypt eftir því sem áhugi stendur til. „Þetta er valkostur fyrir félög sem uppfylla ekki skilyrði til að vera skráð á aðallistann. Með þessum hætti tryggja þau áframhaldandi viðskipti með hlutabréf.“

Jón telur ekki að of lítil viðskipti verði á hinum nýja markaði. „Ég þekki aðeins til AIM-markaðarins í Lundúnum. Þar eru mikil viðskipti og rúmlega þúsund skráð félög. Ég sé ekki af hverju þessu ætti að vera öðruvísi farið hér.“

ÞÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR KAUPHALLAR ÍSLANDS Þórður telur að fyrirtæki geti með skráningu á iSEC stigið fyrsta skrefið inn á aðallista Kauphallarinnar „Með skráningu á iSEC fá fyrirtæki mikilvægar upplýsingar um verðmyndun, eignatilfærslur verða auðveldari og hægara að fá áhættufé í reksturinn.“



9,8%*

Peningamarkaðssjóður ÍV

*Nafnávöxtun frá 1. des. 2005 - 31. des. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða á árinu 2005



ÍSLENSK VERÐBRÉF

EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útbodslýsingu og útdrátti úr útbodslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

ÚTSALA!

Viðarparket

EIK HARO 60cm
1.990
Pr. m²

RAUÐ EIK HARO 90cm
1.990
Pr. m²

EIK TUNDRÁ 2fl.
með fríum listum og
hljóðeinangrandi
undirlagi
2.990
Pr. m²

25%
afsláttur
af undirlagi
og listum

Afgangar
með allt að
70%
afslætti

IRAKO 90cm
2.390
Pr. m²

ASKUR 90cm
2.390
Pr. m²

BEYKI COUNTRY HARO 2fl.
með beykilistum og
hljóðeinangrandi
undirlagi
2.990
Pr. m²

EIK ACCENT 90cm
límt
2.390
Pr. m²

RAUÐ EIK ACCENT
3ja stafa 90 cm
2.390
Pr. m²

RAUÐ EIK NATUR
3ja stafa 90 cm
2.390
Pr. m²

KIRSUBER ACCENT
3ja stafa.
Frítt hljóðeinangrandi
undirlag
3.990
Pr. m²

HLYNUR ACCENT
3ja stafa.
Frítt hljóðeinangrandi
undirlagi
4.290
Pr. m²

RAUÐ EIK TERRA
2.990
Pr. m²

MERABAU 4 stafa
með listum og
hljóðeinangrandi
undirlagi
3.990
Pr. m²

HLYNUR 4 stafa
með listum og
hljóðeinangrandi
undirlagi
3.990
Pr. m²

RAUÐ EIK ACCENT
3ja stafa,
með hljóðeinangrandi
undirlagi
3.990
Pr. m²

Plastparket

HNOTA
690
Pr. m²

KIRSUBER
690
Pr. m²

EIK CLASSIC HARO
890
Pr. m²

BEYKI CLASSIC HARO
890
Pr. m²

HLYNUR CLASSIC HARO
890
Pr. m²

EIK ACCENT HARO
frítt svamp undirlag
+ listar
1.390
Pr. m²


HVÍTTUÐ FURA HARO
frítt svamp undirlag
+ listar
1.390
Pr. m²

Nú borgar sig að
parketleggja
allt sem hægt er!

VERÐDÆMI		
	Verð áður	Verð nú
Eik Tundra Haró Hljóðeinangrandi undirlag m/áli	3.990.-	3.390.-
Eikar listar	890.- 588.-	Frítt.- Frítt.-
Samtals:	5.468.-	3.390.-
75m ² gólf kostaði áður	410.100.-	
75m ² gólf kostar nú	254.250.-	
Pú sparar ekki tugi heldur hundruði þúsunda	155.850.-	

Allar flísar
með
25%
afslætti

35%
afsláttur af
blöndunar-
tækjum



Stærsti sýningarsalur með gólfefnum á landinu.



- þegar þú kaupir parket

HARÐVIÐARVAL

Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík • Sími 567 1010 • www.parket.is

Stjórnvöld hugleiða Þriðju stoð

Samtök iðnaðarins og forsvarsmenn hátæknifyrirtækja vilja að stjórnvöld beiti sér markvisst í uppbyggingu hátækniiðnaðar hér á landi skoða enn tilboð Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja um Þriðju stoðina og leiðir til fjármögnunar nýsköpunarverkefna. Erlend ríki bjó íslensk hátæknifyrirtæki sem plöguð eru af háu gengi krónunnar. Óli Kristján Ármannsson hugaði að stöðunni í upplýsingatæknigeiranum

Samtök iðnaðarins stóðu í lok síðustu viku fyrir fundi þar sem rúmlega 400 stjórnendur og starfsmenn hátæknifyrirtækja og háskólanemar í raunvísindum skoruðu á ríkisstjórnina

NÝSKÖPUN Í EVRÓPU	
Ríki Evrópu standa misvel hvað varðar nýsköpun. Samkvæmt mælingu TrendChart erum við miðlungsþjóð hvað þetta varðar í samanburði Evrópuþjóða.	
1 Svíþjóð	0,72
2 Sviss	0,71
3 Finnland	0,68
4 Danmörk	0,60
5 Þýskaland	0,58
6 Austurríki	0,51
7 Belgía	0,50
8 Bretland	0,48
9 Holland	0,48
10 Frakkland	0,46
11 Ísland	0,45
12 Lúxemborg	0,44
13 Írland	0,42
14 Noregur	0,40
15 Ítalía	0,36
16 Eistland	0,32
17 Slóvenía	0,32
18 Ungverjaland	0,31
19 Spánn	0,30
20 Kýpur	0,28
21 Portúgal	0,28
22 Litháen	0,27
23 Tékkland	0,26
24 Búlgaría	0,24
25 Pólland	0,23
26 Grikkland	0,21
27 Slóvakía	0,21
28 Lettland	0,20
29 Malta	0,20
30 Rúmenía	0,16
31 Tyrkland	0,06*
Japan	0,65*
Bandaríkin	0,60*
ESB15	0,46**
Evrópska efnahagssvæðið	0,42**
*áætlan **meðaltal	
Heimild: TrendChart, Innovation Policy in Europe	

Tilboðið, sem Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, lögðu fram gengur út á að upplýsingatækni verði meginstoð í verðmætasköpun og gjaldeyrstekjum Íslands árið 2010. Í því eru markmið um að á næstu sex árum verði gjaldeyrstekjur af upplýsingatækni tífaldaðar...

til dæmis um að ræða skattaávilnanir, endurgreiðslu þróunarkostnaðar, ódýrt húsnæði og niðurfellingu aðstöðugjalda. „Kanadamenn

ina að beita sér markvisst fyrir uppbyggingu hátækniiðnaðar hér á landi. Yfirskrift fundarins var Framtíðin er í okkar höndum og var hann sá fjólsóttasti sem samtökin hafa staðið fyrir. Forsvarsmönnum tæknigeirans er farið að lengja eftir svörum stjórnvalda við tilboðinu um þriðju stoðina sem lagt var fram á Iðnþingi fyrir tæpu ári síðan. Þegar UT-dagurinn var kynntur fyrir helgi upplýsti Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að tilboðið væri enn til skoðunar og vonaðist til að svar bærist frá stjórnvöldum innan tíðar.

Tilboðið, sem Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, lögðu fram gengur út á að upplýsingatækni verði meginstoð í verðmætasköpun og gjaldeyrstekjum Íslands árið 2010. Í því eru markmið um að á næstu sex árum verði gjaldeyrstekjur af upplýsingatækni tífaldaðar, fari úr fjórum milljörðum í fjórutíu. Um leið er gert ráð fyrir fjölgun starfsfólks í geiranum og að um þúsund störf verði færð frá hinu opinbera til einkageirans.

Þá miðar verkefnið að því að auka sölu staðlaðra hugbúnaðarlausna frá íslenskum fyrirtækjum og stórauka hýsingu upplýsingakerfa hér fyrir erlenda aðila. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld hrindi á móti í framkvæmd skilgreindum verkefnum sem snúa að skattamálum, útflutningi, stefnumörkun og samstarfi við tæknigeirann.

KEPPUM EKKI VIÐ ÚTLÖND

Þó svo að dregist hafi að svara boði Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja um Þriðju stoðina, sem til skamms tíma hefur verið til umfjöllunar hjá Vísinda- og tækniráði, hefur engu að síður átt sér stað starf á vegum yfirvalda í tengslum við aðbúnað hátæknifyrirtækja og fjármögnun nýsköpunarverkefna. Rétt fyrir áramót skilaði starfshópur í iðnaðarráðuneytinu tillögum varðandi fjármögnun nýsköpunarverkefna sem að miklu leyti byggja á norskri fyrirmynd. Þær hafa ekki verið gerðar opinberar en um þær standa viðræður milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, fjármála- og forsætisráðuneytis. Starfshópurinn leggur meðal annars til að hér verði tekið upp svokallað samlagshlutafélagagöform sem auðveldi myndi þátttöku lífeyrissjóða í áhættusamari fjárfestingum í nýsköpunarverkefnum. „Í raun útilokar lagaramminn ekki að þetta sé tekið strax upp hér, en hins vegar þarf að gera ýmsar breytingar til að gera áhugavert fyrir fagfjárfesta að taka þátt í þessum sjóðum. Um það snýst málið, en Norðurlandþjóðirnar eru með þetta fyrirkomulag,“ sagði Valgerður á kynningarfundum UT-dagsins. Hún sagðist þó ekki vilja fullyrða neitt um hvort væntanlegar tillögur stjórnvalda yrðu þess eðlis hér yrði keppt við það umhverfi sem lönd á borð við Kanada bjóða upplýsingatæknifyrirtækjum sem flytja vilja starfsemi sína þangað. Þar er



RÖGNVALDUR J. SÆMUNDSSON
Rögnvaldur er dósent við Háskólann í Reykjavík.

ganga mjög langt í sambandi við aðstoð við þessi fyrirtæki. En við munum áreiðanlega leggja okkur fram um að bæta stöðuna og svo eru gengismálin auðvitað kapitúli út af fyrir sig.“

CCP FÆR HEIMSÓKN FRÁ KANADA

Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, sem framleiðir tölvuleikinn EVE Online og selur um heim allan, segir að í næsta mánuði eigi fyrirtækið von á fulltrúa frá Kanada sem ætli að fara yfir mögulegan ávinning CCP af því að færa starfsemi þangað út. „Þeir eru með svona business simulation-forrit. Maður gefur bara upp allar kennistærðir og svo er þetta reiknað út. Við vitum að það munar að minnsta kosti þessum 150 milljónum sem af okkur voru hafðar á síðasta ári út af óraunhæfu gengi krónunnar,“ segir Hilmar og bætir við að tómt vitleysa sé að hafa gengið jafn sterkt og raun ber vitni. „Það er bara verið að dæla peningum út úr landinu.“ Hann segir gengissveiflur í raun gera starfsumhverfi fyrirtækja hér, sem byggja afkomu sína á erlendri mynt, óþolandi. „Færni okkar í að búa til og markaðssetja tölvuleiki hefur eiginlega orðið minna að segja um afkomu fyrirtækisins, en hvernig okkur gengur að giska á gengissveiflur. Það er ekki hægt að vera í atvinnustarfsemi þar sem ekki er hægt að ganga að neinu visu.“ Hann segist þó ekki vera búinn að gefa upp alla von um að stjórnvöld komi með útspil sem gæti haft áhrif til hins betra á starfsumhverfi hátæknifyrirtækja hér.

VILL EKKI VINNA Í ÁLVERI

„Ísland er að verða af svakalegu tækifæri og þetta snýst ekki um einhverja styrki og aum-ingjávæðingu. Stjórnvöld eru þeim misskiln-

ingi haldin að við viljum vinna í álveri. Það er bara ekki þannig,“ segir Hilmar ákveðinn. „Hér ríkir þetta sérstaka ástand af því að menn hafa ákveðið að fara í virkjanaframkvæmdir og breytingar á húsnæðislanakerfinu án þess að taka úr sambandi vaxtastefnu Seðlabankans og grípa til aðgerða sem komið hefðu í veg fyrir að traðkað væri á öllum mögulegum sprotum í landinu meðan þetta gengur yfir.“ Hann segir að í nágrannalöndunum sé komin reynsla á kerfi sem komi hátæknifyrirtækjum til góða. „Meira að segja kerfi með ESA-vottun og allt klappað og klárt, skilvirk og góð kerfi, en ekki einhverjar sértækar aðgerðir í formi styrkja og annað slíkt, bara almennar breytingar á umhverfi atvinnuveganna.“ Hilmar vísar til þess að hlúð hafi verið að öðrum atvinnuvegum hér. „Til dæmis var klæðskerasniðið umhverfi fyrir bankana. Sett voru sérstök lög um verötryggingu, sem áttu nú að vera tímabundin, og bindiskylda bankanna lækkuðu rétt áður en þeir voru einkavæddir. Svo er hér rekin mjög hörð vaxtastefna sem að sjálfsögðu kemur bankakerfinu til góða og er nánast uppskrift að því að þeir græði peninga. Það sem upp úr stendur er að þegar menn búa atvinnugrein gott starfsumhverfi og skilar hún árangri. Menn hafa gert þetta í stóriðju, bönkum og svo að vissu leyti í landbúnaði og sjávarútvegi líka, þó það séu kannski fyrri tíma verk.“ Hilmar telur að með réttum aðbúnaði gæti hér verið við lýði blómlegur þekkingariðnaður með skapandi og uppbyggjandi vinnu. „Það á miklu fremur að virkja endalaus sköpunargleði Íslendinga en fallvötnin,“ segir hann.

EKKI ALSLÆMT AÐ FYRIRTÆKI FLYTJI

Rögnvaldur J. Sæmundsson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans í Reykjavík í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum, segir ekkert fast í hendi um hvort aðgerðir landa á borð við Írland og Kanada, þar sem greiddur er niður þróunarkostnaður fyrirtækja, hafi í raun skilað þeim árangri sem til var ætlast. „Ég veit ekki til þess að árangurinn af þessu hafi verið metinn með formlegum hætti,“ segir hann, en bætir um leið við að slíkar aðgerðir kunni þó að leysa ákveðin vandamál sem fyrirtæki kunna að standa frammi fyrir á þróunarstigi. Hann segir hins vegar stærstu vandamálin sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir vera mikinn

Stafræna gjáin er grynri hér

Hlutfallslega er hér að finna tölvur og internettengingar á fleiri heimilum en í öðrum löndum Evrópu, samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar. Árið 2005 voru nærri níu af hverjum tíu heimilum hér á landi með tölvu og 84 prósent höfðu aðgang að netinu. Sama ár voru að meðaltali 58 prósent heimila í aðildarlöndum Evrópusambandsins með tölvu og tæpur helmingur gat tengst netinu.

Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu upplýsingasamfélagsins í forsætisráðuneytinu og formaður undirbúningsnefndar UT-dagsins, segir ánægjulegt hvernig Ísland tróni á toppnum í alþjóðlegum samanburði. Hún kynnti nýverið í tengslum við UT-daginn tvö ný rit Hagstofunnar um umfang upplýsingatækniiðnaðar hér og samanburð við útlönd.

Guðbjörg segir greinilegt að hér sé minni munur á tölvunotkun eftir aldris, stétt eða stöðu, en í öðrum löndum Evrópu. „Stafræna gjáin er ekki jafndjúp hér,“ segir hún og vísar til þess að



GUÐBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR
Guðbjörg, sem er yfir skrifstofu upplýsingasamfélagsins, segir minni mun á því hér en annars staðar hverjir nýti sér tæknina.

Mynd/AFÞ

hér sé kynbundinn munur 3 prósent, minnstur í Evrópu. „Aðgreining eftir aldri er líka mun minni hér en annars staðar. Hér er þrívaxinn sáttur líklegur að yngsti aldurshópurinn noti netið en sá elsti. Þessi munur er allt að sjöfaldur þar sem hann er mestur,“ segir hún. Þá er munur eftir menntun einnig minni hér en annars staðar. „Aðgreiningin er 25 prósent samkvæmt þessari könnun.


Þetta finnst mér góð tíðindi fyrir íslenskt samfélag, að við séum að ná þessum góða jöfnuði í upplýsingasamfélaginu.“

Þrátt fyrir hvað landið stendur framarlega hvað varðar tæknivæðingu og internetnotkun eru þó svið þar sem alþjóðlegi samanburðurinn er okkur ekki jafnhagstæður. Guðbjörg bendir á að netverslun sé lítil hér og taldi í raun ekki vitað af hverju það væri. Á það hefur þó verið bent að í Reykjavík að minnsta kosti sé aldrei mjög langt í næstu búð, sama þótt hún sé nokkuð sérhæfð, og því hvatinn ekki sá sami og í milljónaborgum að panta á netinu og láta senda sér heim. „Svo er framboð á opinberri þjónustu ekki nógu gott. Þegar það er skoðað í evrópsku samhengi erum við bara í miðjum hópnum.“ Hún vísaði þó til þess að fyrir dyrum stæði átak í þessum efnum með vefnum Ísland.is, en þar stendur til að gera vefgátt fyrir opinbera þjónustu bæði ríkis og sveitarfélaga.



Íslensku tónlistaverðlaunin

[SÉRBLAÐ UM ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005 – MIÐVIKUDAGUR 25. JANÚAR 2006]





Tónleikahald Hefur verið með blómlegasta móti á þessu ári en talið er að um 35 þúsund manns séu virkir þátttakendur í tónlistarlífi þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

Uppskeruhátíð íslensk tónlistarlífs

Íslensku tónlistarverðlaunin eru nú veitt í tólfta sinn. Uppruna verðlaunanna má rekja til Rokkdeildar FÍH sem stóð að fyrstu verðlaununum en þau voru veitt fyrir árið 1993. Hugmyndin með þeim var að vekja athygli á íslenskrum tónlist og tónlistarflytjendum og um leið að verðlauna þá sem þóttu standa fremstir meðal jafningja. Síðan þetta gerðist hefur mikið vatn runnið til sjávar og fjöldi einstaklinga fengið verðlaun fyrir framistöðu sína og hátíðin slitíð barnsskónum.

Sú umgjörð sem nú hefur skapast um hátíðina, mótaðist þegar samtök flytjenda, höfundar og framleiðanda, Samtónn tóku höndum saman um verðlaunin árið 2002 og réðu til starfa Einar Bárðarson sem framkvæmdastjóra og Margrét Bóasdóttir var skipuð formaður ÍTV. Einar Bárðarson hefur nú látið af störfum og eru honum hér fluttar þakkir fyrir hans mikla mótunarstarf í þágu ÍTV. Berglind María Tómasdóttir tók við störfum framkvæmdastjóra síðstliðu haust og er

hún boðin velkomin til starfa.

Með góðri samvinnu hagsmunaaðila og góðu stjórnarfólki hefur okkur tekist að hefja verðlaunin til vegs og virðingar jafnt hjá tónlistarfólki sem almenningi. Verðlaunin þykja eftirsóknarverð og endurspeglar þann fjölbreytileika sem ríkir í íslensku tónlistarlífi.

Vert er þó að taka fram, að verðlaunin eru ekki keppni í vinsældum eða sölutölum, heldur mat fagnafnda og tíminn einn mun leiða í ljós líftíma gildis þeirra.

Tónlistariðkun er almenn og talið er að um 35.000 manns séu virkir þátttakendur í tónlistarlífi þjóðarinnar sér til andlegrar og líkamlegrar upplyftingar. Á hverju ári fjölmennar Íslendingar á tónleika og samkvæmt áreiðanlegum tölum hefur tónleikum fjölgað mjög og voru 2.371 tónleikar haldnir árið 2005. Af þessu má draga þá ályktun að milli 35-45 þúsund manns sækir tónleikana.

En hvers vegna er þessi mikli áhugi og hvaðan koma allir þess-

ir tónlistarmenn? Skýringin liggur í öflugri starfi tónlistarskóla landsins. Allt frá því að lög voru samþykkt á

Alþingi Íslendinga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla fyrir rúmum þremur áratugum hefur tón-

listarlíf þjóðarinnar gjörbreytst og tekið stórstíggum framförum. Árangur er heyranlegur hvert sem við komum og tónlistarmennirnir bera starfi skólanna fagurt vitni og útrásin hefur vakið athygli um víða veröld.

Tónlistarkennsla hefur fram til þessa verið öllum heimil, óháð fjárhag, aldri eða búsetu en nú eru blikur á lofti. Sveitarstjórnarmenn hafa reist gírðingar umhverfis sveitarfélög með ákvörðunum sínum svo efnilegir tónlistarnemendur hrökklast nú frá námi vegna aldurstakmarkanna og búsetuskilyrða. Ef fram heldur sem horfir, getur farið svo að tónlistarnám verði eitt dýrasta nám sem kostur er á í samfélaginu.

Þjóðin iðkar tónlist og nýtur tónlistar. Tónlistin þarf að vera almenningseign. Til þess þurfum við tónlistaruppeldi og þá verður ríkuleg uppskera. Íslensku tónlistarverðlaunin eru uppskeruhátíð og vonandi eiga þau sér bjarta framtíð.



Björn Th. Árnason hvetur stjórnvöld til að laga það ástand sem nú ríkir í tónlistarmenntun landsins

Stjórn Íslensku tónlistarverðlaunanna 2005: Margrét Bóasdóttir formaður, Pétur Grétarsson, Sigurgeir Sigmundsson, Björn Th. Árnason

Framkvæmdastjóri: Berglind María Tómasdóttir

www.islenskonlistarverdlaun.is

Þakkir: Landsbankinn, Icelandair, Fréttablaðið, Menntamálaráðuneytið, Iónaðar- og viðskiptaráðuneytið, Reykjavíkurborg - Höfuðborgarstofa, Íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkur - Hitt húsið, tonlist.is, visir.is, Starfsfólk Sjónvarpsins, Arnar Þórisson, Ólafur Breiðfjörð, Helga Lilja Gunnarsdóttir, Gunnar Hjálmarsson, Starfsfólk Þjóðleikhússins og Þjóðleikhúskjallarans.

Sérstakir þakkir fú dómnefndir Íslensku tónlistarverðlaunanna

Samtónn er ábyrgðaraðili Íslensku tónlistarverðlaunanna

Blað Íslensku tónlistarverðlaunanna: Umsjón, hönnun og umbrot: Fréttablaðið Höfundar texta um tilnefningar: Dr. Gunni og Berglind María Tómasdóttir



Hannar verðlaunagripinn

INGA ELÍN MYNDLISTARMAÐUR MYNDLISTARNÁM: Myndlistaskólinn í Reykjavík 1972-1974 Myndlista- og handiðaskóli Íslands 1974-1978 og 1981-1982 Skolen for Brugskunst Kaupmannahöfn Danmörk 1983-1988

FERILL: Frá 1988 hefur Inga Elín starfað sem myndlistarmaður hér á landi. Hún stofnaði Gallerí Ingu Elínar í Reykjavík árið 1994 og starfrækti það til ársins 2001. Listakonan Inga Elín hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum, bæði hér heima og erlendis. 1988 hlaut hún hin virtu verðlaun Kunsthandværkereprisen í Kaupmannahöfn. Inga Elín var tilnefnd til

Menningarverðlauna DV fyrir myndlist árið 1994 og þremur árum síðar var hún útnefnd bæjarlistarmaður Mosfellsbæjar.



Undanfarin ár hefur Inga Elín unnið og hannað ýmsa listmuni fyrir Kokkalandslíðið. Frá árinu 2001 hefur hún hannað verðlaunagrip Íslensku Tónlistarverðlaunanna.

Helstu verksvið og verkefni Ingu Elínar eru hönnun, glerlist, keramik, steinsteypa, glersteypa og skúlpútur.

SVALAÐU FORVITNINNI
EF ÞÚ HEFUR EKKI ENN PRÓFAÐ

RÉTTA BRAGDIÐ SYKURLAUST



*MINNA EN EIN KALÓRÍA (100ML)

COKE LIGHT BYGGIR Á HINU
EINA SANNA COCA-COLA BRAGDI

Sígild tónlist } Hjómplata ársins

ENTER EFTIR ATLA
INGÓLFSSON

Enter eftir Atla Ingólfsson kom út síðla árs 2004 á vegum sænsku BIS-útgáfunnar. Flytjendur eru Caput og Arditti kvartettinn. Enter inniheldur fimm verk eftir Atla frá árunum 1996-2000, auk stuttra rafrænna millispila sem hljóma á milli verka. Sérstaða plötunnar felst ekki síst í óvenju mikilli alúð sem lögð var við hljóðblöndun og hljóðvinnslu; svo vitnað sé í Atla: „Það er ekki hægt að grípa galdur lífandi flutnings á disk, en fara má með sjálfa upptökuna sem lífandi og tjáningarríkan flutning verks og það reyndum við að gera“.



FRÁ STRÖND TIL FJAR-
LÆGRA STRANDA

Á síðastliðnu ári hlaut Helga Ingólfssdóttir samballeikari heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir framlag sitt til íslensks tónlistarlífs. Skömmu fyrir jólin kom svo út hljómplatan Frá Strönd til fjarlægra stranda sem inniheldur verk eftir barokktónskáldin Louis Couperin, Georg Böhm og Jóhann Sebastian Bach, og samtímátónskáldin Hafliða Hallgrímsson, Elínu Gunnlaugsdóttur, Karólínu Eiríksdóttur og Oliver Kentish. Einleikspata Helgu er því sannkölluð tónaferð, frá fortíð til nútíðar, milli ólíkra landa og menningarheima.



FIÐLAN Á 17.ÖLD

Íslandsvinurinn Jaap Schröder hefur vanið komur sínar á Sumartónleika í Skálholtskirkju í fjölda ára. Jaap er einn af fyrstu tónlistarmönnum heims sem leituðust við að leika barokktónlist og tónlist frá klassíska tímanum á upprunalegan máta. Fiðlan á 17. öld er hljóðrituð í Skálholtskirkju á síðastliðnum árum og inniheldur sjaldheyrð barokkverk eftir höfunda á borð við Nicola Matteis, Heinrich Ignaz Franz von Biber og Jóhann Sebastian Bach.



HVERT ÖRSTUTT SPOR

(BESTU LÖGIN 1975 - 2005)
Okkar ástsæla söngkona Sigrún Hjálmtýsdóttir eða Diddú fagnaði 30 ára söngafmæli sínu á síðastliðnu ári. Platan inniheldur hljóðritanir frá fjölbreyttum ferli hennar þar sem hún kemur fram með m.a. Spilverki Þjóðanna og Sinfóníuhljómsveit Íslands.



MONOLOGUES - DIALOGUES

Hljómplata Rúnars er fyrsta íslenska platan sem tileinkuð er þessum djúpraddaða meðlim klarinettfjölskyldunnar; bassaklarinettinu. Verkin á plötunni eru öll samín sérstaklega fyrir Rúnar og spegla vel þann fjölbreytileika sem íslensk samtímatónlist rúmar. Höfundar verka á plötunni eru Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson, Elín Gunnlaugsdóttir, Tryggvi M. Baldvinsson og Oliver Kentish.



KRISTINN SIGMUNDSSON

Kristinn Sigmundsson óperusöngvari er tilnefndur fyrir frábæran árangur á viðburðaríku ári, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi. Afrek Kristins þarf vart að tíunda, hann hefur fyrir löngu sannað sig sem einn fremsti söngvari sem þjóðin hefur alið. Og það er ekki bara mat okkar Íslendinga því fyrir skömmu var Kristinn útnefndur annar tveggja bestu túlkenda Sarastró, sem er ein aðalpersónan í Töfraflautu Mozarts, á hljóðritunum frá 1937 til okkar daga. Hið virta tónlistartimarit Gramophone stóð að valinu.



SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR

FIÐLULEIKARI
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðluleikari er tilnefnd fyrir störf sín sem konsertmeistarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og glæsilegt tónleikahald á árinu, þ.á.m. flutning á öllum sön-ötum Ludwigs van Beethoven, fyrir fiðlu og píano, ásamt Gerrit Schuil. Sigrún hefur allt frá unglingsaldri brætt hug og hjörtu landsmanna með glæsilegum fiðluleik sínum. Hún hefur einnig náð frábærum árangri á alþjóðlega vísu, hlaut m.a. bronsverðlaun í Síbeliusarkeppninni árið 1990.



ATLI HEIMIR SVEINSSON

Sónata fyrir flautu og píano eftir Atla Heimi Sveinsson var frumflutt á Myrkum músíkdögum 2005 af Áshildi Haraldsdóttur flautuleikara og Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur pianóleikara. Verkið er í sjö þáttum auk eftirmála og tekur tæpar 40 mínútur í flutningi. Í sönótunni ægir ýmsu saman, allt frá angurværum þjóðlagatónum til ómstríðari hljóma – sannkallað stórvirki meðal íslenskra hljóðfærverka.



HAUKUR TÓMASSON


Ardente eftir Hauk Tómasson var pantað af norænu ungmennahljómsveitinni Orkester Norden sem frumflutti verkið í Kaupmannahöfn árið 2004. Verkið var hins vegar frumflutt á Íslandi á Myrkum músíkdögum á síðasta ári af Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Esa Heikkilá. Ardente er ítalska og merkir að verkið skuli leikið af ástríðu, segir Haukur, sem var handhafi Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs árið 2004.



ÞÓRUNN BJÖRNSDÓTTIR OG SKÓLAKÓR

Þórunn Björnsdóttir og Skólakór Kársness eru tilnefnd fyrir frábært starf á undanföllum árum og þátttöku í tónlistarviðburðum á árinu, þ.á.m. flutningi á Bergmáli þeirra Sjóns, Ragnhildar Gísladóttur, Stomu Yamash'ta og Barna- og kammerkórs Biskupstungna á Lista-hátíð í Reykjavík og Expo heimssýningunni í Japan. Í fjölda ára hefur Þórunn unnið metnaðarfullt starf í þágu tónlistar og tónlistarmenntunar í landinu. Kórinn hefur unnið hvert listrænt afrekið á fætur öðru undir dyggrri stjórn Þórunnar og kórarinn hennar í Kópavogi virðast eflast með hverju árinu!

VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON
Víkingur Heiðar Ólafsson, pianóleikari er tilnefndur fyrir glæsilega debúttónleika á árinu og frábæran pianóleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Blásarakvintett Reykjavíkur. Langt er síðan jafn framúrskarandi pianóleikari hefur kveðið sér hljóðs hér á landi. Víkingur Heiðar stundar enn nám við Juilliard háskólann og er óhætt að segja að spennandi verði að fylgjast með honum í framtíðinni.



Sígild tónlist } Flytjandi ársins



TÖKINN HERT

- ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan er tilnefnd fyrir flutning á Tökinn hert eftir Benjamin Britten. Tökinn hert var aðalverkefni Íslensku óperunnar síðastliðað haust, verkinu leikstýrði Halldór E. Laxness og hljómsveitarstjóri var Kurt Kopecky. Sýningin hlaut afar góðar viðtökur áhorfenda og gagnrýnenda; hver einasti einsöngvaranna sex gersamlega smellpassaði við sína rullu, sagði m.a. í dómi Morgunblaðsins um sýninguna.

ÞORSTEINN HAUKSSON

Tvær tokkötur eftir Þorsteinn Hauksson voru samdar að beiðni Tinnu Þorsteinsdóttur pianóleikara. Verkið var frumflutt á Myrkum músíkdögum á liðnu ári á einleikstónleikum Tinnu í Salnum í Kópavogi. Báðar tokköturnar voru stílhreinar og magnþrungnar og Tinna flutti þær af fagmennsku og öryggi, sagði í umfjöllun Morgunblaðsins um verkið og tónleikana.



JOHN SPEIGHT

Drottinn er styrkur minn eftir John Speight var frumflutt á Kirkjulistarhátíð í ágúst á síðasta ári. John skrifaði verkið sérstaklega fyrir Hörð og kórinn hans og Elínu Ósk Óskarsdóttur eftir farsælt samstarf þeirra við flutning Jólalatoríu Johns sem flutt var fyrir nokkrum árum. Flytjendur verksins Drottinn er styrkur minn voru Hátíðarkór Kirkjulistarhátíðar, Elín Ósk Óskarsdóttir, málmblásararveit úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og Björn Steinar Sólbergsson organisti. Hörður Áskelsson stjórnaði flutningnum. Hér er hann ásamt tríói Reykjavíkur.

Sígild tónlist } Tónverk ársins

HUGI GUÐMUNDSSON

Adoro te devote eftir Huga Guðmundsson var frumflutt í Hallgrímskirkju í febrúar á síðasta ári. Flytjendur voru Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar og Raschér-saxófónkvartettinn. Texti verksins er eftir Tómas frá Aquino. Ómstríðir hljómar saxófónanna sköpuðu sársauka en íhugull söngurinn náði ávallt að lækna sárin og kyrrðin í lokin var sérlega áhrifamikil. Óhætt er að fullyrða að Hugur sé eitt af efnilegustu tónskáldunum okkar af yngri kynslóðinni, sagði m.a. í umfjöllun Jónasar Sen um verkið.



Láttu heyra vel í þér!

> Veislur > Kynningar
> Fyrirlestrar > Tónleikar

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd

HLJÓÐKERFALEIGA S.575-4600

Exton ehf • Fiskislóð 10 • Sími :575 4600 • exton@exton.is

TIL HAMINGJU

Við óskum listamönnum okkar til hamingju með tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2005.



Bubbi
- Ást & ...Í 6 skrefa fjarlægð frá paradís
Dægurtónlist/Hljómplata ársins
Lag og texti ársins - Ástin mín
Söngvari ársins



Ampop - My Delusions
Popp/Hljómplata ársins
Myndband ársins
Ejartasta vorin



Jónsi - Jónsi
Popp/Hljómplata ársins
Söngvari ársins



Sál hans Jóns mins
- Undir þínum áhrifum
Lag og texti ársins
- Undir þínum áhrifum
Söngvari ársins
- Stefán Hilmarsson



**Guðrún Gunnars
& Friðrik Ómar**
- Ég skemmti mér
Dægurtónlist/Hljómplata ársins



Regina Ósk
Söngkona ársins



Hildur Vala
Söngkona ársins



**Kristinn Sigmundsson og
Jónas Ingimundarson**
- Schumann
Flyandi ársins
- Kristinn Sigmundsson



Diddú
- Hvert örstutt spor
Sjald og samtíma tónlist
Hljómplata ársins



**ÍSLENSKU
TÓNLISTARVERÐLAUNIN
2005**

góða skemmtun ▶



Djass } Hljómplata ársins



COLD FRONT - COLD FRONT
Gítarleikarinn Björn Thoroddsen skipar tríóið Cold Front ásamt tveimur Kanadamönnum. Platan kom út hér á landi og í Kanada þar sem hún tróð upp fyrir áhugasama. Tónlistin er iðandi skemmtilegur swing-jass, frumsamið efni í bland við kunna standarda.

ARNE FORCHHAMMER QUARTET - KVARTETT ARNE FORCHHAMMER

Á plötunni leikur Íslendingakvartett danska pínaóleikarans Arne Forchhammer klassísk djasslög jafn sem dönsk þjóðlög. Útkoman er sjóðheit enda meðreiðasveinar Arne – þeir Björn Thoroddsen, Óskar Guðjónsson og Jón Rafnsson – ekki af verri endanum. Platan var tekin upp á glæsilegum minningartónleikum Jazzvakningar um Þóri Guðmundsson sl. sumar.

Djassplötur fyrri ára

- 2001 Jól Pálsson – Klif
- 2002 Jól Pálsson – Septett
- 2003 Tómas R Einarsson Havana
- 2004 Sammi & Tómas R og Jagúar – Dansaðu fíflíð þitt dansaðu!

SIGURÐUR FLOSASON - LEIÐIN HEIM

Þetta er tíunda plata saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar með frumsömu efni, en sú fyrsta kom út 1996. Þeir Eyþór Gunnarsson, Valdimar K. Sigurjónsson og Pétur Östlund leika með honum á plötunni sem hefur fengið einróma lof, m.a. að hér sé komið besta verk Sigurðar til þessa.



KRISTJANA OG AGNAR - ÉG UM ÞIG

Kristjana Stefánsdóttir og Agnar Már Magnússon ásamt Drew Gress á bassa og John Hollenbeck á trommur flytja hér lög úr ranni poppsins í nýjum og óvæntum djassúsetningum. Hér má m.a. heyra lög með Abba, Radiohead, U2 og Yes auk titillagsins sem er frumsamið eftir Agnar og tilnefnt sem djasslag ársins.

THE ZIEGLER/SCHEVING QUINTET - ZIEGLER/SCHEVING KVINTETTINN

Danski fiðlusnillingurinn Finnur Ziegler og víbrafónmeistarinn Árni Scheving leggja hér saman í þúkk og fara fimur fingrum um lög Jóns Múla og Rollins. Með þeim leika þeir Olivier Antunes, Einar Valur Scheving og Gunnar Hrafnsson. Platan er hluti af útgáfu röð Jazzvakningar með dönskum og íslenskum djassleikurum í Reykjavík.



FLÍS

Óhætt er að segja að síðasta ár hafi verið tíðindasamt hjá djasstríóinu Flís, sem þeir félagar Davíð Þór Jónsson pínaóleikari, Valdimar K. Sigurjónsson bassaleikari og Helgi S. Helgason trommuleikari skipa. Auk þess að spila mikið og víða kom Flís við sögu á þremur plötum; Vottur, þar sem vinsælustu lögum Hauks Morthens voru gerð skil; sólóplötu Ingibjargar Þorbergs, Í sólgulu húsi; og Víð gluggann, sem tileinkuð er tónlist og textum Skagamannsins Theodórs Fr. Einarssonar.

Djass } Flytjandi ársins



KVARTETT SIGURÐAR FLOSASONAR

Kvartett Sigurðar Flosasonar skipa Eyþór Gunnarsson pínaóleikari, Valdimar K. Sigurjónsson bassaleikari og Pétur Östlund á trommur, auk saxófónleikarans sjálfs. Kvartettinn gerði plötuna Leiðin heim, sem fékk gríðarlega góða dóma, og spilaði víða, m.a. á tónleikum í Tókyó auk þess að leika fyrir Íslands hönd á heimssýningunni í Aichi.

Djassflytjendur fyrri ára

- | | |
|------------------------|---|
| 1994 Eyþór Gunnarsson | 2001 Sigurður Flosason |
| 1995 Eyþór Gunnarsson | 2002 Óskar Guðjónsson og Skúli Sverrisson |
| 1996 Sigurður Flosason | 2003 Björn Thoroddsen |
| 1997 Óskar Guðjónsson | 2004 Samúel Jón Samúelsson og Jagúar |
| 1998 Eyþór Gunnarsson | |
| 1999 Eyþór Gunnarsson | |



COLD FRONT

Cold Front er tríó Björns Thoroddsen gítarleikara og Kanadamannanna Steve Kirby bassaleikara og Richard Gillis trompetleikara. Samnefnd hljómplata sveitarinnar var í swing-djass stíl og innihélt bæði frumsamið efni eftir þremmenningana og þekktu standarda eftir ýmsar heitur djassögunnar. Tríóið spilaði víða á síðasta ári, bæði í Kanada og hér, og fékk mjög góðar viðtökur fyrir plötuna.

JÓN PÁLL BJARNASON

Gítarleikarinn Jón Páll Bjarnason á að baki farsælan feril, bæði í dans- og djasshljómsveitum. Hann fer fyrir eigin tríói en þar hafa margir komið við sögu, nú síðast orgelleikarinn Agnar Már Magnússon og trymbillinn Scott McElore. Bebop og standardar eiga helst upp á pallborð Jóns Páls og eru fáir hælendis sem túlka þá tónlist af álíka innlifun.

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Stórsveit Reykjavíkur hefur verið starfandi síðan 1992 og alltaf haldið dúndrandi dampi. Segja má að síðasta ár hafi verið ein sigurför þessa friða flokks og meðal frábæra vel heppnaðra viðburða má nefna tónleika sveitarinnar undir stjórn bandaríkjamannsins John Fedchock, tónleika úr söngbók Duke Ellingtons undir stjórn Ole Koch Hansens og tónleika með bandaríska trompetleikaranum, tónskáldinu og hljóm-sveitarstjóranum Greg Hopkins.



Djass } Lag ársins

Djasslög fyrri ára

- | | |
|---|--|
| 2001 Hilmar Jensson - Serenity | 2004 Ástin eftir Tómas R. Einarsson og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur (Dansaðu fíflíð þitt dansaðu) |
| 2002 Skúli Sverrisson og Eyvind Kang Weeping Rock | |
| 2003 Tómas R. Einarsson - Bros | |



AGNAR MÁR MAGNÚSSON - ÉG UM ÞIG

Ég um þig er titillagið á plötu Agnars og söngkonunnar Kristjónu Stefánsdóttur. Þetta frábæra lag er eina nýja lagið á plötunni en önnur eru þekkt popplög í frumlegum djassúsetningum.

EYJÓLFUR ÞORLEIFSSON - LEIÐIN HEIM

Lagið er af fyrstu sólóplötu saxófónleikarans unga, Tónar. Léttjössuð suður-amerísk sveifla sem Hildur Guðný Þórhallsdóttir syngur af innlifun.




SIGURÐUR FLOSASON - STJÖRNUR

Annað lagið sem Sigurður er tilnefndur fyrir af Leiðinni heim er þessi undurfallega ballaða sem áður rak lítillaga inn nefið á plötu Sigurðar og Jóels Pálssonar, Stíkur.

SIGURÐUR FLOSASON - LEIÐIN HEIM

Sigurður er tilnefndur fyrir titillag tíunda plötu sinnar. Lagið er í 5/4 sveiflu stíl og vitnar í gamla meistar



COLD FRONT - COLD FRONT
Titillag samnefndrar plötu Cold Front er eitt af frumsömu lögunum sem rímar fullkomlega við swing-djass standardanna sem einnig má finna á þessi fyrstu plötu Björns Thoroddsen og kanadískra félagans.



LINE 6

Spider II

Line6 þakkar magnaðar móttökur
á Íslandi og býður valdar vörur
á einstöku verði út febrúar

20-30%
afsláttur

Verðdæmi:

Spider II 112 75wött	kr. 31.900- áður 39.900-
Spider II 210 120 wött	kr. 36.500- áður 44.900-
Spider II 212 150 wött	kr. 39.900- áður 49.000-

 **TÓNASTÖÐIN**
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholt 50d • Reykjavík • sími: 552 1185 • www.tonastodin.is

Plötuumslag ársins



SIGUR RÓS - TAKK

Það voru Jónsi og The Toothfaeries (Lukka, eiginkona Orra trommara og kærasti Jónsa, Alex) sem sáu um umslagahönnun á Takk. Hönnunin passar tónlistinni fullkomlega, er eins og gulnuð barnabók af háaloftinu, dularfull, spennandi og full af vísku.



TRABANT - EMOTIONAL

Rósa sá um hönnunavinnu á annari plötu Trabants en hina kynsandi forsiðmynd tók Ari Magg. Trabant vöktu athygli í hommasamfélaginu með plötuumslaginu, þótt það hafi ekki verið ætluð. Frekar voru þeir að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir enda hafa þeir ekkert að fela.



BENNI HEMM HEMM - BENNI HEMM HEMM

Auður Jörundsdóttir á heiðurinn að umslagi fyrstu plötu Benna í fullri lengd. Umslagið sýnir þriggja kúlu í og þykir passa vel við það sumarlega og léttleikandi krúttkynslóðarpopp sem platan inniheldur.

Plötuumslag ársins í fyrra

Mugison - Mugimama, is this monkey music?
Hönnun: Ragnar Kjartansson, Aðalgeir Arnar Jónsson, Mugison og Rúna.



HUDSON WAYNE - THE BATTLE OF THE BANDITOS

Ragnar Kjartansson teiknaði og hannaði umslag fyrstu plötu Hudson Wayne í fullri lengd. Umbúðirnar eru einstaklega veglegar og yfir rykugu rokkinu hvílir fingerður sjarmi blýantsteikninga Ragnars, blóðugt beinið á framhliðinni segir sitt um hráa tónlistina.



HERMIGERVILL - SLEEPWORK

David Alexander Corno gerði umslag annarar plötu Hermigervills, en forsiðumyndina tók Alda Lóa Leifsdóttir. Boðið er upp á skemmtilega sjónvillu þar sem flytjandinn beinlínis hreinsar sviðið á táknaðan hátt áður en hann ber á borð afurðir úr sínum takamarkalaus tónheimi.



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - AFTER THE RAIN

Þrátt fyrir ungan aldur (hún varð 21. árs í fyrra) er þetta þriðja sólóplata Ragnheiðar Gröndal. Á plötunni stígur hún fram með eigin lög og texta og er óhætt að fullyrða að hér fari þroskaður lagahöfundur sem á bjarta framtíð fyrir höndum í tónlistinni. Tónlistin er djössuð dægurtónlist, öll á ljúfu nótnum; uppskrift sem féll í mjög góðan jarðveg.



HJÁLMAR - HJÁLMAR

Þegar reggae-hljómsveitin Hjalmar kom fram á sjónarsviðið árið 2004 slógu þeir í gegn, flestum að óvörum. Þessi önnur plata sveitarinnar – með hinni ólgeymalegu grænmunstruðu ullarpeysu framan á – sannaði svo að vinsældir sveitarinnar voru engin tilviljun. Hin íslenska (og sænska) túlkun á dægurtónlist Jamaíka-búa hitti landann í hjartastað, enda sólbakaðar laga-smíðarnar glæsilegar.

Popp } Hljómplata ársins



EMILIANA TORRINI - FISHERMAN'S WIFE

Þessi fjórða sólóplata Emilíönu Torrini sýndi hvíllt stökk á listrænni þróunarbraut hennar, að eftir því var tekið víða. Söngkonan hefur sýnt ótvíraða sönghæfileika síðan hún kom fyrst fram á sjónarsviðið upp úr miðri síðustu öld, en nú sýndi hún líka fram á framúrskarandi hæfileika sem laga- og textahöfundur. Platan var öll á ljúfsárum nótnum og féll landanum vel í geð.



AMPOP - MY DELUSIONS

Þetta er þriðja stóra plata Ampop, en sú fyrsta sem veur verulega athygli enda klárlega besta verk sveitarinnar. Tónlistarmennirnir Kjartan F. Ólafsson og Birgir Hilmarsson hafa skipað sveitina frá árinu 1998 en trommarinn Jón Geir Jóhannsson bættist í hópinn á síðasta ári. Tónlist Ampop færðist mikið í átt til hreinræktaðs popps á nýju plötunni. Góðum og gripandi popplögum var blandað ljúflega við þyngri og flókna verk.



JÓNSI - JÓNSI

Árum saman hefur söngvarinn Jón Jósep Sæbjörnsson farið fyrir stuðhljómsveitinni í svörtum fötum af gifurlegum krafti og einbeitingu. Á síðasta ári var komið að fyrstu sólóplötunni sem heitir einfaldlega Jónsi. Hann samdi sjálfur lög og texta á plötuna ásamt valinkunnu úrváli höfundu. Platan er einlæg og persónulegt verk, fullt af rómantík og væntingum og fékk mikið lof gagnrýnenda.



ÁSTIN MÍN
LAG OG TEXTI: BUBBI MORTHENS / FLYTJANDI: BUBBI MORTHENS
Lagið Ástin mín byrjar plötutvönnu Bubba frá því í fyrra og setur tóninn fyrir það sem koma skal. Tregi höfundar vegna hins tapaða er allt að því nístandi og lagið ljúfsárt og fallett í einfaldri útsetningu Bubba og Barða Jóhannssonar.



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN

LAG OG TEXTI: RÓBERT ÖRN HJÁLMTÝSSON / FLYTJANDI: ÉG
Lagið er óður til knattspyrnukappans, sem einnig er útgefandi plötunnar. Eftirminni-legt dægurlag, bæði hefðbundið og frumlegt, með sköndnum texta. Lag sem stendur fremst meðal jafninga á hinni frábæru Plötu ársins með Ég.

Ýmis tónlist } Lag og texti ársins

Lög fyrri ára

1993 Stúlkan - Todmobile	1999 Okkar nótt
1994 Higher and Higher Jet Black Joe	Sálin hans Jóns míns
1995 Army of Me - Björk	2001 Á nýjum stað
1996 Hausverkun - Botnleðja	Sálin hans Jóns
1997 Jóga - Björk	2002 Juliette 2 - Ske
1998 Atari - Ensími	2003 Ragnheiður Gröndal - Ást
	2004 Mugison - Murr murr

UNDIR ÞÍNUM ÁHRIFUM -

LAG: GUÐMUNDUR JÓNSSON / TEXTI: STEFÁN HILMARSSON / FLYTJANDI: SÁLIN HANS JÓNS MÍNS
Fjöldmörg poppsníllínur hefur komið úr samstarfi Sálarbræðranna Stefáns og Guðmundar og er titillag tólfstu plötu Sálarinnar skínandi dæmi. Melódía lagsins klínir sér ekki framan í hlustandann heldur læðist aftan að honum og hopar ekki svo glatt.

SUNNY ROAD

LAG OG TEXTI: EMILÍANA TORRINI OG DAN CAREY / FLYTJANDI: EMILIANA TORRINI
Sunny road er það lag á fjórðu sólóplötu Emilíönu, Fisherman's Woman, sem fyrst gripur. Lagið er eftir hjálparkokk Emilíönu á plötunni, Dan Carey, og söngkonuna sjálfa. Vel samið og skemmtilegt dægurlag með ljúfsárum undirtóni.



PABBI ÞARF AÐ VINNA

LAG OG TEXTI: BRAGI VALDIMAR SKÚLASON OG GUÐMUNDUR PÁLSSON / FLYTJANDI: BAGGALÚTUR
Titillag fyrstu plötu Baggalúts, Pabbi þarf að vinna, er sungið af Rúnari sjálfum Júlíussyni. Hann fer á algjörum kostum í bráðskemmtilegum kántrý-slagara með glimrandi góðum texta eins og búast má við frá hinum sísníðugu Baggalútsmönnum.



Verðlaunaðar plötur

- 1994 Æ - Unun
 - 1995 Post - Björk
 - 1996 Fólk er fifl - Botnleðja
 - 1997 Homogenic - Björk
 - 1998 Magnyl - Botnleðja
 - 1999 Ágætis byrjun - Sigur Rós
 - 2001 XXX Rottweiler-hundar - XXX Rottweilerhundar
 - 2002 Sigur Rós - ()
 - 2003 Mínus - Halldór Laxness
- Popp-plata ársins 2004
Mugison - Mugimama, is this monkeymusic?



KÖNTRÍHLJÓMSVEITIN BAGGALÚTUR
Grínhópurinn Baggalútur hefur um árabíl skemmt landanum með óskrandi myndinni þjóðfélagsádeilu og beittum húmor á heimasíðu sinni. Það hefur alltaf verið stutt í músikina hjá strákunum og í fyrra gengu þeir alla leið og gáfu út plötuna Pabbi þarf að vinna. Platan er undir miklum kántrý-áhrifum, en snjallir textarnir eru í fyrirrími, gáskafull sýn á líf Íslendingisins á okkar furðulegu tímum.

- Björtustu vonir síðustu ára**
- 1993 Orri Harðarson
 - 1994 Spoon /Emiliana Torrini
 - 1995 Botnleðja
 - 1996 Anna Halldórsdóttir
 - 1997 Subterranean
 - 1998 Ensími
 - 1999 Múm
 - 2001 XXX Rottweiler-hundar
 - 2002 Búdrýgindi
 - 2003 Ragnheiður Gröndal
 - 2004 Hjálmar



JAKOBÍNARÍNA
Fimm ungir strákar úr Hafnarfirði skipa hljómsveitina Jakobínarínu og gerðu þeir sér lítið fyrir og sigruðu Músiktilraunir í fyrra. Sveitin spilar spriklandi hrest nýbylgjurokk og er með eigin stíl og einkenni þótt oft glitti í áhrifavaldana. Sveitin sló í gegn á Iceland Airwaves, vakti þar athygli heimsfrægra skribenta og hitaði upp fyrir White Stripes í Laugardalshöll. Fyrsta platan er væntanleg á þessu ári og er víða beðið með mikilli eftirvæningu.



GARÐAR THOR CORTES
Garðar Thór Cortes kom, sá og sigraði á íslenska plötumarkaðinum fyrir síðustu júl og átti mest seldu plötu ársins, einsöngs-plötuna Cortes, sem er hans fyrsta sólóplata. Garðar er þó enginn nýgræðingur. Hann hóf ungar söngnám og hefur unnið mikið erlendis síðustu árin. Hápunkturinn var aðalhlutverkið í Phantom of the Opera sem hann söng eins og herforingi í leikhúsi hinnar konunglegu hátignar á West End í London.



Bjartasta vonin



BENNI HEMM HEMM
Benni Hemm Hemm er hljómsveit sem Benedikt Hermann Hermannsson skipar ásamt vinum sínum. Benni á nokkra fortíð í poppinu, var m.a. í gleðihljómsveitinni Rúnk, og gaf út smáskífu undir Benna Hemm Hemm nafninu árið 2004. Í fyrra kom hann svo með plötu í fullri lengd, plötu smekkfulla af ískrandi kátu ljúfingspoppí með skemmtilegum textum. Platan hitti í mark og það er ljóst að Benni á mikið eftir ógert.

AMPOP
Þrátt fyrir að hafa fyrst látið kræla á sér árið 1998 má segja að hljómsveitin Ampop hafi á vissan hátt endurfæðst á síðasta ári. Þá kom nefnilega út þriðja og heilsteypasta plata sveitarinnar, My Delusions, sem innihélt hið vinsæla titillag. Premmeningarnir sem skipta sveitina eru verulega samstilltur hópur tónlistarmanna sem ætti að geta vakið mikla athygli víðar en hér.

Hljómplata ársins / Ýmsir

STÓRSVEIT NIX NOLTES - ORKIDEUR HAWAI
Stórsveit Nix Noltes er tíu manna gleðisveit og á þessari fyrstu plötu sveitarinnar er boðið upp á þjóðlagatónlist frá Búlgaríu, Austur-Evrópu og Grikklandi. Þótt tónlistin sé frá framaní menningarheimi tekst sveitinni óaðfinnanlega upp í flutningi sínum. Það gæstar af þessari plötu hvort heldur sem sveitin tekst á við tregafullar ballöður eða tryllta gleðislagara.



SCHPILKAS - SO LONG SONJA
Klarínett- og saxófónleikarinn Haukur Gröndal er fulltrúi Íslands í Schpilkas, en auk hans eru í sveitinni fjórir Danir. Þetta er önnur plata hópsins og sem fyrr leikur hann klezmermúsík, tónlist sem byggist á gyðinglegri hefð, gleði og sorgarsöngvum, brúðkaups- og jarðfarartónlist, og er nánast alltaf vel krydduð með hlýlegri kímni. Tónlistin er eftir ýmsa höfunda auk þess sem Haukur og Nicholas Kingo, meðlimir hópsins, semja nokkur lög.

DRAWING RESTRAINT 9 BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR OG MATTHEW BARNEY
Það er óþarfi að tíunda afrek Bjarkar enda má með nokkurri vissu segja að hún sé þekktasti listamaður þjóðarinnar fyrr og síðar. Á þessari plötu er tónlist sem hún gerði við listræna kvmynd unnusta síns, hins heimsþekktu Matthew Barney, og má fullyrða að Björk hafi aldrei á sólóplötum sínum verið eins tilraunakennd og fjærri hefðbundinni dægurtónlist. Björk vitnaði í japanska þjóðlagatónlist á plötunni, samdi m.a. svitu fyrir hið forna blásturhljóðfæri sho.



JFM PIANO
Jakob Frímagn Magnússon á að baki glæstan feril sem karlinn í brú Stúdumanna. Hann hefur þó alltaf sinnt sínu tilraunakennda sjálfi í hjáverkum og gert ógrinni sólóplata og unnið með sveitum eins og The Human Body Orchestra og The Magnetics. Á Piano fær tilraunamennskan að ráða ferðinni og er platan full af spilagledi og glettni. Djass og nútímantónlist eru höfð til grundvallar þótt stillinn sé persónulegur - „Jakobiskur“.



BENNI HEMM HEMM - BENNI HEMM
Á fyrstu sólóplötu Benna Hemm Hemm í fullri lengd kveður við ferskan popptón, þar sem gleði og gláumur ríkja í takt við smá trega á köflum. Benni spilar á gítar og syngur og er með stóra hljómsveit með sér, m.a. fjölmennan flokk blásara. Auk frumsamdra laga er að finna hið ódauðlega lag Hauks Morthens „Til eru frá“ á plötunni og fer Benni höndum um lagið af virðingu og einlægni.



Dægurtónlist } Hljómplata ársins



INGIBJÖRG ÞORBERGS - Í SÓLGULU HÚSI
Ingibjörg á að baki glæstan feril og er einn ástsælasti tónlistarmaður landsins. Hún hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2002. Öll lögin á þessari sólóplötu eru nýleg og frumsamin en Kristján Hreinsson gerði alla texta. Ingibjörg syngur lögin sín af innlifun en sjö stúlkur úr Skólakór Kársness taka undir í nokkrum laganna. Hljómsveitin Flís sér um undirspilið. Djassinn sem hljómsveitin hefur verið kennd við er fjarverandi að mestu og einfaldleikinn látinn ráða ferðinni.

ORRI HARÐARSON - TRÚ
Fjórða sólóplata Orra, sem valinn var Bjartasta vonin árið 1993, fylgir í kjölfar plötunnar Tár sem kom út árið 2002. Orri sannar sig hér enn og aftur sem flinkur laga- og textasmiður. Platan er í afsloppuðum og þægilegum stíl og textarnir einlægir og persónulegir. Trúin sem Orra verður svo tíðrætt um á plötunni er ekki endilega trúin á æðri máttarvöld heldur frekar trúin á ástina, kærleikann og jákvæðnina.



BUBBI MORTHEMS - ÁST /... Í 6 SKREFA FJARLÆGÐ FRÁ PARADÍS
Bubba þarf ekki að kynna fyrir landsmönnum. Á síðasta ári kom frá honum plötutvenna þar sem hann gerði upp erfiðan skilnað. Þótt umfjöllunarefnið væri það sama voru plöturnar ólíkar á þann hátt að ein var órafmögnuð að mestu en hin, Ást, full af metnaðarfullu hljómsveitarpoppí. Barði Jóhannsson kenndur við Bang Gang vann plöturnar með Bubba og er óhátt að segja að samstarfið hafi tekist frábærlega.



BAGGALÚTUR - PABBI ÞARF AÐ VINNA
Grínuttarnir í Baggalúti tóku sig til og gerðu heila plötu á síðasta ári, en undanfarin ár höfðu þeir skemmt útvarpshlustendum og netsíðuvörurum með gáskafullum gamanvís-um. Platan var öll í kántrý-stíl og sprellfjörugum slögurum með ofvirkum banjósplurum blandað saman við tregafullar ballöður. Viðtökurnar voru svo góðar að sveitin hefur örugglega ekki sagt sitt síðasta á plötu.



GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR OG FRÍÐRIK ÓMAR HJÖRLEIFSSON - ÉG SKEMMTI MÉR
Guðrún Gunnarsdóttir hefur komið víða við á löngum ferli, m.a. gerði hún plötuna Óður til Ellyjar sem naut mikillar hlylli og vann til verðlauna árið 2003. Friðrik Ómar er hins vegar risandi stjarna á himni dægurtónlistarinnar. Saman sungu þau inn á þessa skemmtilegu plötu sem inniheldur gamla söngdúetta systkinanna Vilhjálms og Ellyjar auk annarra laga í sama stíl. Ólafur Gaukur Þórhallsson stýrði upptökum og útsetti af alunnri sníll.

Ýmis tónlist - plötur síðustu ára

- 2001 Jagúar- Get the Funk Out
- 2002 Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson - Eftir þögn
- 2003 Guðrún Gunnarsdóttir - Óður til Ellyjar
- 2004 Sálmar - Ellen Kristjánsdóttir

Söngkona ársins

RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR
Í rúman aldarfjórðung hefur Ragnhildur Gísladóttir skemmt landanum með dægurlögum, fengist við listrænar tilraunir og gert tónlist fyrir leiksvið og kvikmyndatjald. Hún yfirgaf hljómsveit allra landsmanna á síðasta ári til að setjast á skólabeck í Listaháskóla Íslands til að nema tónsmíðar. Þá var tónverk hennar Bergmál frumflutt á Listahátíð í Reykjavík, en verkið samdi hún í samvinnu við Sjón og japanska slagverk-leikarann Stomu Yamash'ta.



HILDUR VALA EINARSDÓTTIR
Eins og dæmin sanna er það misjafnt hvað velgengi í Idol stjórnmuleit ber í skauti sér. Hildur Vala spilaði rétt úr þeim trompum sem hún hafði á hendi og er óhætt að spá henni góðri framtíð í tónlistinni. Stuðmenn gripu hana inn í bandið þegar Ragnhildur tók hlé og Hildur Vala söng einnig inn á tölulagaplötu sem sýndi færni hennar og smekkvísi í lagavali og útsetningum.

Verðlaunaðar söngkonur

- 1993 Björk
- 1994 Emiliana Torrini
- 1995 Björk
- 1996 Emiliana Torrini
- 1997 Björk
- 1998 Björk
- 1999 Emiliana Torrini
- 2001 Björk
- 2002 Hera Hjartardóttir
- 2003 Eivör Pálsdóttir
- 2004 Ragnheiður Gröndal



EMILIANA TORRINI

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Emiliana Torrini nælt sér þrisvar í titilinn söngkona ársins. Á síðasta ári kom hún með sitt besta verk til þessa, plötuna Fisherman's Woman, og lagði þar ekki bara til málanna sína frábæru rödd heldur í fyrsta skipti líka lög og texta. Hinn ljúfsári andi sem einkennir verkið er dreginn fram og undirstrikaður með glæsilegri raddbeitingu Emilíönu.



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL

Ragnheiður Gröndal var kosin söngkona ársins í fyrra og Bjartasta vonin árið áður. Af því ferli – og vinsældum og einróma lofi vitanlega líka – má sjá að uppgangur hennar hefur verið skjóttur og öruggur. Ragnheiður, sem er ekki nema rétt liðlega títug, samdi sjálf lögina á þriðju plötu sína, After the rain. Hún sannaði sig þar sem ekki bara frábær söngkona, heldur líka sem snjall höfundur.



REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR

Eftir áralanga aðstoðarmennsku í poppinu, m.a. sem bakraddasöngkona í Eurovision og í ýmsum hljómsveitum, steig Regína Ósk loksins listræna skrefið til fulls í fyrra og gerði sína fyrstu sólóplötu. Þar var boðið upp á ný og gömul lög í bland, eins konar safn óskalaga sem borin voru fram af natni og virðingu. Platan var í léttum og ljúfum anda, hugljúf og nærandi.

Frumkvæði í byggingu og rekstri menningarstofnana

Bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa undanfarin ár sýnt stórhuga frumkvæði í byggingu og rekstri menningarstofnana. Gerðarsafn og tónlistarhúsið Salurinn, ásamt tónlistarskóla og safnahúsi eru glæsilegar byggingar, iðandi af lífi á menningartorfu í hjarta bæjarins.

Með hugmyndum sínum að byggingu óperuhúss sem staðsett verði á Borgarholtinu hjá ádurnefndum menningar- og menntastofnunum hefur Kópavogur enn á ný staðfest þá afstöðu bæjaryfirvalda að bygging og rekstur menningarstofnana sé grundvallaratriði í uppbyggingu hins ört vaxandi

bæjar. Vaxandi fjöldi bæja og borga víða um heim leggur nú mikla áherslu á slíka uppbyggingu, enda er það almennt viðurkennt að öflugar menningarstofnanir og greiður aðgangur almennings að þeim teljist til mikilvægustu lífsgæða í nútímasamfélagi.



Kópavogur hefur tekið sér stöðu í miðri hringiðu tónlistarlífsins á Íslandi.

Menningarborgir hafa sterkt aðdráttarafl þegar fólk velur sér búsetu og ekki síður þegar atvinnufyrirtæki velja sér aðsetur. Það er enginn vafi á því að framsækin stefna forráðamanna Kópavogsbæjar í menningarmálum hefur átt sinn ríka þátt í því að Kópavogur vex nú hraðar en önnur bæjarfélög á Íslandi.

Með byggingu Salarins árið 1999 og nú með áformum um byggingu óperuhúss hefur Kópavogur tekið sér stöðu í miðri hringiðu tónlistarlífsins á Íslandi. Salurinn hefur þegar sannað ágæti sitt sem einn af mikilvægustu tónleikasölum landsins með sinni fjölbreyttu og metnaðar-



Óperuhúsið í Kópavogi. Bygging óperuhúss í Kópavogi mun ekki aðeins leysa núverandi húsnæðisvanda Íslensku óperunnar heldur verða mikil lyftistöng fyrir óperulistina.

fullu dagskrá. Bygging óperuhúss í Kópavogi mun ekki aðeins leysa núverandi húsnæðisvanda Íslensku óperunnar, heldur verða mikil lyftistöng fyrir óperulistina á Íslandi og um leið fyrir allt sönglíf í landinu um ókomin ár.

Fyrir þá framsýni sem Kópavogs-

bær hefur sýnt með uppbyggingu menningarstofnana og fyrir þann skilning á mikilvægi öflugis tónlistarlífs sem fram kemur í byggingu Salarins og áformunum um byggingu óperuhúss vill Samtönn veita Kópavogsbæ hvatningarverðlaunin 2005.



DANIEL ÁGÚST HARALDSSON

Eftir langa þögn kom Daniel Ágúst Haraldsson aftur með fyrstu sólóplötu sína í handröðunum – Swallowed a star. Daniel hefur tvisvar fengið þessi verðlaun fyrir frammistöðu sína með Ný dönsk og Gusgus, en nýja platan sýndi sannarlega að Daniel er ennþá í fremstu röð söngvara. Segja má að platan sé glæný byrjun á ferli Daniels sem listamanns og verður gaman að fylgjast með honum vinna ný lönd með frumlega kammerpoppinu sínu.



Jóni í Sigur Rós Sigurganga Sigur Rósar er ekki sist komin til vegna sérstaks söngstíls Jóns Þórs Birgissonar, sem allra augu (og eyru) beinast jafnan að á tónleikum sveitarinnar. Hann gefur sig allan kvöld eftir kvöld og frammi- staða hans er falslaus og hrífandi. Hinir allt að því barnlegu textar Jóns Þórs hljóma sannir og trúverðugir þegar þeir koma úr hans munn.

Söngvari ársins

Verðlaunaðir söngvarar

- 1993 Daniel Ágúst Haraldsson
- 1994 Páll Rósinkranz
- 1995 Páll Óskar
- 1996 Páll Rósinkranz
- 1997 Daniel Ágúst Haraldsson
- 1998 Egill Ólafsson
- 1999 Jón Þór Birgisson
- 2001 Stefán Hilmarsson
- 2002 Arnar Guðjónsson
- 2003 Stefán Hilmarsson
- 2004 Páll Rósinkranz



BUBBI MORTHENS

Á síðasta ári hélt Bubbi upp á 25 ára afmæli sitt sem starfandi tónlistarmaður. Um vinsældir hans og áhrif er óþarfi að fjölyrða. Ásamt ýmsum glæsilegum endurátgáfum kom frá Bubba plötutvennan Ást / ...í sex skrefa fjarlægð frá paradís. Plöturnar verða að teljast með því sterkasta sem Bubbi hefur gert, en það kom ekki til af göðu: erfiður skilnaður lá til grundvallar persónulegasta verki söngvarans.

STEFÁN HILMARSSON

Stefán Hilmarsson hefur staðið í framlínu íslenska poppsins árum saman og fengið verðlaun sem söngvari ársins tvisvar. Söngrödd hans er einstök og svo samgróin framúrskarandi fullorðinspoppi Salarinnar að óhugsandi er að ímynda sér tónlistina án hans. Stefán sýndi enn og aftur snilli sína á tölftu plötu Salarinnar, Undir þínum áhrifum, sem kom út í fyrra.



JÓNSÍ

Jón Jósep Snæbjörnsson hefur staðið sig frábærllega í framlíunni hjá í svörtum fótum. Á sólóplötu hans, Jónsi, sýnir hann á sér nýja hlíð; hinn mjúka og rómantíska fjölskyldumann. Hann fór á kostum í hverju laginu á eftir öðru og sýndi jafnvel fram á getu sína til að flytja heilög lög; flutningur hans á Litill drengur, sem Vilhjálmur Vilhjálmsson gerði ódauðlegt, var einkar glæsilegur.

Rótari kvöldsins

Landsbankinn stendur baksviðs á Íslensku tónlistarverðlaununum



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is





Á tónleikum Söngur Guðmundar hefur hljómað á gömlu gufunni í meira en 60 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Guðmundur er uppalandi nýrrar kynslóðar

Saga okkar Íslendinga gegnum aldirnar vísar til þess að skáld og farandsöngvarar hafi yljað okkur við aðstæður sem við í dag berum ekki skynbragð á, sem betur fer.

Sönglistin er undursamleg list. Ef til vill undursamlegust allra lista. Í stórbrotnustu verkum tónbókmenntanna, óperulistinni, birtist einhver mesta snilligáfa sem mannsandinn hefur búið yfir. Að baki liggur mikill lærdómur, feykileg kunnátta og þrotlaus vinna.

Nú getur enginn okkar sagt beint út hvað list er eða hvernig hún eigi að vera þannig að allir verði á eitt sáttir. Samt erum við oft furðu sammála um ýmsa menn, að þeir séu listamenn.

Einn slíkur maður er Guðmundur Jónsson, óperusöngvari og söngkennari. Hann hefur göfgað okkur með fagurri list sinni og ber því heitið listamaður með rentu. Guðmundur er sá í hópi íslenskra söngvara sem best er menntaður, kann mest skil á söng, söngtækni

og söngkennslu. Reynsla hans eftir hálfra aldar söngferil er ótrúleg, óviðjafnanleg. Á ferli sínum sýndi hann og sannaði að smáþjóð á möguleika á að eignast stórmenni á hvaða sviði sem er.

Enginn vafi er á því að Guðmundur Jónsson gat lagt út á braut óperuhúsa og konsertsala á alþjóðlegum vettvangi, en hann kaus frelsið, kaus að fara heim að námi loknu og gerast íslenskur listamaður. Sú ákvörðun var afdrifarík fyrir íslenskt samfélag. Guðmundur hefur verið í fararbroddi síðastliðin 55 ár sem söngvari og kennari, uppalandi nýrrar kynslóðar söngvara. Sú ákvörðun verður aldrei metin til fulls né þokkuð nægilega.

Guðmundur er gamansamur maður, léttur í lund og stutt í spaug og gamanmál. Hann býr yfir mjög



Elskaður Allir Íslendingar þekkja röðina, virða, elska og hlusta.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA



Guðmundur og Sveinn Einarsson Þjóðleikhússtjóri Guðmundur söng titilllutverkið í fyrstu alvöru óperusýningunni sem var sett upp hér á landi fyrir 55 árum.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

góðri máltilfinningu, er skáldmæltur með gott brageyra, enda hefur hann þýtt margar óperur, óperettur og söngleiki til flutnings á óperusviði. Starfsvettvangur hans var tvíþættur.

Ríkisútvarpið er í brennidepli þessa dagana. Frá 1930 hefur útvarpið sameinað þjóð og yljað eins og skáldin og farandsöngvarar forðum daga.

Nú þurftu listamenn ekki, frekar en þeir vildu, að leggja land undir fót. Tækniöld leiddi tóna og tal á leyndardómsfullan hátt inn í baðstofur og heimili landsmanna. Raddir þula og útvarpsmanna urðu heimilisvínir, ómissandi eftir amstur dagsins þegar þjóð sameinaðist um útvarpin sín, um gömlu gufuna! Söngur Guðmundar hefur hljómað þar í meira en 60 ár, þar af vann hann við Ríkisútvarpið í rúm 30 ár við stjórnun, listsköpun og þáttagerð. Allir Íslendingar þekkja röðina, virða, elska og hlusta.

Starf Guðmundar sem óperu-

söngvari var í Þjóðleikhúsi allra Íslendinga. Hér söng hann fyrir 55 árum titilllutverkið í fyrstu alvöru óperusýningu sem uppfærð var á Íslandi, Rigoletto. Síðan þá skipta hlutverkin tugum: Illmennið Scarpia úr Toscu, Germont afskiptasaman föður úr Traviötu, fjöruga rakarann Figaro úr Rakaranum frá Sevilla, karlkvölinna Dr. Malatesta úr Don Pasquale, ástsjúkan Marcello úr La Boheme, djöfullegan Dr. Miracle úr Æfintýrum Hoffmanns, að maður tali nú ekki um spaugilegan svínabóndann úr Sígaunabaroninum.


Í Íslensku óperunni söng hann hinn virðulega ædsta prest, Sarastro, úr Töfraflautunni og æringjann hefnigjarna, Dr. Falke úr Leðurblökunni.

Eitt síðasta hlutverk Guðmundar á óperusviði var gamli maðurinn í Silkitrommunni eftir Atla Heimi, sem flutt var í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð í Reykjavík og farið með í frækna ferð til Carracas í Venesúela, Suður-Ameríku og tekið

upp fyrir sjónvarp. Þarna eins og endranær hlaut hann frábæra dóma. Sem samstarfsmaður er hann góður og traustur félagi og vinur. Hreinskiptinn og uppörvandi. Hann er kennari af Guðs náð og hefur unnið ómetanlegt starf við uppbyggingu og kennslu við Söngskólann í Reykjavík. Hann bauð okkur síðast til tónleika þegar hann var 70 ára. Ógleymanlegir tónleikar þar sem hann, á efri árum, sýndi hvernig reynsla og tækni hins sanna listamanns, kunnáttumanns, vinna gegn öllum lögmálum og normum.

Nú er komið að því að semja við Guðmund um að hann verði heiðraður fyrir sitt lífsstarf og gjöf til íslensku þjóðarinnar. Það verður ekki auðvelt því hann er eflaust gjörsamlega á öndverðum meiði um allt sem hér er skrifað og kallar það algjöran óþarfa. En þannig er Guðmundur og því verður ekki breytt.

Garðar Cortes



Búum til fleiri fræga Íslendinga!

Alþjóðlega tónlistarhátíðin Iceland Airwaves sem Icelandair setti á laggirnar hefur skapað íslensku tónlistarfólki ný og spennandi tækifæri.

Icelandair stendur að ferðasjóðnum Reykjavík-Loftbrú sem 1000 íslenskir tónlistarmenn hafa nýtt til að koma sér á framfæri erlendis.

Þannig leggur Icelandair sitt að mörkum til að búa til fleiri fræga Íslendinga.

Myndband ársins



AMPOP
MY DELUSIONS
 Myndbandið við þekktasta lag Ampop er ekkert að flækja málin heldur sýnir einfaldlega svartklædda hljómsveitina spila lagið. Einfaldleikinn er brotinn upp á einstöku stað með skvampi í vatns-pollu og glitrandi gervisnjókomu í endann. Árni Þór Jónsson leikstýrði.



BRÚÐARBANDIÐ - BRÚÐARBANDSMANTRAN
 Rokkstelpurnar í Brúðarbandinu buðu upp á skemmtilega teiknimynd. Þar sést hljómsveitin ærslast í gerfi rokkmúsa og fljúgandi brúðarberta setur strík í reikninginn. Kristín Elva Rögnvaldsdóttir og Marta María Jónsdóttir teiknuðu og lífguðu teikningarnar við.



ÉG
KAUPIÐI PLÖTU ÁRSINS
 Lagið „Kaupiði plötu ársins“ er ekki á plötunni Plata ársins með hljómsveitinni Ég, heldur lag samið í þeim eina tilgangi að auglýsa Plötu ársins. Þetta er líklega í fyrsta skipti í sögu tónlistariðnaðarins sem þessi leið er farin. Jóhann Kjartansson gerði myndbandið sem sýnir ferðalag frá sveit í borg.



SIGUR RÓS
HOPPÍPOLLA
 Myndbandið er samstarfsverkefni Celebrator og meðlima Sigur Rósar. Það sýnir nokkra hressa heldriborgara ólmast sem verstu þörupilta í miðbæ og hlíðargötum gömlu Reykjavíkur. Allir meðlimir Sigur Rósar leika í myndbandinu og er þetta í fyrsta skipti sem það gerist.



EMILÍANA TORRINI
SUNNY ROAD
 Fimm hönnuðir og teiknarar lögðu hönd á plóginn við gerð þessa myndbands. Leikstjórn og hönnun var í höndum Ali Taylor. Myndbandið er lífguð útklipp- og teiknimynd og sýnir söngkonuna dunda sér við ýmislegt í íslensku landslagi með ref í eftirdragi.

Myndbönd fyrri ára:

2001	Sigur Rós	Viðrar vel til loftárása
2002	Singapore Sling	Listen
2003	Sigur Rós	Track 1
2004	Björk	Oceania

Flytjandi ársins



HJÁLMAR
 Reggaehljómsveitin Hjalmar hélt áfram að gleðja landsmenn í fyrra og kom með sína aðra plötu sem heitir einfaldlega Hjalmar; heilsteypt og góð plata. Hljómsveitin hefur tekið hinn jamæðska hrynjanda og lagað að íslenskum aðstæðum. Útkoman er einskonar ullar-reggae, sem hefur hitt þjóðarsálinu í hjartastað eins og góð plötusala og fjölmenni á tónleikum sýnir glögglega. Sveitin hélt að auki í víking og gladdi Rússa og Svía.



STUÐMENN
 Stuðmenn eru hljómsveit allra landsmanna og héldu áfram stuði og almennum skemmtilegheitum á síðasta ári. Um vorið hætti Ragga Gísla tímabundið í bandinu og var þá Idol-stjörnunni Hildi Völu umsvifalaust skipt inn á. Stuðmenn gerðu víðreist með nýstírinni og slógu enn og aftur í gegn með nýju lagi. Nú var röðin kom að „Segðu já“, sem gaf tóninn fyrir sumarið.



SIGUR RÓS
 Tónlist Sigur Rósar hefur vakið önnur og sterkari viðbrögð en dægurtónlist gerir yfirleitt. Fólk talar nánast tungum, líkir tónlistinni við trúarlega upplifun og samlíkingar við englasöng og himnaríkiskóra eru algengar. Sigur Rós og hin hreina og eilífa íslenska náttúra er órjúfanleg heild í hugum margra. Sjálfir segjast strákarnir bara vera að gera tónlist sem þeir fíla. Sveitin hélt marga ógleymanlega tónleika um allan heim á síðasta ári og gerði fjórðu plötuna sína, Takk.

Rokk } Hljómplata ársins

Rokkplata ársins er nú sérstaklega verðlaunuð í annað skipti í sögu tónlistarverðlaunanna. Nú hefur jaðarinn verið spyrtur saman við rokkið, enda eru sumar af tilnefndu plötunum í ár varla „rokk“ í gamalkunnugum skilningi þess orðs.

SIGUR RÓS - TAKK
 Á fjórðu plötu sinni sagði Sigur Rós „Takk“ og gagnrýnendur og hlustendur svöruðu einróma „Takk sömuleiðis!“ Það er engin tilviljun að kvartettnum er í dag þekktasta hljómsveit landsins því einstök list hennar á greiða leið inn í innsta kjarna hvers tónelsks hlustanda. Á plötunni Takk heldur hljómsveitin einkennum sínum, gerir fallegru tónlist en aðrir þora, og það án þess að detta í poll væmninnar.



DANÍEL ÁGÚST
SWALLOWED A STAR
 Daniel hefur komið víða við, m.a. sungið með Ný dönsk og Gusgus, en lítið hafði heyrst til hans lengi þegar þögnin var loks rofin með plötunni Swallowed a Star. Þetta er hans fyrsta sólóplata og tók langan tíma í fæðingu. Í grunninn er þetta plata með vel sömduðum dægurlögum en frumlegar útsetningar þar sem strengjahljóðfæri mæta tölum, setja tónlistina í nýtt og spennandi samhengi.



TRABANT
 Á síðasti ári kom Trabant út úr skápnem sem glysgjarnasta stuðhljómsveit landsins. Þeir dönsuðu á bláþræði síðseminnar og íhaldsömustu tónleikagestir supu hveljur þegar berir, sveitir líkamar kreistu fram blautleg nautnahljóð í bland við frábæra tónlist. Hljómsveitin fór á kostum á plötunni Emotional, sem er þeirra önnur plata og stórt stökk frá frumsmíðinni Moment of Truth sem kom út árið 2001.

Hljómsveitir fyrri ára

1993	Todmobile	1997	Maus
1994	Jet Black Joe	1998	Botnleðja
1995	Björk	1999	Sigur Rós
1996	Botnleðja		

Flytjendur fyrri ára

1997	Björk	2001	Sigur Rós
1998	Björk	2002	Eivör Pálsdóttir
1999	Selma Björnsdóttir	2003	Jagúar
2000	XXX Rottweilerhundar		



DR. SPOCK
 Fáar íslenskar hljómsveitir standast Dr. Spock snúning þegar kemur að því að spila kraftmikla tónleika. Hljómsveitin gefur sig alla í eldvirk rokkið og er óhætt að fullyrða að hægt sé að mæla svitarrenslu gesta í litrum eftir tónleika. Á síðasta ári tókst sveitinni frábæra að koma kraftinum til skila á hinni finu plötu Dr. Phil, þar sem kraftur, spilageði og góðar lagasmíðar haldast í hendur.



ÉG - PLATA ÁRSINS
 Af öðrum ólöstuðum er Róbert Örn Hjálmtýsson forsprakki kvintettsins Ég. Önnur plata sveitarinnar, sem heitir því hógværa nafni Plata ársins, er tuttugu laga og einskonar „konsept“-plata um þjóðfélagið og ráðandi peningahyggiuna sem þar grasserar. Beittum textum er búið melódískt umhverfi í vel sömduðum og frumlegum lögum sem koma víða við í tilvitnunum sínum í rokksöguna.



TRABANT - EMOTIONAL
 Þetta er önnur plata Trabants og ólík þeirri fyrri að því leyti að nú er hljómsveitin samhafður kvintett en ekki dúett með aðstoðarmönnum eins og á fyrri plötunni. Tónlistin hefur líka breyst, er orðin mun aðgengilegri; sætari, sveitari og glaðlegri, enda vakti platan mikla og verðskuldaða athygli og gat af sér vinsæl lög. Þrátt fyrir glensíð er listrænn broddur í Trabant og dýpt undir sveittri syk-urhúðinni.



KIMONO - ARCTIC DEATH SHIP
 Þetta er önnur plata Kimono og stórt skref fram á við. Tónheimur hljómsveitarinnar er borinn uppi af tveimur gítarleikurum sem kallast á í nánast ærslafullum rokkleik. Framsækni og tilraunamennska er sveitinni mikilvæg og þótt hún minni lítillsháttar á eitt og annað hefur hún mótað sér sinn eigin stíl sem heyrst á löngu færi. Ofan á allt saman bæstist svo skilningur á mikilvægi melódiunnar og góð textagerð.

Rokkplata ársins

2004	Hjalmar
	Hljóðlega af stað



ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005
AFHENT Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU
MIÐVIKUDAGINN 25. JANÚAR 2005 KL. 20:00
Í BEINNI ÚTSENDINGU SJÓNVARPSINS

TÓNLISTARFLYTJENDUR:

EMILÍANA TORRINI

ÉG

SKÓLAKÓR KÁRSNESS OG ÞÓRUNN BJÖRNSDÓTTIR

KVARTETT SIGURÐAR FLOSASONAR

ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON

MUGISON OG KASA HÓPURINN

SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR OG ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR

JAKOBÍNARÍNA

OG FLEIRI

KYNNIR: FELIX BERGSSON

LANDSBANKINN, ICELANDAIR OG FRÉTTABLAÐIÐ STYÐJA ÍSLENSKA TÓNLIST



FRÉTTABLAÐIÐ


Landsbankinn



Reykjavíkurborg



TONLIST.IS



Í tilefni dagsins

viljum við þakka hlýjar viðtökur undanfarin misseri og jafnframt óska listamönnum okkar innilega til hamingju með tilnefningar til íslensku tónlistarverðlaunanna.

12 Tónar

Skólavörðustíg 15 • 511-5656 • 12tonar@12tonar.is

Vina og eflingu nýsköpunar

di. Stjórnvöld
óða enn í
m.



VIÐ NÁM Í VERKFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS Erfiðleikar sem við blasa í starfsumhverfi fyrirtækja í hátækni eru sagðir vera tímabundin afleiðing þenslu í hagkerfinu, sem skrifist að miklu leyti á stóriðjuframkvæmdir. Stjórnvöld eru að skoða leiðir til að bregðast við, en bent hefur verið á mikilvægi þess að huga að undirstöðum greinarinnar, svo sem menntun fólks, svo hún fái rétt úr kútnum þegar ástandinu linni.

Fréttablaðið/Valli



HILMAR V. PÉTURSSON Hilmar er framkvæmdastjóri tölvuleikjaframleiðandans CCP.

launakostnað og svo sveiflur í gengi.

„Stjórnvöld þurfa kannski líka að átta sig á að við stöndum nú frammi fyrir tímabundnum vanda vegna þenslunnar sem ekki verður hlaupið frá, en svo er þetta spurning um framhaldið. Þau þurfa að gera upp við sig hvort þau vilja halda áfram á þessari braut eða taka einhverja stefnumarkandi ákvörðun til þess annað hvort að minnka sveiflurnar eða draga úr áherslu á virkjanuþbyggingu. Því þetta hefur áhrif á gengið og aðra hluti sem verið

er að reyna að byggja upp.“ Rögnvaldur segir að ef til vill hafi ekki verið svo auðvelt að sjá fyrir þau áhrif sem stóriðjuframkvæmdir hafa haft á starfsumhverfi hátæknifyrirtækja. „Ofan á þau hafa komið önnur svo sem fasteignalánin og erlend skuldabréfaútgáfa í íslenskum krónum sem menn sáu kannski ekki fyrir.“ Hann telur óhætt að bera nokkrar vonir til þeirra tillagna starfshóps iðnaðar-ráðuneytisins sem nú eru í meðförum stjórnvalda. „Tillögurnar um samlagshlutafélögin eru ágætari og liðka fyrir því að mynda félög í kringum áhættufjármagn og það er auðvitað mjög mikilvægt.“

Rögnvaldur segir að þegar ytri aðstæður upplýsingatækniönaðar séu erfiðar, líkt og nú er, skipti miklu að hlúa að innviðum geirans, gæta þess að mennta nóg fólk í fræðunum og efla aðkomu menntastofnana að rannsóknar- og þróunarverkefnum. „Í raun er ekki endilega alslæmt að fyrirtæki fari úr landi, en það verður að koma eitthvað í staðinn. Þegar fyrirtæki flytja eykst tengslamyndun erlendis og ekki alslæmt að einhverjir útlendingar séu tilbúnir að borga fyrir þessa

Sambandið við útlönd

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að með tengingum um Farice sæstrenginn og CANTAT-3 sé búið að tryggja öryggi gagnaflutninga til og frá landinu. Þá sé búið að grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar voru til að treysta Farice-tenginguna en hún var plöguð af ítrekuðu sambandsrofi í Skotlandi.

„Nú er bara spurning um að fjarskiptafyrirtækjunum og Farice takist að lækka verð gagnaflutninganna til þess að auka umferðina og það er stóra verkefnið núna. En öryggið í fjarskiptunum við útlönd á að vera fullnægjandi og afkastagetan nægjanleg.“

Sturla segist hafa ákveðið að leiða saman

í samstarfshóp fulltrúa fjarskiptafyrirtækja og stjórn Farice með það að markmiði að ná samstöðu um verðlagningarstefnu þannig að fyrirtækjum sé auðveldað að nýta sér gagnaflutninga um Farice. Nokkuð hart hefur verið deilt á verðlagningu Farice. Stjórn fyrirtækisins hefur ekki viljað lækka verð gagnaflutninga nema í hlutfalli við aukna umferð, en hún hefur látið á sér standa vegna verðsins.



STURLA BÖÐVARSSON Samgönguráðherra telur ljósleiðarasamband um sæstreng við umheiminn vera orðið traust.



IPOD LÆGI Í KLÓSETTPAPPÍRSHALDARA Þessi frumlegi klósettpappírshaldari var til sýnis á ráðstefnu Macworld í San Francisco í Bandaríkjunum um miðan mánuðinn og endurspeglar kannski hvaða stöðu tæknin hefur náð í mannlífnum.

Mynd/AFP

þróun. En svo verða að koma einhverjir í staðinn sem geta nýtt sér þau tækifæri sem skapast við að hafa íslensk fyrirtæki í útlöndum.

Þess vegna þarf að efla vísindum og tæknimenntun til að hér sé nægur mannskapur af fólki til að grípa þessi tækifæri,“ segir hann og bendir á að þau svæði í heiminum þar sem upplýsingatækniöndur sé hvað öflugastur, svo sem í Kísildalnum í Bandaríkjunum, hafi hlutir byggst upp innan frá. „Írar hafa af því áhyggjur hvernig þeir eigi helst að byggja upp í kringum fyrirtæki sem flust hafa þangað, oft mikil framleiðslufyrirtæki og hvernig þeir eigi að búa til írskan hátækniönað því þróunin er annars staðar. Menn komast ekki hjá því að byggja upp gott umhverfi á staðnum.“

TÖLUR ÚR UPPLÝSINGATÆKNIÖÐNAÐI Á ÍSLANDI 2000 TIL 2004

Fjöldi fyrirtækja

2000	237
2001	383
2002	390
2003	408
2004	426

Fjöldi starfsmanna

2000	5.865
2001	5.931
2002	5.709
2003	5.433
2004	5.534

Heildarvelta fyrirtækja*


2000	82.475 milljónir króna
2001	82.501 milljónir króna
2002	81.570 milljónir króna
2003	83.471 milljónir króna
2004	92.713 milljónir króna

Útflutningur upplýsingatækniþjónustu*

2002	3.807 milljónir króna
2003	3.705 milljónir króna
2004	4.066 milljónir króna

*miðað við verðlag í desember 2005

Heimild: Hagstofa Íslands



BLÁGEISLADISKAR
JVC Ný tegund geisladiska sem byggir á tækni sem notast við bláan geisla og ræður við meira magn af gögnum. Diskarnir voru til sýnis á Raftækjamessunni í Las Vegas í Bandaríkjunum í byrjun mánaðarinnar.

Mynd/AFP

Kikna undan álaginu


Japanska fyrirtækið Konica Minolta, sem hefur sérhæft sig í framleiðslu myndavéla og annars ljósmyndabúnaðar, hefur tilkynnt að það hyggist draga sig alfarið af myndavélamarkaðnum. Í staðinn mun aukin áhersla lögð á aðra þætti starfseminnar eins og litljósritunarvélur og myndgerðarbúnað fyrir heilbrigðisgeirann.

Konica Minolta varð til í byrjun árs 2003 þegar Konica og Minolta sameinuðust í tilraun til að veita risum á borð við Sony og Canon samkeppni. Forsvarsmenn fyrirtækisins segjast nú ekki ráða við samkeppnina og hafa ákveðið að hlutinn með stafrænar myndavélar verði seldur Sony. Í nóvember á síðasta ári tilkynnti fyrirtækið að það sæi fyrir 47 milljarða jena tap fyrir árið 2005. Það jafngildir um 25,2 milljörðum íslenskra króna. Við breytingarnar munu 3700 manns missa vinnu sína



KONICA MINOLTA HÆTTIR FRAMLEIÐSLU MYNDAVÉLA
Stenst ekki samkeppni við rísa á borð við Canon og Sony.

eða um 11 prósent vinnuafslins. Mikið umrót hefur verið á myndavélamarkaðnum á undanförunum árum og margir stórir aðilar dregið sig frá hefðbundinni framleiðslu myndavéla. - hhs



WAYNE ROONEY, SÓKNARMAÐUR HJÁ MANCHESTER UNITED Umboðsmaður hans hlaut 1,5 milljónir punda í þóknun. Þykir mörgum nóg um greiðslur til umboðsmanna.

Versnandi afkoma Manchester United

Fótboltarisinn Manchester United hagnaðist um 46 milljónir punda á tólf mánaða tímabili fram til júní 2005 sem samsvarar rúmum 5 milljörðum íslenskra króna. Það er 12,3 milljónum punda minni hagnaður en á sama tímabili árið áður. Á vefsíðu BBC er haft eftir David Gill, framkvæmdastjóra félagsins, að minnkandi tekjum af sjónvarpi sé helst um að kenna. Þar að auki lagðist til 2,1 milljarða punda kostnaður vegna þóknana til umboðsmanna, þar af 1,5 milljónir vegna kaupanna á Wayne Rooney sem kom frá Everton. Hefur Gill þurft að verja þann kostnaðarlið

sem mörgum þykir óþarflega umfangsmikill. „Umboðsmenn veita þjónustu sem einhver þarf að greiða fyrir, hvort sem það er leikmaðurinn eða klúbburinn. Þurfi leikmaðurinn að greiða fyrir hana sjálfur fer hann fram á hærri laun í staðinn.“

Þrátt fyrir lakari afkomu en á síðasta ári segjast forsvarsmenn félagsins ánægðir með frammi-
stöðuna á árinu. Segja þeir spár benda til þess að góðir tímar séu fram undan. Frá upphafi næsta tímabils verði stækkun vallarins gengin í gegn, sem felur í sér 8000 sæti til viðbótar, og við það aukist tekjurnar af miðasölu til muna. - hhs



VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIPS
525 7800

525 7800

ALLT UM FLUTNINGA – EITT NÚMER – GREIÐ LEIÐ

Viðskiptaþjónusta Eimskips veitir þér lausnir og svör við öllu er viðkemur flutningum. Hvort sem þú fæst við innflutning eða útflutning þá aðstoðum við þig við að koma vörinni alla leið til neytenda. Við sinnum tollskjalagerð, bjóðum vöruhótel og sjáum um innanlandsflutninga og dreifingaráþjónustu.

Þú einfaldlega hringir í **525 7800** og sérfræðingar okkar sjá til þess að leiðin verði greið.

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

www.eimskip.is | info@eimskip.is



Verk og vit **2006**

Verður þitt fyrirtæki á
Verk og vit 2006?

Örfá sýningarrými eftir

- bókaðu núna á verkogvit.is

Stórsýningin Verk og vit

- íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð í Laugardalshöllinni, íþróttá- og sýningahöll.

16.-19. mars 2006

Samstarfsaðilar:





Njóttu dagsins **Taktu flugið**

Aðeins fimm skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara.

Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagsins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Skráning Avion í Kauphöllina tókst vel.

Öflugt félag komið í Kauphöllina

Hafliði Helgason

Skráningarferli Avion Group í Kauphöll Íslands tókst vel og geta fyrirtækið og Kauphöllin verið ánægð með tímamótin. Tvö öflug félög hafa á tæpu ári bæst í hóp félaga í Kauphöll Íslands og fjölbreytni í fjárfestingarkostum aukist sem því nemur.

Eftir hraða uppbyggingu og fjölgun félaga í Kauphöllinni brast á flótti í kjölfar samdráttar á markaði. Síðastliðin ár hafa verið gjöful á markaði og þótt fyrirtækjum í Kauphöllinni hafi fækkað hefur verðmætið aukist. Raunar svo mjög að verðmæti í íslensku kauphöllinni er með því allra hæsta sem gerist ef borið er saman við landsframleiðslu.

Kauphöllin hefur gegnt afar mikilvægu hlutverki fyrir þá grósku sem verið hefur í íslensku viðskiptalífi. Virkur markaður hefur gefið frumkvöðlum og leiðandi fyrirtækjum tækifæri til vaxtar og þroska og skapað umgjörð fyrir umbreytingar og endursköpun stórra íslenskra fyrirtækja.

Þegar best lét í lok síðustu aldar var mikill fjöldi fyrirtækja skráður á markað. Samhliða því voru nokkur fyrirtæki á gráum markaði og svo fór sem oft gerist þegar vel gengur að fjárfestar fóru fram úr sér í væntingum til fyrirtækja sem voru tiltölulega skammt komin á þroskabrautinni.

Margir voru brenndir eftir ævintýri gráa markaðarins og fyrir vikið misstu menn sjónar á mikilvægi þess að skapa vettvang fyrir smærri fyrirtæki til þess að sækja sér styrk til að eflast og vaxa. Mörg þeirra fyrirtækja sem nú eru í forystusveit íslensks atvinnulífs væru ekki þar sem þau eru í dag nema af því að fjárfestar voru tilbúnir til að taka áhættu með þeim í byrjun og fylgja þeim til þroska.

Kauphöllin hyggst á næstunni skapa nýjan markað fyrir smærri fyrirtæki. Þetta er mikilvægt skref til að styðja nýsköpun í atvinnulífinu. Mörg fyrirtæki hafa átt erfitt uppdráttar vegna ytri aðstæðna og hvert það skref sem stigið er til að skapa frjóan jarðveg fyrir nýsköpun er jákvætt. Hinu ættu menn hins vegar ekki að gleyma að of miklar væntingar til framtíðar fyrirtækja geta snúist hratt upp í andhverfu sína og valdið fyrirtækjum skaða.

Það er kannski þess vegna sem ástæða er til að hæla aðstandendum Avion Group fyrir hvernig staðið var að kynningu fyrirtækisins. Ekki fer á milli mála að forkólfar þess hafa bjargfasta trú á glæstri framtíð fyrirtækisins, Hins vegar forðust menn að falla í gryfju gegndarlaus oflofs og uppsprengdra væntinga.

Sú hætta að gengi bréfa nýskráðra félaga fari fram úr sér er því meiri þegar mikil bjartsýni ríkir á markaði, eins og nú er. Gengi bréfa Avion hefur lækkað frá skráningu, eftir ágæta hækkun á fyrsta degi. Sú þróun er ekkert sérstakt áhyggjefni og líklegra til lengri tíma farsældar fyrir félagið en ef hækkunir hefðu verið upp úr öllu valdi.

Framhaldið ræðst svo af rekstri og uppbyggingu félagsins sem er þegar upp er staðið eini mælikvarðinn sem mark er takandi á þegar til lengri tíma er litið.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Nýtt VHS & Beta-stríð í uppsiglingu

ORD Í BELG

Hallgrímur Kristinsson
framkvæmdastjóri
SMÁIS – Samtaka
Myndrétthafa á
Íslandi



Síðustu misseri hafa forystuadilar í DVD-væðingunni unnið hörðum höndum að því að koma á fót næstu kynslóð DVD-diska, sem geyma m.a. margfalt gagna- magn á við núverandi DVD-diska. Vandamálið er hins vegar að fram hafa komið tveir staðlar að næstu kynslóð DVD-tækni og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur forystumönnum ekki komið saman um að sameinast um einn staðal og þannig koma í veg fyrir nýtt "stríð" á borð við það sem skali á milli VHS- og Beta-myndbandakerfanna á níunda áratug síðustu aldar.

Þeir tveir staðlar sem slást um næstu kynslóð DVD eru annars vegar svokallað HD-DVD sem var þróað af Toshiba og Nec og hins vegar Blu-ray sem er þróað af Sony.

Blu-ray hefur gífurlega sterkan bakharl því það er þróað af Sony sem hefur m.a. kvikmyndaframleiðslufyrirtækið Sony/Columbia Tri-Star á bak við sig. Þá keypti Sony nýlega allt efni frá framleiðslufyrirtækinu MGM og á því réttinn á miklu magni kvikmynda. Fyrirtækin Fox og Disney hafa einnig gengið til liðs við Sony og ætla að gefa út sitt efni á Blu-ray. Síðast en ekki síst er vert að taka fram að Playstation 3 leikjavélin sem kemur á markað í vor mun innihalda Blu-ray-drif og sú ákvörðun (og velgengni vélarinnar þegar hún kemur út) er talin ráða miklu um það hvor DVD-staðallinn verður ofan á í samkeppninni.

HD-DVD er eins og áður segir þróað af Toshiba en Time Warner-fyrirtækið (sem á m.a. Warner Bros., HBO og New Line

Cinema) hefur staðið þétt við Toshiba við að koma þessum staðli á framfæri. Þá hafa kvikmyndaframtækni Universal og Paramount (sem nýlega keypti Dreamworks) lýst stuðningi við HD-DVD-staðalinn. Seint á síðasta ári ákváðu Microsoft-hugbúnaðarfyrirtækið og Intel að styðja við HD-DVD-tæknina og hefur Microsoft m.a. lýst því yfir að næstu kynslóðir Windows-stýrikerfisins muni styðja HD-DVD. Þetta er talið geta skipt miklu máli fyrir HD-DVD þar sem stuðningur Microsoft er þungur á vogarskálunum en áður höfðu hug- og vélbúnaðarframleiðendurnir Apple, Dell, HP, Philips, Samsung og Sharp stutt Blu-ray-tæknina.

DVD-diskar eins og við þekkjum þá í dag innihalda geymslurými upp á 4,7 gígabæti (GB) af efni. Reyndar er hægt að fjórfalda það magn með því að hafa diskana tveggja laga og tveggja hliða (samaltals um 18 GB). Blu-ray er hins vegar með 25-50 GB geymslurými (hæst tveggja laga) og HD-DVD með 15-45 GB geymslurými (hæst þriggja laga). Ekki veitir af plássinu því 25 GB geymslurými getur rúmað 13 klukkustundir af kvikmyndaefni í þeim gæðum sem við þekkjum í dag, eða um 2 klst. af kvikmyndum eða sjónvarpsefni

í háskerpuæðum (High definition). Núverandi DVD-tækni (4,7 GB) ber einungis 133 mínútur af sjónvarps- eða kvikmyndaefni og einungis nokkrar mínútur af efni í háskerpuæðum.

Undanfarna daga hafa kvikmyndaframleiðendurnir í Hollywood keppt við að senda frá sér yfirlysingar um myndir í háskerpuæðum sem gefnar verða út á þessum nýju DVD-diskum á árinu og má þar nefna titla á borð við Hringadróttins sögu og Harry Potter. Það lítur þó út fyrir að til að tryggja frekari sölu muni flestir framleiðendur gefa út sína titla fyrir báða staðla en nú þegar hafa Warner, Paramount, Universal, HBO og New Line Cinema lýst slíku yfir. Áætlað er að að minnsta kosti 75 titlar verði í boði þegar fyrstu spilararnir koma í verslanir.

Í síðustu viku var tilkynnt í Bandaríkjunum að fyrstu HD-DVD-spilararnir verði komnir í verslanir í mars á þessu ári og verður lægsta verð á spilaranum um 500 dollarar eða rétt rúmar 30.000 krónur. Þar með verður HD-DVD-tæknin nokkrum mánuðum á undan fyrstu Blu-ray DVD-spilurum sem koma út seinna á árinu og verða um helmingi dýrari eða frá 1.000-1.800 dollurum. Helsta ástæðan fyrir þessum verðmun er að HD-DVD-tækni byggir á núverandi DVD-tækni og hefur því margfalt lægri þróunar- og framleiðslukostnað.

Sérfræðingar eru flestir sammála um að Blu-ray sé tæknilega fullkomnara. HD-DVD-tækni hefur hins vegar mun lægri framleiðslukostnað auk þess að neytendur geta afritað kvikmyndir af HD-DVD yfir á önnur jaðartæki heima við, án þess að hægt sé að afrita eintak á netið en slíkt hefur ekki enn verið gert mögulegt af Blu-ray.

Á síðasta ári var reynt að þvinga Toshiba og Sony til þess að koma sér saman um einn staðal en þær víðræður mistókust. Ekki er ólíklegt að þær tilraunir verði endurteknaðar, þegar Toshiba hefur hugbúnaðarinn Microsoft á bak við sig og stendur því sanningslega betur að vígi en áður. En þó er ljóst að bæði kerfin munu líta dagsins ljós á árinu og væntanlega flækja kauphegðun neytenda mikið þó svo að vélbúnaðarframleiðendur eins og Hewlett Packard hafi lýst því yfir að þeirra geisladrif muni styðja hvorutveggja. Ekki má gleyma að báðir staðlarnir spila DVD-diska úr „gamla“ kerfinu og því óþarfi að losa sig við DVD-safnið.



Sérfræðingar eru flestir sammála um að Blu-ray sé tæknilega fullkomnara. HD-DVD-tæknin hefur hins vegar mun lægri framleiðslukostnað...

UM VÍÐA VERÖLD

Frjálslegt reykingabann á Spáni

The Economist | Í upphafi þessa árs bættist Spánn í hóp þeirra Evrópulanda sem bannað hafa reykingar á ýmsum opinberum stöðum. Þar á meðal er eigendum kráa og veitingastaða stærri en 100 fermetrar gert að koma upp reyklause svæði og loftræstingu. „Ég vona bara að einn daginn komist grænmetisæta ekki í ráðherrasstól - þá yrðu steikur kannski bannaðar. Það er ómögulegt að fá sér koniák án þess að reykja vindil með!“ hefur The Economist eftir breskum veitingahúsaeiganda í Madrid, sem með semingri framfylgir banninu.

Það var ekki að ástæðulausu að sósíalísk ríkisstjórn José Luis Rodríguez Zapatero tók ákvörðun um bannið enda eru reykingar helsta banamein Spánverja. Miðað við svipuð lög annars staðar í Evrópu virðast þau spænsku nokkuð sveigjanleg. Samkvæmt skoðanakönnunum eru 77 prósent Spánverja fylgjandi lögunum en 69 prósent þeirra telja að afar erfitt verði að framfylgja þeim.

Aðdáendur Google varaðir við

Bloomberg | Fjárfestar sem fallið hafa fyrir vefundrinu Google eiga ekki gott í vændum að mati John Wasik, greinahöfundar á fréttaveitu Bloomberg. Segist hann ekki efast um að hjá Google starfi hæfileikaríkt fólk sem á bjarta framtíð fyrir sér. Hins vegar hafi fyrirtækið ekki einungis verið ofmetið á markaði heldur sé það í mun meiri samkeppni en margir verðbréfamiðlarar á Wall Street geri sér grein fyrir. Í grein sinni rifjar Wasik upp sögu Cisco Systems Inc. sem þekktast var á tíunda áratugnum fyrir að framleiða beina (routers) fyrir tölvunet. Á blómaskeiði fyrirtækisins náðu fá fyrirtæki upp í þær hæðir þar sem Cisco Systems sat óáreitt og fór hluturinn í Cisco Systems á 82 dollara árið 2000. Síðastliðna sex mánuði hefur hluturinn hins vegar farið á 16 til 19 dollara og þeir eru fáir sem halda niðri í sér andanum yfir fyrirtækinu. Wasik ráðleggur fjárfestum að leggja ekki of mörg egg í körfu Google, það sé hættulegt á svo hvílyndum markaði eins og fjölmörg dæmi sýni.

Ætlar þú að grípa tækifærið?

Viltu veita starfsmönnum þínum tækifæri til að marka fyrirtæki þínu varanlega sérstöðu í ört vaxandi samkeppni?

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, góð skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Þriggja vikna fyrirtækjanámskeið Hraðlestrar skólans eru sérsníðin að þörfum atvinnulífsins. Aukinn lestrarhraði, skilningur og markvissari upplýsingaöflun starfsmanna þinna gæti opnað þínu fyrirtæki aðgang að stórkostlegu tækifæri. Ert þú tilbúinn að grípa það?

Hafðu samband í síma 586-9400, sendu póst á jowi@h.is eða kíktu á <http://www.h.is>



„Námið er mjög markvisst og yfir skemmtilega við gömlu heilasellunum.“

Sigurður Jónsson,
59 ára afgreiðslumaður

Forvarnaáætlun - best geymda leyndarmál fyrirtækja!

Fyrirtæki í Reykjavík er í 12 ára gömlu glæsilegu húsnæði og eru starfsmenn um eitt hundrad. Húsnæðið er mjög tæknivætt og vel hugsað fyrir öllu. Slökkvitæki, brunaslöngur, kort með flóttaleiðum og eldvarnaveggir sem lokast við það frá brunakerfi eru til staðar í húsinu. Starfsfólk er sér vel meðvitað um allan þennan búnað. Aðalástæðan fyrir því að fólk er sér meðvitað um öryggisbúnaðinn er þó sú að brunakerfið fékk reglulega fölsk boð og eldvarnaveggirnir lokuðu hólfum í húsinu. Starfsfólkið var löngu hætt að kippa sér upp við það þegar kerfið fór í gang. Það



gerðist orðið nokkuð reglulega og menn héldu bara áfram að vinna eins og ekkert hefði í skorist og blótuðu háværra bjöllunni.

Eitt er að hafa góðar forvarnir í húsnæði fyrirtækisins en þær nýtast engan veginn ef raunverulegt hættuástand skapast þar sem starfsfólkið kippir sér ekkert upp við bjölluna þar sem brunabóðið hljóti að vera „falskt“. Þarna reynir klárlega á stjórnendur þessa fyrirtækis að taka forvarnaáætlun fyrirtækisins til gagnerrar endurskoðunar þannig að hún virki þegar og ef á reynir.

Forvarnaáætlun á að vera notendavæn og undantekningalaust aðgengileg öllu starfsfólki. Einnig þarf að upplýsa nýtt starfsfólk um forvarnir. Það gefur nýjum

starfsmanni strax góða tilfinningu fyrir vinnustaðnum og stuðlar að auknu sjálfstrausti.

Í upphafi árs setja fyrirtæki sem og einstaklingar sér markmið fyrir árið. Markmiðin eru oftast að gera betur en á síðasta ári og ná meiri árangri varðandi rekstur og afkomu. Í flestum fyrirtækjum er gerð áætlun um komandi ár og reynt að fylgja henni af megni og auðvitað að gera betur.

Mörg fyrirtæki eru fyrir hvatningu sinna tryggingafélaga farin að nota sambærilega aðferð við forvarnaáætlun sína og það er einmitt gráupplágt að nota ára-

mótin til þess. Forvarnaáætlun er því miður eitt best geymda leyndarmál margra fyrirtækja og því ber að breyta strax.

Stjórnendur fyrirtækja eru í ríkari mæli að átta sig á mikilvægi forvarna í sínum fyrirtækjum og uppskera fyrir það jákvæðari ímynd starfsmanna sinna og ekki síst viðskiptavina. Árið 2006 er árið sem við blásum í herlúðra og skorum á stjórnendur fyrirtækja að bretta upp ermarnar og tryggja öryggi starfsmanna sinna og fyrirtækja með öflugri forvarnaáætlun með tilheyrandi margfeldisáhrifum sem eru okkur öllum í hag.

Þór Sigurgeirsson, ráðgjafi á fyrirtækjasviði Sjóvá.

SPÁKAUPMAÐUR

Samskip og FL Group

Ég er sannfærður um að á þessu ári mun renna upp sá tími að hafrarnir skiljast frá sauðunum.

Þetta gildir jafnt um fyrirtæki á markaði og þá sem fjárfesta. Ég fagna þessum tímum, enda þegar til lengdar lætur hundleiðilegt að vera afburðarmaður í fjárfestingum þegar hvaða auli sem er getur grætt pening.

Nú fer nefnilega að gilda að hafa svolítið vit í kollinum og hlusta eftir því sem er að gerast. Reyndar verður sennilega í lagi að vera hálfviti eitthvað fram eftir ári, en tæplega mikið lengur. Einhverjir hafa sennilega brennt sig í FlyMe, en ég tók góðan hagnað þar á því að kunna bæði að lesa og reikna.

Ég hef alla vega ekkert verið að fara á taugum yfir einum og einum lækunardeggi á markaði. Það er fullt að gerast. Hannes er byrjaður að selja út úr FL Group og Karl Werners og Jón Ásgeir að bindast sterkari böndum með sölu á Securitas til Dagsbrúnar.

Annars eru margir að spá í það á markaðnum hvað verði með Icelandair. Ólafur Ólafsson hefur mikinn áhuga á að tengja saman fraktflugíð og Samskip. Avion módelið heillar. Ólafur ætlar allavega að nota olíupeningana í eitthvað. Spurningin er hvort að hann leigi hluta rekstrarins af FL Group og kaupi flutningastarfseminna og leiguflygið síðar út úr félaginu. Mér skilst nefnilega að þetta sé örlítið flókið. Flugrekstrarleyfin eru öll á nafni Icelandair og það er víst ekki einfalt að breyta því.

Hinn möguleikinn er að FL Group eignist Samskip og Ólafur verði stór hluthafi í FL Group. Hann ætti að hugleiða þann möguleika, því það er örugglega margt til vitlausara.

Ég er alla vega alveg viss um að eitthvað á eftir að gerast á þessum slóðum alveg á næstunni. Ég ætla ekki að losa neitt í FL fyrr en ég er farinn að sjá skýrari línur, hvað þeir ætla að gera í eignasafninu. Allt þetta flugdæmi er hrikalega spennandi þótt það sé hættulegt. Þá gildir líka að hafa stáltaugar sem hafa reynt mér svo vel í gegnum tíðina.

Svo eiga örugglega einhverjar bankafréttir eftir að keyra upp markaðinn áður en yfir lýkur.

Hitt er náttúrulega bara að innleysa allan hagnaðinn af erfiði síðustu missera og kaupa Esso og Iceland Express. Þá þyrfti maður hins vegar að fara að standa í rekstri og þótt fáir myndu gera það betur en ég er lífið bara svo þægilegt eins og það er.

Spákaupmaðurinn á horninu



Komdu á morgunfund um nýjstu verkfærin í verkefnastjórnun - Microsoft Enterprise Project Management og Microsoft Project Server 2003

Oft standast verkefni ekki áætlun. Algengt er að yfirlit vanti yfir stöðu verkefna. Hvaða tíma hefur verið eytt í verkefni? Hverjir eiga að gera hvað? Verkefnaskjöl eru oft geymd þannig að aðrir komast ekki í þau og stjórnun mannafla verður handahófskennd.

Þetta þarf ekki að vera svona

Komdu á morgunfund Opinna Kerfa og Microsoft föstudaginn 27. janúar hjá Microsoft Íslandi, Engjateigi 7. Þar verður fjallað um Enterprise Project Management og Microsoft Project Server 2003. Skráðu þig núna. Sendu tölvupóst á iceevent@microsoft.com og kynntu þér það nýjasta sem er í boði.

Í samvinnu við Microsoft hafa Opin Kerfi verið brautryðjendur í innleiðingu á Enterprise Project Management (EPM) lausnum Microsoft. Með þeim má gera verkefni og mannafla sýnilegan eins mörgum og verða vill og stilla saman fólki, verkferlum og tækni í samræmi við stefnu fyrirtækisins. Í stuttu máli er um miðlægt utanumhald auðlinda, skjala, verkefna o.fl. að ræða.

Til að ná settum markmiðum í fyrirtækjarekstri þarf góða yfirsýn yfir verkefni og mannafla. Með tilkomu EPM sem inniheldur Microsoft Project Server 2003, Microsoft Project 2003 og Microsoft Project Web Access hafa opnast nýjar víddir í verkefnastjórn. Öflug skýrslugerðartól (OLAP) veita nýja sýn á gang mála og auðvelda þannig alla stýringu.

Kynntu þér lausn með raunverulegt hagræði. Hlustaðu á það sem sérfræðingarnir hafa fram að færa. Sjáðu hvernig við getum hjálpað þér við að taka stjórnina í þínar hendur.

Dagskrá 27. janúar 2006:

- 08:30-09:00 ■ Morgunkaffi í boði Microsoft Íslandi
- 09:00-09:15 ■ Fundur settur
Hallur Þór Sigurðarson, vörustjóri, Microsoft Íslandi
- 09:15-10:15 ■ Kynning á Microsoft Project Server 2003
Kelvin Kirby, framkvæmdastjóri og ráðgjafi hjá Technology Associates International
- 10:15-10:35 ■ Innleiðing EPM og MPS2003 hjá LSH
Jón Ingi Hilmarsson, verkefnastjóri, Landspítala Háskólasjúkrahúsi
- 10:35-11:00 ■ Innleiðing og nýjungar í Microsoft Project Server Office 12
Ólafur Örn Ólafsson, ráðgjafi, Opnum kerfum

Skráðu þig núna. Sendu tölvupóst á iceevent@microsoft.com

OPIN KERFI

Microsoft®

AURASÁLIN

Rýrar villur

Aurasálin verður að viðurkenna að hún er í svolitlu sjokki eftir að hafa lesið DV um helgina. Þar voru birtar myndir og fasteignamat heimila nokkurra ofurlaunaforstjóra í samfélaginu.

Ástæðan fyrir sjokkinu er einfaldlega sú að Aurasálin er alin upp við þá dyggð að húsakostur eigi að endurspegla sem best velgengni hvers manns í lífinu. Þannig stóð Aurasálin mörg síðkvöldin og batt járn og skóf timbur til þess að sanna fyrir umheiminum að henni hefði vel farnast í lífinu.

Pessi iðja varð líka til þess að Aurasálin kynntist vel nágrönnum sínum og hefur átt við þá góð samskipti ef frá eru talin nokkur minniháttar málaferli sem Hæstiréttur Íslands missskildi. Það sannaði fyrir Aurasálinni að góð próf úr háskóla eru ekki trygging fyrir neinu.

Nema hvað, Aurasálin þurfti að fara ofan í skúffu og kíkja á sitt eigið fasteignamat. Þar blasti við ævistrit Aurasálarinnar, blóð, sviti og tár, auk áðurgreindra smávægilegra málaferla. 50 milljónir samkvæmt faglegu mati Fasteignamats ríkisins. Þegar Aurasálin leit yfir listann var það nánast bara Hannes Smárason sem fór upp fyrir hann og það með því að eiga tvö hús. Nú hlýtur maður að spyrja hvar sjálfsvirðing þessara manna sé.

Parna voru dæmi um að fasteignamat húsa væri rétt yfir mánaðarlaunum þeirra. Aurasálin þekkir múrara, smiði og pípuþingamenn sem búa í miklu stærri og flottari húsum. Er þetta þau gildi sem leiðtogar atvinnulífsins vilja hafa fyrir börnum sínum?

Yfir þessu var fyrisögnin:

Glæsivillur forstjóra á ofurlaunum. Blaðamaðurinn sem skrifaði þetta hlýtur að búa á Hjalpræðishernum. Það hlýtur að vera sjálfsgöð krafa að þessir stórríku menn sýni almenningi hvernig á að búa hafi maður stórkostlegar tekjur.

Eina ályktunin sem dregin verður af því að menn með slíkar tekjur búi eins og hver annar vinnandi þræll er sú að þeir flytji peningana í hlössum inn á svissneska bankareikninga eða eigi, eins og mig reyndar grunar, kastala og hallir í útlöndum.

Þar er kannski komið að því sem DV á raunverulega að vera að gera. Það er að finna kastalana og snekkjurnar sem hljóta að vera úti um allan heim. Þessi venjulegu einblyshús sem birt voru eru ekki nema toppurinn á ísjakanum. Það bara getur ekki verið að ofurlaunamennirnir búi verr en Aurasálin sem þrátt fyrir mun lægri tekjur hefur með ráðdeild og sparnaði náð að koma sér góðu þaki yfir höfuðið og er með borðtennisborð og lítinn bar í úppfylltum sökkli sem ekki er einu sinni talinn til fermetra þegar Fasteignamatið metur húseignina til verðmætis.

Engin ástæða til þess að hætta að gera út

Útgerðarfélagið Stálskip hefur starfað í á fjórða áratug undir forystu hjónanna Guðrúnar Lárusdóttur og Ágústs Sigurðssonar. Guðrún hefur ekki í hyggju að hætta í útgerð og beitir sér á sam-eiginlegum vettvangi útgerðarmanna í stjórn LIÚ. *Haflíði Helgason* ræddi við hana um reksturinn og lífið í sveiflukenndri atvinnustarfsemi

Maður gleymir því stundum að Hafnarfjörður er sjávarpláss og gamall útgerðarbær. Þar reka hjónin Guðrún Lárusdóttir og Ágúst Sigurðsson rekið útrgerðarfyrirtækið Stálskip. „Hér er ennþá þó nokkur smábáta-útgerð, en hvað okkar flokk varðar innan LIÚ erum við ein eftir,“ segir Guðrún. Henni finnst það skelfileg þróun.

Við sitjum við borð á veitingastaðnum Tilverunni í Hafnarfirði og sjáum yfir höfna. Síðastliðinn 35 ár hefur tilveran líka snúist um útgerðina. „Við byrjuðum árið 1970 með tvær hendur tómar. Maðurinn minn hafði trú á því að það væri hægt að bjarga nýlegu skipi á Ísafirði sem hafði strandað þar.“ Þau keyptu skipið og tókst að bjarga því. „Það sem var úrslitaatriðið var hvort að aðalvélinn fór í gang. Hún gerði það. Síðan var það ótrúleg vinna að koma skipinu í lag með enga peninga og enginn sem vildi lána okkur. Þegar maður lítur til baka, þá skilur maður ekki hvernig maður þrjóskaðist við til að ná þessu. Þetta var mjög gott skip og þegar var búið að koma því í lag, þá tímduum við ekki að selja það. Við vissum ekkert hvernig ætti að fara að því að gera út skip, en ég held að margir útgerðarmenn viti það ekki heldur, enn þann dag í dag,“ segir hún spök.

„Við vorum heppin og lærðum af reynslunni.“ Guðrún segir að þau hafi alltaf stigið varlega til jarðar og tekið eitt skref í einu. „Við höfum aldrei lagt í að taka áhættu sem gæti steypt okkur.“

Nú eru þau með eitt skip í rekstri, en eitt var selt í fyrra. „Við tókum þá ákvörðun úr því við gátum selt það góðum manni hér innanlands. Við þurftum ekki að láta nema smávegið af kvóta með, enda vildum við halda sem mestu af kvótanum til að nýta hann á þetta eina skip.“

Sjávarútvegurinn hefur verið í mikilli þróun og á tímabili fóru nokkur útgerðarfélag á hlutabréfamarkað. „Mér hugnaðist það ekki. Ég er líklega svona forneskjuleg, en ég vil vera svo sjálfstæð. Við höfum bara viljað halda okkar striki.“

Sjávarútvegurinn er áhættusöm grein og sveiflurnar miklar. „Maður er að taka áhættu á hverjum degi. Við búum við þetta veðurlag, en ég hef stundum sagt að maður veit um náttúruöflin og sættir sig við þau. Hins vegar hef ég aldrei getað sætt mig við arfavitlausar ákvarðanir sem stjórnmalamenn niður á þingi hafa verið að taka. Oft er það í pólitískum tilgangi að menn eru að kaupa sér atkvæði, af því að fjöldinn vill fyrningarleidd eða guð má vita hvað má kalla öll þessi ósköp. Þeir hins vegar athuga það ekki að ef það er farið eftir þessum leiðum, þá eru þeir að dæma af öðrum atvinnuréttindinn.“ Guðrún segir engar sérstakar ástæður til þess að vera að búa til sérstakar reglur um þessa atvinnugrein umfram aðrar. Greinin ber háan hlutfallslegan launakostnað og olíuverð og hátt gengi krónunnar hefur reynst erfitt. Hátt verð á mörkuðum hefur hjálpa. „En ég get ekki sagt við þann sem ég sel að ég verði að hækka verðið af því að krónan sé svo sterk, af því að einhverjir útlendingar eru að kaupa skuldabréf eða guð veit hvað. Þá getur komið að því að þorskurinn verði svo dýr að enginn vilji kaupa hann og kaupa frekar kjúklinga. Þá erum við í vöndum málum og þá getum við tapað markaðnum.“

Henni er ekki síður þyrnir í augum sá efirlitsiðnaður sem er sífellt þyngri byrði á þessum rekstri. Hún segir enga ástæðu til að tortryggja atvinnugreinina og hafa hana undir svo kostnaðarsamri smásjá yfirvalda. „Það er gömul lumma að menn séu að henda verðmætum



GUÐRÚN LÁRUSDÓTTIR, ÚTGERÐARMAÐUR Guðrún hefur ásamt manni sínum Ágústi Sigurðssyni rekið Stálskip í Hafnarfirði á fjórða áratug. Hún sér engan tilgang í að selja og fara að elta golfkúlur.

Fólki er smám saman að skiljast að útgerð og fiskvinnsla er matvælaframleiðsla og keppir sem slík við aðra matvælaframleiðslu í heiminum. Guðrún segir að þau hafi til að byrja með litið á það sem náttúruleg mál að selja í gegnum stóru sölufyrirtækin. „Við fórum að prófa að selja sjálf, því við vorum

ad greiða heilmikið í umboðslau. Við hentum okkur út í djúplögina og það hefur gefist vel.“

Það hafa margir farið flatt á útgerð, en Stálskip hafa gengið vel og fyrirtækið hefur jafnan skilað hagnaði. „Það er tvennt sem hefur veirð eins og rauður þráður í gegnum reksturinn, Við höfum verið með hæstu launagreiðendum á landinu og með hæstu skattgreiðendum. Er það ekki bara ljómandi gott?“ spyr hún. „Maður getur ekki verið á mjög rangri braut ef þetta gengur upp.“

Stálskip hafa fetað nýjar slóðir í starfsemi, en fyrirtækið var ásamt Sjólastöðinni í Hafnarfirði brautryðjandi í úthafsveiðum. „Þetta var enginn dans á rósum að hefja þetta. Við vorum tilraunakáninur fyrir Hampiðjunna og við vorum að koma inn með allt í flækju. Það sem var erfiðast var að sannfæra kallana um að einhvern tímann myndi þetta borga sig. Það var ekkert upp úr þessu að hafa nema kauptryggingu og að reka menn út á rúmsjá með ekkert nema kauptryggingu er enginn leikur. Svo fór þetta smám saman að gefa eitthvað af sér.“

Aðstæður hafa verið þannig að tækifærin hafa verið mörg til þess að selja reksturinn og innleysa hagnað af ævistarfinu. Guðrún neitar því ekki að þau hafi hugsað um það, en ekkert orðið af því. „Við sætum þá á einhverjum haug af peningum og hvað ættum við að gera við það? Þetta kunnum við vel, fyrir-

tækið gegnur ágætlega og við erum ánægð í þessu starfi. Þeir sem vinna hjá okkur eru tiltölulega ánægðir; annars væru þeir ekki og við höfum getað átt ágæta samvinnu við starfsmennina.“ Hún segist því litla ástæðu sjá til þess að selja. „Ég hef engan áhuga á að elta einhverja golfkúlu út um allt. Það hefur engan tilgang og ég er þannig gerð að ég fer ekkert nema að ég geti notað ferðina og hún hafi einhvern tilgang. Það er rosalegt að vera svona,“ segir hún og hlær. Þau hjónin hafa verið samhent í uppbyggingunni. „Við höfum verið samhent, en það er ekki þar með sagt að við séum alltaf sammála.“ Þau hafa náð að leiða ólík sjónarmið til lykta og ákvarðanirnar hafa skilað góðum rekstri í yfir þrjátíu ár.

Guðrún og Ágúst eiga þrjár dætur. Tvær eru tannlæknar og ein kennari. „Ég reyndi nú að halda að þeim að fara í Versló, en þær vildu það ekki, svo þær réðu því.“ Þær hafa allar unnið við fyrirtækið einhvern tímann og Guðrún segir aldrei að vita hvort afkomendurnir taki við fyrirtækinu. „Maður veit aldrei hvað gerist. Þær þekkja allar til fyrirtækisins og væru allar vel færar til þess að stjórna fyrirtækinu. Við erum ekkert að þvinga þær til þess. Börnin manns og barnabörnin verða finna sjálf hvað þau vilja gera.“ Barnabörnin eru fimm talsins og ekki óhugsandi að í þeim hópi leynist útgerðarmaður. Allavega er einn fulltrúi fjölskyldunnar kominn í Versló; það tók tvo

ætlið að ná því fram. Sjálf er hún úr Vesturbænum í Reykjavík og fáir spá því að rekstur útgerðar yrðu hennar vettvangur. Faðir hennar borgar-skjálavörður og einn af forkölfum Leikfélags Reykjavíkur á sínum tíma, Hún fékk þann áhuga í arf og segist dugleg að sækja leik-sýningar. „Ég hef óskaplega gaman af því að fara í leikhús.“

HÁDEGISVERÐURINN

Með Guðrúnu Lárusdóttur, útgerðarmanni í Stálskipum

Hádegisverður fyrir tvo á Tilverunni

Sveppasúpa
Pönnusteiktur hlýri með
tómátvonnassé.

Drykkir
Vatn og kaffi
Alls krónur 3.420



Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Sjö fyrirtæki sameinast um eitt

Til að auka útflutningstekjur hafa nokkur norsk upplýsingatæknifyrirtæki sameinast á jafnréttisgrundvelli um rekstur nýsköpunarfyrirtækis.

Movation AS heitir nýstofnað fyrirtæki í Noregi en það er samstarfs- vettvangur sjö upplýsingatæknifyrirtækja sem öll standa fram- arlega á sínu sviði. Í tilkynningu Telenor, norska landsímans, segir að Noregur sé í fararbroddi í hag- nýtingu þráðlausrar tækni og far- símaþjónustu og að samstarfs- vettvangurinn nýi eigi að efla nýsköp- un á sviði upplýsingatækni.

„Ætlan fyrirtækjanna er að Movation verðisamráðsvettvangur nýsköpunar þar sem sérfræðing- ar með margvíslegan bakgrunn geti beitt sér fyrir markvissri uppbyggingu. Markmiðið er að

auka verðmæti útflutnings,“ segir Telenor.

Fyrirtækin sjö eru Birdstep Technology, Comperio, Fast Search & Transfer (FAST), Nera Satcom, Opera Software, Radionor Communications og Telenor. Movation AS er hins vegar sett upp sem sjálfstætt fyrirtæki og g stjórnað þess sögð einstök að því leyti að allir hluthafar hafa jafnan rétt, burtséð frá stærð eignarhlutar.

„Í norska upplýsinga- tæknigeiranum er fjöldi áhuga-

verðra fyrirtækja og við teljum að enn sé til heilmikil ónýtt sköpunar- gáfa. Fyrirtækin sjö starfa hvert á sínu sviði, en deila kannski hindrunum og tækifærum í rekstrarum- hverfi sínu. Þess vegna er nauðsynlegt að við störfum saman,“ segir Hans-Christian Haugli, forstjóri rannsókna og þróunar hjá Telenor og stjórnarformaður Movation AS.

- óká

JÓN S. VON TETZCHNER Jón stofnaði Opera Software í Noregi með norskum félagum sínum árið 1995, en báðir höfðu þeir starfað saman við hugbúnaðarþróun hjá Telenor. Opera er eitt sjö fyrirtækja sem stendur að nýju nýsköpunarfyrirtæki í Noregi.



BESTA RÁÐIÐ

Tala minna – hlusta meira

Friðrik Pálsson hótélrekaði þarf ekki að hugsa sig lengi um þegar hann er beðinn um að deila því ráði sem hefur nýst honum best í leik og starfi.

„Því er einfalt að svara, það er að hlusta,“ segir Friðrik sem segir það nokkuð algengt í fari Íslendinga að grípa frammi hver fyrir öðrum. „Með því leyfum við ekki viðmælendum okkar að njóta sín og missum oftast en ekki af því að heyra gullkorn sem aðrir búa yfir og gætu nýst okkur sjálfum vel.“ Friðrik segir ekki efast um það að ýmsum í kringum hann sjálfan þætti hann mega leggja betur við hlustir á stundum. Eftir því sem tíminn líði sjái hann betur hversu

mikilvægur eiginleiki þetta er, þótt hann vilji láta aðra dæma um það hvort hann sé góður hlustandi.

Friðriki er einnig í fersku minni setning sem hann heyrði frá fullorðnum ítölskum viðskiptavini sínum fyrir einhverjum árum síðan: „Temdu þér að taka ákvarðanir fljótt en eins seint og mögulegt er.“ Hann segir að þótt þetta hafi frekar verið sagt í gríni en alvöru sé nokkurt vit í þessu. Það sé óþarfi að draga ákvarðanir en samt sem áður ætti ekki að taka þær nema að vel athuguðu máli og ekki fyrr en þörf er á. Þannig megi að einhverju leyti sneiða hjá röngum ákvörðunum. - hhs



HÓTELREKANDINN FRÍÐRIK PÁLSSON Segir það mikilvægur eiginleiki að kunna að hlusta. Geri maður það ekki er hættan sú að missa af gullkornum sem aðrir kunna að búa yfir.



Einkamál

Við eyðum trúnaðargögnum

Efnamóttakan býður fyrirtækjum upp á sérhæfða og umhverfisvæna þjónustu. Rík áhersla er lögð á fullkomið öryggi og trúnað. Efnamóttakan í Gufunesi er opin virka daga frá 7.30 – 16.15.

MIXA - flt - 13/02



Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Við sækjum! S. 520 2220 www.efnamottakan.is

Dæmi:
Trúnaðarskjöl
Filmur
Tölvugögn

Og Vodafone kynnrir

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Vodafone World

Vodafone World er einfaldari og skýrari verðskrá í útlöndum fyrir GSM áskrifendur í krafti öflugs samstarfs Vodafone fyrirtækja um allan heim. Vodafone World gildir fyrir GSM notendur erlendis.

- » Öllum heiminum er skipt upp í 5 verðsvæði.
- » Skýr yfirsýn yfir verð í útlanda- simtölum og einfaldur verð- samanburður.
- » Vodafone fyrirtækin eru alltaf hagstæðari.
- » Enginn kostnaður felst í skráningu í Vodafone World.
- » Veldu Vodafone í 36 löndum.
- » Skráðu fyrirtækið þitt í síma 599 9500 eða á www.ogvodafone.is

Vodafone World eru hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði. Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



og
vodafone

Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjþjónusta Og Vodafone**, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Dekk • Bón og þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskripti • Rúðupurkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum



-20%
afsláttur

af heilsárs- og nagladekkjum

Hvað get ég gert fyrir þig?

➤ Bón og alþrif	á tilboði
➤ Smurþjónusta	á tilboð
➤ Rafgeymar	á tilboði
➤ Sækjum og sendum	10% afsl.
➤ Bremsuklossaskipti	gerum tilboð
➤ Dekkjahótel	2000 kr. 4 stk.

Vaxtalausar léttgreiðslur!

BÍLKÓ
bilko.is

Betri verð!

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



UT-DAGURINN Á HÓTEL NORDICA Góð mæting var á UT-daginn sem haldinn var í fyrsta sinn á þriðjudag. Fylgjast mátti með daglangri dagskránni og fjölda fyrirlesara í beinni útsendingu á netinu.
Fréttablaðið/Valli

Ísland.is kynnt á UT-deginum

Vefgátt opinberrar þjónustu á að opna í haust.

Í haust er stefnt að því að opna vefgáttina Ísland.is. Þar á að vera hægt að finna alla opinbera þjónustu sem veitt er á netinu, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, fer fyrir starfshópi háttsettra embættismanna sem vinna að undirbúningi síðunnar.

Bolli segir stefnt að því að

auka enn frekar opinbera þjónustu við almenning á netinu, en síðan verði opnuð í áföngum. Hann kynnti síðuna á UT-deginum á Hótel Nordica í gær, þriðjudag. Ísland er alla jafna ofarlega á lista í samanburði þjóða hvað tæknivæðingu varðar en stendur ekki jafn vel hvað varðar opinbera þjónustu á netinu. Bolli segist gera ráð fyrir bættri og breyttri stöðu hvað það varðar á þarnaesta ári.
- óká



Nýtt barnaherbergi

Fáðu góðar hugmyndir og sjáðu glæsilegar útfærslur í nýja bæklingnum okkar "Hugmyndir og góð ráð fyrir barnaherbergið". Bæklingin færðu í næstu verslun Flugger lita

Flugger litir

Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6
Dalshraun 13
Hafnargata 90

Austursíða 2
Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Sólbakka 8

www.flugger.is



BOLLI ÞÓR BOLLASON Bolli, sem er ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, fer fyrir starfshópi sem koma á upp vefgáttinni Ísland.is.
Fréttablaðið/CVA

FÓLK Á FERLI

ÞÓRANNA JÓNSDÓTTIR hefur verið ráðin framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vistor.



Þórunna starfaði áður sem lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og gegndi þar stöðu aðstoðardeildarforseta og síðar forstöðumanns BS-náms. Þórunna lauk kandidatsgráðu í lyfjafræði frá Háskóla Íslands árið 1994, MBA-gráðu frá IESE í Barcelona árið 1998 og stundar nú doktorsnám á sviði stjórnanar við Cranfield University í Bretlandi.

Heildarlausnir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðumjárnnum



HÉÐINN

Stórá 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



TEKIÐ VIÐ STYRKNUM Kristján Sigurðsson yfirlæknir, Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, og Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka.

Styrkur upp á 40 milljónir

Íslandsbanki hefur ákveðið að gefa nýtt leitartæki til Krabbameinsfélags Íslands að andvirði 40 milljónir króna. Um er ræða stafrænt röntgentæki sem nýtist vel til forvarnarstarfs Krabbameinsfélagsins í leit að meinum í brjóstum kvenna.

Nýja tækið byggir á staf-rænni röntgentækni sem gerir mögulegt að færa myndir beint inn á tölvu í stað hefðbundinna

röntgenfilma. Nýlegar rannsóknir staðfesta að þessi tækni gefur möguleika á nákvæmari greiningu lítilla æxla og gagnast aðferðin best í brjóstum yngri kvenna og kvenna með þéttan brjóstavef. Auk þess er mun minni geislaskammtur í þessum nýja tæki en áður þekkt og dregur þannig úr geislaáhrifum sem sumar konur óttast og hefur komið í veg fyrir að þær mæti til leitar. - hhs



EMBÆTTI DÓMSMÁLARÁÐUNEYTISINS UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS TRYGGÐUR AUKINN HRADI Í GAGNAFLUTNINGUM. Vigfús Erlendsson, rekstrarstjóri Tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins, og Katrín Olga Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans, handsala þriggja ára samning um háhraðanetstengingar sem tekur sérstaklega til gagnaöryggis, rekstraröryggis, hagkvæmni og fjölbreytts þjónustuframboðs. Með samningnum fá embætti dómsmálaráðuneytisins utan höfuðborgarsvæðisins, lög-regla, sýslumenn og héraðsdómarar IP-nettengingar og er þannig tryggð aukinn hraði í gagnaflytingum. Munu tengingar Tölvumiðstöðvarinnar við IP-net Símans jafnframt auðvelda henni að veita fjölbreytta þjónustu um ljósleiðara og kopar, þar á meðal háhraða net-tengingu, talsímþjónustu, samtengingu fyrirtækjaneta, myndfundi og hýsingarþjónustu.

Söluvagnar á göngum Kringlunnar



Kringlan leigir söluvagna í eina til fjórar vikur í senn!

Upplýsingar um verð og leyfilegar vörutegundir veitir þjónustustjóri Kringlunnar í síma 568 9200 eða á netfanginu soluvagnar@kringlan.is.



Fjórðungur starfsliðsins rekinn

Bandaríkin, AP Ford-bílaverksmiðjurnar í Bandaríkjunum tilkynntu á mánudag að á bilinu 25.000 og 30.000 starfsmönnum þeirra í Norður-Ameríku verði sagt upp störfum, af alls 122.000 starfsmönnum. Fram til ársins 2012 stendur og til að loka fjórtán framleiðslueiningum bílaframleiðandans.

Þessar niðurskurðaraðgerðir eru liður í endurskipulagningu á rekstri fyrirtækisins. Á síðasta ári var 1,6 milljarða dala tap af rekstrinum í Norður-Ameríku, andvirði um 101 milljarðs króna.

Verð á hlutabréfum í Ford hækkaði um 7,6 prósent á Wall Street þegar þessar fréttir bárust.

Niðurskurðurinn í starfsliðinu jafngildir um 20 til 25 prósentum af heildarfjölda starfsmanna í Bandaríkjunum. Bill Ford, forstjóri fyrirtækisins sagði aðgerðirnar sársaukafullar, en kvaðst vonast til þess að



VERKAMAÐUR STARFAR VIÐ FÆRIBAND HJÁ FORD Í BANDARÍKJUNUM í byrjun vikunnar var allt að fjórðungi starfsfólks bílaframleiðandans Ford í Bandaríkjunum sagt upp störfum. NORDICPHOTOS/AFP

þegar fram í sækti myndu þær hafa í för með sér aukinn stöðugleika í rekstrinum og öruggara starfsumhverfi. „Við þurfum öll

að takast á við breytingar og færa fórnir, en til lengri tíma lítið, trúi ég því að þetta sé farsælasta leiðin,“ segir hann.

Janúartilboð

Nicorette Freshmint

20% afsláttur



Bragð sem endist lengur

Lyf & heilsa AUSTURVERI
Opíð til kl. 24

nicorette nicotin

Tilboðið gildir í öllum apótekum Lyf & heilsu

Lyf & heilsa Við hlustum!

Nicorette nikótínlyf eru fánæg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstakingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hættu á reykingum eða draga úr þeim. Því þar sem kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ónæmi fyrir nikótíni eða öðrum imihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttargölp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þunguðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vístor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.



Betra skipulag á nýju ári!

...með skrifstofuvörum frá Múlalundi



Hátúni 10c • S: 562-8500 • Fax: 552-8819 • www.mulalundur.is

egla

Gengishagnaður hár í alþjóðlegum samanburði

Hvað er gengishagnaður?

Gengishagnaður er innleystur eða óinnleystur hagnaður af eign eða skuld. Í uppgjörum fyrirtækja er gengismunur (gengishagnaður eða gengistap) færður í rekstrarreikning vegna verðbreytinga á undirliggjandi eign eða skuld. Helstu tegundir gengishagnaðar eru gengishagnaður af hlutabréfum, skuldabréfum, gjaldeyris-tengdum eignum og skuldum og afleiðum. Þegar aðrar tegundir eigna sem ekki eru skráðar á markaði eru seldar, t.d. fasteignir eða skip, þá er talað um söluhagnað eða sölutap. Þegar miklar hækkunir eiga sér stað á hlutabréfamarkaði er gengishagnaður af hlutabréfa- eign alla jafna fyrirferðamikill í uppgjörum fjármála- og fjárfestingafyrirtækja. Hækkun á gengi krónunnar á undanförunum misserum hefur síðan leitt til gengishagnaðar af erlendum lánum fyrir- tækja þar sem að lánin hafa skroppið saman í krónum talið.

Er gengishagnaður "óeðlilegur" hagnaður?

Nei. Hins vegar er óvarlegt að gera ráð fyrir óvenju miklum og varanlegum gengishagnaði til lengri tíma litið. Almenn er litið á vaxta- og þóknunartekjur banka sem áreiðanlegri tekjur í rekstri þeirra.

Gengismunur af hlutabréfaeign getur sveiflast mikið og því má segja að þessi tegund hagnaðar sé talsverðri óvissu háð.

Að hvaða leyti er gengishagnaður óðrúvísi en annar hagnaður?

Hagnaðurinn verður til vegna breytinga á verði undirliggjandi eignar eða skuldar. Ekki er um að ræða hefðbundinn hagnað vegna framlegðar af sölu á vöru eða þjónustu.

Hvað eiga bankar að gera ráð fyrir miklum gengishagnaði?

Íslensku bankarnir eiga umtalsverðar eignir bundnar í hlutabréfum annarra fyrirtækja, bæði félaga hérlendis sem erlendis. Ekki er hægt að ganga út frá neinni ákveðinni ávöxtun þegar horft er til framtíðar. Til skemmri tíma litið er hægt að reikna með gengishagnaði í

takt við þróunina á hlutabréfamarkaði sem reiknað er með. Þannig tekur til dæmis spá okkar um gengishagnað banka á þessu ári mið að væntri hækkun Úrvalsvísitölunnar á árinu. Til lengri tíma litið er eðlilegra að reikna með að vænt meðalávöxtun af hlutabréfaeign sé í námunda við þá ávöxtunarkröfu sem gerð er til markaðarins. Þar erum við að tala um 12-15 prósentu nafnávöxtun til lengri tíma litið en sveiflur á milli ára geta þá verið miklar og skiptst á gengishagnaður og gengistap. Þegar borinn er saman gengishagnaður banka af hlutabréfum á milli ára þarf að hafa í huga að hækkun gengishagnaðar kann að skýrast af því að bankinn hefur einfaldlega bundið meira fé í hlutabréfum þó svo að ávöxtunin sé mögulega sú sama eða lakari en árið áður.

Hefur afkoma íslenskra banka litast af miklum gengishagnaði í samanburði við erlendar fjárfestingafyrirtæki?

Gengishagnaður íslenskra banka þykir hár í alþjóðlegum samanburði. Þá er átt við að hlutfall gengishagnaðar af heildartekjum sé hátt. Þetta hefur þó verið misjafnt á milli bankanna hér en almennt má segja að stjórnendur íslensku bankanna stefni að því að auka

vægi vaxta- og þóknunartekna á kostnað gengishagnaðar. Það er líka til þess fallið að bæta lánshæfiseinkannir bankanna sem mun síðan skila sér í betri kjörum við fjármögnun á erlendum lánamörkuðum. Kaup á erlendum bönkum og verðbréfafyrirtækjum stuðla einnig að því að þetta markmið náist. Hækkunir á hlutabréfaferði hér á landi hafa hins vegar verið svo miklar á undanförunum þremur árum að hlutfall gengishagnaðar hefur haldist hátt.

Nú spá greiningardeildir því að gengishagnaður minnki nokkuð á þessu ári. Hverjar eru ástæður þess?

Aðalástæðan er sú að ekki er reiknað með eins miklum hækkunum á hlutabréfaferði á þessu ári eins og á því síðasta.

Almennt er litið á vaxta- og þóknunartekjur banka sem áreiðanlegri tekjur í rekstri þeirra. Gengismunur af hlutabréfaeign getur sveiflast mikið og því má segja að þessi tegund hagnaðar sé talsverðri óvissu háð.



GENGISHAGNAÐUR Í HÆSTU HÆÐUM Stór hluti af methagnaði viðskiptabankanna, Straums og FL Group er tilkominn vegna gengishagnaðar. Meginástæðan er mikil hækkun á innlendum hlutabréfum á síðasta ári. Búist er við lækkun gengishagnaðar á þessu ári.

Gengishagnaður í hámarki

Fyrirtækjum er spáð griðarlegri hagnaðaraukningu á fjórða ársfjórðungi nýliðins árs. Aukningin er fyrst og fremst tilkomin vegna gengishagnaðar af fjármálastarfsemi sem hefur aldrei verið meiri og eru það fyrst og fremst fjármálafyrirtæki og FL Group njóta góðs af henni. Eggert Þór Aðalsteinsson kannar hvaðan gengishagnaður fjármálafyrirtækja kemur.

Sérfræðingar eru allir sammála um að stórauknum gengishagnaði beri einkum þakka miklum hlutabréfahækkunum á innlendum markaði á síðasta ári. Úrvalsvísitalan hækkaði um tæpan fimmtung á síðasta árshluta og um 65 prósent allt árið 2005, sem er mesta árshækkun frá upphafi.

Ekki má heldur gleyma að erlendir hlutabréfamarkaðir sýndu ágætis ávöxtun á síðasta ári. Kaup innlendra fyrirtækja á erlendum hlutabréfamörkuðum hafa tekist vel og má þar benda á easyJet, Carnegie og Finnair.

Styrking krónunnar á síðasta ári hefur einnig jákvæð áhrif á rekstur sumra fyrirtækja, eins og sjávarútvegssfélag, því skilar hún sér í gengishagnaði af erlendum lánum.

Greiningardeild Landsbankans spáir sérstaklega fyrir um gengishagnað hjá FL Group, Íslandsbanka, KB banka og Straumi-Burðarási á fjórða ársfjórðungi og býst við að hagnaðurinn verði 45 milljarðar króna. Við þá tölu bætist svo gengishagnaður Landsbankans.

DÝRMÆT SKULDABRÉF Í BAKKAVÖR

Í spá greiningardeildanna um afkomu KB banka á fjórða ársfjórðungi er gert ráð fyrir að gengishagnaður vegi þyngra en áður og verði um níu milljarðar króna. Fyrir árið í heild spáir Landsbankinn að gengishagnaður verði tæpur 31 milljarður. Miklar hækkunir á hlutabréfamarkaði skýra þennan árangur en hagnaður af breytanlegu skuldabréfi í Bakkavör Group, sem er ígildi um 23 prósentu útistandandi hlutafjár, verður einn og sér 3,6 milljarðar króna. Þá féll yfir þriggja milljarða söluhagnaður af Lýsingu til snemma árs.

Bæði Íslandsbanki og Landsbankinn áætla að hagnaður KB banka á árinu 2006 minnki frá fyrra ári þar sem hlutabréfaferð hækki ekki með sama hætti og undanfarin ár.

STRAUMUR SKILAR SÉR

Í umfjöllun greiningadeilda Íslandsbanka og KB banka um uppgjör Landsbankans kemur fram að gengishagnaður af hlutabréfaeign vegi þungt. Einn stærsti eignarhluti Landsbankans á innlendum hlutabréfamarkaði er í Straumi-Burðarási en einnig er bankinn stór í Actavis og FL Group. Bankinn fékk sænsku félögin Carnegie og Intrum Justitia sem sinn skerf við uppstokkun Burðaráss en þau bæði hækkuðu nokkuð á fjórða ársfjórðungi.

Greiningaraðilar eru bjartsýnir á gengi Landsbankans á árinu og búast við hröðum og miklum vexti erlendis.

Fastlega er búist við mikilli aukningu gengishagnaðar hjá Íslandsbanka vegna hinnar miklu hækkunar á innlendum hlutabréfamarkaði á síðasta árshluta. Landsbankinn reiknar með þriggja milljarða gengishagnaði á tímabilinu. Íslandsbanki var áberandi í hluthafahópi FL Group og KB banka um síðustu áramót.

KB banki spáir því að hagnaður Íslandsbanka standi í stað á árinu en Landsbankinn býst við minni hagnaði, sem skýrist fyrst og fremst af talsvert minni gengishagnaði.

MIKIL HÆKKUN Á EASYJET

Greiningardeildirnar spá því að gengishagnaður Straums-Burðaráss af eignarhluta í Íslandsbanka, sem nú hefur verið seldur að mestu leyti, verði 7,5 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi en Landsbankinn spáir að allur gengishagnaður verði hvorki meiri né minni en átján milljarðar á fjórðungi. Aðrar hlutabréfastöður, svo sem í Skandia og Finnair, skila einnig miklum hagnaði. Einnig er ljóst að mikill gengishagnaður vegna hækkunar hlutabréfa í Íslandsbanka fellur til á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

FL Group, sem er skilgreint sem fjárfestingafélag, skilar yfir tíu milljarða hagnaði á fjórða árshluta sem samanstendur af miklum gengishagnaði í lágjaldflugfélaginu easyJet og af hlutabréfaeign í viðskiptabönkunum þremur. Félagið er næststærsti hluthafinn í easyJet sem hækkaði um tæp 30 prósent á fjórða ársfjórðungi og meira en tvöfaldaðist í virði á síðasta ári. FL Group er með geysilega stórar stöður í innlendum hlutabréfum og ætti hækkun Úrvalsvísitölunnar á árinu að koma félaginu til góða í þriggja mánaða uppgjörinu.

ÚTLIT FYRIR MINNI GENGISHAGNAÐ

Allar greiningadeildirnar þrjár eru sammála um að hlutabréfaferð hækki mun minna á þessu ári en því síðasta. Íslandsbanki spáir hækkun Úrvalsvísitölunnar um 20 prósent, Landsbankinn um 12 prósent og KB banki áætla að vísitalan verði í sjö þúsund stigum í árslok, sem er um 26 prósentu árshækkun. Að öllu óbreyttu mun þetta hafa þau áhrif á afkomu fjármálafyrirtækja á þessu ári að gengishagnaður dragist talsvert saman.

TÖLVUPÓSTURINN
Til Jónasar G.
Friðbjólfssonar
sérfræðings hjá Greiningu
Íslandsbanka



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis
HUGBÚNAÐUR

Sígtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is



RÉTT FYRIR ÖPNUN KAUPHALLARINNAR Á FÖSTUDAG Tímamót urðu á íslenska hlutabréfamarkaðnum á föstudag þegar Avion Group var skráð í Kauphöll Íslands. Um var að ræða stærstu nýskráningu frá upphafi markaðarins. Hér sýnir Svana Huld Linnét hjá Kauphöllinni Baldri Guðnason, forstjóra Eimskips, hvernig tilboðstafla Kauphallarinnar virkar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



EFTIR SKRÁNINGU AVION GROUP Í KAUPHÖLL ÍSLANDS Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, og Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, skála fyrir fyrstu skrefum Avion Group á íslenskum hlutabréfamarkaði. Þeir höfðu ástæðu til að brosa því hlutabréfin hækkuðu um fimmtung frá útboðsgengi við skráningu félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÓSKAR BERGSSON Í 1. SÆTIÐ

STEFNUMÁL:

- Frístundanámið inn í skólana
- Nægt framboð byggingalóða
- Sundabraut í göng á ytri leið
- Aldraðir njóti einkalífs á dvalarheimilum

www.oskarbergs.is sími: 553 2900



ÍSLAND 2015

► TAKTU 8. FEBRÚAR FRÁ!

VIÐSKIPTAÞING VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS
Á NORDICA HÓTELI MIÐVIKUDAGINN 8. FEBRÚAR 2006 KLUKKAN 13:30

► **ÁGÚST GUÐMUNDSSON**
FORMAÐUR STJÓRNAR BAKKAVARAR GROUP

► **HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**
FORSÆTISRÁÐHERRA

PALLBORÐSUMRÆÐUR AÐ LOKNUM FRAMSÖGUERINDUM



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON
FORSTJÓRI
KB BANKA



BERGLIND ÁSGEIRSDÓTTIR
AÐSTODARFORSTJÓRI
OECD



HANNES SMÁRÁSON
FORSTJÓRI
FL GROUP



GABRÍELA FRÍÐRIKSDÓTTIR
MYNDLISTAR-
MAÐUR



BJARNI BENEDIKTSSON
ALÞINGISMAÐUR
SJÁLFBÆÐISFLOKKI

STJÓRNANDI PALLBORÐSUMRÆÐNA ER ÓLAFUR B. THORS OG FUNDARSTJÓRN ER Í HÖNDUM BOGA PÁLSSONAR

DAGSKRÁ 13:00 SKRÁNING, AFHENDING FUNDARGAGNA
13:30 RÆÐA FORMANNS VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS
JÓN KARL ÓLAFSSON, FORSTJÓRI ICELANDAIR
13:50 RÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA
HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
14:20 KAFFIHLÉ
14:50 RÆÐA STJÓRNARFORMANNS BAKKAVARAR GROUP
ÁGÚST GUÐMUNDSSON
15:10 PALLBORÐSUMRÆÐUR: ÍSLAND 2015
16:00 MÓTTAKA Í BODI VIÐSKIPTARÁÐS

► SKRÁNING FER FRAM Á WWW.VI.IS EÐA Í SÍMA 510-7100



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE



Fækkar í Latabæ

Mikil sveifla er hjá Latabæ og Magnús Scheving og hans lið á fleygiferð. Magnús er mikill frumkvöðull og allt í öllu í þessu merkilega verkefni. Það getur oft reynst erfitt að vinna með slíkum og nú heyrst að einn af yfirmönnum fyrirtækisins hafi hreinsað til á skrifborðinu sínu og gengið út. Hafði hann einsett sér að klára skuldabréfaútbod og vinnu í kringum það, en hætta síðan. Ástæðan er samstarfsörðugleikar við Magnús Scheving. Þetta er þó samkvæmt öruggum heimildum ekki lykilstarfsmaðurinn Glanni glæpur en ekkert skyggir á samband Íþróttarálfins og Glanna enda báðir á svipuðu tempói. Annars ganga menn út víðar, en heyrst hefur að Nýsköpunarsjóður sem átti í deilum við Latabæ hafi misst fjóra starfsmenn fyrir borð á einu bretti. Þar mun ofvirkni ekki vera um að kenna.

Dagsbrúnarherinn

Kenningarmiðir eru fljótir til verka. Þannig hafa gárungar velt sér upp úr kaupum Dagsbrúnar á Securitas. Samsæriskenningar menn sjá vísi að Baugshernum og fer þá skjálfti um vini Björns Bjarnasonar sem hefur lengi dreynt um lítinn sætan her. Ástæða er til því allra jafna gerast hlutirnir hraðar hjá einkaframtakinu en ríkinu. Hin kenningin er sú að fjölmiðlar 365 munu nú í óðaönn fjalla um innbrot og slys á heimilum til að skapa ótta hjá landsmönnum sem flýja í skjól öryggis Securitas. Þessi kenning myndi sóma sér vel í góðri Batmanmynd.

Sjoppa tóm

Brösuglega virðist ætla að ganga að koma hinum nýja iSEC-markaði í gagn. Upphaflega stóð til að opna markaðinn í desember á síðasta ári en bið varð á. Þegar hefur verið tilkynnt um að tvö félög; Hampiðjan og 3-Plús, áformi skráningu. Kauphallarmenn hafa hins vegar ekki viljað opna sjoppuna fyrr en varan er komin í hilluna og gera sér vonir um að bréf í 3-Plús verði sett á iSEC-markaðinn þann 1. febrúar næstkomandi. Ekki er víst að forsvarsmenn 3-Plús samþykki það en heyrst hefur að þeir hyggi jafnvel á skráningu erlendis. Hampiðjan verður síðan ekki afskráð úr Kauphöllinni fyrr en í sumar svo spurningin er hvort við þurfum enn að bíða. Nema Kauphallarmenn vilji opna tóma sjoppu.

69 milljarða króna markaðsvirði Avion Group við skráningu í Kauphöll Íslands á föstudag.

1,1% verðbólga á Íslandi samkvæmt samræmdri vísitölu EES þar sem fasteignaverð er ekki með talið.

28 milljarða hagnaður Baugs Group á síðasta ári.

www.hanspetersen.is

ÓTRÚLEGT VERÐ

Canon MV790

- 1/6" 800k pixel CCD myndnemi og DIGIC DV örgjörvi
- 20x optískur aðdráttur og 400x stafrænn
- Hágæða 16:9 breiðjaldskerfi
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Sjálfvirk "Easy" kerfi
- 2,4" skjár
- AV út
- Lithium-Ion hleðslurafhláða og innbyggt hleðslutæki

• Útsöluverð kr. **24.900,-**

Kodak EasyShare C340

- 5,0 milljón punkta upplausn
- 3x optískur og 5x stafrænn aðdráttur
- 1,6" skjár, hi-res
- 13 tókustillingar og video m/hljóði í TV gæðum
- 16 MB innra minni, tekur SD minniskort
- Notar AA rafhlöður, hleðslurafhláða og tæki fylgir

• Fullt verð kr. 27.900,-
• Útsöluverð kr. **14.900,-**

VAXTALAUST kr 4.821,- á mánuði*

Canon EOS 350D með EFS 18-55 mm linsu, EF 55-200 mm linsu og rafhlöðupakka

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 ramma á sek
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með "auto focus tracking"
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
Til sölu tvíburakerra, barnavagn, barnastíll, barnabilstóll, leikgrind, skrifborð og hillur í barnaherb. og skriptiborð. Uppl. í s. 897 0770 & 588 2719.

Dýrahald



Járn-plast og léttbúr
Dýrabær Hliðarsmára 9. Kóp. 553 3062 og Smáralind 554 3063.

Gefins lárs tik, blanda af íslfjárh. og bordercollie. Uppl. í s. 691 0778.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Rifflar .243
verð frá
kr. 38,700,-

SPORTVÖRUGERÐIN
SKIPHOLT 5 562 8383

VEIÐIMENN!

Efri-Haukadalsá, Dalasýslu er laus til útleigu frá 20. júní. Ánni fylgir veiðihús.

Tilboð berist fyrir 20. feb til: Veiðifélags-Efri Haukadalsár Hömrum, 371 Búðardalur
Uppl. í s. 434 1356 og 434 1342 á kvöldin.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Glæsileg 139 fm skrifstofuhæð á annari hæð til leigu við Fiskislóð 101 RVK. Getur leigst í heilu lagi eða einstaka skrifstofa. Nánari uppl. í s. 897 3290.

Herbergi til leigu í 101 Rvk fyrir reyklausan og reglusaman einstakling. Uppl. í s. 551 2450 & 899 8208.

3ja herb. íbúð til leigu á svæði 105. Verð 80 þús. með rafm. og hita. Tilboð sendist Fréttabl. fyrir 28. jan. merkt 487536.

Í Hliðunum til leigu 35 ferm húsnæði fyrir reglusaman einstakling. Leiga 55 þús. á mán. Sími 694 5751.

Skammtímaleiga

3ja herbergja íbúð í Grafarvogi til leigu. Uppl. í s. 691 5308.

Til leigu glæsilegar stúdíó íbúðir í 101 Reykjavík, íbúðirnar eru fullbúnar með öllum húsgögnum, sjónvarpi, dvd, internet og fullbúna eldhúsi. Leigist til lengri eða skemmri tíma. Upplýsingar í síma 863 0403.

Húsnæði óskast

Par óskar eftir íbúð í Rvk., helst miðsv. en allt kemur til gr. Reglusöm og skilv. gr. S. 869 0616 / amar@korkur.is

Sumarbústaðir



Bjálkahús frá Póllandi, mjög vönduð. Afgreiðslufrestur 5-7 vikur. Mjög hagstætt verð. Uppl. í s. 691 6709.

Ljósmeðrafélag Íslands óskar eftir sumarhúsnæði til leigu fyrir félagsmenn sína júní, júlí og ágúst 2006. Ábyrgj. umst. greiðslur og góða umgengni. Áhugasamir skrifi til formadur@ljosmaedrafelag.is

Atvinnuhúsnæði

Vantar herbergi í miðbæ Reykjavíkur til lengri eða skemmri tíma, til að mála í. Vaskur þarf að vera og aðgangur að baðherbergi. Uppl. í síma 866 4796.

Traustur aðili óskar eftir verslunarhúsnæði allt að 80 fm. sem gæti hentað undir naglastofu. Má þarfnast viðhalds, skoða allt. Uppl. í s. 869 7313.

Geymsluhúsnæði



Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

HAFNARBAKKI
Súðurbakkinn Hafnarvíki
Sími: 565 2733 - www.hafnarbakkii.is



Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m². Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.veysmsla-eitt.is 564 6500.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði

Bortækni
Óskar eftir mönnum í steypusög-
un.
Uppl. í s. 892 7544.

BÍLSTJÓRAR

Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstörf í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Störfin standa báðum kynjum til boða.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn í síma 550 9937 tölvupóstfang thorsteinn@odr.is

Ríkið Snorrabraut.

Starfsmenn vantar í kvöld og helg-arvinnu.
Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Myndbandaleiga. Snorra-braut 56.

Veitingahús

Starfsfólk óskast í eldhús og sal. Aldur 35+ æskilegast.
Uppl. í s. 894 0292.

DÝRARÍKID

Lagerstarf.

Tvær lausar stöður á lager Dýraríkisins, Almennt lager og þjónustustarf.
Upplýsingar í síma 568 7179.

Helgarvinna.

Bakarameistarinn Smáratorgi óskar eftir duglegu starfsfólki, eingöngu um helgar.
Upplýsingar gefur Erla í síma 555 6100 eða á staðnum milli kl. 8-16.

Ert þú á aldrinum 40-60 ára?

Vantar þig aukatekjur? Langar þig að vinna með skemmtilegu fólki? Viltu ferðast til spennandi landa? Okkur vantar konur í vinnu!
Hafðu samband við okkur! Lilja Dóra Hjörleifsdóttir deildarstjóri
Volare s. 8657036 liljahjoll@simnet.is
Eydis Davíðsdóttir sölu og markaðsfulltrúi
Volare s. 8695226 eydis@tpostur.is
www.volare.is

Mötuneyti KB banka.

Starfsmaður óskast í mötuneyti hjá KB banka. Starfslyssing: innkaup á matvöru, matreiðsla, framsetning hádegisverðar, frágangur og þríf. Vinnutími er mán. - föstudaga frá 10-14. Víð óskum eftir duglegum starfsmanni sem er vanur ofangreindum störfum, er þjónustulundaður og vill að leggja sitt að mörkum að góðum starfsanda.

Nánari uppl. veitir Bryndís Jónsdóttir á starfsmannasviði í síma 444 6387 netfang bryndisjo@kbbanki.is

Leikskólinn Rofaborg í Árbæ.

Starfsmann vantar á leikskólann Rofaborg í Árbæ við uppeldi og kennslu ungra barna í 100% starf. Víðkomandi þarf að hafa áhuga á að starfa með börnum, vera ábyggilegur og ekki yngri en 20 ára.

Upplýsingar gefur leikskólastjóri síma 587 4816 eða 567 2290 til kl. 16:30 á daginn.

Breiðholtsbakari.

Óskum eftir að ráða bakara eða manneskju vana brauðbakstri á næturvaktir. Unnið í 8 nætur, frí 6 nætur.

Upplýsingar gefur Guðmundur í síma 892 1031.

Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum Pizza-bökurum til starfa, einnig vantar fólk í afgreiðslustörf og í símsvörum. Nánari upplýs. á staðnum Hraunbæ 121.

Dvalarheimili á Stokkseyri óskar eftir starfskrafti í aðhlyningu og eldhús. Hlutastarf eða fullt starf. Upplýsingar í síma 483 1310 & kum@simnet.is.

Tiger Kringlunni

Starfskraftur óskast til afgreiðslu og almennta verslunarstarfa. Uppl. í s. 660 8211.

Píparar Píparar

Óska eftir pípurum til starfa. Uppl. í s. 897 3060. Hitalagnir ehf.

Afgreiðslu og lagerstarf

Víð leitum að stundvísnum og dugmiklum starfskrafti til afgreiðslu, útkeyrslu og til lagerstarfa. Umsóknir sendist á eico@eico.is.

Vaktmaður Atlantsolíu

Atlantía leitar að starfskrafti til að sjá um vöktun nýrrar bensinstöðvar Atlantsolíu við Húsgagnahöllina. Starfið fellst í umsjón með bensinstöð og leiðbeiningum til viðskiptavina. Reyklaus vinnustaður. Nánari upplýsingar í s. 591 3132.

Industria ehf óskar eftir að ráða fólk við lagningu ljósleiðara í Reykjavík. Áhugasamir hafi samband í síma 822 2590 eða 822 2561.

Gistiheimilið Sunna, Þórgötu 26,

óskar eftir yfirþernu frá 1. mars: Víð leitum að samvirkusömum og duglegum starfsmanni sem getur unnið sjálfstætt samhlíða eigendum á lítulum, vinalegum vinnustað. Engin helgarvinna. Íslensku kunnátta er ekki skilyrði. Góð laun í boði. Upplýsingar og umsóknareyðublöð á staðnum og á sunna@sunna.is

Atvinna atvinna

Sölumaður í húsgögnum vantar í Rúm-fatalagerinn Holtagörðum. Sími 820 8001 Njáll.

Atvinna vesturbær

Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Unnið mánuðaga til föstudaga. Ekki unnið á laugardögum. Uppl. á staðnum. Fatahreinsunin Hraði, Ægisíðu 115. S. 552 4900.

Verkamaður/kona (35+) óskast í framleiðslu. Verður að vera íslenskumælandi. S. 565 7744.

Atvinna óskast

Vanur vélamaður laus í afleysingar. Uppl. í s. 849 1213.

Viðskiptatækifæri

Vantar þig starfsfólk?

Víð getum hjálpað þér að finna útlenskt starfsfólk sem hefur áhuga á að koma til Íslands og hjálpu þér við alla vinnuna í kring.
Skoðum meðmæli úti. Uppl. í s. 865 4636.

TILKYNNINGAR

Fundir

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld í Landsabnkanum. Fyrirlestrar um efnahagsmálin og fjárfestingatækifæri í Langhóltsútbú Landsbankans, Holtagörðum, á morgun kl. 20.00. Nánari upplýsingar á landsbanki.is Landsabankinn.

Tilkynningar

Glerlist.is Gler-i-gegn

Hamborgari, hamborgari. Hamborgarbúlla-Tómasar.

TILKYNNINGAR

Aðalfundur Foreldrafélags axlarklemmubarna

verður haldinn 26. janúar 2006 kl. 19.30 að Háaleitisbraut 13. 4. hæð í fundarsal Sjónarhóls.

Venjuleg aðalfundarstörf og kosning til stjórnar félagsins.

Félagsmenn og aðrir velunnarar eru hvattir til að mæta.

Stjórnin.

STYRKIR



Styrkir

Barnavinafélagið Sumargjöf auglýsir Styrki til rannsókna, lista og þróunarverkefna, sem geta nýst börnum á leik- og grunnskólaaldri.

Umsókn, ásamt greinargerð um verkefnið, skal senda fyrir 15. febrúar 2006.

Stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið og fjármögnun þess og leita umsagnar fagaðila.

Reykjavík 22. janúar 2006.
Barnavinafélagið Sumargjöf,
Póshólf 5423, 125 Reykjavík
Netf: sumargjof@simnet.is

FASTEIGNIR

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

HRINGBRAUT 32 - HAFNARFIRÐI



OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUD. FRÁ KL. 17:30 TIL 18:30. SÖLUMAÐUR Á STAÐNUM.

Mjög falleg hæð og ris ásamt bílskúr sem í dag er einstaklingsbúð samtals 163,2 fm. eignin skiptist, forstofa, stofa, borðstofa, 3-4 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi. Röleg og góð staðsetning stutt í miðbæ og aðra þjónustu góð eign. Parket og flísar, góðar innréttingar. Verð 32,9 millj. LAUST STRAX.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.006 **-0,07%** Fjöldi viðskipta: 431
Velta: 3.394 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Nýherji +1,43%
Flaga +0,74%
Kögun +0,62%

MESTA LÆKKUN

↓ Avion Group -2,07%
Atlantic Petroleum -1,58%
Össur -0,90%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 53,50 -0,20% ... Atorka 6,30 +0,00% ... Bakkavör 54,00 +0,00% ... Dagsbrún 5,82 +0,40% ... FL Group 21,20 -0,50% ... Flaga 4,07 +0,70% ... Íslandsbanki 19,30 +0,00% ... KB banki 825,00 +0,10% ... Kögun 65,20 +0,60% ... Landsbankinn 27,00 -0,40% ... Marel 70,20 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,90 +0,00% ... SÍF 4,04 -0,80% ... Straumur-Burðarás 17,80 +0,00% ... Össur 110,00 -0,90%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Kauphöllin áminnir

Kauphöllin áminnti á síðasta ári tvo útgefendur verðbréfa opinberlega fyrir brot á útgefendareglum í Kauphöllinni. Enginn hlaut slíka áminningu árið áður. Þetta kemur fram í yfirliti eftirlitsmála sem Kauphöllin birti í gær.

Í öðru tilvikinu hafði verið send út villandi fréttatilkynning og í hinu var ársuppgjör birt of seint.

Þá kemur fram að þrír hafi verið áminntir óopinberlega fyrir brot á reglum. Sömuleiðis gerði Kauphöllin athugasemdir við útgefendur í 23 tilvikum vegna atriða sem betur hefði mátt standa að.

Eins kemur fram í yfirlitinu að í eftirliti með viðskiptum í viðskiptakerfi Kauphallarinnar hafi fjöldi mála komið til skoðunar, en slík mál eru send Fjármálaeftirlitinu til skoðunar vakni grunur



KAUPHÖLL ÍSLANDS Kauphöllin hefur lagaheimild til að beita útgefendur verðbréfa og kauphallaraðila viðurlögum.

um lagabrot. 11 slík voru send Fjármálaeftirlitinu og vörðuðu flest grun um innherjasvik. - óká

SÍF tekur þátt í stofnun Fish Pool

SÍF hefur ákveðið að taka þátt í stofnun Fish Pool sem bjóða mun upp á framvirka samninga um kaup og sölu á laxi.

„Við sjáum þetta sem einn af nokkrum möguleikum til að ná meiri stöðugleika í hráefnisverð á laxi og eins til að geta gert samninga til lengri tíma til að eyða út óvissu bæði varðandi verð og magn,“ segir Kristinn Albertsson, fjármálastjóri SÍF. Hann bendir á að þetta sé alþekkt fyrirbrigði með olíu og aðrar hrávörur en hafi vant að í viðskiptum með lax. Framvirkir samningar um kaup og sölu á laxi eru mjög hentugur möguleiki þar sem varan er nokkuð sambærileg á milli aðila, að minnsta kosti hvað norskan lax varðar.

Bergen Energi í Noregi, sem rekur sambærilega þjónustu varðandi kaup og sölu á raforku, hafði frumkvæði að stofnun Fish Pool



VILJA NÁ STÖÐUGLEIKA Í LAXAVERÐ SÍF hefur lagt hlutafé í Fish Pool sem ætlar að bjóða upp á framvirksamninga með lax.

og fékk til liðs við sig norskar fjármálastofnanir, laxaframleiðendur, framleiðslufyrirtæki og sjálfstæða fjárfesta. Stjórnendur SÍF vildu sýna stuðning í verki og lögðu fram lítinn hlut.

Lokaskráning rennur út í dag og hafa markmið um lágmarkshlutfé að upphæð 120 milljónir króna náðst. Ætlunin er að markaðurinn hefji göngu sína þann 1. apríl næstkomandi. - epa

Hagnaður SPK vex

Sparisjóður Kópavogs skilaði 238 milljóna króna hagnaði á síðasta ári samanborið við 134 milljónir árið 2004. Þetta er um 78 prósent hagnaðaraukning og besta afkoma sparisjóðsins í fimm ár.

Hreinar vaxtatekjur jukust um átta prósent og námu 420 milljónum króna en hreinar rekstrartekjur um tæp tuttugu

prósent og voru 752 milljónir. Önnur rekstrargjöld voru um 400 milljónir króna sem er lítilsháttar aukning.

Arðsemi eigin fjár fór úr 22,1 prósent í 36,5. Eigið fé SPK var 878 milljónir króna í árslok en heildareignir um sautján milljarðar, sem var 57 prósent aukning á milli ára. - epa

Launavísitala hækkar

Laun í landinu hækkðu um 7,2 prósent árið 2006 samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar. Vísitalan hækkaði um 0,6 prósentustig í desember. Kaupmáttur neytenda hefur vaxið um 2,9 prósent ef miðað er við mælda verðbólgu sem var 4,1 prósent í desember.

Í Morgunkornum Íslandsbanka kemur fram að hækkun

launavísitölnnar í desember megi rekja til eingreiðslu sem átti sér stað til launþega á almennum vinnumarkaði í lok síðasta árs auk þess sem laun hafi hækkað hjá starfsmönnum sveitarfélaga.

Íslandsbanki spár allt að þrjú prósent hækkun fyrir næstu mælingu launavísitölnnar og alls 6,5 prósentustiga hækkun árið 2006. -jsk

Skrifstofu- og tölvunám

„Í fyrsta skipti á ævinni duga átta tímar til að ná endum saman!“



Ríkey Garðarsdóttir var að ljúka Skrifstofu- og rekstrarnámi hjá NTV. Hún fékk vinnu meðan á náminu stóð hjá Menntasviði Reykjavíkurborgar og hætti í kjölfarið að vinna á kvöldin og um helgar eins og hún hafði gert um langan tíma. Nú nýtur hún þess að vera meira með fjölskyldunni ...

Í níu ár hefur NTV boðið upp á Skrifstofu- og tölvunám. Á þessum tíma hefur námskeiðið þróast mikið og breyst í takt við tímann og vinnumarkaðinn. Það er samdóma álit þeirra sem ljúka náminu að það sé krefjandi en umfram allt uppbyggilegt, styrkjandi og skemmtilegt.

Námið er 258 stundir og skiptist í:

Tölvunám - 96 stundir

- Windows stýrikerfið
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Power Point kynningarefni
- Access gagnagrunnur
- Internetið & Tölvupóstur

Í tölvuhlutanum er lögð áhersla á þau forrit sem nemandi þarf að kunna á til að öðlast TÖK-skírteini sem er alþjóðleg viðurkenning á tölvukunnáttu hans. NTV er eini skólinn þar sem öll 7 TÖK prófin og alþjóðlegt prófskírteini er innifalið í náminu.

Viðskiptagreinar - 108 stundir

- Verslunarreikningur
- Bókhald
- Tölvubókhald Navision MBS®

Kenndur er sá hluti verslunarreiknings sem mest er notaður á skrifstofunni og tekinn fyrir flest þau atriði sem þarf til að færa bókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Sjálfsstyrking - 30 stundir

- Tímastjórnun og markmiðasetning
- Sölugæmi og þjónusta
- Framsögn og framkoma
- Mannleg samskipti
- Streitustjórnun
- Atvinnuumsóknir

NTV leggur mikið upp úr því að ná fram því besta úr hverjum og einum nemanda. Það er ekki nóg að búa yfir þekkingu og hæfileikum. Nemandinn þarf einnig að þekkja styrk sinn og veikleika, kunna að stýra tíma sínum, setja sér skýr markmið og kunna að selja öðrum hugmyndir sínar og skoðanir.

Lokaverkefni - 24 stundir

- Auglýsingatækni
- Markhópagreining
- Gerð birtingaráætla
- Gagnvirk tenging forrita
- Flutningur lokaverkefnis

„Skemmtilegasti og erfiðasti hluti námsins“ segja margir. Unnið er í 3-4 manna hópum að markaðssetningu á vöru eða þjónustu. Lokaverkefnisvinnan er skemmtileg, krefjandi og framsett á þann hátt að hún taki á flestum þáttum námskeiðsins.

Næstu námskeið:

Morgunnámskeið 1
Kennir er alla virka daga kl. 08:30 - 12:30.
Byrjar 6. febrúar og lýkur 5. apríl.

Morgunnámskeið 2
Kennir er þrjá daga í viku (mánud., miðvikud. og föstud.) kl. 08:30 - 12:30.
Byrjar 6. febrúar og lýkur 26. maí.

Kvöldnámskeið
Kennir er þrjá daga í viku: þri. og fim. kl.18 - 22 og laug. kl. 08:30 - 12:30. Byrjar 7. febrúar og lýkur 27. maí.



UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

AL CAPONE (1899-1947)
LÉST ÞENNA DAG.

„Þú kemst mun lengra með vinsamlegum orðum og byssu, en vinsamlegum orðum einum.“

Al Capone var einn frægasti glæpaföringi sinnar tíðar.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 25. JANÚAR 1924

Fyrstu vetrarólympíuleikarnir

Á þessum degi árið 1924 hófust fyrstu vetrarólympíuleikarnir í Chamonix í frönsku Ölpunum. Alls var keppt í sex íþróttgreinum. Í raun hétu leikarnir þá Alþjóðlega vetraríþróttavikan og þóttu takast ótrúlega vel. Árið 1928 ákvað alþjóðlega ólympíunefndin að útnefna næstu vetrarleika sem haldnir voru í St. Moritz í Sviss sem ólympíuleika númer tvö.

Vetrarleikarnir áttu upphaf sitt að rekja til Norrænu leikanna svokölluðu við upphaf 20. aldar. Þeir voru haldnir í Svíþjóð en þar höfðu aðeins Norðurlandabúar kepptir. Leikarnir voru haldnir á fjögurra ára fresti. Árið



1908 varð listskaupahlaup ein af keppnisgreinum á sumarólympíuleikum í London þrátt fyrir að keppnin væri haldin þremur mánuðum á eftir öllum hinum keppnisgreinum en það varð upphafið að því að halda sér ólympíuleika fyrir vetraríþróttir.

Á leikunum í Chamonix urðu Norðurlandabúar hlutskarpastir í mörgum greinum en Norðmenn hlutu flest gull, alls sautján. Af þeim 300 keppendum sem tóku þátt voru aðeins 13 konur og tóku þær allar þátt í listhlaupi á skautum.

VESTRARÓLYMPIULEIKAR Í CHAMONIX.

MERKISATBURÐIR

- 1533 Hinrik VIII konungur Englands giftist Önnu Boleyn á laun.
- 1732 Níu farast þegar snjóflóð fellur á bæinn Brimnes við Seyðisfjörð.
- 1938 Rauð norðurljós sjást bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu.
- 1980 Kvikmyndin Land og synir er frumsýnd í Reykjavík og á Dalvík.
- 1981 Jiang Qing, ekkja kínverska leiðtogans Mao Zedong er dæmd til dauða.
- 1990 Íslensku bókmenntaverðlaunin eru veitt í fyrsta sinn. Þau hlýtur Stefán Hörður Grímsson.
- 1990 Leikkonan Ava Gardner andast.

ANGLÁT

Agnar Jónsson, Höfðagrunn 14a, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 20. janúar.

Hjalti Tómasson, fyrrverandi flugmaður, andaðist í Kaliforníu föstudaginn 20. janúar.

Ingví Guðjónsson lést á líknardeild Landspítala Landakots sunnudaginn 22. janúar.

Matthea Katrín Pétursdóttir, Álfaborgum 9, lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 22. janúar.

Falur Friðjónsson frá Sílalæk, Grenivöllum 24, Akureyri, lést á hjúkrunardeildinni Seli mánudaginn 23. janúar.

Sonja Andrésdóttir (Cichy), lést á Landspítalanum sunnudaginn 22. janúar.

JARÐARFARIR

13.00 **Elís Adolphsson**, Valshólum 4, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju.

13.00 **Sigurður Jónsson**, Álfaskeiði 127, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Vídalinskirkju í Garðabæ.

14.30 **Ormur Guðjón Ormsson** rafvirkjameistari, Framnesvegi 20, Keflavík, verður jarðsunginn frá Njarðvíkirkirkju.

15.00 **Bragi Gunnarsson**, Tunguseli 10, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Seljakirkju.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



ESKIFJARDARKIRKJA HIN ELDRI Kirkjan var byggð árið 1900 og þar voru Eskfirðingar skírðir, fermdir, giftir og kvaddir hinstu kveðju í eitthundrað ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

TÍMAMÓT: KIRKJU BREYTT Í ÍBÚÐARHÚS

Fyrstu flytja inn fyrir áramót

Eskfirðingar voru skírðir, fermdir, giftir og kvaddir hinstu kveðju í Eskifjardarkirkju hinni eldri í rétta öld. Kirkjan hefur verið afhelguð og seld en nýir eigendur hyggjast breyta henni í íbúðarhús. Framkvæmdir hefjast með vorinu og munu fyrstu íbúarnir flytja í kirkjunna fyrir árslok.

Þann 26. júní árið 1898 var samþykkt á safnaðarfundum að byggja kirkjuhús á Eskifirði og hófust fram-

kvæmdir sama ár. Byggt var eftir teikningu dansks verkfræðings og samkvæmt henni skyldi byggingin verða 22 álnir á lengd og 14 álnir á breidd. Kirkjan var tekin í notkun aldamótaárið 1900 en hundrað árum síðar, 24. september árið 2000, vígði Karl Sigurbjörnsson biskup nýja kirkju á Eskifirði.

Nýir eigendur gömlu kirkjunnar eru Kári Pálsson og Davíð Þór Sigurbjartsson, stofnendur vélsmíðjunnar

Hamars. „Í kirkjunni verða þrjár íbúðir en við leggjum áherslu á að breytingarnar taki mið af merkri sögu kirkjunnar og verði í sátt við Eskfirðinga. Páll Bjarnason er að teikna fyrir okkur breytingarnar en hann er einn færasti arkitekt landsins þegar kemur að verndun gamalla húsa,“ segir Kári.

Íbúðirnar verða leigðar út og segir Kári að starfsmenn Hamars muni ganga fyrir. „Það hafa margir áhuga á að

búa í kirkjunni en mikil húsnæðisekla er á Eskifirði.“

Drátt fyrir miklar endurbætur mun byggingin halda sínu ytra útliti. „Allar þær breytingar sem við látum framkvæma verða afturkræfar. Hefð er fyrir því að Eskfirðingar hringi inn jólnin í kirkjunni og við munum sjá til þess að svo verði áfram enda verður kirkjuklukkan áfram á sínum stað,“ segir Kári.

kk@frettabladid.is



Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegs sonar míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Sævins Bjarnasonar.

Guðný Hallgrímsdóttir
Guðný Sævinsdóttir
Haraldur Sævinnson
Sigrún Dóra Sævinsdóttir
Bjarney Sævinsdóttir og barnabörn.

Símon Bahraoui
Ásgerður Þ. Ásgeirsdóttir
Birgir Sævarsson
Bjarni Fannar Bjarnason



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Pétur Jónsdóttir

frá Kjalvegi, Ennisbraut 18, Ólafsvík.

verður jarðsungin frá Ólafsvíkirkirkju föstudaginn 27. janúar kl 14.00. Jarðsett verður frá Ingjaldshólskirkjugarði.

Guðjón Ottó Bjarnason
Kristín Jóna Guðjónsdóttir
Bjarni Guðjónsson
Jóhann Pétur Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Gunnar Hauksson
Bjarney Guðmundsdóttir
Þórey Kjartansdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Margrét Sveinbjörnsdóttir

Viðilundi 25, Akureyri.

Sérstakar þakkir til heimahlyningar á Akureyri.


Erla I. Hólmsteinsdóttir
Hugrún Hólmsteinsdóttir
Hólmsteinn T. Hólmsteinnsson
Margrét G. Hólmsteinsdóttir

Svanur Eiríksson
Rut Ófeigsdóttir

AFMÆLI




Helga Ingólfssdóttir
semballeikari er 64 ára.




Steinunn Ólafsdóttir
leikkona er 44 ára.



Baldur Þórhallsson
stjórnmaðlafræðingur er 38 ára.



Ingólfur Steinsson
tónlistarmaður er 55 ára.



Þegar andlát ber að

Stöðliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Allhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Árborgarbúar orðnir 7.000

Íbúar sveitarfélagsins Árborgar urðu sjö þúsund fimmtudaginn 12. janúar þegar lítill snáði fæddist á fæðingadeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Foreldrar hans eru Björn Emil Jónsson og Guðrún Lilja Magnúsdóttir og búa þau á Eyrarbakka.

Íbúum Árborgar hefur fjölgað hratt að undanförunu og þakkar Einar Njálsson bæjarstjóri það nálægð við höfuðborgarsvæðið og lægra verði á húsnæði en þar.



SOFIÐ VÆRT Árborgarbúi númer sjö þúsund var 16 merkur og 52 sentimetrar við fæðingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SUNNLENSKA



ÁBORGARBÚA NÚMER SJÖ ÞÚSUND FAGNAÐ Einar Njálsson bæjarstjóri, Þorvaldur Guðmundsson, formaður bæjarráðs, Guðrún Lilja og Björn Emil, foreldrar drengsins og Ásmundur S. Pálsson, forseti bæjarstjórnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SUNNLENSKA

Það kom Birni Emil og Guðrúnu Lilju á óvart að barnið þeirra væri sjö þúsundasti Árborgarbúinn en það var ekki síður óvænt í þeirra huga að barnið væri drengur þar sem Guðrún

var handviss um að hún gengi með stelpu. Skál engan undra þar sem hún hefur áður alið þrjár stúlkur og eru systurnar vita-skuld afar hrifnar af bróður sínum.

Verðhrun! á húsgögnum

Fyrstur kemur
fyrstur fær

50-68% afsláttur


Allt úrvalið fæst í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri, í Kringlunni fást ekki stærri húsgögn.



50%
afsláttur

Gólfmottur úr skinni

verð frá 9,995 ~~19,990~~



50%
afsláttur

Gestabók úr skinni

verð nú 2,999 ~~5,999~~



50%
afsláttur

Lampar og skermar úr leðri
og skinni

verð frá 2,499 ~~4,999~~



50%
afsláttur

Kertastjakar úr leðri

verð frá 1,399 ~~2,799~~



50%
afsláttur

Sófasett 3+1+1 Chesterfield

verð nú 74,990 ~~149,990~~



50%
afsláttur

Klikk klakk svefnsófi

verð nú 14,990 ~~29,990~~



68%
afsláttur

Borðstofuborð

- Gegnheil eik
- Stærð 180 x 60 x 75 cm

verð nú 18,990 ~~59,900~~



60%
afsláttur

Nuddstóll TS-804F

- 8 stillanleg nudd svæði
- Nudd í fótskemli
- Stillanlegt bak og sæti

verð nú 19,990 ~~49,990~~




Borðstofustólar verð frá 4,990

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Stærsti neytendahópurinn les Fréttablaðið

Fréttablaðið, Morgunblaðið og Blaðið – bæði kyn
Meðallestur á tölublað eftir aldurshópum



Munurinn á lestri á Fréttablaðinu og Morgunblaðinu er gríðarlegur! Íslenska þjóðin velur einfaldlega **Fréttablaðið** og er bilið langbreiðast meðal 18–49 ára fólks. Markaðskannanir sanna að fólk á þessum aldri stendur fyrir um 85% af einkaneyslu auk þess að vera líklegri til að láta kynningarefni hafa áhrif á kaup sín. Mun fleiri konur lesa Fréttablaðið heldur en Morgunblaðið og þær eru jafnframt líklegri til að taka ákvarðanir um kaup heldur en menn.

**Þegar allar staðreyndir eru lagðar á borðið fæst einföld niðurstaða,
það borgar sig að auglýsa í Fréttablaðinu!**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

Keppt um dansleikverk

Núna í vikunni rennur út umsóknarfrestur fyrir hina bráðskemmtilegu Dansleikhússamkeppni, sem haldin verður í fjórða sinn í júní í Borgarleikhúsinu.

Að keppninni standa bæði Leikfélag Reykjavíkur og Íslenski dansflokkurinn. Allir sem vilja hafa áhrif á þróun dansleikhúss á Íslandi geta skilað inn hugmyndum að dansleikverkum fyrir blandaðan hóp leikara og dansara.

Af þeim hugmyndum sem berast verða 12 til 14 valdar til frekari þróunar, og síðar verða 6 til 9 af þeim valdar til útfærslu í Borgarleikhúsinu með þátttöku bæði leikara frá Leikfélagi Reykjavíkur og dansara frá Íslenska dansflokknunum.

Loks verður Dansleikhússamkeppnin haldin á Stóra sviði Borgarleikhússins í júní og veitir skipuð dómnefnd þrenn verðlaun en áhorfendur þau fjórðu.

Í ár er hugmyndin síðan sú að taka enn eitt skrefið í átt að öflugu íslensku dansleikhúsi þar sem eitt verkanna verður valið til frekari þróunar að keppni lokinni.



ÆFING FYRIR DANSLEIKHÚSKEPPNI (INGVAR SIGURÐSSON HÖFUNDIR VERKS).

Markmið samkeppninnar hefur frá upphafi verið þrjúþætt, að leita að nýjum höfundum, að stuðla að þróun dansleikhússformsins, sem er nýtt hér á landi, og loks að láta reyna með þessum hætti á samruna listgreinanna.

> Ekki missa af ...

... gamanóperettunni „**Gestur - Síðasta máltíðin**“ eftir **Gaut G. Gunnlaugsson** og **Gunnar Kristmannsson**, sem er sýnd í Iðnó um þessar mundir. Höfundar fara sjálfir með aðalhlutverkin ásamt **Hrólfí Sæmundssyni** barítónsöngvara.

... sýningu færeyska málarsins **Kára Svansson**, sem nú stendur yfir í Hafnarborg í Hafnarfirði.

... sýningu tveggja hönnuða og tveggja myndlistarmanna, þeirra **Ragnheiðar Ingunnar Ágústsdóttur**, **Sigríðar Ólafsdóttur**, **Sigtryggs Bjarna Baldvínssonar** og **Tinnu Gunnarsdóttur**, sem nú stendur yfir í Listasafni ASÍ við Freyjugötu.

menning

menning@frettabladid.is

ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumfyrir sýningunni sun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
 2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 - 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20
 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 - 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
AÐEINS SÝND Í FEBRÚAR OG MARS

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Le Sing

Syngjandi þjónar
 Ein vinsælasta leiksýning landsins.
 Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY

Sími: 533-1100



LUKASZ KUROPACZEWSKI GÍTARLEIKARI Heldur gítartónleika í Áskirkju á föstudagskvöld, en á laugardagskvöldið verður píanóleikarinn Malgorzata Sajna-Mataczynska með tónleika í Norræna húsinu.

Nína og Geiri

söngbók
 Björgvins Halldórssonar

Leikstjóri: Gunnar Helgason

28. jan. Uppsett
 4. feb. Nokkur borð laus
 18. feb. Laus hóf
 25. feb.
 4. mars.
 17. mars.
 24. mars.

Aðeins þessir sýningar
 Gjöfakort á Nínu og Geira
 Best í miðasölu!

BROADWAY

Sími: 5331100 heffang: miðasala@broadway.is
 Ögryddir miðar selðir hálfmánaði fyrir viðburð.

HILMIR SNÆR GUÐNASON

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

laugardagur	28.01	UPPSELT
sunnudagur	29.01	örfá sæti laus
laugardagur	04.02	örfá sæti laus
sunnudagur	05.02	örfá sæti laus
föstudagur	10.02	UPPSELT
laugardagur	11.02	örfá sæti laus

SÝNT Í IÐNÓ KL. 20

MÍÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700

Landsbankinn

Landsbankinn er stoltur bakgjafi sýningarinnar.

Pólverjarnir koma

Ein lítil pólsk listahátíð verður haldin núna í lok vikunnar. Hingað til lands koma nefnilega gítarleikarinn Lukasz Kuropaczewski og píanóleikarinn Malgorzata Sajna-Mataczynska. Þau eru bæði frá Póllandi og ætla að halda tónleika hér hvort í sínu lagi, gítarleikarinn í Áskirkju á föstudaginn en píanóleikarinn í Norræna húsinu á laugardaginn.

„Þetta eru hvorir tveggja ungir hljóðfæraleikarar sem hafa vakið töluverða athygli fyrir spíla-mennsku, enda bæði skemmtilegir spílarar,“ segir Þórarinn Sigurbjörgsson gítarkennari, sem hefur átt þátt í að skipuleggja komu Pólverjanna til landsins.

Gítarleikarinn Lukasz Kuropaczewski verður auk þess með meistaranámskeið á laugardaginn í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

ar, þar sem Þórarinn kennir. Lukasz er nemandi hins þekktu gítarleikara Manuel Barrueco, en Barrueco hefur tvívegis haldið tónleika hérlandis, síðast með Sinfóníuhljómsveit Íslands 1999. Lukasz hefur haldið fjölda tónleika í heimalandi sínu, víðar í Evrópu og einnig í Bandaríkjunum og Japan.

Tónleikar Lukaszar í Áskirkju á föstudaginn hefjast kl. 20.00. Á efnisskránni eru meðal annars verk eftir J. S. Bach og A. Tansmann.

Malgorzata Sajna-Mataczynska hefur vakið verðskuldaða athygli í heimalandi sínu og erlendis og unnið til margs konar verðlauna. Tónleikar hennar í Norræna húsinu á laugardaginn hefjast kl. 17.00. Á efnisskránni eru verk eftir landa hennar F. Chopin.

THULE

TYGPRATAT

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS

Sýnt á NASA við Austurvöll

Fimmtudagur	26. janúar	- Örfá sæti
Föstudagur	27. janúar	- Örfá sæti
Laugardagur	28. janúar	- Örfá sæti
Fimmtudagur	2. febrúar	- Laus sæti
Föstudagur	3. febrúar	- Laus sæti
Laugardagur	4. febrúar	- Laus sæti
Fimmtudagur	9. febrúar	- Laus sæti

Húsið opnar kl. 20:00 - Sýningar hefjast kl. 20:30
 Miðasala í verslunum Skifunnar, www.midi.is og í síma: 575 1550

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

SALKA VALKA	MANNTAFL
Fj 26/1 kl. 20 Fj 2/2 kl. 20 AUKASÝNING Fj 16/2 kl. 20 AUKASÝNING	Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING
WOYZECK	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Su 29/1 kl. 20 UPPSELT! AUKASÝNINGAR Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20	Fj 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 UPPSELT Lau 25/2 kl. 20 Su 26/2 kl. 20
KALLI Á ÞAKINU	BELGÍSKA KONGÓ
Lau 4/2 kl. 14 UPPS. Su 5/2 kl. 14 UPPS. AUKASÝNING Su 5/2 kl. 17.	Lau 28/1 kl. 20 UPPS. Su 29/1 kl. 20 UPPS. Mi 1/2 kl. 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20 UPPS. Su 5/2 kl. 20 Fj 9/2 kl. 20 Fö 10/2 kl. 20 Lau 11/2 kl. 20
CARMEN	GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fö 27/1 kl. 20 Græn kort Lau 28/1 kl. 20 Blá kort Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20 Fö 10/2 kl. 20	Fj 26/1 kl. 20 Fö 27/1 kl. 20 Fj 2/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20
RONJA RÆNINGJADÓTTIR	Naglinn
Lau 11/2 kl. 14 FORSÝNING UPPSELT Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT	Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20 Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20 Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Nýja svið/Litla svið

Lau. 28. Jan. kl. 20
Fös. 3. Feb. kl. 20
Lau. 4. Feb. kl. 20

HIMNARÍKI

Geðkötin gamanteikur eftir Árna íbarn

Lau. 28. Jan. kl. 20
Fös. 3. Feb. kl. 20
Lau. 4. Feb. kl. 20

EF

eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Mið. 25. Jan. kl. 9 og 11 Uppseltt

MÍÐASALA

Miðasalan er opin frá kl. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

HIMNARÍKI

Geðkötin gamanteikur eftir Árna íbarn

Lau. 28. Jan. kl. 20
Fös. 3. Feb. kl. 20
Lau. 4. Feb. kl. 20

EF

eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Mið. 25. Jan. kl. 9 og 11 Uppseltt

MÍÐASALA

Miðasalan er opin frá kl. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Íslandsleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

Fös. 27/1 örfá sæti laus, lau. 28/1 örfá sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 nokkur sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2, lau. 18/2.

Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 29/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 5/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00, sun. 19/2 kl. 14:00.

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

Í kvöld mið. 25/1 kl. 20:00 **uppsett.** Bein útsending í Sjónvarpinu frá kl. 19:30.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld mið. 25/1 **uppsett.** fös. 27/1 **uppsett.** lau. 28/1 **uppsett.** sun. 29/1 **uppsett.** þri. 31/1 **uppsett.** mið. 1/2 **uppsett.** fim. 2/2 **uppsett.** fös. 3/2 **uppsett.** lau. 4/2 **kl. 16:00** örfá sæti laus og kl. 20:00 **uppsett.** sun. 5/2 **uppsett.** þri. 7/2 **uppsett.** mið. 8/2 **uppsett.** fim. 9/2 **uppsett.** fös. 10/2 **uppsett.** lau. 11/2 **uppsett.** sun. 12/2 **uppsett.** **Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil.** Þri. 14/2 **uppsett.** mið. 15/2 **uppsett.** fös. 17/2, lau. 18/2, sun 19/2, mið. 22/2 **uppsett.** fös. 24/2. lau. 25/2 **uppsett.** sun. 26/2.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
 Sun. 29/1 kl. 18:00 **uppsett.** sun. 5/2 kl. 18:00 **uppsett.** sun. 12/2 kl. 18:00 **uppsett.**
Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlesturum.
 Sun 19/2 kl. 18:00, sun. 26/2 kl. 18:00. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

LEIKHÚSKJALLARINN

Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
 Leikhússeisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00.
 Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.



JOLADYRIN Þessi bók er ein þeirra sem nú eru lagstar í landaflakk.

Landaflakk myndabóka

Á morgun verður opnuð í Norræna húsinu farandsýningin: „Norrænar myndabækur leggjast í landaflakk“. Á þessari sýningu má sjá úrval nýlegra myndskreyttra barnabóka frá sex Norðurlöndum.

Tvær bækur frá hverju landi eru kynntar með veggspjöldum og upplýsingum um höfund og myndskreytara. Fulltrúar Íslands eru „Eggið“ eftir Áslaugu Jónsdóttur, rithöfund og myndskreytara og „Jóladýrin“ eftir Gerði Kristnýju sem Brian Pilkinton myndskreytti.

Í tengslum við sýninguna verður 2. febrúar ráðstefna í Norræna húsinu kl. 14.00-17.00. Þar munu sænski rithöfundurinn, Cecilia Davidson og myndskreytarinn Helena Davidson Neppelberg segja frá samvinnu sinni og Sigbrúður Gunnarsdóttir útgáfustjóri verður með erindi sem hún nefnir: „Er allt í plati?“.

Sýningin stendur til 5. febrúar og er allt áhugafólk um börn, bækur og barnamenningu hvatt til að koma.

Gjafakortin skila sér í gríðarlegri aðsókn

Óvenju mikil aðsókn er í Borgarleikhúsið þessa dagana. Greinilegt er að gjafakortin í Borgarleikhúsið hafa verið vinsæl jólagjöf þar sem gríðarleg aukning var á sölu þeirra.

Undanfarin ár hefur janúar ekki þótt góður leikhúsmánuður en eitt-hvað virðast leikhúsvenjurnar vera að breytast hjá landanum, en síðustu tvær vikurnar hafa rúmlega átta þúsund áhorfendur flykkt í Borgarleikhúsið. Síðustu sýningarhelgi fylltu menningarþyrstir leikhúsgestir hvorki meira né minna en fjórtán sýningar sem sýndar voru á þremur sviðum Borgarleikhússins.

Leikhúsið hefur orðið að bregðast við aðsókninni með aukasýningum á sex af þeim sýningum sem sýndar eru í húsinu. Hér er átt við sýningarnar Woyzeck, Sölu Völku, Manntafl, Brilljant skilnað, Kalla á þakinu og Belgísku Kongó sem nú gengur fyrir fullu húsi þriðja leikárið í röð.

Þrátt fyrir misjafna dóma hefur aðsókn á Carmen einnig verið með eindæmum góð og eftirspurn eftir sætum á Ronju ræningjadóttur, sem frumsýnd verður um miðjan febrúar, er komin á fljúgandi ferð.

Landinn er greinilega leikhústyrstur.



ÚR WOYZECK Sýning Vesturports á Woyzeck dregur að sér áhorfendur.

Úr leikskóla í grunnskóla - brúum bilið

Opinn fundur menntaráðs um samstarf leik- og grunnskóla í Ráðhúsi Reykjavíkur fimmtudaginn 26. janúar kl. 17-19

- ↑ **Skil leik- og grunnskóla**
Hrönn Pálmadóttir, lektor við KHÍ
- ↑ **Vísindaleikir í leikskóla**
Leikskólakennarar í Hamraborg
- ↑ **Hvernig nýtast upplýsingar leikskólans?**
Guðríður Pétursdóttir, kennari í Ölduselsskóla
- ↑ **Fyrirspurnir og almennar umræður**
- ↑ **Fundarstjóri**
Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs



Menntasvið Reykjavíkurborgar Fríkirkjuvegi 1 Sími 411 7000 www.menntasvid.is menntasvid@menntasvid.is

Sýnt á Nýja Sviði Borgarleikhússins

Fimmtud. 26. jan. kl. 20
Föstud. 27. jan. kl. 20
Fimmtud. 2. feb. kl. 20
Sunnud. 12. feb. kl. 20

„Fimm stjórnur af fimm.“
Valgeir Skagfjörð, Fbl.
„Fullt hús hjá Steypibaðsfélaginu Stút.“
Þorgeir Tryggvason, Mbl.

Miðasala í síma 568 8000 og á www.midi.is

ARKARÞORRABLÓT 2006

Hótel Örk

Í samvinnu við Hjálparsveit skáta Hveragerði

Laugardaginn 28. janúar kl. 19.00

Verð með gistingu:
9.790,- krónur á mann í tvíbýli (Borðhald og dansleikur 5.100,- krónur)

Veislustjórn og skemmtiatriði:
Ómar Ragnarsson

Dansleikur með hljómsveitinni Feðgunum fram eftir nóttu

Nánari upplýsingar og pantanir í síma 483 4775

www.hotel-ork.is

Eldsteikt er ekta!

FUNHEIT TILBOÐ!

ÁDEINS 599 KR!

TVÖFALDUR OSTBORGARI - MÁLTÍÐ

HAMBORGARI NÚ Á ÁDEINS 139 KR. & LAUKHRINGIR Á ÁDEINS 99 KR.

BURGER KING

SMÁRALIND • ESSO ÁRTÚNSHÖFÐA • ESSO FOSSVOGI
Á Ártúnshöfða og í Fossvogi er bílalúga

**KAISER CHIEFS**

Hljómsveitin Kaiser Chiefs hefur verið tilnefnd til sex NME-tónlistarverðlauna.

Tilnefnd til sex NME-verðlauna

Hljómsveitin Kaiser Chiefs hefur verið tilnefnd til sex NME-tónlistarverðlauna, þar á meðal sem besta breska hljómsveitin og fyrir bestu plötuna.

„Ég vona að fólk kjósi okkur því við höfum aldrei unnið neitt sem við höfum verið tilnefndir fyrir,“ sagði Nick Hodgson, trommari sveitarinnar.

Kaiser Chiefs var stofnuð í svefnherbergi Hodgson árið 2003. Er hún fyrsta hljómsveitin í sögu NME-verðlaunanna til að hljóta sex tilnefningar í einu.

Nýliðarnir Artie Monkeys hlutu fjórar tilnefningar, þrátt fyrir að nýjasta plata þeirra hafi fyrst komið út síðastliðinn mánudag. Franz Ferdinand og Oasis fengu fimm tilnefningar hvor.

„Þegar Kaiser Chiefs og Bloc Party komu fram á hátíðinni í fyrra voru þær nánast óþekktar. Í þetta skipti mæta þær til leiks sem algjörar hetjur. Þegar við horfum til sveita eins og Artie Monkeys, Maximo Park og We Are Scientists þá er ljóst að hringrásin heldur áfram árið 2006,“ sagði aðstoðarritsstjóri NME.

Verðlaunin verða afhent í London þann 23. febrúar.



LAYANA THOMAZ Klæðilegt en afar töff.



LAYANA THOMAZ Hér sjást greinileg áhrif frá sjöunda áratugnum.



TNG Hér eru áhrif bæði úr rokk- og íþróttahæminum.

HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA

Tískuvikunni í Brasilíu lauk nýlega en þar sýndu ýmsir lítt þekktir hönnuðir tísku á heimsmælikvarða. Það er nokkuð ljóst að fatahönnuðir þar í landi eiga skilið að fá mun meiri athygli en þeir hafa fengið.

Áberandi var hversu sjálfstæðir hönnuðirnir sem sýndu í Rio De Janeiro eru því ekki bar á einsleitni eins og svo oft vill verða. Frjálsleg og hugmynda-rik hönnun einkenndi vikuna.

Fatalína n Lucy in the sky var afar litrík og djörf en hönnuðurinn á bak við hana heitir

Lucy Góes og er 39 ára stílisti. Kjólarnir og flíkurnar minntu margar hverjar á einhvers konar exótísk blóm eða ávexti frekar en venjuleg fót úr skræpöttu efni. Um leið voru fötin þó einstaklega klæðileg. Nýjasta lína fatamerkisins TNG var einnig afar litrík og þar er áhersla lögð á að blanda tísku og myndlist saman. Einnig virtust íþróttir hafa einhver áhrif því allar báru fyrir-sætturnar svitaband á höfðinu auk þess sem fyrirmyndin að sviðsmyndinni á tiskupallurinn var fimleikasalur. Hönnuðurinn Layana Thomaz sýndi svo klæðileg en um leið afar töff fót sem virtust sækja áhrif frá sjöunda áratugnum.

LUCY IN THE SKY Öðruvísi en um leið klæðilegt.

LUCY IN THE SKY Hönnuðurinn leggur áherslu á sérstaka og frumlega hönnun.

TNG Hér er tísku og myndlist blandað saman og efnið í buxunum minnir helst á málverk á striga.

„Ég sef miklu betur eftir að 300 manns byrjuðu að passa upp á heimili okkar.“



LUCY IN THE SKY Þessi kjóll minnir frekar á plöntu frá framandi landi.



TNG Glamúr og íþróttapema í bland.



LAYANA THOMAZ Brúni liturinn var ráðandi í fötum Layönu.

LeikHöllin
Leikur og Líti

Tónlistarnámskeið
6 mánaða - 6 ára

www.leikhollin.is
S. 517-7800 leikhollin@leikhollin.is

Viltu vinna 1 x 30" LCD

- 1 x Panasonic heimabió
- 2 x SONY Mp3 Walkman spilarar 1GB
- 2 x SONY Cybershot Digital myndavél
- 24 x Milka snjópotur



Kauptu eina eða fleiri vörur frá þessum vörumerkjum, milli 25. jan og 14. feb. Festu kassakvittunina við þátttökuseðilinn og settu miðann í þar til gerða kassa í Fjarðarkaupum og þú ert komin/n í hóp líklegra vinningshafa.

Dregið 15. feb.

FK
FJARÐARKAUP



HEIMAVÖRN

Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn. Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma **580 7000**. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er beintengt stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR IJ: 12 UM HELGUNA Í SAMBÍÖUNUM KRINGLUNNI

FRÁBER, RÓMANTÍSK GAMANMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM "BRIDGET JONES' S DIARY". BYGGÐ Á BÓK JANE AUSTEN, SEM KOMIÐ HEFUR ÚT Á ÍSLENSKU.

KEIRA KNIGHTLEY
PRIDE & PREJUDICE
HROKI & HLEYPIDÓMAR

FRÁ ÖSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRA "AMERICAN BEAUTY"
JAKE GYLLENHAAL FER Á KOSTUM ÁSAMT ÖSKARSVERÐLAUNAHÖFUNUM JAMIE FOXX OG CHRIS COOPER

JARHEAD
D.Ö.J. KVÍKMYNDIR.CO V.J.V. TOPPS.IS H.J. MBL

FRÁBER, RÓMANTÍSK GAMANMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM "BRIDGET JONES' S DIARY". BYGGÐ Á BÓK JANE AUSTEN, SEM KOMIÐ HEFUR ÚT Á ÍSLENSKU.

KEIRA KNIGHTLEY
PRIDE & PREJUDICE
HROKI & HLEYPIDÓMAR

FRÖNSK KVÍKMYNDAHÁTÍÐ
12.-30. JANÚAR

OLIVER TWIST
ROMAN POLANSKI
FRÁ CHABRIEREN AKADEMIJÓSTRADAN ROMAN POLANSKI. BRIGAD & SINGLERNI SÍGLENZU CHARLES ECKHART. MEÐ CHABRIEREN AKADEMIJÓSTRADAN SÍGLENZU CHARLES ECKHART.

RUMOR HAS IT...
ANISTON COSTNER MACLAINE RUFFALO
Byggð á sönnum orðrómi.

Case toujours
Talað fyrir daufum eyrum

Saint Ange
Sankti Ange

Les poupées Russes
Babúska

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN	HÁSKÓLABÍÓ
PRIDE & PREJUDICE KL. 5:20-8-10:40 PRIDE & PREJUDICE VIP KL. 8-10:40 OLIVER TWIST KL. 5-8-10:40 B.I. 12 JARHEAD KL. 8-10:40 B.I. 16 RUMOR HAS IT KL. 3:50-6-8:10 DOMINO KL. 10:40 B.I. 16 CRONICLES OF NARNIA KL. 5 CRONICLES OF NARNIA VIP KL. 5 KING KONG KL. 6-9:30 B.I. 12 LITLI KJÚLLINN ísl. tol KL. 3:50	HOSTEL KL. 10:20 RUMOR HAS IT KL. 8-10 B.I. 14 BROTHERS GRIMM KL. 8 AKUREYRI DOMINO KL. 8-10:15 B.I. 16 JARHEAD KL. 8-10:15 B.I. 16	OLIVER TWIST KL. 6-9 B.I. 12 DOMINO KL. 6 B.I. 16 CRONICLES OF NARNIA KL. 6-9 KING KONG KL. 8:15 B.I. 12	PRIDE & PREJUDICE KL. 5:30-8:05-10:40 OLIVER TWIST KL. 5:30-8-10:30 B.I. 12 CRONICLES OF NARNIA KL. 5:30 KING KONG KL. 9 B.I. 12 RUMOR HAS IT KL. 8:15-10:15 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6 B.I. 10 BABÚSKA - LE POUPEES RUSSES KL. 10 B.I. 12 BLESS Á MEDAN - A TOUT DE SUITE KL. 8 SANKTI ANGE - SAINT ANGE KL. 5:50

ÁLFABAKKI | 567 8900 KRINGLAN | 388 8800 AKUREYRI | 661 4666 KEFLAVÍK | 421 1170

Godfather-leikur

Tölvuleikurinn Godfather kemur út þann 23. mars fyrir PC, Playstation 2, Xbox og PSP. Leikurinn er byggður á bókinni Godfather eftir Mario Puzo og kvikmyndinni sem var framleidd af Paramount Pictures.

Godfather er saga um fjölskylduna, virðingu og tryggð. Leikurinn gerist í New York á árunum 1945 til 1955, þar sem leikmenn eiga að klifra upp metorðastiga mafiunnar og ná yfirráðum yfir borginni.

Myndin Godfather skartaði mörgum af þekktari leikurum Hollywood og komu sumir þeirra



á gerð leiksins. Meðal þeirra sem ljá leiknum rödd sína og andlit eru Marlon Brando sem Don Vito Corleone, James Caan sem Sonny Corleone og Robert Duvall sem Tom Hagen.

Vesturálmunni lokað

Sjónvarpsþátturinn The West Wing lýkur göngu sinni í Bandaríkjunum þann 14. maí. Þátturinn hefur verið sýndur í sjö ár á sjónvarpsstöðinni NBC og hefur m.a. unnið fern Emmy-verðlaun sem besta dramapátturinn.

„Við vissum að við vorum að gera einstakan þátt og héldum alltaf hópinn eins og stór fjölskylda,“ sagði Martin Sheen, sem hefur leikið forsetann Josiah Bartlet. „Við vissum að svona tækifæri fengist ekki aftur.“

Sheen bætti því við að helstu áhrifin sem þátturinn hefði haft á Bandaríkin væru þau að fólk áttæði sig betur en áður á mikilvægu hlutverki opinberra starfsmanna.

The West Wing hefur notið dvínandi vinsælda að undan-



Á FORSETASKRIFSTOFUNNI Josiah Bartlet á forsetaskrifstofunni. Þátturinn The West Wing lýkur göngu sinni í Bandaríkjunum í vor.

förnu og því var ákveðið að stöðva göngu hans. Ákvörðunin var tekin áður en leikarinn John Spencer, sem lék starfsmannastjórnann Leo McGarry, lést úr hjartaáfalli í desember í fyrra.

ELÍSABET VILL BARA ÁNÆGÐA VIÐSKIPTAVINI. ÞESS VEGNA GETUR ÞÚ HÆTT HJÁ HENNI ÞEGAR ÞÚ VILT.

HÚN ER BARA ÞANNIG SKJALDBAKA.

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

Queer eye for the straight guy

mið kl. 21

Samkynhneigðu tiskulöggum hjálpa gagnkynhneigðum kynbræðrum sínum að bæta líf sitt.

ENNEM / SIA / NM20139



Baldur hjá Lyn

Knattspyrnumaðurinn Baldur Aðalsteinsson hjá Val fór til norska úrvalsdeildarliðsins Lyn í gærmorgun og verður á reynslu hjá félaginu fram til föstudags. Baldur er samningslaus eins og stendur en hefur náð heiðursmannasamkomulagi við Valmenn um að skrifa undir nýjan samning við félagið, fari svo að Lyn hafi ekki áhuga á honum.

sport
sport@frettabladid.is

BRYNJAR SVERRISSON HJÁ ÞRÓTTI: HÆTTUR VEGNA ÁGREININGS VIÐ ATLA EÐVALDSSON

Heyrði ekki frá honum í tvo mánuði

Sóknarmaðurinn Brynjar Sverrisson er hættur hjá Þrótti eftir að hafa lent í óleysanlegum deilum við Atla Eðvaldsson, þjálfara liðsins. Brynjar var nýkominn til Þróttar á ný eftir tveggja ára dvöl hjá Stjörnunni en áður var Brynjar einn helsti markaskorari Þróttara í 1. deildinni. Ekki er langt síðan Páll Einarsson hætti hjá félaginu eftir ósætti við Atla og þá fór Jens Sævarsson einnig frá félaginu fyrir ekki svo löngu. Það er því ljóst að stór skörð hafa verið höggvin í leikmannahóp Þróttar fyrir næstu leiktíð, sem flest má rekja til samskiptaörugleika þjálfara og leikmanna.

„Það kom upp ágreiningur á milli okkar sem varð ekki leystur og því var

þetta óumflýjanlegt. Við áttum samtalið fyrri mánuðinum þar sem hugur hans kom skýrt fram og það var ljóst að samstarf okkar gengi ekki,“ sagði Brynjar við Fréttablaðið í gær, án þess að vilja fara nánar út í hvað ágreiningurinn snerist um.

Atli segir málið einfalt frá sínum bæjardryrum séð. „Brynjar skrifaði undir samning við félagið þann 1. nóvember sl. og mætti þá á eina æfingu. Hann mætti á sína

aðra æfingu þann 17. janúar sl. og þá sagði ég við hann að hann þyrfti að tala við stjórnina þar sem þetta væri ekki alveg það sem samið var um. Meira var það ekki,“ sagði Atli við Fréttablaðið í gær en samkvæmt heimildum blaðsins gat Brynjar ekki æft eins og aðrir vegna mikilla anna í vinnu. Atli segir sjálfsgagt að taka tillit til slíkra aðstæðna. „Ég hef alltaf tekið tillit til leikmanna sem eru í krefjandi vinnu en ég heyrði ekkert í honum í meira en tvo mánuði og það gengur náttúrulega ekki. Sem þjálfari krefst ég þess að menn mæti á æfingar. Ég sagði honum að hann þyrfti að ræða þessi mál við stjórnina og svo veit ég ekki fyrir en hann hefur rift samningnum. Okkar samskipti voru ekki meiri en þetta.“



> Litlu mátti muna

Leikmenn íslenska landsliðsins í handbolta fóru ekki varhluta af verkfalli flugmanna hjá flugfélaginu SAS í gær og setti það heldur betur mark sitt á ferðalag liðsins til Sviss þar sem það tekur þátt í EM. Áætlað var að liðið flygi beint til Zurich frá Kaupmannahöfn með SAS en þegar til Danmerkur var komið varð martröðin að veruleika - fluginu til Sviss hafði verið aflyst. Lengi vel stóð til að liðið tæki lest til Hamburg í Þýskalandi og flygi þaðan til Sviss, en þá opnaðist glufa hjá öðrum flugfélögum og svo fór að lokum að helmingur liðsins flaug til Zurich á meðan hinn helmingurinn flaug til Basel. Liðið komst því á leiðarenda að lokum en þó aðeins á eftir áætlun.



England er öðruvísi

Sven-Göran Eriksson kveðst löngu vera búinn að fá sig fullsaddan af fréttum af einkalífi sínu og skilur ekki hvernig almenningur í Englandi getur haft áhuga á því. Hann segir umræðu síðustu daga ekki munu hafa áhrif á enska landsliðið.

„Stundum fæ ég nóg af því að lesa um bullið sem er skrifað um mig í blöðunum. Ég hélt að fólki værið orðið sama um mitt einkalíf og að við gætum farið að snúa okkur að því sem skiptir máli - fótbolta. Ég hafði rangt fyrir mér. Vegna þessir hlutir eru öðruvísi í þessu landi.“ Þetta var meðal þess sem Sven Göran Eriksson, fráfari enska landsliðsins í knattspyrnu, sagði í gær á blaðamannafundi í tilfinni af þeim fréttum sem bárust í fyrradag um að hann og enska knattspyrnusambandið hefðu komist að samkomulagi um að hann léti af störfum eftir HM í Þýskalandi.

Það má með sanni segja að gula pressan í Bretlandi hafi hrakið Eriksson úr starfi. Uppljóstranir News Of The World hafa greinilega farið fyrir hjartað á forkölfum enska knattspyrnusambandsins og ákváðu þeir að losa sig við Eriksson. Sænski vandræðagæmlingurinn, sem fær starfslokasamning upp á rúmar 300 millj-



GULA PRESSAN Gerði Eriksson lífið leitt og hrakti hann að lokum úr starfi.

ónir, reyndi að draga úr látunum vegna brotthvarfs síns með því að halda því fram að HM hafi alltaf verið hugsuð sem ákveðin endastöð.

„HM var alltaf markmiðið hjá mér og sambandinu og það hafði verið rætt um síðasta árið að ég myndi hugsanlega hætta þá.“

Eriksson greindi frá því að hann hefði rætt við David Beckham, fyrirlíða enska liðsins, strax eftir að fundi hans með enska knattspyrnusambandinu var lokið. „Ég lét hann vita hvað væri í vænd-

um. Hann sagði: „Mér þykir það leitt.“ En við vorum sam-mála um að þetta hefði lítil sem engin áhrif á liðið fyrir HM. Það mun verða mikið um sögur sem munu segja mig vera á leið til hinna og þessa félaga. En ég hef ekki áhyggjur yfir því. Ég einbeiti mér að landsliði Englands og ætla mér að ná langt á HM.“

Ýmsir menn tengdir enskri knattspyrnu hafa látið skoðanir sínar í ljós eftir að ljóst var að Eriksson myndi fara eftir HM. Howard

Wilkinson, fyrrum stjóri enska landsliðsins, segist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með tímasetningu brottrekstursins. „Þetta mun raska öllum undirbúningi,“ segir Wilkinson.

„Ef þeir ætluðu að segja samningi hans upp þá áttu þeir einfaldlega að biða með að opinbera ákvörðunina þangað til eftir HM. Stundum gerist það nefnilega að þegar leikmenn vita að þjálfari er að hætta þá leggja þeir minna á sig fyrir liðið,“ sagði Chris Waddle sem eitt sinn var leikmaður Sheffield Wednesday og enska landsliðsins.

- vig

Viltu Vinnna?

Sendu SMS skeytið **BT UTF** á númerið **1900** og þú gætir unnið.

Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.

5 hver vinnur

Klikaðir aukavinningur

Aðalvinningur*
40" MEDION LCD Sjónvarp + PANASONIC heimabíó + 10 DVD myndir

32" JVD LCD sjónvarp

TOSHIBA ferntölvur

MEDION tölvur + 19" skjár

GSM símar

Kippur af Coke

SONY MP3 spilarar

Panasonic heimabíó

PSP tölvur

Biómiðar á ZATHURA

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

MOBILE

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

EKKI MISSA AF ÞESSUM!
NÝ ÞÁTTARÖÐ! NÝR TÍMI 19:35



SÉRSTAKUR GESTUR – SILVÍA NÓTT

Strákarnir í kvöld kl. 19:35



Langhlauparinn Haile Gebrselassie setur met:

Náði ótrúlegum tíma í hálfmaraþoni

FRIJÁLSAR Hlauparinn Haile Gebrselassie sýndi það og sannaði um síðustu helgi að hann er langt frá því að vera dauður úr öllum æðum. Hinn 32 ára gamli Eþíópíumaður, sem margir telja fremsta hlaupara sinnar kynslóðar, bætti þá heimsmetið í hálfmaraþoni í Arizona í Bandaríkjunum þegar hann hljóp á 59 mínútum og 16 sekúndum, sem er 28 sekúndum betri tími en hinn 18 ára gamli Samuel Wanjiru frá Kenía náði í Hollandi sl. september.

„Þetta er eitt af þeim metum sem stendur mér næst af þeim sem ég náð í gegnum árin vegna þess að þetta er í fyrsta sinn sem ég hleyp í Bandaríkjunum,“ sagði Gebrselassie eftir hlaupið, en hann hefur í sífellt meira mæli snúið sér að maraþoni og hálfmaraþoni eftir að hafa misst þá yfirburði sem hann hafði um áraraddir í 5.000 og 10.000 metra hlaupi.

Gebrselassie, sem er margfaldur heimsmethafi á ferlinum í hinum ýmsu vegalengdum, var jafnan þekktur fyrir sína mögnuðu endaspretti og var engin undantekning þar á í maraþoninu í Arizona á sunnudaginn. Framan af hlaupi var hann nokkuð frá heimsmetstíma Wanjiru en þegar rúmir 10 kílómetrar voru eftir stakk hann aðra keppendur hreinlega af og hélt uppi ótrúlegum hraða það sem eftir var hlaupsins. „Það var alltaf ætlunin að gefa í seinni helming hlaupsins,“ sagði Gebrselassie.

Hann hefur nú sent þau skilað til Pauls Tergat, heimsmethafa í heilu maraþoni, að met hans kunni að vera í hættu. Gebrselassie hefur verið í ströngum æfinga-



NÝTT HEIMSMET Í HÖFN Haile Gebrselassie sést hér koma í mark á Arizona-maraþoninu sem fram fór um síðustu helgi á ótrúlegum tíma. Hann er fyrsti hlauparinn í sögunni til að hlaupa hálfmaraþon á undir 59 mínútum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

búðum í heimalandi sínu þar sem hann æfir í rúmlega 3.000 metra hæð yfir sjávarmáli til að bæta loftflæðið í lungun. Hann stefnir að því að bæta heimsmet Tergats, 2 klst. 4 mínútur og 55 sekúndur, í London-maraþoninu sem fram fer í apríl nk., þar sem Tergat verður einnig á meðal þátttakenda.

- vig

vísir

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005

„FJÓRAR STJÖRNUR, EKKI SPURNING!“



Kosningu lýkur kl. 12 í dag!

Gagnrýnendur segja eitt. En nú er komið að þér.

Farðu á visir.is og taktu þátt í Íslensku tónlistarverðlaununum. Veldu „Vinsælasta flytjandann“, þann tónlistarmann eða hljómsveit sem þér þykir hafa skarað fram úr árið 2005 og spilaðu með í veðbankanum. Ef þú giskar rétt áttu möguleika á glæsilegum vinningi, ferð fyrir tvo með Icelandair til San Fransisco og gjaldeyri frá Landsbankanum.

Hver var bestur 2005?

Láttu skoðun þína í ljós á visir.is

Glæsileg verðlaun í boði!

FRÉTTABLAÐIÐ

Landsbankinn

ICELANDAIR



VINNUM BORGINA SAMAN

VIÐ GEFUM KOST Á OKKUR Í PRÓFKJÖRI SAMFYLKINGARINNAR OG ÓHÁÐRA Í REYKJAVÍK, SEM HALDIÐ VERÐUR 11. OG 12. FEBRÚAR.

•Þú getur haft áhrif! Prófkjórið er opið öllum sem eru á kjörskrá í Reykjavík.

•Hægt verður að greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofu Samfylkingarinnar í Reykjavík, Hallveigarstíg 1, dagana 31. janúar - 10. febrúar kl. 16:00 – 20:00.

•Þeir sem dvelja utan höfuðborgarsvæðisins eða í útlöndum geta fengið kjörgögn send.

•Póstlögð atkvæði þurfa að hafa borist fyrir kl. 15:00 föstudaginn 10. febrúar, en boðsend atkvæði þurfa að berast fyrir lokun kjörstaða 12. febrúar.



Eiður Smári einn sá besti að mati Ronaldinho

Besti knattspyrnumaður heims, Brasilíumaðurinn Ronaldinho hjá Barcelona, segir Eið Smára Guðjohnsen vera einn af þremur bestu framherjum heims. Eiður Smári kveðst stoltur yfir viðurkenningunni.

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen er einn þriggja framherja og alls 12 leikmanna sem brasilíska snillingurinn Ronaldinho telur vera þá bestu í heimi. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði „Champions“, opinberu tímariti Meistaradeildar Evrópu, þar sem Ronaldinho velur draumalið sitt.

„Þetta var mjög ánægjulegt og kom mér ofurlítið á óvart. Ég get heldur ekki neitað því að ég er ofurlítið stoltur. Það er alltaf mikils virði þegar fólk í sömu starfsstétt ber fyrir manni virðingu og hrósar manni,“ sagði Eiður Smári eftir að hann hafði heyrt af vali Ronaldinho.

Með hverjum leikmanni fylgir stutt umfjöllun frá Ronaldinho og um Eið Smára segir besti knattspyrnumaður heims að hann sé fyrst og fremst gríðarlega vanmetinn leikmaður. „Hann er mjög snjall framherji sem leggur upp jafn mörg mörk og hann skorar,“ segir Ronaldinho í umfjöllun sinni um Eið en að sögn fyrirliða íslenska landsliðsins þekkjast þeir félagar ekki persónulega. „En mér sýnist að hann hafi mikið vit á fótbolta,“ sagði Eiður Smári og hló dátt.

Hrifning Ronaldinho á leikmönnum Chelsea, sem skín í gegn í umræddu draumaliðsvali hans, hefur vakið nokkra athygli á meðal enskra og spænskra fjölmiðla, sérstaklega í ljósi þess að Chelsea og Barcelona munu einmitt mætast í 16-liða úrslitum meistaradeildarinnar eftir innan við mánuð.

Aðrir leikmenn Chelsea sem Ronaldinho telur eru Didier Drogba, Claude Makelele, Frank Lampard, John Terry og Peter Cech. Ronaldinho segir Cech vera óumdeilanlega besta unga markvörðinn í heiminum í dag og að Terry hafi á undanföllum árum



SÁ BESTI OG SÁ NÆSTBESTI? Eiður Smári og Ronaldinho sjást hér eigast við í eftirminnilegri rímu Chelsea og Barcelona í meistaradeild Evrópu í fyrra. Ronaldinho hefur augljóslega hrifist af frammiðstöðu Eiðs Smára í þeim leikjum, enda telur hann fyrirliða íslenska landsliðsins vera einn af þremur bestu framherjum heims. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

þróast í nánast gallalaus varnarmann. „Hann er augljós leiðtogi Chelsea og mjög góður fyrirliði,“ segir Ronaldinho.

Í liði Ronaldinhos er aðeins að finna leikmenn úr þremur liðum og fer ekki á milli mála að hann telur AC Milan ásamt Chelsea vera helstu andstæðinga Barcelona. Líklega er það meðvitið ákvörðun Ronaldinho að velja engan samherja sinna hjá Barcelona í úrvalslið sitt en það samanstendur af þremur leikmönnum í hverja stöðu á vellinum. Fimm leikmenn frá AC Milan eru í liðinu, markvörðurinn Dida, varnarmennirnir Cafu og Paulo Maldini, miðjumaðurinn Kaka og sóknarmaðurinn Andriy Shevchenko. Eini leikmaðurinn utan

ÚRVALSLIÐ RONALDINHO

MARKMENN

Peter Cech Chelsea
Dida AC Milan
Gianluigi Buffon Juventus

VARNARMENN

John Terry Chelsea
Cafu AC Milan
Paulo Maldini AC Milan

MIÐJUMENN

Frank Lampard Chelsea
Claude Makelele Chelsea
Kaka AC Milan

SÓKNARMENN

Eiður Smári Guðjohnsen Chelsea
Didier Drogba Chelsea
Andriy Shevchenko AC Milan

AC Milan og Chelsea sem kemst í liði er Gianluigi Buffon, markvörður Juventus. - vig

Getgátur eru um hver taki við enska landsliðinu:

Verður líklega enskur

FÓTBOLTI Fjölmiðlar ytra hafa mikið velt því fyrir sér hver muni taka við þjálfun enska landsliðsins eftir HM og er það nafn Sam Allardyce hjá Bolton sem er oftast nefnt í því samhengi. Allardyce hefur náð aðdáunarverðum árangri með Bolton síðustu ár og ekki þykir skemma fyrir að hann hefur áður látið í ljós löngun sína til þess að þjálfna enska landsliðið.

Aðrir sem nefndir hafa verið

eru Alan Curbishley hjá Charlton, Steve McClaren, stjóri Middlesbrough og Martin O'Neill.

VEÐBANKAR Í ENGLANDI

Sam Allardyce	5/2
Alan Curbishley	3/1
Steve McClaren	7/2
Ottmar Hitzfeld	8/1
Martin O'Neill	10/1
Gus Hiddink	12/1
Stuart Pearce	12/1



SAM ALLARDYCE Eftirmaður Eriksson?

Ekki þykir líklegt að enska knattspyrnusambandið leiti út fyrir landssteinana en þó hafa nöfn Guus Hiddink, sem náð hefur frábærum árangri með hin ýmsu landslið í gegnum tíðina og Ottmar Hitzfeld hjá Bayern Munchen, verið nefnd. - toh

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

22 23 24 25 26 27 28

Miðvikudagur

LEIKIR

- 19.15 Grindavík og KR mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í Grindavík.
- 19.15 Keflavík B og Breiðablik mætast í bikarkeppni KKI og Lýsingar í körfubolta kvenna í Keflavík.

SJÓNVARP

- 18.00 Íþróttasjallið á Sýn.
- 18.12 Sportið á Sýn.
- 18.55 Bestu bikarmörkin á Sýn. Sýnd verða mörk Man. Utd.
- 19.50 Enski deildarbikarinn á Sýn. Bein útsending frá síðari leik Man. Utd og Blackburn í undanúrslitum.
- 22.00 Harlem Globetrotters á Sýn. Þáttur um þetta lið sem er samansafn körfuboltasníllinga.

40
+ 15
I. vinningur

55
milljónir

Bónus-
vinningur
8
milljónir

Það er alltaf
einhver að
vinna milljónir

Er röðin komin að þér?

Gleymdu ekki að kaupa þér miða í Víkingalottóinu. Það er aldrei að vita nema vinningur falli þér í skaut. Þú kemst ekki að því nema taka þátt.

Vertu með fyrir kl. 17.

VÍKINGA
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

DV

FRÍÐRIK KARLSSON Í GÓÐUM MÁLUM

Vinnur með
Mariuh Carey
að HM-lagi

þorir þegar aðrir þegja!



ANDRIUS STELMOKAS Færir sig um set.

Andrius Stelmokas:

Á leið frá Göppingen

HANDBOLTI Línumaðurinn knái Andrius Stelmokas, sem lék á árum áður með KA á Akureyri, hefur ákveðið að skipta um lið og spila með þýska liðinu Fuchse Berlin á komandi leiktíð.

Stelmokas, sem leikið hefur undanfarið með Göppingen í þýsku úrvalsdeildinni, gerði tveggja ára samning við Berlínarliðið. Stelmokas, sem er frá Litháen, hefur leikið 52 leiki í þýsku úrvalsdeildinni og skorað 211 mörk en áður hafði hann verið einn besti leikmaður efstur deildar hér á landi. ■

EM í handbolta í Sviss:

Brand velur þýska liðið

HANDBOLTI Heiner Brand, landsliðsþjálfari Þýskalands í handknattleik, hefur valið lokahóp sinn fyrir Evrópumótið sem fer fram í Sviss og hefst í vikunni. Eftirtaldir leikmenn eru í hópnum:

Markmenn: Henning Fritz, Johannes Bitter og Carsten Lichtlein.

Útileikmenn: Florian Kehrmann, Christian Sprenger, Christian Zeitz, Volker Michel, Michael Kraus, Frank von Behren, Pascal Hainz, Michael Hegemann, Torsten Jansen, Dominik Klein, Andrej Klimovets, Sebastian Preiß og Oliver Roggisch. ■



PAOLO DI CANIO Finnst sjálfsgaet að heilsa að fasistasíð.

Paolo Di Canio:

Kominn aftur í leikbann

FÓTBOLTI Ítalinn Paolo Di Canio hefur enn og aftur verið dæmdur í leikbann fyrir að heilsa að síð fasista í leik. Átti þetta sér stað í leik gegn Livorno í desember síðastliðnum. Var Di Canio dæmdur í eins leiks bann auk þess sem kappinn þarf að greiða tíu þúsund evrur í sekt.

Þetta er í annað skiptið á tveim mánuðum sem Di Canio er dæmdur í bann fyrir að veifa að hætti fasista. - toh

Opna ástralska:

Davenport beið ósigur

TENNIS Bandaríska tenniskonan Lindsay Davenport beið ósigur í gær á opna ástralska meistaramótinu í tennis þegar hún tapaði fyrir belgísku stúlkunni Justine Henin-Hardenne í þremur settum, 6-2, 2-6 og 6-3. Er þetta mikið áfall fyrir Davenport sem er stigahæsta tenniskona heims um þessar mundir. Henin-Hardenne mætir rússnesku stúlkunni Mariu Sharapovu í undanúrslitum, sem áður hafði unnið löndu sína Nadiu Petrovu 7-6, 6-4 í fyrradag. - toh

Nýr heimavöllur Arsenal, Emirates leikvangurinn, er óðum að taka á sig mynd:

Arsenal mun verða með hæstu tekjurnar frá heimaleikjum

FÓTBOLTI Ekkert félag í heiminum mun hafa eins miklar tekjur af miðasölu á heimaleiki sína og Arsenal mun gera eftir að hinn nýi og stórglæsilegi heimavöllur Arsenal, Emirates leikvangurinn, verður tekinn í notkun á næstu leiktíð.

Leikvangurinn mun taka rúmlega 60 þúsund manns í sæti og eftir því sem Keith Edelman, fjármálastjóri félagsins segir gera útreikningar ráð fyrir því að stórauikin miðasala muni skila um átta milljörðum í kassann á hverju tímabili. Er það meira en helmingi hærri upphæð en félagið fékk allt tímabilið 2003-2004 þrátt fyrir að uppselt hafi verið á hvern einasta leik, einfaldlega vegna smæðar Highbury, núverandi heimavallar Arsenal. Fyrir utan aukna miðasölu verður einnig stór aukning á sölu varnings tengdum liðinu, mat og drykkjarvörum á meðan leik stendur, sölu á leikskrá og ýmissi annarri smávöru.

Edelman segir að það hafi aldrei verið neitt launungarmál að Arsenal hafi átt erfitt með að keppa



LANGT KOMINN Emirates leikvangurinn í London verður hinn glæsilegasti. NORDICPHOTOS/AFP

við Manchester United í leikmannakaupum síðustu ár þar sem félagið hafi einfaldlega haft yfir mun minni fjármunum að ráða. Ástæðuna fyrir því má að stóru leyti rekja til miðasölu. Tímabilið 2003-2004 námu tekjur Man. Utd af miðasölu á Old Trafford um 6,7 milljörðum króna, eða um 120 milljónum meira en Arsenal á hverjum einasta heimaleik. „Það eru engir smáaurar,“ bendir Edelman réttilega á.

Emirates leikvangurinn er talinn munu kosta félagið um 70 milljarða króna – upphæð sem er að mestu leyti fengin með lánum. Að sögn Edelman vinnur félagið eftir

25 ára áætlun sem á, ef flóknir og langir útreikningar ganga eftir, að skila liðinu umtalsverðum gróða. Edelman vísar einnig ummælum Alex Ferguson hjá Man. Utd á bug, en hann lét fyrir skemmstu hafa eftir sér að Arsenal myndi eiga í erfiðleikum með að selja 60 þúsund miða á hvern einasta leik. Edelman svarar þeim ummælum með því að benda á staðreyndir. „Félagið hefur þegar selt 45 þúsund ársmiða sem skilur eftir þrjú þúsund miða fyrir stuðningsmenn andstæðinganna og tólf þúsund sem aðrir 100 þúsund meðlimir stuðningsmannaklúbbs félagsins geta barist um,“ segir hann. - vig



PAUL SCHOLES Ekki meira með í vetur.

Paul Scholes:

Ekki meira með í vetur

FÓTBOLTI Paul Scholes, miðjumaður Manchester United og fyrrverandi landsliðsmaður Englands, verður ekki meira með á þessu tímabili. Ástæðan er dularfullur augnkvilli sem hefur verið að hrjá kappann síðan um miðjan seinasta mánuð. Mun kappinn víst sjá tvöfalt með hægra auganu og hafa læknar ráðlagt honum að hvílast næstu tvo til þrjú mánuði.

Þetta eru slæm tíðindi fyrir liðið sem er að berjast um meistaradeildarsæti við Liverpool og Arsenal. Í raun má segja að aðeins einn framúrskarandi miðjumaður sé að finna í leikmannahópi Man. United um þessar mundir, Skotann Darren Fletcher, og er stjórninn Alex Ferguson því nánast tilneyddur til að fjárfesta í öðrum slíkum áður en félagaskiptagugginn lokast eftir tæpa viku. - toh

HYUNDAI
SANTAFE
HM 2006

Verð frá kr. 2.670.000



Stjarna leiksins

Santa Fe býðst nú með veglegum HM 2006 aukahlutapakka að andvirði 317.000 kr. Komdu og prófaðu þennan hæfileikaríka sportjeppa. Þú gerir ekki betri kaup.

<p>Samlitur</p> 	<p>Leðurstýri og skriðstillir</p> 	<p>Vindskeið</p> 
<p>16 tommu álfelgur og heilsársdekk</p> 	<p>Leður á gírhnúð</p> 	 <p>Með bílinn handa þér</p>

Aukahlutapakki HM 2006 að andvirði kr. 317.000 fylgir með.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„Fill it up again! Fill it up again! Once it hits your lips, it's so good!”

Svar:
 Frank the Tank í kvikmyndinni Old School frá árinu 2003.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON ER ÁNÆGÐUR MEÐ SÖGULEGAN SJÓNVARPSPÁTT

Et tu, Brute?

Fyrstu þáttur sögulegu sápuóperunnar um Rómaveldi var sýndur á Stöð 2 á sunnudagskvöldi. Var reyndar algeng óviðbúinn, vinur mömmu sagði við mig rétt áður en ég hélt inn á klósett til þess að tannbursta mig að nú væri að byrja rosaleg mynd um Rómaveldi. Ég gladdist mjög enda hef ég alltaf haft gaman af sögulegu sjónvarpsefni. Eftir innan við klukkutíma langan þátt komst ég að því að þetta var í raun ekki mynd heldur heil þáttasería. Ég gladdist enn meira enda var þátturinn fantafinn og bauð upp á blóðugar baráttur, nakta kvenlíkama og mikilfenglegar hetjur. Er hægt að biðja um meira? Þátturinn gefur kannski svolítið ófgakennnda mynd af þessu öllu saman en raunin er einfaldlega sú að svona var þetta þjóðfélag. Þrælur voru ekki manneskjur, konur höfðu lítil réttindi og græðgi var alsláðandi. Að því leytinu til náðu þættirnir að fanga andrúmsloftið vel. Kannski ekki farið 100% rétt með allar sögustaðreyndir og rómverskt samfélag gert aðeins amerískara en það var í raun og veru, en ef maður hefur séð myndir eins og Caligula og Gladiator þá fyrirgefur maður þannig smá

ræði. Það er til dæmis mjög myndið hvernig Kanarnir geta gert heilu menningarheimana evrópska með því að láta persónur tala fagaða ensku. Þátturinn sem slíkur stóð samt undir nafni sem hin besta afþreying. Talandi um mannkynssöguna þá hefur Stöð eitt ætíð haft þann sið að sýna heimildarmyndir á mánudagskvöldum og núna er verið að sýna þætti um sögu Egyptalands sem eru nokkuð forvitnilegir. Ég man samt eftir því þegar sýnd var saga kalda stríðsins í 24 þáttum sem var eitt alvandaasta sjónvarpsefni sem ég hef séð. Vil þess vegna að lokum skora á Stöð eitt að endursýna þá snildar heimildarþætti.



ROME Þættirnir fjalla um valdabaráttu og daglegt líf í Rómaveldi á tímum Júliúsar Sesar



▶ 22.20
Íþróttir

HANDBOLTAKVÖLD



▶ 20.05
Raunveruleiki

TEENAGERS FROM HELL



▶ 21.00
Gaman

MY NAME IS EARL



▶ 21.00
Lífstill

QUEER EYE FOR THE STRAIGHT GUY



▶ 19.50
Fótbolti

MAN. UTD – BLACKBURN

SJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah Winfrey 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Strong Medicine

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Whose Line Is it Anyway? 13.30 Sjálfstætt fólk 14.00 Kevin Hill 14.40 Fear Factor 16.00 BeyBlade 16.25 Sabrina – Unglingsnomin 16.50 Könnuðurinn Dóra 17.15 Pingi 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons 12

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Disneystundin 18.01 Steini (33:52) 18.23 Sí-gíldar teiknimyndir (19:42)

18.31 Liló og Stíth (57:65) (Lilo & Stitch)
 18.54 Víkingalottó
 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
 19.35 Kastljós
 20.00 Íslensku tónlistarverðlaunin 2006 Bein útsending frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Þjóðleikhúsinu.
 22.00 Tiúfréttir
 ▶ 22.20 Handboltakvöld
 22.40 Japan – Minningar um leyndarríki (3:3) (Japan: Memoirs of a Secret Empire) Í lokapættinum er sagt frá menningar- og efnahagslegu blómaskeiði borgarinnar Edo á 18. öld. Hún þótti með fjögrugi borgum í heiminum þá en erlendir herir voru ekki langt undan.

23.40 Kastljós 0.15 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Man With One Red Shoe 8.00 Scorched 10.00 The Importance of Being Earnest 12.00 Bruce Almighty 14.00 The Man With One Red Shoe 16.00 Scorched 18.00 The Importance of Being Earnest 20.00 Bruce Almighty 22.00 Shipping News Quoyle flytur á slóðir ættmenna sinna á Nýfundnalandi og þá fyrst fara hjólin að snúast. Bönnuð börnum. 0.00 Dickie Roberts: Former Child Star (B. börnum) 2.00 Dead Men Don't Wear Plaid (Bönnuð börnum) 4.00 Shipping News (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story 13.00 E! News 13.30 Hearthrobs & Heartbreakers... 14.00 101 Most Awesome Moments in... 15.00 101 Most Awesome Moments in... 16.00 101 Most Awesome Moments in... 17.00 101 Most Awesome Moments in... 18.00 Fight For Fame 19.00 E! News 19.30 Celebrity Soup 20.00 The E! True Hollywood Story 21.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 22.00 Divas Gone Bad 22.30 Hearthrobs & Heartbreakers... 23.00 Wild On 0.00 E! News 0.30 Divas Gone Bad 1.00 Party @ the Palms 1.30 Girls of the Playboy Mansion 2.00 The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

14.00 West Ham – Fulham 23.01 16.00 Newcastle – Blackburn frá 21.01 18.00 Tottenham – Aston Villa frá 21.01
 20.00 Að leikslokum (e)
 21.00 Everton – Arsenal frá 21.01
 23.00 Chelsea – Charlton frá 22.01 1.00 Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



HVERT ER HELSTA BANAMEIN KVENNA?

Oprah í kvöld kl. 20:50



VIÐ MÆLUM MEÐ...

Íslensku Tónlistarverðlaunin Sjónvarpið kl. 20.00

Uppgjör tónlistarársins

Með árunum hafa íslensku tónlistarverðlaunin stækkað og dafnað og njóta nú virðingar meðal almennings og tónlistarfólks og eru eins konar uppskeruhátíð íslenskra tónlistarmanna. Sýnt verður frá afhendingunni í kvöld í beinni útsendingu frá Þjóðleikhúsinu. Tilgangur Íslensku tónlistarverðlaunanna er að varpa kastljósi á íslenska tónlist og verðlauna þá aðila sem þykja hafa skarað fram úr á líðnu ári. Lofað verður mikilli glæsisýningu en leikarinn Felix Bergsson er kynnr hátíðarinnar og munu hinir ýmsu tónlistarmenn koma fram og skemmta áhorfendum í sal og heima í stofu.



TALSTÖÐIN FM 90,9

6.58 Ísland í bitíð. Samsent með Stöð 2 9.10 Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið. 13.10 Sögur af fólki e. 14.10 Hrafnáþing 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökullsson.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.30 Allt og sumt e. 21.30 Á kassanum e. 22.00 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

BYLGIJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík síðdegis. 7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ivar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag. 19.30 Bragi Guðmundsson – með ástarkefju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Slæðingur 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Pipar og salt 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vít og breitt 14.03 Útlarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Orð skulu standa 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spejllinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Sádómen söngvanna 21.00 Út um græna grundu 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Bókabátturinn 23.05 Fallegast á fóninn 0.10 Útlarp á samtengdum rásum til morguns

ÚTLARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson

15.00 Hildur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir

23.00 Kjartan G. Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlarp

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spejllinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Gettu Betur 21.00 Konsert 22.10 Popp og ról

AÐRAR STÖÐVAR

- FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
- FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
- FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni
- FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
- FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
- FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

FRONTLINE 22.30 Fréttir

NFS 7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttaréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttaviðtal. 13.00 Íþróttir/lífstill 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

20.00 Fréttir
20.10 Skafthlíð – vikulegur umræðuþáttur Maður vikunnar.
20.45 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.
21.00 Fréttir
21.10 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.
22.00 Fréttir Fréttir og veður
22.30 Frontline (The OJ Verdict) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

23.20 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir 0.20 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.20 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT
12.00 Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open 13.30 Football: Football World Cup Season Magazine 14.00 Football: African Cup of Nations Egypt 15.15 Football: African Cup of Nations Egypt 17.15 Football: African Cup of Nations Egypt 18.00 Football: African Cup of Nations Egypt 20.00 Sailing: Inside Alinghi 20.05 All Sports: Wednesday Selection 20.15 Equestrianism: World Cup Leipzig 21.15 Sailing: Volvo Ocean Race 21.45 All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 22.00 Olympic Games: Olympic Torch Relay 22.15 Football: African Cup of Nations Egypt 23.15 Football: African Cup of Nations Egypt 0.15 Football: Football World Cup Season Magazine 0.45 Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open 2.00 Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

BBC PRIME
12.00 Keeping up Appearances 12.30 The Good Life 13.00 Ballykissangel 14.00 Balamory 14.20 Andy Pandey 14.25 Tweenies 14.45 Fimbles 15.05 Captain Abercromby 15.20 The Make Shift 15.35 Stitch Up 16.00 Cash in the Attic 16.30 Ready Steady Cook 17.15 The Weakest Link 18.00 Doctors 18.30 EastEnders 19.00 Changing Rooms 19.30 Rick Stein's Food Heroes 20.00 The Inspector Lynley Mysteries 21.30 The Kumars at Number 42 22.00 Billie Jean King 22.55 Pride and Prejudice 0.00 Eric Hebborn: Portrait of a Master Forger 1.00 Studies in Music: 1750 – 2000 1.30 Studies in Music: 1750 – 2000 2.00 Welfare, Power and Diversity

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Seconds from Disaster 13.00 Swamp Tigers 14.00 Megastructures 15.00 Body Attack 16.00 Seconds from Disaster 17.00 Seconds from Disaster 18.00 Eruption At Pinatubo 19.00 Nature's War Zone 20.00 Megastructures 21.00 Body Attack 22.00 Seconds from Disaster 23.00 Seconds from Disaster 0.00 Body Attack 1.00 Megastructures

ANIMAL PLANET
12.00 Amazing Animal Videos 12.30 Monkey Business 13.00 Big Cat Diary 13.30 The Snake Buster 14.00 Maneaters 14.30 Predator's Prey 15.00 Miami Animal Police 16.00 Pet Rescue 16.30 Wildlife SOS 17.00 Amazing Animal Videos 17.30 The Planet's Funniest Animals 18.00 The Snake Buster 18.30 Monkey Business 19.00 Supernatural 19.30 Big Cat Diary 20.00 Life of Mammals 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Supernatural 22.30 Monkey Business 23.00 Emergency Vets 23.30 Hi-Tech Vets 0.00 Pet Rescue 0.30 Wildlife SOS 1.00 Life of Mammals 2.00 The Snake Buster

DISCOVERY CHANNEL
12.00 American Chopper 13.00 Birth of a Sports Car 14.00 Extreme Engineering 15.00 Extreme Machines 16.00 Scrapheap Challenge 17.00 A Car is Born 17.30 A Car is Born 18.00 American Chopper 19.00 Mythbusters 20.00 Europe's Richest People 21.00 A Haunting 22.00 Zero Hour 23.00 Mythbusters 0.00 Forensic Detectives 1.00 FBI Files 2.00 Europe's Secret Armies



GEYMSLUR
SELF STORAGE CENTER

Í fyrsta sinn á Íslandi er í boði geymsluhúsnæði að erlendri fyrirmynd. Losaðu um þrengslin og komdu eigum þínum í hreina og örugga geymslu. Þú átt líka erindi til okkar ef bílskúrinn er yfirfullur.

- Bókhald og gögn
- Lager fyrir minni fyrirtæki
- Vélar og tæki fyrir verktaka og iðnaðarmenn
- Búslóðir
- Bókasöfn
- Nú er tíminn til að geyma vetrarvöruna
- Samningstími allt niður í 30 daga
- Öflugt öryggiskerfi
- 24 tíma gæsla
- Lás að hverri geymslu
- Varmahiti í gólfi
- Jafnt hitastig
- 100% hreinlæti
- Nýtt húsnæði
- Frá kr. 2,990 á mánuði



Þú sérð húsið og skiltið frá Reykjanesbrautinni. Við erum í næsta húsi við Marel í Garðabæ. Nánari upplýsingar eru á www.geymslur.com

Geymslur ehf. - Miðhrauni 4 - 210 Garðabæ
Hringdu núna í síma 555-34-64





HRÓSIÐ

...fær Þórdís Classen fyrir að gera veggjakroti hátt undir höfði með bókinni Icepick-Icelandic Street Art.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 líkamshluti 6 öflug röð 8 tjara 9 ætt 11 ung 12 kjötstycki 14 venjur 16 í röð 17 líða vel 18 bókstafur 20 danmörk 21 tröll.

LÓÐRÉTT

1 að lokum 3 í röð 4 mildi 5 móðuþykki 7 gagn 10 andmæli 13 svelg 15 vætu 16 skyggni 19 fyrirtæki.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 hús, 6 on, 8 bik, 9 kyn, 11 ný, 12 steik, 14 síor, 16 de, 17 una, 18 em, 20 dk, 21 rísa.
LÓÐRÉTT: 1 loks, 3 áb, 4 línkínd, 5 sky, 7 nýsem, 10 nei, 13 íu, 15 raka, 16 der, 61 ms.

Einstakt enskunámskeið

Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.



- Fjámám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Fríðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheymarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélag, fræðslusjóður og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar

www.pareto.is

eða í sínum 540-8400 eða 820-3799



PRÍR SPURÐIR PÁLL VALSSON ÚTGÁFUSTJÓRI EDDU LÉT STÓR ORÐ FALLA UM ÍSLENSKUNA

Verður íslenskan útdauð eftir 100 ár?



Arnbjörg Sveinsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins.

Purfum að leggja talsvert á okkur

Nei, okkur hlýtur að takast að standa vörð um hana með stanslausri kenningu og með því að taka vel á hinni nýju tækni sem börnin eru að fást við. Við þurfum sennilega að leggja talsvert á okkur til að það takist að vernda tungumálið en ég held líka að það sé almennur vilji til þess.



Stutt og laggott

Fyrir skal ég dauður liggja.

Valdimar Flygenring leikari.

Talsvert breytt

Kannski ekki útdauð en eflaust verður hún talsvert breytt vegna útlenskra áhrifa og fleira. Auðvitað þarf maður að reyna að varðveita málið en ég held að breytingar séu óhjákvæmilegar.

María Björk Sverrisdóttir söngkona.



VOKSNE MENNESKER Hlýtur náð fyrir augum dönsku kvikmyndakademíunnar og er tilnefnd til sex verðlauna.

VOKSNE MENNESKER: Í GÓÐUM HÓPI Á DÖNSKU „EDDUNNI“

Sex tilnefningar hjá Dönum

Kvikmyndin Voksne Mennesker eftir Dag Kára fær sex tilnefningar á dönsku kvikmyndaverðlaunahátíðinni sem ber það skemmtilega nafn „Robert“. Myndin er tilnefnd sem besta myndin og leikararnir Nicholas Bro og Bodil Jørgensen fá sína tilnefninguna hvor fyrir leik sinn. Þá er Voksne Mennesker einnig tilnefnd fyrir klipningu auk þess sem hljómsveit leikstjórans, Slowblow, fær tilnefningu fyrir tónlistina í myndinni. Þetta er í



DAGUR KÁRI Er um þessar mundir að útvega lokafjármagn og ráða leikara fyrir sína næstu mynd Good Heart en hún segir frá hjartveikum bareiganda sem gengur vandræðarunglingi í fódurstað.

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

fyrsta skipti sem verk Dags er tilnefnt til þessara verðlauna. Hann er reyndar ekki eini Íslendingurinn sem fær tilnefningu því leikmynd Karls Júlíussonar í Dear Wendy, sem Thomas Winterberg gerði, er einnig meðal útváldra.

Voksne Mennesker er í góðum hópi en meðal annarra mynda sem keppa um verðlaunin eru Mandelay eftir Lars von Trier, Adams Æbler sem Anders Thomas Jensen gerir og hin margverðlaunada Drabet í leikstjórn Per Fly. Ólíkt Eddunni, sem alltaf er sýnd í beinni útsendingu, þá er Robert-hátíðin lokað samkvæmi fyrir kvikmyndagerðarfolk.

Dagur var rétt búinn að svæfa dóttur sína þegar Fréttablaðið hringdi í hann og óskaði honum til hamingju. „Þetta er bara ánægjulegt“, sagði leikstjórinn með stóískri ró en hann fer til Danmerkur og verður viðstaddur afhendinguna sem fram fer fimmta febrúar. „Árið í fyrra var eitt það besta í sögu danskrar kvikmyndagerðar, þá voru frumsýndar um þrjátíu myndir en til samanburðar voru

um tuttugu myndir frumsýndar árið þar áður“, útskýrir hann.

Margir af bestu leikstjórum Dana og verk þeirra eru tilnefnd og því ljóst að um mikla viðurkenningu er að ræða fyrir Íslendinginn. Sjálfur segir Dagur að tilnefningarnar einar og sér séu sigur fyrir myndina en hann gerir sér ekki miklar vonir um sigur og stillir bjartsýninni í hóf. Hann spáir myndinni Drabet eftir Per Fly mikilli velgengni á hátíðinni enda hefur hún rakað til sín verðlaunum að undanförunu.

Leikstjórinn er um þessar mundir að vinna í næsta verkefni sínu sem ber heitið „Good Heart“. Að sögn Dags er nú verið að vinna í lokafjármögnun og ráða í hlutverk en hann vildi ekkert gefa upp nein nöfn í því sambandi. Sagði þau mál vera á viðkvæmu stigi. Myndin segir frá hjartveikum bareiganda sem ákveður að ala flækingspilt upp til að taka við staðnum þegar hann fellur frá. „Inn í jöfnuna kemur síðan kona og þá fer allt á versta veg“, segir Dagur.

freygigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Strákarnir frægu á Stöð 2 eltu karla-landslíðið í handknattleik á röndum þegar þeir voru staddir hér á landi í þeim tilgangi að búa sig undir Evrópumótíð í Sviss sem hefist á fimmtudaginn. Gestur kvöldsins verður óneitanlega mun kvenlegri því það er sjálf **Sylvia Nótt** sem heiðrar drengina fimm með nærveru sinni. Þrátt fyrir að Strákarnir hafi fengið nokkur þrumuskot frá landsliðsmönnum þá er vist að hárbeyttar glósur sjónvarpsdrottningarinnar eiga ekki síður eftir að hitta í mark en skot „strákanna okkar“. - fgg



Svo virðist sem allt sem hljómsveitin í gull. Platan Takk selst í bilförmum um heim allan og tónleikar sveitarinnar hafa fengið frábæra dóma. Auk þess á hljómborðsleikarinn **Kjartan Sveinsson** tónlistina við stuttmyndina Síðasti bæinn í dalnum eftir **Rúnar Rúnarsson**. Sú mynd þykir líkleg til að fá tilnefningu til óskarsverðlaunanna og hver veit nema meðlimur Sigur Rósar muni ganga eftir rauða dreglinum þann 5. mars næstkomandi. Tilkynnt verður um tilnefningarnar 31. janúar. - fb




Íslenska landsliðið í handbolta hélt til Sviss þar sem það keppir á Evrópumótinu en landsliðsþjálfarinn **Viggó Sigurðsson** kom í Kastljóspátt Ríkissjónvarpsins á mánuðaginn. Það vakti athygli að ritstjórn **Þórhallur Gunnarsson** kallaði íþróttafréttamann af íþróttadeild Sjónvarpsins ekki af þekkingu heldur lét **Jóhönnu Vilhjálmssdóttur** og **Kristján Kristjánsson** taka slaginn. Þetta vakti furðu margra enda hafði íþróttadeildin haft veg og vanda af útsendingum frá æfingaleikjum landsliðsins gegn Frökkum á dögum. Viggó varði sig fimlega gegn árásum Kastljóssfólksins sem snerust um hvort breiddin í landsliðinu væri nægjanleg til að standast sterkustu þjóðunum snúninginn. Á móti mætti spyrja hvort breiddin í starfsliði RÚV hafi ekki verið meiri en svo að „áhugamenn“ um íþróttina voru látnir standa vaktina? - fgg

LEIÐRÉTTING

Nafn Önnu Kristínar Jónsdóttur, dómara í Gettu betur, misritaðist í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á því.



SÚR HVALUR OG RENGI HARÐFISKUR OG HÁKARL



Gnóðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.

Pegasus kvikmyndar Krosstré

„Þetta er sýnd veiði en ekki gefin, en það er komið ferli í gang sem gæti endað í kvikmynd“, segir Jón Hallur Stefánsson rithöfundur, en kvikmyndafélagið Pegasus hefur keypt kvikmyndaréttinn á fyrstu skáldsögu hans, **Krosstré**, sem Bjartur gaf út fyrir jól.


Snorri Þórisson, forstjóri Pegasus, segist strax hafa séð möguleika á kvikmynd þegar hann las bókina. „Þetta er frábært efni og er greinilega skrifuð af manni sem hugsar sjónrænt. Það væri allt eins hægt að gera þriggja þátta sériú þessu, en fyrsta hugmyndin var að gera kvikmynd.“

Næsta skref verður að finna einhvern til að skrifa handrit upp úr bókinni og býst Snorri

við að það skýrist frekar í næsta mánuði.

Jón Hallur segir það ekki hafa hvarflað að sér að bókin yrði hugsanlega kvikmynduð á meðan hann sat við skrifir. „Alls ekki. Reyndar hafði ég hugsað mér að að byggja söguna dálítið upp eins og breskan sjónvarpsþátt og láta lesandann flakka á milli persóna án þess að vita hvernig þær tengdust, en það breyttist.“

Krosstré er reyfari sem fjallar um arkitekt sem finnst lífshættulega slasaður við sumarbústað sinn. Við rannsókn málsins kemst lögreglan að því að hann er flæktur í vef svika þar sem fjölskylda hans og nánustu aðstandendur eru í senn fórnarlömb og gerendur. - bs



JÓN HALLUR STEFÁNSSON Hvarflaði ekki að honum að bókin yrði hugsanlega kvikmynduð þegar hann sat við skrifir.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Notaðir bílar á stórlækkuðu verði

Dúndursala

ALLT AÐ **45%**
AFSLÁTTUR

Dúndursala Aðalbílasöluinnar er núna. Dúndrandi tilboð á notuðum bílum sem þú ættir ekki að láta framhjá þér fara – allt að 45% afsláttur. Komdu strax og fáðu besta úrvalið. Finndu bílinn sem hentar þér. Einstök tilboðskjör frá Lýsingu. Allt að 100% fjármögnun. Ef þú hefur ekki átt hann áður er hann nýr fyrir þig.

MÖGNUMUSTU TILBOÐIN




Citroën Xsara SX
12/2001 ek 57 þ.km,
5 g.
Ásett verð 850 þús.
Útsala 600 þús.




Honda CRV RVSÍ
12/1998 ek 142 þ.km,
ssk.
Ásett verð 1.090 þús.
Útsala 690 þús.



Honda HRV Smart
6/1999 ek 86 þ.km,
5 g.
Ásett verð 890 þús.
Útsala 590 þús.



Peugeot 206 XR
9/2000 ek 100 þ.km,
5 g.
Ásett verð 590 þús.
Útsala 390 þús.



Hyundai Terracan GLX CRDI
10/2002, ek 86 þ.km,
5 g.
Ásett verð 2.190 þús.
Útsala 1.790 þús.



Opel Astra 1,2
6/2001 ek 72 þ.km,
5 g.
Ásett verð 790 þús.
Útsala 390 þús.



Peugeot 306 stw 1.6
6/2002 ek 62 þ.km,
5 g.
Ásett verð 850 þús.
Útsala 490 þús.



VW Sharan 1.8 Turbo
5/2002 ek 82 þ.km,
ssk.
Ásett verð 1.890 þús.
Útsala 1.590 þús.

**- tækifærið
er núna
opið til kl. 21 í kvöld**



Toyota Corolla Wagon Sol VVTI
1/2002 ek 13 þ.km,
ssk.
Ásett verð 2.050 þús.
Útsala 1.590 þús.




Subaru Forster CS
5/2002 ek 60 þ.km,
ssk.
Ásett verð 1.550 þús.
Útsala 1.290 þús.



VW Bora Comfortline
5/2003 ek 27 þ.km,
ssk.
Ásett verð 1.590 þús.
Útsala 1.190 þús.



VW Passat Comfortline 1.8
4/1997 ek 125 þ.km,
ssk.
Ásett verð 690 þús.
Útsala 350 þús.



LÝSING

AÐALBÍLASALAN
STOFNUM 1955
SÍMI 551 7171 • www.abs.is

Aðalbílasalan · Eirhófa 11 · 110 Reykjavík · Sími 551 7171

Umboðsaðilar:
Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 · Akranes, Bílver, sími 431 1985
Akureyri, Höldur, sími 461 6020 · Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

Arfurinn dýri

Sveitungi minn Páll Valsson shefur spáð því að svo geti farið að enginn eigi eftir að tala íslensku eftir 100 ár. Þótt mér finnist ekki ástæða til að taka jafndjúpt í árinna hef ég oft haft áhyggjur af því að öllum sé orðið sama um tunguna. Sá grunur læðist sérstaklega að mér þegar fjallað er um tísku í fjölmiðlum þar sem sjöundi áratugurinn hefur því miður vikið fyrir „sixtís“ og þegar kemur að sjónvarpsþýðingum. Þar vaða málvillurnar uppi, klifað er endalaust á sömu orðunum og sjaldan sýndur nokkur vottur af sköpunargáfu. Þetta er sér í lagi slæmt á SkjáEinum þar sem heldur hefur aldrei verið til síðs að þýða nöfn þátta og kvikmynda.

ÁÐUR þótti sjálfsagt að bíóin íslenskuðu kvikmyndanöfn og væri gaman ef sá siður kæmist á aftur. Það var skemmtilegt þegar Morgunblaðið kallaði Cold Mountain aldrei annað en Kaldbak og nú finnst mér Broakback Mountain ekki eiga að heita neitt annað en Ástarsaga úr fjöllum, enda álíka hamagangur sem fram fer í báðum verkum. Góð þýðing getur verið dásamleg viðbót við vandaðan þátt. Örnólfur Arnason þýddi Beðmál í borginni til að mynda meistaralega. Það er ógleymanlegt þegar Samantha sá fallegan mann tilsýndar og sagði þokkafull: „Nú fer að hýrna um hólma og sker.“

EKKI dugar lengur að bjóða upp á efni á bara einhverri íslensku. Hún verður að vera góð og sér í lagi þegar efnið er fyrir börn. Í bæði skiptin sem mér hefur verið gengið fram hjá sjónvarpi þar sem kveikt hefur verið á Latabæ hef ég heyrt þvílíka vitleysu að mig undrar að enginn skuli hafa spurt: „Maggi minn, finnst þér þetta í alvöru ganga?“ Í fyrri skipti spurði Íspróttálfurinn brúðu í krakkalíki sem sat hnípin á bekk: „Ertu í uppnámi? Viltu tala um það?“ og í það síðara æpti ein persónan eitthvað í líkingu við: „Þú getur hlaupið en ekki falið þig!“ Enskan skín í gegn í báðum tilfellunum. Eins og einhver spyrji krakka hvort hann sé í uppnámi! Hann þyrfti þá líka að virðast svolítið æstur. Það var aftur á móti gott hjá Íspróttálfinum að bjóða dúkkunni að tala um vandamálið. Það væri meira í ætt við íslensku þjóðarsálina að bygja það inni.

EF við viljum ekki að spádómur Páls rætist riður á að bjóða börnum upp á efni á fallegu máli. Þau gætu orðið kynslóðin sem seinna tekur ákvörðun um hvort það sé þess virði að halda í íslenskuna. Ég vona að niðurstaðan verði henni í hag. Sofni Þyrnirós núna gæti annars farið svo að prinsinn skilji hana ekki þegar hún vaknar.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Hvernig fer ég í útrás?

Íslenskt atvinnulíf er á mikilli siglingu þessa dagana. Við erum að sækja verulega á erlenda markaði og gengi hlutabréfa hefur verið á stöðugri uppleið. Ein leið fyrir þig til að taka þátt í þessum mikla uppgangi er að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Þegar slík leið er farin gæti verið öruggara að fjárfesta í mörgum fyrirtækjum og veðja þannig á markaðinn í heild sinni.

Sjóður 6 er í raun fjárfesting í íslensku atvinnulífi. Sjóðurinn fjárfestir í öllum fyrirtækjum á aðallista Kauphallarinnar. Sjóður 6 hefur skilað mjög góðri ávöxtun undanfarin ár, en gengið hefur hins vegar sveiflast verulega. Fjárfesting í þessum sjóði felur því í sér verulega áhættu.



Agla Elísabet Hendriksdóttir
Sjóstjóri hjá Rekstrarfélagi Íslandsbanka.

FJÁRFESTU Í SJÓÐUM

SJÓÐUR 6 – Árleg nafnávöxtun síðustu 5 ár*

32,8%

FJÁRFESTINGAR – Helstu fyrirtækin í Sjóði 6

Kaupthing Banki hf.	Össur hf.
Landsbanki Íslands hf.	Dagsbrún hf.
Íslandsbanki hf.	TM hf.
Actavis Group hf.	SÍF hf.
Straumur	Icelandic Group hf.
FI Group hf.	Avion Group hf.
Bakkavör Group hf.	Grandi hf.
Mosaic Fashions hf.	

*Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

Byrjaðu núna! Farðu inn á www.isb.is og kláraðu málið. Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

Sjóður 6 er vísitölusjóður og fjárfesir í hlutabréfum sem skráð eru á aðallista Kauphallar Íslands og endurspeglar vægi þess í vísitölu aðallista.